

## MERKI UM AGNI JÓGA

ÁKALLIÐ

1936

Upplýsingar rétthafa:

Agni Yoga Society, Inc., New York [www.agniyoga.org](http://www.agniyoga.org)

© 1940, 1959 af Agni Yoga Society. Fyrsta útgáfa gefin út 1940. Önnur útgáfa 1959.

Endurprentað nóvember 2016. Uppfært í júlí 2019.

Þegar hafist er handa skal varast það sem dregur úr starfsorkunni. Af fávisku er mögulegt að fyllast veikjandi hugsunum sem hindra útþenslu vitundarinnar. Við skulum minnast grundvallarorkunnar. Við skulum endurtaka stöðugt grundvallaratriðin um uppsprettu framfara og óþreytandi elju.

Hið al-gjöfula lögmál gleymist oft, þess vegna skulum við virkja alla okkar athygli til að verða gagnsýrð grundvallarorkunni.

## A U M

1. Virðum fyrir okkur regnbogann — takið eftir að í honum er enginn blóð-rauður litur, né svartur; í hinni æðri geislun finnum við aðeins geisladýrð og hreina liti. Ákveðnir litir sem minna á hin æðri svið ná niður á yfirborð jarðar. Sumt fólk er hugfangið af þessu bergmáli æðri heima, en aðrir, gagnstætt þessu, halda upp á hina dekkstu skugga, og í samræmi við slíkan mun er hægt að flokka fólk á glöggan hátt. Sá sem ekki heldur upp á fíngerðari eiginleika litanna hefur ekki enn náð því stigi að vera skjótur til skilnings á æðri heimunum. Reynið jafnvel ekki að nálgast slíkanmann, því hann dvelur undir blóð-rauðu skýi. Slíkt fólk týnir oft lífi voveiflega, því það er næstum því ómögulegt að gera það að betri mönnum, og mörg læknisráð verða því að engu gagni.

2. Læknirinn tekur eftir því að viss lyf hafa mjög mismunandi áhrif á mismunandi fólk. Ákveðið gott og örвandi læknislyf kann að hafa einungis kynorkuaukandi áhrif á sumt fólk. Hægt er að meta fólk eftir því hvernig það bregst við lyfjum. Lágstætt eðli tekur aðeins til sín hið grófara úr efninu, en sú vera sem tengist hinu æðsta tekur einmitt til sín hið fíngerðasta. Slíkt lögmál verður að hafa í minni. Jafnvel læknirinn túlkar sjaldan rétt hin mismunandi áhrif lyfja. Í öllu skyldi þó viðhafa sambærilega viðmiðun.

3. Læknar geta verið sannir hjálpendur mannkynsins við upphafningu andans. Læknirinn verður að auðga vitsmuni sína með hjartanu. Það ætti að vera ómögulegt fyrir lækni að vera fáfróður afneitari. Læknirinn verður að vera sálfræðingur og hann má ekki virða að vettugi hina undraverðu sálarorku. Það er ekki undarlegt að læknirinn skuli vera nefndur í upphafi þessara skrifa um Aum. Nefna skal alla þá sem bera ábyrgð á tengingunni við hinna æðri orkutegundir.

4. Hafi hin jarðnesku efni svo margs konar áhrif á mismunandi manngerðir, hversu miklu margbreytilegri eru þá áhrif hinna æðstu orkutegunda! Fyrir löngu skildu menn að fyrir rétta móttöku þessara geisla er nauðsynlegt að koma lífkerfinu í samræmisfullt ástand. Í þessum tilgangi hafa hinir vitru bent á mátt heilagra ákalla. Aum, eða Óm eins og það er borið fram, var slík samfjöllun viðleitni með hljóma. Ágætar eru bænir og einhugul innstilling til að koma andanum í heilbrigtrum ástand. Hvert um sig hefur lagt sitthvað af mörkum á sinn hátt sem er gagnlegt fyrir andlega viðleitni, hvort sem þess er leitað með tónlist, söng, eða dansi; það hafa jafnvel verið notaðar villimannslegar aðferðir sem hafa leitt til æðis og vímu. Margar rangar brautir og villur hafa orðið til, en í grundvallaratriðum hefur maðurinn reynt að skapa sér sérstaklega upphafið hugarástand, til að stuðla að móttöku hinna æðri orkutegunda.

5. Maðurinn getur ekki lifað sínu lífi án þess að finna fyrir hlýju hjartans, þó ekki sé nema einu sinni. Sannarlega er það eldleg tilfinning, en þegar hún er umvafin lýsandi ljósbaug og regnboga er hún samofin hinum æðri orkutegundum. Fólk skyldi ekki kvarta yfir því að allt sé því útilokað; þvert á móti, í lífi sínu á jörðinni getur það nú þegar skynjað hinar miklu orkutegundir. Jarðlíkaminn getur ekki alltaf skynjað slík fyrirbrigði, því hann myndi brenna. En á æðri stigum getur andinn samt sem áður fundið fyrir geislum Náðar.

Kvartið ekki, lifið heldur með meiri hreinleika.

6. Þegar þú hugleiðir djúpt muntu sjá okkar leið. Við erum tilbúin að hjálpa hvenær sem lögmálið leyfir. Það veldur okkur sorg þegar við sjáum fólk, sem ekki hefur náð markalínu frelsunarinnar, kasta sér út í hyldýpið eins og vitfiringar. Hve mörgum hugsunum er varið til að ná hinum einfaldasta og besta árangri? Samt dirfast vitfiringar að ráðast á hið æðsta á meðan þeir eru enn hjúpaðir myrkri. Þetta er líkt því að kasta steini í öldur hafsins. Það er rétt, hann kann að skapa litla skvettu, en hann getur tæplega haft áhrif á hinn máttuga straum. Þannig er því háttað um allar árásir á hinar miklu orkutegundir. Hið villimannlegasta áhlaup tvístrast á kletti hins ósigrandi anda. Gort hinna myrku afla er aðeins vottur um brjálseimi þeirra. Al-máttugt Aum sigrast á hinni brjálæðislegustu og ofsafengnustu árás.

7. Á þessum tímum er margt í sköpun. Til einskis kann einhver að halda að eitthvað sé ekki til þegar tilvera þess er þegar staðreynd. Þannig er

það einnig með heilar þjóðir — sumar halda áfram eins og hinir dauðu, aðrar sem nýfæddar. Þannig er það með alla hluti.

8. Þú þekkir vel eldingarhraða og skyndingu hugsana sem sendar eru að ofan. Erfiðleikarnir við að muna slíkar hugsanir gefa til kynna hversu framandi orka það er sem ryðst inn í hinn venjulega straum vitundarinnar. Slík gleymska byggist ekki á eiginleikum vitundarinnar, heldur á gersamlega ólíku ástandi tilheyrandi hinum máttugu orkutegundum. Menn verða að gera sér ljóst hversu erfitt er að geyma slíkar sendingar í minni. Venjulegar aðferðir við að rifja upp eru gagnslausar; ef menn minnast slíkra sendinga, er það á einhvern óvæntan hátt, það er, fyrir snertingu við líka orku.

Hin forna viska kenndi að til að rifja upp slíkar sendingar væri nauðsynlegt að þrýsta á þriðja augað. Þetta var mjög viturleg ráðlegging, því einfaldlega með því að þrýsta á staðinn milli augabréfanna með fingrunum er hægt að láta orkustöð þriðja augans geyma geisla hugsunarinnar. Á sama hátt þá veistu vel að hið æðsta stig samadhi er hættulegt fyrir hinn jarðneska líkama. Mátt hinna æðri orkutegunda er ekki hægt að leiða í gegnum veikbyggða líkama, en með því að yfirvinna hið venjulega ástand ósamræmis er hægt að gera snertingu hinna hærri vængja hættuminni. Við skulum rifja aftur upp hinar mismunandi aðferðir við að koma sjálfum sér í upphafið ástand. Frá fornu fari hefur fólk reynt að verja sig með sérstökum ráðum gegn þeim hættum sem fylgja því að ná sambandi við æðri krafta. En hið besta úrræði er stöðug hugsun um æðri krafta. Á þann hátt venst hin sálrvæna orka

möguleikanum á gagnverkun við hina æðri krafta og til að verða ekki fyrir áfalli er efni tauganna eflt sambærilega. Því að sjálfsögðu getur hinn besti vinur valdið áfalli með því að koma óvænt inn.

9. Mjög fáir halda ró sinni ef þeim er sagt frá því hvað er í raun og veru allt í kringum þá. Við skulum telja upp geislana og öll hin efnislegu áhrif, bæði frá hinum fjarlægu heimum og jörðinni sjálfri. Vissulega eru geislabrot og endurkastaðir geislar mjög ólíkir frumgeislunum. Þegar menn heyra að umhverfis þá sé ekki eingöngu loft í jarðneskum skilningi heldur einnig kornóttir kristallar og jafnvel samfelldar sprengingar, þá missa mörg hjörtu ró sína. Að sjálfsögðu er loftið blátt og tómt, jörðin stöðug og óhreyfanleg og sólin leikur hlutverk lampans! Spurðu kaupmanninn á horninu — hugmyndir hans eru ekki langt frá þessari trú. Aðeins minnihluti fólks gerir tilraun til að hugsa um hvað er allt umhverfis það.

10. Tregðan við að hugsa felur dyrnar að framtíðinni. Á meðan skulum við sjá fyrir okkur mismun vitundarinnar á hverri öld. Mismunurinn á eiginleikum vitundarinnar er furðulegur. Oft er fáfræðin næstum því á sama stigi, en eiginleikar hennar eru mismunandi. Í sögu menningarinnar verður að gera sér grein fyrir þessum sveiflum, og þá kemur í ljós merkilega brattur spíralferill. Við skulum veita því eftirtekt að stundum hafa hringar spíralsns næstum því snert hvern annan, en síðan fjarlægst aftur og snúið upp á við. Það er því hægt að vera fullur bjartsýni.

11. Ég fagna þegar ég sé bardagamenn fulla af þrótti. Leiðirnar eru margar og ofsækjendurnir leita þeirra án árangurs. Ennfremur er hver baráttu við myrkraöflin verðugt verkefni. Sérhver eyðing myrkurs er skylda mannsins. Hetjan kallar á drekann með lúðrablaðstri í þeim tilgangi að fella hann. Svo lengi sem höggormurinn er neðanjarðar hefur fólkis engan frið við arineldinn. Öll eyðing hins illa verður uppbygging framtíðarinnar. Hetjan getur ekki misst kjarkinn.

12. Sálræn orka og hugsanaflutningur að utan koma víða fram í gegnum sköpunargáfu, rannsóknir og uppgötvanir. Sendingarnar geta verið frá mönnum komnar, eða þeim sem búa í fíngerða heiminum eða eldheiminum, eða að síðustu, frá hinum óumræðilegu æðstu sviðum. Oft er ekki auðvelt að gera stigsmun á þessum sendingum. Til þess er nauðsynlegt að hafa vakandi aðgát á sjálfum sér og umhverfi sínu. Með vakandi athygli tekst að greina ákveðin merki.

Jarðneskar hugsanir eiga greiðan aðgang að vitundinni, en illar hugsanir geta valdið taugunum óþægilegu áfalli. Hugsanir frá fíngerða heiminum valda sérstökum hjartslætti og eru ekki svo auðveldlega meðteknar; þær geta jafnvel orsakað höfuðverk eins

og verið sé að stinga í gegnum heilann. Eldlegar hugsanir blossa eins og stjörnuhrap, og þegar flug hinna eldlegu sendiboða lýsir upp loftið umhverfis veldur það þrumandi hljóði. Eldur fylgir birtingu hinna eldlegu hugsana, og

þær rjúfa jafnvel straum hinna venjubundnu hugsana. Eldlegar hugsanir eru mjög hverfular og gleymast auðveldlega. En hinar fágætu lýsandi sendingar hinna æðri sviða eru eins og eldingar, bæði hversu óvænt þær koma og hvernig þær gagntaka hjartað. Aðeins óvenjulegt fólk fær staðist þessar eldingar. Hægt er að telja upp mörg merki um hugsanasendingar, en það er sérstaklega mikilvægt að viðurkenna að þær séu staðreynd.

13. Skilja þarf í hjarta sínu að fólk er ekki slitið frá hinum æðri heimum. Slík staðföst vitund er hjálp við að þekkja eitt hið mesta undur — hversu hátt upp í háloftin sem svifið er, hvaða flug sem hægt er að gera sér í hugarlund, þá svífa háleitar hugsanir frjálst um öll svið. Hugleiðið það að hugsun frá óendanleikanum berst um alla heimana. Aum er máttur náðar. Þegar í fjarlægri fortíð þekkti fólk hina guðdómlegu alvisku í formi orku sem er alls staðar nálæg.

Er því ekki hugsun frá óendanleikanum mikið kraftaverk!

14. Móttaka á lifandi hugsun utan frá óendanleikanum er í sjálfu sér staðfesting á því að maðurinn er andleg vera, sendiboði og vörður ljóss. Fáir skilja hið undraverða gildi lifandi hugsunar úr geimnum. Mun heimurinn ekki blómstra fyrir þeirri vitund sem meðtekur fugurð hinnar lifandi hugsunar? Ég staðhæfi að hugsun frá óendanleikanum flæðir í skiljanlegu formi.

15. Hugsun úr geimnum er stundum útskýrð sem þrýstingur og sveiflur

hugsunar frá hinum fjarlægu heimum. Hugsun, sem er eins og henni sé endurvarpað í ofursíma óendanleikans, er hrein og kemur aftur upphafin til hinna raunbirtu veralda. Oftar en einu sinni hefur fólk reynt að endurbæta sína eigin vélrænu útskýringar, en öll slík viðleitni sýnir einungis fram á takmarkanir hugsunar. Af egingirni óska menn þess að þeirra eigin hugsanir snúi aftur upphafnar. En þegar við þekkjum óendanleika helgivaldsins, verða miklu stórbrottnari lausnir viðeigandi. Við skulum ekki óvirða þar sem hægt er að upphefja!

16. Hugsun getur hreyft líkama og þétta hluti. Á sama hátt hlýtur hugsun úr geimnum að verka. Sem dæmi má benda á tilraunir sem gerðar voru fyrir mörgum öldum. Í loft hússins voru festir margir þræðir af mismunandi þykkt og lit, og eftir að kyrrt var orðið í húsínu voru sendar út hugsanir. Hin svokallaða harpa andans byrjaði að titra, og þá mátti sjá að vissar hugsanir höfðu áhrif á þræði með ákveðnum lit; þá varð mögulegt að virða fyrir sér verkanir hugsana sem sendar voru langt að. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að vita hvernig á að losa sig við sínar eigin ósjálfráðu sendingar við slíkar tilraunir. Við minnumst þess ef til vill að fíngerðir hlutir byrja stundum að titra án augljósrar ástæðu; fyrir efasemdarmennina er það aðeins vindgustur eins og í þeirra eigin höfði. Egingirni fólks gerir það tregt til að viðurkenna tilveru neins sem er ofar þeirra eigin göfgi.

17. Öll merki um hugsanir úr geimnum skyldi geyma í minni. Allir geta

stundum fundið eitthvað sem líkist ósýnilegum kóngulóarvef á andlitinu. Það getur komið fyrir alla að finna snertingu eða svara kalli sem enginn annar heyrir. Maðurinn getur heyrt útvarpsbylgjur án nokkurra tækja, sem merkir að mannlegir móttakarar geta einnig numið annars konar bylgjur. Mjög mikilvægt er að gefa því gaum að næmni getur jafnvel valdið efnislegri bylgjuhreyfingu. Einmitt þannig er mögulegt að nema hugsanir fjarlægra veralda.

18. Hversu margir láta sig einhverju skipta hugsanir úr geimnum? Það er áhyggjuefni að sjá hversu fáir það eru. Er mögulegt að lifa allt sitt líf án þess að hugsa nokkru sinni um hið æðsta? Dæmi um svo sljóa tilveru blasa við augum. En enginn skyldi nokkru sinni, undir neinum kringumstæðum, setja sig á pall með hinu lægsta. Við skulum gera okkur grein fyrir því hvað maðurinn meðtekur þó ekki sé fyrir nema eina tilraun til að nálgast hinar fjarlægu veraldir. Slík viðleitni aðskilur manninn frá öllu því sem er lágstætt. Ein sýn inn í hinar fjarlægu veraldir er nægileg til að umbreyta öllu lífi mansins. Að öðlast skilning á aðeins smábroti af lífi hinna heimanna jafngildir því að eignast lifandi minningu til frambúðar. Slík viðleitni er þá þegar uppljómun vitundarinnar. Aum er máttur náðar, og hjálp er nálæg fyrir alla sem setja stefnuna í átt frá hinu efnislega. Virða skal jafnvel hinar smæstu tilraunir að nálgast hugsanir úr geimnum.

Í stað vantrausta og afneitana lát samhljóma hinna fjarlægu heima enduróma. Sérhver skynjun radda úr fjarlægð er þá þegar sigur yfir rúmi.

Sumir þekkja tónlist himnanna og söng geimsins. Fáir hafa nálgast þetta þrep, samt sem áður eru þessir ummyndarar lífs til á jörðinni. Við skulum standa vörð um slíka sendiboða hinna fjarlægu heima.

19. Mikilvægt er að skilja merkingu hjálpar. Menn vilja fá hjálp eftir eigin geðþóttu, en fáir skilja sanna hjálp. Á sama hátt, á þessum tímum þegar heimurinn er í uppnámi, eru það mjög margir sem taka ekki eftir hinni eldlegu ógn. Sem sérstakt tákn vilja þeir fá erkiengil sem er svo stór að hann nær yfir allan himininn! Sérhvern dag gerist eitthvað ólýsanlegt. Þó aðeins hafi liðið ein vika af þessu ári, sjáið hve mikið hefur þegar gerst! Margar þjóðir eru að breyta um svip.

20. Skiljið jörðina ekki eftir í reiðileysi. Skilningur á hinum fjarlægu veröldum hlýtur að víkka út vitundina, en ekki skyldi virða að vettugi jarðneskar þjáningar. Að öðrum kosti myndu allir flýja og yfirgefa heimili sín. Nauðsynlegt er að nota rétta viðmiðun svo að ekki sé nein togstreita milli hins himneska og hins jarðneska.

21. Fullkomnun jarðneskra starfa er engin hindrun fyrir þekkingu á hinum fjarlægu heimum. Eiginleikar starfsins þjálfa einnig hæfileikann til einbeitingar á öllum sviðunum. Við skulum ekki minnka möguleika okkar heldur margfalda þá. Sá sem þráir á óeigingjarnan hátt að ná árangri getur fundið leiðina til hinna æðri heima.

22. Skipið nær til hafnar þegar hafið er kyrrt, en sjómenn vita að stormar geta skollið á og gera ráð fyrir ófyrirsjáanlegum töfum. Eins er það með hinar bestu ákvarðanir að mögulegt er að sjá fyrir grundvallarerfiðleika. En þar sem andinn keppist áfram í átt til hinna æðri heima verða engin skelfileg áföll ringulreiðar — hann svífur yfir öldum óskapnaðar.

23. Sérhver steinn á jörðinni er skapaður af hugsun. Allir hlutir hafa þróast fyrir skapandi mátt hugsunar. Bera skal virðingu fyrir öllum sköpuðum hlutum. Sýna þarf umburðarlyndi gagnvart ófullkomleika, því að sérhver skapari var einhvern tíma ófullkominn. Sérhver samsöfnun er ávoxtur vinnu og álags. Aðeins með skilningi á því lærum við að bera virðingu fyrir sköpunarhæfileikanum. Byrjum með hinu smáa að læra að þekkja hið mikla. Til að byrja að tóna Aum við hæfi þarf maðurinn að vera þprunginn virðingu fyrir mikilleika sköpunarinnar.

Þannig verður hugtakið um mátt Náðar hin fegursta gjöf. Aðeins hin besta viðleitni öðlast umbun hennar. Það er einkenni á hinu besta að það er í samræmi við hið æðsta lögþá; þráður er strengdur frá einum hlut til annars — sé hann óþaninn hanga strengirnir lausir í geimnum.

24. Auk hins ytri ávinnings hetjudáðar, getur verið dýrmætur ávinnингur sem ekki sést. Í andanum nær afreksmaðurinn hinum æðsta sköpunarmætti og verður þannig til aðstoðar Skaparanum. Á jörðu og yfir, í heimunum tveim

fléttast hugsunin í einn skilningsstraum, og slíkt afrek endurómar til frelsunar mannkyninu.

25. Því að tóna Aum þegar mögulegt er að fara með bæn? Að innihaldi eru þau hið sama, en vegna þess hve hljómurinn Aum er ævaftorn og hreinn er sveiflutíðni hans sterkari. Íhuga þarf djúpt ómun hins æðsta hugtaks. Sjálft orðið er sveiflutíðni; þörf er á slíkri endurómun fyrir samræmið í geimnum.

Miklir verkamenn andans biðja ekki fyrir sjálfum sér.

26. Fólk mun koma og segja að jafnvel hin æðsta fræðsla fullnægi þeim ekki. Enn þráir það eitthvað annað. Spurðu þá hvað persónulegan ávinnung það óski sér — það eru engin mistök að spyrja þannig. Óánægjan sprettur of oft af löngun eftir persónulegum ávinningi. Óendanleikinn freistar ekki slíkra hræsnara. Eini áhugi þeirra felst í brennandi leit að efnislegum unaði. Þeir munu ekki dvelja lengi í nálægð fræðslunnar; þeir koma sér burt jafnskjótt og þeir skynja hið andlega en ekki hið efnislega. Einmitt þannig fólk verður að hinum verstu svikurum þegar það finnur ekki sjóð sifurs. Því mun hvorki máttur Náðar né Aum hafa áhrif á það eða upplýsa — hið kolsvarta hjarta er áfram svart og verður að ösku.

27. Þið sjáið sjálf hve hin bestu hjörtu þjást vegna hinna myrku fyrirætlana fólks. Fyrir hina illu eru hreinar ójarðneskar hugsanir aðeins skotmörk hæðnis og aðkasts. Ómögulegt er að lýsa því sem mettar

andrúmsloft jarðarinnar. Hugsanaform málsvara myrkursins eru sem óteljandi klær! Tákn lífsins — krossinn — brjóta þeir niður eins og óhæft tæki til upphafningar. Jafnvel þó þetta merki sé viðvörun um hættu, leitast þeir við að brjóta það niður. Ekki skyldi hunsa vélabréogð hins illa. Gera verður sér viturlega grein fyrir raunveruleikanum, þess betur er hægt að meta mátt Náðar sem gefinn er til frelsunar.

28. Særingar eru óhæfa, þær eru glæpur gegn mannkyninu. Ekki má líta á særingar sem rangindi gagnvart einum einstaklingi. Afleiðingar særinga eru miklu mun viðurstyggilegri — þær brjóta gegn alheimslegri framvindu og veita truflunum inn í hin yfirjarðnesku svið. Þó að særingarmanninum mistakist að koma höggi á andstæðing sinn er ekki þar með sagt að högg hans hafi ekki hitt menn annars staðar, ef til vill í mörgum löndum. Hin illa sveiflutíðni getur fundið festu þar sem síst er búist við. Ómögulegt er að gera sér grein fyrir þeim fjölda dauðsfalla og veikinda sem illur vilji hefur orsakað! Þessir svermar klóa berast um geimin og enginn getur séð fyrir hvar þessi eitraði hópur stingur sér niður. Máttugur andi verst illum sendingum, en einhvers staðar mun veiklundaður maður smitast af þeim. Ekki er hægt að leggja mat á slík alveraldleg skemmdarverk. Einungis máttur Aum getur komið á samræmi mitt á meðal hinna ómstríðu sveiflna. Máttur Náðar getur jafnvel ekki verkað með fullum krafti ef hann þarf að yfirvinna hið illa á leið sinni. Brýnt er að vara mannkynið við öllum særingum.

29. Enginn skyldi gera gys að bæn. Jafnvel þó hún sé frumstæð, er hún samt sem áður vitnisburður um hið andlega. Það hæfir ekki manni að gera gys að virðingarverðustu viðleitni meðbróður síns. Maðurinn hefur engan rétt til að gera lítið úr fórn til hins æðsta. Venjulega gerir lítilmótlegt fólk sér sérstakt far um að ráðast á bænir annarra. Fyrir því er Aum og aðrar bænir tilefni fyrir óhæfilegt háð og spé. Mjög oft er svo lítilmótleg vitund afleiðing af grófu fáfræði.

30. Markverð sérkenni hafa bundist hinum mismunandi trúarbrögðum. Á fornum tímum var talið nauðsynlegt að presturinn laugaði sig og klæddist hreinum klæðum áður en gengið var til bæna. Nú tíðkast hið gagnstæða — sýnd eru skrautleg klæði hið ytra, en gleymst hefur hreinleikinn undir. Við skulum skoða slíka hnignun grundvallaratriða og íhuga stöðu andlegra eiginleika. Mikilvægi þess að ákalla hið æðsta hefur að miklu leyti gleymst. Skrifaðar hafa verið margar bækur, samt verða hjörtun ósnortin. Því er nauðsynlegt að muna að ekki er þörf á skrautlegum klæðum, heldur hreinleika. Lát hreinleika leiðarinnar leiða til hreinleika hjartans. Bæn getur ekki risið frá óhreinu hjarta.

31. Engin trúarbrögð hafa nokkru sinni krafist byggingar mustera. Þau hafa risið smátt og smátt sem merki virðingar. Hin upprunalega kenning hefur alltaf verið andleg og afdráttarlaus. Það er aðeins á síðari tímum sem lögmál andans hafa fallið undir jarðneskar siðareglur. Hversu margir hinna bestu

vængja hafa ekki sviðnað af jarðneskum eldum! Yfirvinna skal allar siðareglur til að geta flogið upp á við eftir megni. Lát því hinn helga samhljóm, Aum, fylla hjartað náð eins og á bestu dögum mannkynsins.

32. Oft verður maður var við misskilning varðandi merkingu orðsins samhljómur. Sumir ímynda sér hann sem sterkt hljóð, en hljóðið getur alveg eins verið ómerkjanlegt eins og þensla hjartans. Því það er hjartað sem syngur; það endurómar og fyllir allt lífkerfið sérstakri orku. Sjálf bænin, Aum, getur einnig verið í hjartanu, en hún gefur frá sér sömu geislun og hið framborna hljóð.

Maður skyldi venja sig við tjáningu hjartans. Ekki er hægt að tjá betur stöðuga viðleitni sína með öðru en bæn hjartans.

33. Réttilega hefur verið bent á það að ákveðin máttarorð hafa tapað merkingu sinni og halda aðeins hljómi sínum. Þannig getum við séð mikilvægi sveiflutíðninnar. Af þessari ástæðu var margt ekki skrifað á blað, heldur aðeins tjáð munnlega. Stafirnir einir sér án hljóms valda engum áhrifum. Það sem meira er, sjálfur eiginleiki raddirinnar hefur sérstakt gildi. Djúpur tónn frá brjósti getur gefið meiri hljómfyllingu heldur en hár tónn, flatur eða tónn frá nefi. Þannig er það ekki aðeins laglínan sjálf sem er mikilvæg heldur einnig eiginleiki raddirinnar. Ég tel að nú á tínum sé eiginleiki raddirinnar vanmetinn. Það er ekki styrkur né tæknileg fullkomnun sem er mikilvæg, heldur innra seiðmagn — hið sama er grundvallarskilyrði í sönglist. Margar

raddir hafa verið sviptar hinum náttúrulega eiginleika sínum með aðferðum raddþjálfunar.

34. Bænina mun aldrei skorta fegurð; í nálægð og fjarlægð mun hún tjá hið sama máttuga máttarorð. Lærið að elska fegurð hljómsins. Mannsröddin í sjálfri sér er kraftaverk. Maður getur séð að tjáning raddirinnar er jafnvel áhrifarík án orða. Allir hafa heyrt kórsöng í fjarlægð; þó orðin séu ekki greinanleg lifa samt töfrar hljómsins.

Því er nauðsynlegt að muna alltaf hve mörg kraftaverk búa með manninum.

35. Bænin er upphafning og alsæla. Eicingjörn bæn er fyrirbrigði sem tilheyrir meira síðustu tínum. Hvernig getur maðurinn beðið fyrir sjálfum sér? Veit ekki hin æðri viska hvers maðurinn þarfnað? Bænin er tengirás inn í straum góðgerðar. Straumurinn flæðir ríkulega, en nauðsynlegt er að vera sameinaður honum. Maðurinn verður að finna í hjarta sínu samhljóman sem er þess verð að taka á móti og bjóða velkominn hinn æðsta og helgasta fjársjóð. Því er sérhver eicingjörn bæn óviðeigandi. Það var aðeins þegar trúin varð tæki ríkisins að farið var að stunda hefðbundnar fyrribærir gegn greiðslu. Bænir og peningar — hve ósamrýmanlegt! Af þessari ástæðu hafa margir fælst frá hinni launuðu þjónustu. Öll gleði upphafinnar bænar flýgur á braut þegar klingir í málmi.

36. Þið hafið heyrt bænir fuglanna — litlu bræðurnir vita hvernig á að bjóða ljósið velkomið. Þeir beita fagnaðarríkustu tónum sínum frammi fyrir mikilfengleika ljóssins. Plönturnar teygja sig í átt til ljóssins. Það er aðeins maðurinn sem dreymir um munn sinn og maga þegar andi hans ætti að vera fylltur tign hins æðsta. Þannig fremur hann helgispjöll sem eru ekki ósvipuð sjálfsmorði. Göfugir sálmar hafa verið ortir, en fólk fer með þá án þess að hjarta þess verði snortið, eins og glamri í glerbrotum.

Tími er kominn til að snúa sér aftur að grundvallaratriðunum, svo að fordæmi jafnvel hinna minni bræðra kalli menn aftur til hinnar æðri leiðar.

37. Líkja má bæn við segul. Bænin þenur hjartað og dregur til sín hinar bestu hugsanir úr geimnum; þó svo slíkar hugsanir hins jarðneska sviðs séu ekki Náðin sjálf eru þær samt af hinu góða. Að auðgast af slíkum hugsunum gefur nýjan mátt, eins og samfundur vina. Slíka vini ber að meta. Þó svo maður sjái þá ekki eru þeir nálægir. Sjálft loftið er fullt af þeim, það verður aðeins að senda þeim hlýja hugsun. Bænin býr yfir eiginleika segulmagns.

38. Andstæða bænar er guðlast. Það mengar og truflar geiminn. Í borgum er bannað að reka verksmiðjur sem framleiða eitraðar lofttegundir, þó er guðlast og illt orðbragð mun skaðlegra. Fólk er ófúst að losa sig við hin hættulegustu efni sem valda hræðilegum sjúkdómum, þó ekki sé minnst á sjúkdóma sem orsakast af truflunum í andrúmsloftinu. Hræðilegra en nokkur sjúkdómur er eyðilegging sviðsins næst jörðinni. Hversu margar bænar og

góðviljaðar hugsanir þarf til að fylla þessi hyldýpi og sár í geimnum? Ef ófrjóar eyðimerkur og fellibyljir eru hættuleg, þá er hinni sömu hættu boðið heim þegar mannkynið tortímir byggingarkröftunum sem eru allt umhverfis það. Því að frumur sem ræna frá sjálfum sér eru sem rotnandi grafir.

Varist guðlast!

39. Aldrei er hægt að semja vopnahlé við Satan. Í nálægð Satans er aðeins undirokun. Ómögulegt er að blíðka Satan. Aðeins án ótta er hægt að ganga yfir hann eða í gegnum hann. Í fornri sögn er sagt frá því hvernig Satan ætlaði sér að hræða einbúa. Hann birtist frammi fyrir honum í ógnvænlegu gervi. En meinlætamaðurinn fylltist eldlegri geislun og réðst á Satan og brenndi sér leið í gegnum hann. Eldur hjartans er máttugri en nokkur satanískur logi. Slíkum eldi ætti maður að vera fylltur, þá umbreytast allar háðsglósur í sviðnar grettur. Þannig skulum við gera árás á Satan.

40. Allir opinbera sérkenni sín, jafnvel í daglegu lífi sínu. Fáeinir hrífast sérstaklega af hinum djúpa bláma fjallstindanna, og láta þannig í ljós hina bestu fullvissu um andann; aðrir þarfnast grænkunnar, og kalla hana lit vonarinnar; þriðji hópurinn býr í þrengslum borganna og lætur sér það lynda. Bænir þessa fólks eru einnig mismunandi. Lítið skilur það hvort annað. Þess vegna er nauðsynlegt að rækta vitundina svo að hún verði umburðarlynd og fær um að komast í snertingu við hinar margvíslegu hliðar tilverunnar.

41. Einsetumaður var einu sinni spurður að því hvernig hann gæti dvalið í samfelldri þögn. Hann varð mjög undrandi og svaraði: „Þvert á móti, ég er aldrei þögull, ég á stöðugt í samræðum — svo margir félagar heimsækja mig.“ Einsetubúinn hafði nálgast svo mjög hina ósýnilegu veröld að hún hafði orðið honum auðskynjanleg. Bænin varð að nánu andlegu sambandi, og þessi veröld varð opinber í öllum sínum mikilleika. Fyrir slíkum anda er færsla hans sjálfs inn í hinn fíngerða heim algerlega ómerkjanleg.

Í hugleiðingum um hið góða er hægt að færast upp á við í þrepum. Í byrjun er bænin útræð, síðan stafar hún frá hjartanu og eftir það verður hún samfélag við hið góða.

42. Til er sú skoðun að bænin sé aðskilin frá hinu daglega lífi, þegar hún er í raun grundvöllur lífsins. Án tengingar við æðri heiminn væri mannkynið ekki fært um að hugsa, það væri verra en skepnurnar! Því er hægt að líta á þessa tengingu við æðri heiminn sem grundvöll þess að vera til. Engu máli skiptir á hvaða tungumáli ákallið fer fram. Hugsun á sér enga tungu, samt er hún alls staðar nálæg.

43. Sumir helga allt líf sitt bæninni, aðrir geta tengt bænina sínu daglega starfi. Við skulum ekki reyna að meta hvort sé dýrmætara; látum okkur nægja að bænin og sambandið við æðri veröld eru staðreyndir og umbreyta lífinu. Verið ekki undrandi af því að starfsmaður vinnur betur með því að ákalla æðri aðstoð við framkvæmd verksins. Verið ekki furðu lostin þó

stysta bænin sé áhrifaríkust.

Þannig skulum við eiga samskipti við æðri heiminn, ekki með skipun heldur með hneigð hjartans. Aðeins fyrir samband við æðri heiminn er hægt að umbreyta jarðnesku lífi, að öðrum kosti mun ekki draga úr þjáningunni; það mun þvert á móti leiða til hruns. Uppræta verður fáfræðina, en hin besta fræðsla kemur að ofan.

44. Það eru svo margar myrkar vitundir sem sjá ekki þörfina á sambandi við æðri heiminn. Nóg er af rugli, forðið samt börnunum frá slíkri fáfræði. Steingert hjarta er ekki lengur hjarta, heldur gagnslaust glingur.

Því skulum við eigna samneytinu við æðri heiminn stað í öllu sem við gerum.

45. Kyrrð vitundarinnar vex í réttu hlutfalli við þekkinguna á æðri heiminum. Engin gleði eða fugurð er meiri en fullvissan um tilveru hinnar æðri veraldar. Bænin er afleiðingin af skilningi á hinu lifandi sambandi við æðri heiminn. Sjálf hugmyndin um slíkt samband gerir manninn sterkan og leitandi.

Berum virðingu fyrir öllu sem ber merki um hina æðri veröld.

46. Er mögulegt að fólk komi ekki auga á allt hið sataníska samsæri gegn hinum æðra heimi?

47. Maðurinn biður um fyrirgefningu, samt breytir hann ekki lifnaðarháttum sínum. Maðurinn grætur ógæfu sína, en lætur samt ekki af einum einasta ávana sem kom honum í þetta ógæfusama ástand. Bæn um fyrirgefningu ein og sér hefur enga þýðingu ef henni fylgja ekki umbætur í lífinu. Það er ekki sorg heldur hræsni þegar hinni æðri visku er íþyngt með sjálfsvorkunn. Jafn tilgangslaus er bæn sem er þvinguð. Svo lengi sem fólk skilur ekki mikilvægi sambandsins við æðri heiminn fremur það aðeins guðlast með óeinlægum bænum sínum. Lygi er ekki möguleg frammi fyrir Sannleikanum, né hægt að fela neitt í hinu alls staðar nálæga Ljósi. Ennfremur, hví leyna því sem er heilagt og rökstutt af hjartanu? Tengingin við æðri veröldina verður aðlaðandi þegar hjartað staðfestir sinn eigin dóm.

48. Hjartað dæmir á milli góðs og ills. Þannig er mögulegt að færa hinu æðsta óhagganlega fullvissu. Hægt er að koma auga á það sem er að sumu leyti ófullkomið, en geta samt lýst hiklaust yfir hinu góða. Fólk reynir að prófa glæpamenn eftir blóðþrýstingi þeirra, en sér ekki að ein einstök grunsemd getur í sjálfri sér komið öllu lífkerfinu í uppnám. Betra er að hafa samneyti við æðri heiminn, þar sem allir leyndardómar eru opinberaðir.

49. Draumar eru handan tímans; þeir sýna fram á afstæði jarðneskra viðmiðana. Einnig getur hugsun komist til æðri veraldanna án tíma. Hinn hraðasti flugþóstur þarf samt tíma. Rannsakið hraða hugsunarinnar, slík athugun er gagnleg til að skilja hina fjarlægu heima.

50. Hægt er að hafa réttan skilning á hljómi en ná samt engum árangri. Við skulum því ekki gleyma orku hjartans sem verður að fylgja hljóminum. Það væri ekki viðeigandi ef hljómurinn einn hefði úrskurðandi gildi, þá gætu margir söngvarar náð árangri. Innantómur hljómur er eins og glamri í látúni. Þið hafið heyrt að glerílát hafa verið sprengd með hljóðsveiflum; jafnvel slíkum sveiflum verður að fylgja hugsun. Jafnvel bylgja hugsunar utan frá getur valdið auknum áhrifum. Því er hugsunin sem drifkraftur metin svo mikils.

Maður skyldi ekki furða sig á því, þegar rætt er um bænir, að lögð er áhersla á þörfina fyrir vandlega aðgæslu á aðstæðum fyrir sveiflur. Slík athugun á öllum eigindum sambandsins við æðri heiminn mun verða hin sanna leið. Ekki má gleyma hjartanu við þessar athuganir, því allar aðrar eigindir verða að víkja fyrir hjartanu.

51. Með hjartanu, haldið vitundinni skýrri. Ómögulegt er að sjá í gegnum gruggugt vatn. Allt uppnám og umrót hefur nákvæmlega eins verkun, í vatni og í vitundinni. Finna verður hinn gæfulega meðalveg milli næmni og viðkvæmni. Við jarðneskar aðstæður er ekki auðvelt að forðast uppnám og spennu sem eru svo skaðleg fyrir heilsuna. Þegar sambandið við æðri heiminn hefur náð festu gefur það sérstakan eiginleika næmni og skýrleika sem ekki lætur gruggast af hinum myrku straumum.

52. Eining og sigur eru bestu máttarorðin. Styrkur hinna myrku afla

tvístrast á slíkum kletti. Einnig þarf að muna að íþyngja fræðaranum ekki að ástæðulausu. Lát kærleik og hollustu lifa í hjartanu.

53. Hinir margvíslegu helgisiðir sem fylgja bænahaldi gefa til kynna gagnslausar tilraunir til að auka mikilvægi bænarinnar. Öldum saman hefur fólk vanið sig á það að halda á lofti mikilvægi æðri heimsins. En nú hefur mannkynið aftur snúið frá viðurkenningu á hinum grundvallandi lögmálum. Í stað helgisiða eru það vísindin sem nálgast hina réttu leið, en í fánýti hins veraldlega lífs eru köll vísindanna aðeins sem hróp í eyðimörkinni.

Af þessum ástæðum ætti að viðurkenna aftur tilveru æðri heimsins. Það er skömm fyrir mannkynið að hafa hrakist burt frá ströndum þekkingarinnar!

54. Hið nýja er álitið gamalt, þess vegna gleymist hið nýja. Nauðsynlegt er að það sé hreinsað, annars, í stað fagurra táknumynda, verður það aðeins sem grímur þaktar ryki.

Köllum saman alla þá sem geta nálgast hinar miklu táknumyndir án þess að guðlasta. Lát þá skreyta þær í samræmi við siðvenjur hvers lands, því við mætum þeim sem koma til æðri heimsins eftir öllum leiðum sem þangað liggja.

55. Vitað er að allir sjá hlutina í sínu eigin ljósi. Það hafa þegar komið fram útskýringar um mismunandi uppbyggingu augans, en mönnum hefur algerlega sést yfir að bæta við þeirri mikilvægu staðreynd að fólk sér í gegnum

sína eigin áru. Allir hafa sinn eigin lit umhverfis sig sem þeir horfa í gegnum. Segið læknum þessi sannindi og þeir munu hæðast að því, vegna þess að litur geislunarinnar er ósýnilegur og það er ekki minnst á hann í handbókum augnlæknisfræðinnar. Samt getur taugaáfall valdið blindu. Á sama hátt eru einnig heyrnarleysi og skerðing annarra skilningarvita komin undir hjartanu. Geislunin sjálf er háð ástandi hjartans. Þetta þýðir að allt sem stafar frá hjartanu, eins og bænir, er mjög litskrúðugt. Við skulum vera á verði gagnvart blóð-rauðum og svörtum bænum.

56. Venjulega vekur bænin himinbláan og fjóluhláan loga. Silfurlitaðar bænir eru einnig til, en ómögulegt er að gera sér í hugarlund brúna bæn. Í jarðneskri tilveru er eðlisþáttur ljóssins ákaflega mikilvægur. Hægt er að breyta tón raddirinnar, en geislun hjartans er ekki hægt að falsa.

57. Bænin hreinsar. Þessa fullyrðingu á að taka bókstaflega. Andleg heilsa er aðal undirstaða líkamlegrar heilsu. Einmitt bænin sem raunverulegur tengiliður við hina æðri uppsprettu er besta hreinsimeðal lífkerfisins við öllum sjúkdómum. Smitun á sér stað þegar líkaminn leyfir efnisgerðum sendiboðum hins illa inngöngu. Öllum líkómum er hætt við mörgum sjúkdómum, en hinn andlegi styrkur er á verði til að bæla niður slík uppbot. Þegar andinn getur fengið rétta næringu frá hinum æðri orkutegundum, ver hann einnig líkamann gegn hættum.

Því er hægt að fullyrða að bænin hreinsar.

58. Til eru fáfróðir menn sem halda því fram að bænir séu almennt ekki viðeigandi í daglegu starfi. Það ætti að spyrja þá hvers konar starfsemi þeir teldu ósamrýmanlega bænum — það sem er af hinu illa? Vissulega er engin staður fyrir bænir í hinu illa, en í öllum góðum störfum er þörf á bænum — því sem opinberar hina æðri krafta.

Í nýja heiminum skyldi maður því halda fast fram hinum raunverulegu sannindum. Það verður engin afturför hjá okkur ef við höfum hugfast það sem er fast og óbreytanlega lögmál tilverunnar.

59. Hægt er að sjá hversu óhæfilegar aðferðir eru tengdar bænum! Múgsefjun getur ekki orðið að neinu gagni fyrir sambandið við æðri heiminn. Sjónarvottar æðri sýna staðhæfa að þeir geti jafnvel ekki staðið kyrrir vegna hinnar máttugu tíðni. Ennfremur er sérstakur friður andans undanfari sýna. Er nokkur möguleiki að sveiflur og hringsnúningur geti verið upphaf fagurrar sýnar? Maðurinn með vilja sínum getur ekki þvingað fram opinberun úr æðri heiminum. Það er mögulegt að draga fíngerðari heiminn nær, en tign æðri heimsins er hafin yfir allt jarðneskt eðli. Árum saman bíða einsetumenn æðri heimsins. Jafnvel miklir andans menn gætu ekki staðist opinberun úr æðri heiminum nema einu sinni án þess að heilsu þeirra væri hætta búin. Samt sem áður, æðri heimurinn veit hvenær og hvað er mögulegt.

60. Virðing fyrir helgivaldinu staðfestir nálægð æðri heimsins. Í

samvinnu við helgivaldið munið þið finna traustar brýr yfir að strönd hans. Í öllum trúarbrögðum finnum við verndarengla, leiðbeinendur og huggara; að baki hinum mismunandi nöfnum liggur sama hugmyndin um helgivaldið. Sannlega, lát hvern og einn hafa sinn skilning, en lát hjörtun keppast upp á við. Í því einu felst leiðin til fullkomunnar.

Bænin er samfélag við hið allra fegursta.

61. Bænin er innblástur til þekkingar. Hver sá sem sér göfgi samneytisins mun óhjákvæmilega byrja að keppast við að nálgast þekkinguna. Til að slík vitund geti vaxið er henni nauðsynlegt að afla sér þekkingar á hinum ýmsu sviðum vísindanna. Heimspekin og hin almennu vísindi opna sömu leiðir til æðri heimsins. Hinir fáfróðu þvaðra um efnishyggjuvísindi sem afneiti öllu sem ekki er sýnilegt auganu. Samt er óskilgreinanleiki atómsins þeim nú þegar kunnur, og þau skilja þörfina á smásjá og sjónauka. Sannarlega gera þeir vísindin að tómri skel. Þegar merki æðri heimsins opinberast í vitundinni ummyndast öll vísindi. Sú þekking er ekki til, ef það er sönn þekking, sem ekki staðfestir hið mikla samband milli heimanna. Sá vegur er ekki til, ef honum er sannlega fylgt, sem ekki leiðir til æðri heimsins. Sá sem ekki skynjar mikilvægi einingar og óendanleika hefur ekki vaxið í vitund sinni. Bæn er ekki hróp í dauðans angist heldur samneyti fullt kærleika og trúfestu.

62. Ef einhver elur með sjálfum sér sljóa afneitun án þess að um nokkra hugræna uppbyggingu sé að ræða, þá verður að líta svo á að slík hugarleg

fátækt sé vitskerðing. Hve oft hafið þið ekki sjálf hitt fyrir slíka menn! Þeir vekja aðeins meðaumkun. Eins og smákaupmaðurinn sem reiknar ágóða sinn en hæðist að æðri stærðfræði, þannig býr hinn fáfróði sér til tannstöngul úr þyrni frá kórónu mikils afreks.

Ekki aðeins þekking leiðir til æðri heimsins heldur einnig vinna. Sérhvert starf er vissulega þekking. Því er vinnan bæn.

63. Oft á sér stað lækning fyrir bænir. Ekki er erfitt að sjá að sambandið við æðri heiminn styrkir hjartað og sendir í gegnum taugarnar heilnæma velgerð. Að skilja þetta er ekki erfitt jafnvel frá hinu hefðbundna vísindalega sjónarmiði. Fáfræðin er svo ríkjandi að það er jafnvel nauðsynlegt að endurtaka svo einfalt atriði, því ekki má sleppa einu einasta tækifæri til að minna á æðri heiminn. Þannig verður til enn ein bæn.

64. Skelfilegt er að sjá þá sýn vitfirringar þegar hið illa reynir að þurrka allt skynsamlegt út af yfirborði jarðar. Illskan er sem eyðandi stormsveipur. Sambandið við æðri heiminn er það eina sem á ný getur komið á jafnvægi.

65. Sérstaklega andstyggilegt er að sjá á eina hlið einlæga hollustu við æðri heiminn en á hina — myrkustu satansdýrkun. Þannig er hægt að finna í daglega lífinu samlíkingu við Armageddon. Hafa verður í huga að kraftar ljóssins ráðast stöðugt á myrkrið. Bænin verður einnig heróp þegar fals er yfirunnið í nafni hins æðsta. Eyðing blekkinga er þjónusta við ljósið.

66. Gremjan á ekkert skylt við bæn. Sigrast verður á blekkingunni með því að lyfta hinu eldlega sverði, en ekki með gremju.

67. Bænin niðurlægir ekki, hún upphefur. Ef skapið er þungt eftir bæn, þá hefur hún ekki verið háleit. Maðurinn er ekki sambærilegur við óendanleikann, en einn neisti hinnar æðri orku ber í sér mikilvægi sem jafnvel er ofar skynjanlegum mörkum. Hverjum manni var gefinn neisti æðri orku, og sem gæslumaður hans er háleit skylda falin honum á hendur. Hann er brú yfir í æðri heimana. Þess vegna, með afneitun á æðri heiminum, hafnar hinn fávísí því sem gerir hann mennskan.

Áminning um æðri heiminn er prófsteinn á hvern anda.

68. Hinn andlegi eðlisþáttur er undanfari allra verka. Engin líkamleg starfsemi getur orðið án undanfarandi andlegs samruna. Því er það að hver sem afneitar hinum andlega eðlisþætti sviptir athafnir sínar merkingu. Framþróun getur ekki orðið ef kraftinum, sem er aðalhvöt hennar, er hafnað. Eitt af einkennum hinnar myrku aldar er afneitun frumreglna og grundvallaratriða. En einmitt slíkt myrkur er tímabundið. Maðurinn verður að búa sig undir það að taka á móti ljósinu, og hann verður að skynja innra með sér frumkjarna ljóssins ef hann ætlar sér ekki að verða að moldvörpu.

Þegar ég tala um andlegt samfélag, þá er ég fyrst og fremst að mælast til þess að þið skiljið raunveruleikann í öllum sínum óendanleika.

69. Bænin á ekkert skylt við ofbeldi eða þvingun. Ekki skyldi hæðast að eða ámæla fyrstu bæn barnsins. Lítill drengur bað einu sinni, „Ó drottinn, við erum reiðubúin að hjálpa þér.“ Nærstaddur maður hneykslaðist og sagði að barnið væri óskammfeilið, og á þann hátt niðurlægði hann fyrsta vottinn um óeigingirni. Lítill stúlka bað fyrir móður sinni og kúnni sinni og hæðst var að bæn hennar. Það varð til þess að minningin geymdi aðeins eitthvað fáránlegt, en í raun og veru var slík umhyggja ákaflega hjartnæm.

Það er á sama hátt mikið guðlast að nota nafn Guðs sem ógnun. Með því að banna barninu að biðja með sínum eigin orðum er í sjálfu sér verið að beita hina ungu vitund yfirlægði. Ef til vill man barnið eitthvað ákaflega mikilvægt og beinir hugsun sinni upp á við. Hver er slíkur að geta gripið fram í og kæft slíka lýsandi hvöt? Fyrsta fræðslan um bænina mun verða leiðandi fyrir alla lífsbrautina.

70. Umhverfi heimilisins skilur einnig eftir mark sitt í öllu lífi mannsins. Jafnvel hinn fátækasti kofi myndi ekki misbjóða hinu andlega. Ekki skyldi gera ráð fyrir því fyrirfram að börnin taki ekki eftir tilganglausum erli lífsins, þvert á móti, þau eru ákaflega næm fyrir öllu í þeirra daglega lífi; þess vegna er það svo að bænin þrífst best á hreinlátu heimili.

71. Bænin er til góðs á hvaða tíma sem er, samt eru tvö tímabil þegar straumarnir breytast, við sólarupprás og sólsetur, sérlega æskileg til að snúa

sér til æðri heimsins. Að auki er til góðs að ákalla æðri heiminn þegar gengið er til náða.

Vísindin hafa ekki réttan skilning á svefni. Hugmyndin um hvíld er frumstæð. Ef á undan hverri gjörð fer andlegt starf, verður að gefa sérstaklega gaum að svo óvenjulegu ástandi sem svefninn er. Næstum helming lífs síns felur fólk sig á hendur ósýnilegum heimi. Nauðsynlegt er að hreinsa vitund sína áður en haldið er inn um hin helgu hlið. Hugsun um æðri heiminn, hugsun um verndarana, er þegar sem ljós í hinni döpru vitund; af því leiðir að æskilegir samfundir kunna að verða fleiri, og árásum bægt frá. Aðeins hugsun hjartans um æðri heiminn gefur órjúfanlega vörn.

Þannig skulum við hafa í vitund okkar allt hið fugursta og nauðsynlegasta á hinni löngu ferð.

72. Lát hjartað með slögum sínum alltaf minna okkur á andlega fæðu. Glatið ekki þeirri siðvenju að biðja, þurrkið ekki út hinar góðu hugsanir. Oft er svo að maðurinn sviptir sjálfan sig réttinum til inngöngu. Æðri heimurinn er ekki eyðandi eldur fyrir vini og samstarfsmenn. Í lífinu gætir fólk sín á því að brenna sig ekki, á sama hátt skyldi það gæta sérstaklega að framtíð sinni.

73. Gott er að hittast til sameiningar á hugsun; með því móti skapið þið góðvild í umhverfinu. Slík hugsun er bæn — þið hugsið ekki um ykkur sjálf, þið safnist saman fyrir hið góða. Aðstoð til vina er svo fjarlæg ágirndinni.

Ég lít svo á að þær stundir séu verðmætastar sem notaðar eru til að

senda hugsanir til vina og til allra sem eru þurfandi.

74. Með hverjum er hægt að efla hugsanir sínar? Aðeins með hinum andlega fræðara. Hann er kletturinn, í nálægð hans er að finna skjól fyrir storminum. Virðing fyrir fræðaranum er leiðin til æðri heimsins. En ringulreiðin þolir ekki uppbyggingu. Beina skal athygli sinni að grundvelli hugsunarinnar til að lenda ekki í hvirfilbylnum.

75. Til er fólk sem staðhæfir að það biðji aldrei, en samt viðheldur það huganum háleitum. Orsakirnar eru margar. Hugsanlegt er að það hafi samneyti við æðri heiminn í starfi sínu án þess að vera sér þess meðvitandi. Ef til vill geymir vitund þeirra logandi ákall djúpt í hjartanu sem maðurinn getur ekki greint. Það getur verið að frá fyrri æviskeiðum beri það með sér helgirúnir á óskiljanlegri tungu í leynilegu minni. Því er það að fólk byrjar oft að fara með óþekkt orð sem hefur merkingu á óvæntri tungu. Margar heilagar minningar geymast í vitundinni. Hvatur til margra hinna verðugustu gerða stafa frá orsökum úr fyrri æviskeiðum.

76. Enginn hugsar annars hugsun. Frammi fyrir heiminum ber maðurinn sjálfur ábyrgð á dóum sínum. Einsetumaður nokkur bað með því einu að endurtaka á sinni eigin tungu — þú, þú, þú! Hann hélt því fram að stystu orðin fælu í sér mesta máttinn. Þó tungumálin séu mismunandi leitar vitundin samt að sama marki.

77. Hinn fáfróði trúleysingi spryr: „Hví þarf að gera ráð fyrir einhvers konar æðri heimum? Ég hef aldrei heyrt um neitt því líkt.“ Það hæfir vel að svara: „Ákveðnar tegundir dýra vita ekki um æðri heiminn, þrátt fyrir það hefur fólk mjög oft séð og fundið fyrir hinu æðra sambandi og getur vitnað um tilvist þess. Hafi einhver aldrei fundið fyrir nálægð ósýnilega heimsins, er það merki um rýrnun eða visnun í taugastöðvum hans.“ Þetta svar hæfir fáfróðu trúleysi.

Hvers konar bæn er möguleg úr munni trúleysingjans? Það er jafnvel ekki mögulegt að tala um bænir í nálægð fáfræðinnar. Þrúgur niðurlægjandi tilrauna verða mjög beiskar. Næmni hinnar þróuðu vitundar hvíslar þegar ekki er mögulegt að vitna um æðri heimana.

78. Með dýpstu virðingu segja sumir: „Ekki þetta, ekki þetta,“ til þess að koma ekki með óvirðandi samanburð. Aðrir banna algerlega að orðið *Guð* sé borið fram til að ekki sé gert lítið úr tign hins æðsta. Þannig nálgast fólk óendanleikann á mismunandi hátt. Djúpt inni í vitund sinni veit það að ómögulegt er að tjá eða meta það sem er æðra öllum hugsanlegum hlutum. Blindur maður getur þreifað á lægstu steinunum en þekkir ekki hæð turnsins. Samt sem áður, maðurinn getur ekki slitið sig frá stiga helgivaldsins. Ferðamaðurinn mun ná til þeppanna á uppgöngu sinni.

Vegur ljóssins syngur og takmarkalaus geimurinn endurómar!

79. Aum hljómar ekki sem nafn heldur sem hugtak. Sá sem skilninginn

hefur mun skynja hljóminn sem er í samhljóman við tónlist himnanna. Fágætt er að heyra þennan enduróm himnanna með jarðneskum eyrum, en hinn fáfróði heldur að það sé aðeins suð í eyrunum. Því skulum við ganga þar sem óendanleikinn sjálfur hljómar.

80. Mikill kærleikur er greyptur í grundvöll æðri heimsins. Aðeins sambærilegur kærleikur andsvarar þessum eiginleika. Hin mesta virðing nær ekki markmiði sínu án kærleika. Hvað er tilbeiðsla án kærleika? Getur visið hjarta búið yfir eldlegri glóð? Þar sem kærleikurinn birtist má gera ráð fyrir einhverju því sem sambærilegt er við æðri heiminn. Aðeins með kærleika er hægt að skoða hvert viðfangsefni. Með mætti kærleikans er hægt að vinna bug á öllum erfiðleikum.

Sannlega, í undirstöðu æðri heimsins býr mikill kærleikur!

81. Stórbrotið þjónustustarf getur verið hlutskipti sérhvers manns. Sá sem hefur hugrekki til að takast á við stórbrotna þjónustu er fylltur nýju lífi. Maðurinn ákvarðar sjálfur hve mikið hann leggur á sig. Sérhver maður getur skuldbundið sig til þjónustu, ekki smárrar heldur mikillar, og þannig helgað sig óafturkallanlega æðri heiminum.

Þannig er stórbrotin þjónusta skylda og heiður.

82. Sá sem veit hvernig á að greina tilveru æðri heimsins í hinu smæsta er þegar kominn á veginn sem liggur upp á við. Það er vissulega nauðsynlegt

að tengjast æðri heiminum í öllum orðum og gjörðum. Leiðin mun verða löng ef slík hollusta er ekki viðhofð. Í hinum þéttasta myrkviði jarðneskra aðstæðna er samt möguleiki að beina för sinni í átt til æðri heimsins, og þessi heimur fegurðar verður nálægur. Andinn sem enn dvelur í jarðneskum líkama sínum lærir að renna inn í æðri heiminn, eins og hann sé að snúa heim til sinna eigin dýrlegu heimkynna. Maðurinn finnur heimþrá til átthaga sinna sem aðeins eru tímabundnir; hve miklu sterkari er ekki taugin sem dregur hann til síns eilífa föðurlands. Aðeins óskapnaður getur falið sýnum fjársjóðinn sem með réttu er eign mannsins. Hljómur samræmisins sigrast á óreiðu óskapnaðarins.

Aum!

83. Kraftaverk geta ekki verið eitthvað óeðlilegt fyrir anda sem er eitt með æðri heiminum. Allir óvenjulegir jarðneskir atburðir eru brot úr hinum æðsta heimi, eða með öðrum orðum sagt, brot af raunveruleikanum. Hinn sami hljómur samræmis opinberar hina leyndu innganga. Takið eftir hinum smæstu merkjum um æðri heiminn. Af slíkum smáum fræjum mun vaxa hið hæsta og stöðugasta tré.

Gaumgæfið öll merki með athygli. Látið ekki fram hjá ykkur fara hina stærri vitnisburði, sem þið, hjúpuð blekkingu holdsins, kunnið að álita að séu ekki athygli verðir. Holdið er grófgert, aðeins hjartað slær í takt við æðri heiminn. Aum!

84. Eldur eða ljós æðra heimsins er ekki algerlega óþekkt fyrirbrigði.

Því oftar en álítið er ná þessir geislar niður á hið jarðneska svið. Menn útskýra þá sem rafmagnsfyrirbrigði. Efnislega séð er ekki grundvallarmunur á þeim og því sem menn hafa komið sér saman um að kalla rafmagn, en þessar sendingar stafa frá hugsanaorku æðri heimsins. Þessir eldar og ljós blossta ekki upp fyrir tilviljun; uppörvun, aðvörun eða staðfesting endurómar í þessum ljóssendingum. Venjulega kvartar fólk yfir því hversu óvænt þessir sendiboðar birtast. Mitt í önnum dagsins má skyndilega sjá lýsandi vísbendingu. Ef til vill kann hún að gefa hugrekki og þrótt og minna á æðra heiminn, í þeim tilgangi að festa í múrhleðslu vitundarinnar enn einn traustbyggðan Stein.

Dýrlegir eru eldar og ljós æðra heimsins. Það sviðnar ekki undan þeim þar sem hið góða er ríkjandi. Í hvert sinn eru þeir hvatning til íhugunar um þennan ósýnilega mikilleika. Viðurkenna skyldi þessar brýr sem leiðina einu. Skelfilegt er að hræðast ljósið því þá breytist eldurinn í eyðandi loga. Ótti er ekki við hæfi og skelfing sjálfstortímandi.

85. Sannfæring gefur til kynna trúnaðartraust. Því mun vitneskjan um æðri heiminn ekki gleymast mörg æviskeið. Það er einmitt slíkur eiginleiki sem helst óbreytanlegur um alla eilífð. Þeim mun nauðsynlegra er að vera staðfastur í þekkingunni um æðri heiminn. Staðfestingen mun ekki láta á sér standa.

86. Í allri sögu mannkynsins má sjá viðurkenningu á hinum æðri anda, heilögum anda — huggaranum, og fjölmörgum svipuðum hugtökum sem vísa

til æðri heimsins. Þessi vitnisburður frá öllum tímum og frá öllum þjóðum hlýtur jafnvel að neyða hinn fáfróða til umhugsunar. Ekki getur mannkyninu í heild sinni skjálast! Við hinar margvíslegustu aðstæður hefur fólk skynjað hina sömu háleitu, óumræðilegu uppsprettu. Merki um tilvist andans er sem viskusteinn í vitund manna. Finna má mjög margvísleg tákna hins mikla raunveruleika geymd í minni þjóðanna. Þau eru ekki eitthvað sem mönnum dettur í hug í sjálfsánægju sinni, heldur skynjun sannleikans. Lát menn rannsaka Egyptaland hið forna, Babylon og hina huldu menningu Mayanna; og alls staðar að baki hinna óræðu tákna má uppgötva hin sömu háleitu hugtök.

Þannig gætu vísindin vísað leiðina til æðri heimsins.

87. Mildin er ein af eiginleikum æðri heimsins, þess vegna verða menn að sýna þennan eiginleika hvar sem glampa hins góða er að finna. Lát menn vera óþreytandi í að leita uppi þennan mátt Náðar. Þannig með þrotlausri árvekni er hægt að taka á sig þjónustu æðri heimsins. Maður skyldi ekki verða stoltur af slíkum heiðri; ekki neitt ákveðið stolt er viðeigandi, en sérstök gleði er leyfileg.

88. Sambandið við æðri heiminn auðgar andann ríkulega. Hinár háleitu sendingar ná marki sínu á margvíslegan hátt — hægt er að nema þær í svefni, í vöku geta þær komið sem eldingsglampi hugsunar. Hryggist ekki þó slíkar hugsanir virðist stundum falla strax í gleymsku, þá er um það að ræða að þær hafa sokkið niður í vitundina. Það kann að vera að hugsunin hafi verið ætluð

innsta kjarna vitundarinnar. Aðeins þegar hinn rétti tími er kominn mun hún koma fram; þangað til hlýtur hún að lifa og auðga vitundina.

Sagt er að vitundin vaxi eins og grasið. Ekki er hægt að merkja að grasið vaxi á einum klukkutíma og eins ómerkjanlega birtist blómknappurinn. Breytingar í vitundinni er aðeins hægt að merkja milli tímabila; slík breyting er óumræðileg. Vitundin vex með samfjöllun, hún getur ekki vaxið í þróngum farvegi. Framför vitundarinnar gerist frá miðjunni og umlykur nýja og nýja hringi nýs skilnings.

Á sama hátt eru sendingar til vísindamanna ekki efnislega þróngar; þær hvetja hugsunina til æ víðari sjóndeildarhrings. Hugurinn er sem slíður fyrir hið eldlega sverð. Þannig koma aðeins víðtæk verkefni frá æðri heiminum. Jarðneskar takmarkanir þrengja hugsun æðri sviðanna svo hægt sé að tjá hana með orðum, samt varðveisitist hið himneska helgiletur innbrennt djúpt í vitundinni.

89. Það er gagnlegt að líta svo á að samfélag við æðri heiminn sé jafn nauðsynlegt og hreint loft. Enginn vill sitja sem fastast í daunillu og eitruðu andrúmslofti. Jafnvel hinir fáfróðustu skilja að eitur er skaðlegt.

Eins má sjá að fólk, vegna andlegs þroska, losnar við ógeðfellda lykt sem er eðlileg hinni óþroskuðu lífveru. Við skulum gera okkur það ljóst að æðri heimurinn getur jafnvel ummyndað samsetningu blóðsins. Við skulum ekki álíta að slíkar efnabreytingar séu yfirnáttúrulegar, þvert á móti, þær eru mjög svo náttúrulegar. Þegar einhver kemur inn úr fersku útiloftinu stafar frá

honum ferskum ilmi. Jafn ilmandi er sú vitund sem yfirskyggð er Náð.

90. Hin jarðneska hugsun getur jafnvel hreyft þétta hluti úr stað — því er hægt að gera sér í hugarlund umfang skapandi máttar hugsunar æðri heimsins. Sagt er að þegar hugsunum lýstur saman leiði það til sannleika, þannig setja menn fram mikil sannindi án þess að vita af því. Sannlega, sá leyndardómur sem vitringar heimsins hugleiða mest er hinn skapandi máttur hugsanaorkunnar. Einmitt, það er ekki ein hugsun, heldur samfléttar straumar hugsana sem mynda spíralrás sköpunar. Hægt er að tilfæra margar vísindatilraunir til sönnunar, en fyrst af öllu er nauðsynlegt að uppgötva hinn efnislega kraft hugsunar. Ef hægt er að hreyfa léttu hluti með krafti hugsunar, þá er hægt að ímynda sér að slíkt þróist áfram út í hið óendanlega. Ekki aðeins andlegar eða siðfræðilegar röksemdir, heldur efnislegar geta gefið vísbindingar um hinum æðri stærðir. Menn verða að gera sér ljóst að orka þeirra getur valdið feikilegum afleiðingum. Mönum hefur verið treyst fyrir mætti hugsunar, en hann er hægt að nota vísindalega og skynsamlega, eða sóa honum til skaða fyrir alla tilveruna. Þannig getur bænin verið mikil vísindatilraun og sönnun.

Þegar ég mæli fram, „Aum,“ hef ég í huga gagn fyrir heiminn.

91. Ekki skyldi ætla að ekki megi minnast á sönn vísindi í sambandi við bænir um hið æðsta góða. Sérhver skilningur kann að vera mjög nærrí æðri heiminum, samt geta menn gert sínar eigin athuganir, og á sitt hvorum

helmingi jarðarinnar er hægt að taka á móti hugsanastraumum sem með samfléttun geta skapað iðuhvirfil nýrra möguleika. Vissulega er æðri heimurinn hinn fegursti möguleiki.

92. Ríki mannkynsins nær yfir breitt svið; toppar þess snerta æðri heiminn í hetjum og miklum verkamönum andans; við botninn verður til kosmískt ryk sem er efniviður fyrir nálægar plánetur. Gífurleg fjarlægð skilur að mikinn verkamann andans upplýstan ljósi æðri heimsins og hinarr rykugu dreggjar.

Þegar höfð er í huga sú staðreynd að hverjum manni er gefin hlutdeild í grundvallarorku, er erfitt að gera sér í hugarlund á hve andstæðan hátt fólk hefur meðhöndlæð þessa miklu gjöf. Sjálf ímyndunaraflíð getur varla náð yfir slíka hyldýpis gjá. Fólk lítur svo á að það sé erfitt sem er óþægilegt, og að það sé auðvelt sem veldur því engum vandræðum; vegna slíkra venjubundinna viðhorfa opnast gínandi gjár. Menn hafa ekki vanist því að halda æðri heiminum í vitund sinni, samt er ekki erfitt að skipta á tómleika fyrir hið óendanlega líf. Hversu miklu fegurri er ekki skilningur á æðri heiminum en fjötrun við steinhlekki!

Þegar hægt er að halda óendanlega upp á við, hví að byrja enn aftur á byrjuninni?

93. Hægt er að rækta með sér hvaða tilfinningu sem er. Einnig er hægt að þjálfa óttaleysi. Hægt er að setja sér fyrir verkefni í óttaleysi í stað þess að

fyllast skelfingu.

Svipir eru jafn raunverulegir og skugginn á sandinum, en við vitum hvað veldur skugganum. Fyrirbrigði úr fíngerða heiminum eru einnig ekki ómöguleg. En óttumst ekki; berum fram nafn fræðarans með endurómandi mögnun.

94. Mikið er um elda, því eru skiljanlegar þær sveiflur sem brenna og valda þreytu. Eldar í iðrum jarðar og ofan við yfirborð jarðar eru skyldir, en áhrif þeirra eru mjög mismunandi. Menn eru ófúsir að gera sér grein fyrir eigin áhrifum á elda í iðrum jarðar. Frá stjörnuspekkini koma vísbendingar um fyrirhyggju og sérstakra aðgát, en í stað þess auka menn aðeins hættuna. Hvað varðar það tvífætlingana þó að þeirra vegna brjótist út eyðileggjandi eldar í öðrum heimsálfum!

95. Lög alheimsins eru óbifanleg, en samt getum við séð greinileg frávik frá þeim. Ef við skoðum karma, þá sjáum við að einnig er hægt að breyta karmískum böndum, alveg eins og tímabilið á milli jarðvista getur verið breytilegt í mismunandi tilfellum — frá andartaki til árbúsunda. Þeim sem ekki þekkja til getur virst það ruglandi hvernig slík staðfesta getur samtímis verið svo breytileg. Slíkt fáfræði sýnir aðeins fram á að skilning skortir á umfanginu.

Fólk skilur heldur ekki hvaða orka það er sem er hinn ákvarðandi þáttur. Hinn grundvallandi þáttur á öllum sviðum alheimsins er hugsun; hún getur breytt karma, hún getur ákveðið tímasetningu, hún opnar dyr og hún getur

lokað þeim. Hún myndar geislavængi út frá öxlunum. Hún getur leitt manninn að mörkum æðri heimsins eða varpað honum í hyldýpið. Virkni laga hvílir á hugsun. Hin mikla viska hugsunar er hlíf og vörn gegn óskapnaðinum. Í raun ræður hugsun ríkjum yfir æði óskapnaðar.

Lög alheimsins eru sannarlega óbreytanleg, en þau eru upplýst hugsun og hæfa því markmiðinu. Skilningur á réttri samsvörun kennir mönnum að ná tökum á grundvallarlögmáli.

Því skulum við ætíð hafa skapandi hugsun í minni. Aum!

96. Breyting á karma virðist mörgum óhugsandi, en þeim skjálast, því þeir gleyma hinu himneska réttlæti. Mögulegt er að upplifa hinn æðsta skilning í einu svipleiftri. Hvar sem hægt er að stíga fæti getur hugsunin flogið. Í ákveðnum trúarsamfélögum voru nýliðar svæfðir og með dáleiðslu voru þeir látnir endurlifa með miklum hraða alla þrautaleið síns karmíska lífsmynsturs. Þannig fékkst skilningur á óhjákvæmileika og einnig möguleika þess að hraða framgangi lögmálsins. Hugsun skapar líf.

97. Ekki aðeins er erfitt að öðlast skilning á karma-lögmálinu, það er enn erfiðara að skilja hið einfalda lögmál sem ræður holdgun mannsins. Þó hafa ritningar hinna elstu tíma oft minnst á þessar breytingar lífsins. Oft hafa íbúar fíngerða heimsins náð sambandi við jarðneskt fólk og flutt þeim skilaboð sín. Ekki er sjaldgæft að fólk muni fyrri æviskeið sín. Öldum saman hefur endurholdgun verið viðurkennd staðreynd, en síðar fél hún aftur í gleymsku

og það var jafnvel bannað að hugsa um hana. Það er erfitt að skilja ástæðuna fyrir slíkri baráttu gegn rökum. Stundum virtist sem svo að hinir vitru teldu æskilegt að beina athyglinni eingöngu að framtíðinni, en slík viska væri einhliða.

Fólk ætti að sækjast eftir ótakmarkaðri þekkingu. Ekki skyldi gefa fyrirskipanir um hvað fólk má ekki vita. Ekki skyldi sviptamanninn rétti sínum til sjálfsfullkomnunar. Látið menn vita og muna að lífsfræðarinn dregur markalínu milli fortíðar og framtíðar.

Því skulum við ekki loka augunum fyrir raunveruleikanum. Lögmál endurholdgunar er réttlátt. Kjarni andans er heilagur og eilífur. Óendanleikinn staðfestir eilífðina, allir geta séð fyrir sér óendanleikann — af því leiðir að allir geta gert sér grein fyrir eilífðinni.

Ekki skyldi rengja frásagnir barna um fyrri æviskeið sín. Þau vita í meginatriðum hvað gerst hefur í kringum þau. Á okkar tímum verða sérstaklega oft fljótar endurfæðingar. Margir íbúar fíngerða heimsins hraða endurkomu sinni, í því birtist vöxtur og hraðaaukning þróunarinnar. Í slíkri hröðun má sjá sættir milli heimanna.

98. Mikil þörf er á því að sannfæra fólk um að það eigi að taka eftir mikilvægustu stundunum þegar þær eiga sér stað í lífi þeirra. Fólk á svo erfitt með að greina á milli aðalatriða og aukaatriða. Oft er svo að hinir mest áberandi vegvísar tilverunnar vekja ekki neina eftirtekt. Skólinn ætti að hjálpa til við að upplýsa um þessi atriði.

99. Það er sérstaklega erfitt fyrir fólk að greina hvað er mikilvægast hjá þeim sjálfum. Ef læknirinn finnur illkynja innvortis æxli, hraðar hann sér að skera í gegnum hin ytri lög til að komast fyrir hættuna, en hugleysinginn vill ekki skaða húð sína og mun farast af völdum æxlisins sem fær að vaxa óhindrað. Ef þörf er á að velja, skal viðhalda því sem er nauðsynlegast. Á sama hátt þegar menn snúa sér til æðri heimsins, skyldi taka sér tíma til að íhuga hvað sé mikilvægast.

100. Preföld yfirskrift er dæmi um lagskiptingu merkja úr heimunum þrem. Við skulum ímynda okkur bókfell sem fyrst hefur verið notað til að skrifað á fræðirit um sköpun heimsins og var síðar notað fyrir ástarljóð og að lokum notað til að reikna út efni og skinn. Það verður erfitt að greina ástarljóðið í gegnum hinar augljósu verslunartölur, og það verður næstum ómögulegt að ráða í rúnir fræðiritsins um hið mikilvægasta. Gerist ekki það sama hvað varðar myndletur heimanna þriggja? En alveg eins og hinn reyndi vitringur er fær um að lesa hin flóknustu handrit, þannig getur upplýst vitund skilið merkingu áritana æðri heimsins.

Við skulum ekki taka verslunarútreikninga í misgripum fyrir lögmál alheimsins.

101. Hvar sem fáfræðina er að finna eru allar samlíkingar nothæfar. Afneiturum fellur vel að afsanna, en þeir bjóða ekki upp á neinar niðurstöður

eða lausnir. Þeir hæðast að hinu besta samneyti, en eru ófærir um að tengja saman þó ekki sé nema þrjá stafi.

102. Fólk verður guðrækið þegar það nálgast vistaskiptin yfir í fíngerða heiminn. Því sést yfir þá staðreynd að svo flaustursleg mútugreiðsla jaðrar við guðlast. Afleiðingin verður því ekki skilningur á æðri heiminum, heldur greiðsla í flýti fyrir besta staðinn, en undirbúningur þess að nálgast æðri heiminn ætti með réttu að byrja strax á fyrstu dögum hins jarðneska lífs.

Það eru ekki hefðbundnr helgisiðir heldur bænir hjartans sem færa veröld fegurðarinnar nær og gera hana að daglegri stoð. Hægt er að nálgast æðri heiminn með bikarinn fylltan hinum bestu hugsunum. Hægt er að bjóða fram bestu tilraunirnar ef tryggt er að þeim sé beint í átt til hins góða. Hið góða opnar allar dyr til æðri heimsins.

103. Mörgum, og jafnvel þeim sem vita um fíngerða heiminn, finnst sem þeir geti skotið því á frest að nálgast hann með því að fullkomna hugsanir sínar. Þeir hafa rangt fyrir sér, því að það er einmitt þetta markmið sem hugsanirnar verða að stefna að. Þetta er hægt að þjálfa jafn skjótt og ákveðin hvöt til þess hefur látið á sér kræla. Hugsunin verður að sanna sig með því að gangast undir próf jarðneskra hugsana. Það er hryggilegt að koma inn í fíngerða heiminn ráðvilltur og ruglaður. Skýr vitund lyftir manninum upp á við alveg eins og léttar lofttegundir lyfta loftbelg. Enginn og ekkert getur haldið staðfastri vitund, sem sækir fram til hins góða, í fjötrum hinna lægri sviða; því

skulum við ekki mæla gegn því að lögð sé áhersla á hugsunina. Ekki er til beinni leið til samskipta við æðri heiminn en vegur hugsunarinnar.

104. Hljóð íhugun um æðri heiminn jafnast á við hið besta læknislyf. Með henni er hægt að skynja afstæði tilverunnar. Slík vitneskja verður ekki til hindrunar, þvert á móti hún mun styrkja flug hugsunar. Berið fram hið allra einfaldasta þegar glundroði ræður ríkjum í heiminum.

Jarðnesk tilvera getur ekki verið endalokin, því er aðeins hægt á svo skammvinnu tímabili að undirbúa það sem mest þarf á að halda fyrir flug framtíðarinnar, með öðrum orðum — að skerpa hugsunina. Vængir vaxa aðeins vegna hugsunar.

105. Án efa fáið þið oft spurningar um samband fíngerða heimsins við hið jarðneska líf. Hið rétta svar er að segja að slíkt samband sé stöðugt viðvarandi. Allt sem gerist á jörðinni vekur andsvar í fíngerða heiminum. Sérhver jarðnesk hugsun vekur annað hvort gleði og hjálpssemi, eða illvilja og eyðandi sendingar frá fíngerða heiminum. Jafnvel hinir minni andar fylgjast af athygli með jarðneskum hugsunum. Það segir sig sjálft að öflugar jarðneskar hugsanir valda djúpri sveiflutíðni í fíngerða heiminum, því er það aðeins eðlilegt að fíngerði heimurinn andsvari einnig jarðneskum hugsunum. Þegar ég segi að fjöldur sem fellur af væng lítils fugls valdi þrumuhljóði í fjarlægum heimum, þá meina ég það ekki sem tákn, heldur aðeins til að minna á samvinnu alls í tilverunni. Menn þurfa að venja sig við þá staðreynd að ekkert

tómarúm er til. Menn verða að styrkja mjög fullvissu sína um mikilvægi starfs síns og skyldu.

Þegar maður tekur á sig samneyti við æðri heiminn, er hann sannarlega áræðinn, en slík áræðni er heilög. Fíngerði heimurinn hlustar á þessi áköll og skilur þýðingu þeirra. Slíkt samneyti dregur til sín fjölda áheyrenda — eða samstarfsmanna eins og það virðist — af því leiðir að útiloka verður egingirni úr bæn; því hin besta bæn er afsal og þrá eftir hinu góða.

Látið fræðsluna ætíð leggja áherslu á gagnsemi sambandsins við æðri heiminn; aðeins á þann hátt er hægt að festa í sessi mikla þjónustu.

106. Látum það ekki valda okkur hugarangri þó við fáum ekki alltaf svar. Látum það ekki valda okkur furðu þó svar berist okkur þegar við síst búumst við því. Við skulum læra að skilja aðstæður á æðri sviðunum, og við skulum fyrst og fremst leitast við að gera okkur grein fyrir hinu mikla ósýnilega starfi. En þið vitið nú þegar að kraftar æðri heimsins hvílast aldrei. Lát þennan lýsandi mátt leiðbeina öllum vegfarendum á myrkum stundum.

107. Léttúð, hnýsni, tortryggni og vantrú, þetta allt tilheyrir sömu myrku fjölskyldunni. Gerum okkur í hugarlund mikinn stærðfræðing útskýra flókna formúlu fyrir börnum í barnaskóla. Ekki aðeins eru þau ófær um að skilja hina miklu þraut, heldur fara þau fljótlega að flissa hæðnislega. Því má búast við öllum hugsanlegum afleiðingum í formi vantrúar og svika þegar einhver reynir að nálgast æðri heiminn af hnýsni. Ef vitundin er á því stigi að

hún leyfi forvitni þar sem ætti að vera virðing fyrir hinu mikilfenglega, þá má búast við að þar sé að finna kosmískan sora. Er hægt að nálgast æðri heiminn fyrir forvitnis sakir? Látum frekar höndina í eldinn; þannig skal vantrúin sviðna!

Í hjartanu skulum við bera virðingu fyrir æðri heiminum sem hinni mikilvægustu og fegurstu staðreynd í jarðnesku lífi.

108. Einhver kann að segja að hann hafi oft heyrt slík áköll til æðri heimsins. Það er þeim mun verra fyrir hann að vera ónæmur á eftir, því slíkt ónæmi er ekki við hæfi. Samt eru margir sem líta á slík áköll sem óviðeigandi í viðskiptaheiminum; þannig eru menn langt frá réttum skilningi á tilverunni þrátt fyrir margra milljóna ára tilveru plánetunnar. Þess heldur skulum við láta áköll okkar til æðri heimsins hljóma með meiri endurómun.

109. Lauslæti og ruddaskapur hafa nú náð á ótrúlega hátt stig. Villimennskan hefur loks náð inn til borganna og valdið truflunum í því sem andinn hefur komið til leiðar. Vitund fjöldans hefur horfið aftur til hinna myrkustu tíma. Rödd andans drukknar í skarkala vélanna. Því er hvert ákall til æðri heimsins ákall til lausnar.

110. Fullkominn árangur er aðeins mögulegur fyrir fullkomið traust. Aðeins skilningur á slíkum fullkomleika getur fært manninn nær markmiðinu. Ómögulegt er að tjá hið ytra hvað fullkomið traust er; aðeins hjartað getur

orðið að liði við leitina að þeirri heilnæmu leið.

Fræðarinn hefur enga þörf fyrir virðingu, en hið eina nauðsynlega samband við æðri heiminn er traust á fræðaranum. Hafi maðurinn náð skilningi á fullkomnu trausti hér á jörðu, getur hann beitt því í sama mæli í öllu helgivaldinu. Það er rétt að virðing fyrir fræðaranum er traust undirstaða fyrir allan almenning. Glatist virðingin fyrir fræðaranum þýðir það einnig að menn hætta að ná árangri.

Því skulum við hafa í minni fullkomið traust.

111. Æðri heiminn er að finna í grundvelli allra mannglegra verka, uppbyggingu ríkja og þjóðfélaga. Jafnvel þótt fólk geri sér ekki grein fyrir frumuppruna þjóðfélagsstofnana má samt sjá votta fyrir hinu lifandi sambandi við æðri heiminn í skammvinnum aðstæðum. Ekki skyldi gera lítið úr aldri jarðarinnar og lífsins á henni; réttara væri að gera ráð fyrir mun hærri tölu. En við skulum ekki gleyma því að meginlönd hafa mörgum sinnum flutt sig um set, og jafnvel á okkar tínum má sjá mjög mörg tækifæri til uppgötvana í nágrenni heimskautanna. Því skulum við sýna varkárni við að takmarka hið jarðneska vandamál. Fyrir tīð frumstæðra þjóðflokka munum við sjá leifar frá vitrum þjóðum sem hafa horfið á braut. Samkvæmt varðveittum lagaheimildum er mögulegt að fullyrða að hvötin til skilnings á æðri heiminum hefur verið við lýði frá ómunatíð.

112. Það er rétt skilið að hin svonefndu heilögu dýr voru ekki guðir,

heldur eðlileg afleiðing staðbundinna aðstæðna. Jafnvel nú á tímum tala menn um heilaga skyldu og eiga þá ekki við með því trúarlegan helgisið, heldur gagnlegan siðferðilegan verknað. Aðstæður í fyrndinni leiddu oft til þess að taka þurfti sérstakt tillit til ákveðinna dýra, eða trjáa og plantna. Helgi táknaði vernd. Þannig var það varðveisst sem var fágætt og nauðsynlegt. Fólk nú á tímum kallar nákvæmlega sömu vernd friðuð landsvæði eða friðaðar dýrategundir. Þannig skyldu menn fjalla með varkárni um hugtök sem ekki eru augljós. Svo mörgu hefur verið bætt við svið trúarbragðanna að, vegna aldurs þeirra, eru áhorfendur, sem aðeins sjá yfirborðið, ófærir um að greina grundvallaratriðin frá því sem hlaðist hefur í kring um þau. Jafnvel nú á tímum eru musterin samkomustaður þar sem sölumennska á sér stað og menn ræða um staðbundin málefni samhliða helgisiðum trúarbragðanna. Enn á sér stað slík uppsöfnun ólíkra hluta. Því skulum við ekki dæma óhæfilega hart hugmyndina um *heilög dýr* og önnur löngu gleymd forn tákn.

113. Bænin hlýtur að vera fagnaðarrík, því að samneyti við æðri heiminn er í reynd fullt alsælu og hátíðleika. Slík gleði er sérstök viska. Hún er aðeins möguleg ef menn hafa skilning á því sem hæfir markmiðinu. Fullkomið traust gerir hana heilnæma. Hún endurómar af hugrekki þegar leiðin er ein.

Margt hefur verið sagt um samadhi, en hversu margir hafa reynt hin mismunandi stig slíkrar alsælu? Slíkur fögnuður er lausn frá allri sorg, því er þessi leið gleðinnar leið sannleikans.

114. Í mörgum ritum hefur Aum verið útskýrt í smáatriðum. Fínleiki sveiflutíðninnar, viskan í óminu og fugurð formsins hafa verið þekkt um langt skeið, en ef hjartað er ekki lifandi mun jafnvel slíkt „sesam“ ekki opna lásin.

Aftur er nauðsynlegt að minna sig á rétta viðmiðun og að efla grunnkjarna hjartans. Hart hjarta hefur ekki aðgang að Aum.

115. Ein ástæða þess að samahdi er svo sjaldgæft er sú að fólk veit ekki hvernig það á að fást við svo upphafið ástand. Menn reyna að trufla upphaf á hvers konar óvenjulegu ástandi. Eins fást menn ekki til að láta í friði þann sem er að komast í samahdi, og með ónærgætni sinni valda þeir hættulegu áfalli. Jafnvel í venjulegu daglegu lífi er þörf á aðgát í umgengni hvern við annan. Maður sem hefur orðið fyrir taugaáfalli þarf á friði og ró að halda. En fólk viðhefur jafnvel sjaldan svo einfalda varúðarráðstöfun.

Því er það ómögulegt að veita samahdi án áhættu svo lengi sem mannleg hugsun fær ekki skilið hvernig á að umgangast æðri orkutegundir. Þess vegna er hver hugsun um raunveruleika æðri heimsins í sjálfri sér til góðs.

116. Mikil þjónusta tekur mið af mannkyninu í heild sinni. Hvorki þjóðerni né nokkur önnur aðgreining skyldi takmarka þjónustu í þágu hins góða. Ekki er auðvelt að forðast hinum ýmsu markalínur sem orðið hafa til í gegnum árbúsundin. Það er aðeins skilningur á æðri heiminum sem hjálpar til við að ráða bug á leyfum hjátrúar og straumum úr fortíðinni. Að auki ætti viðhorf manna til karmískra fordóma ekki að vera tilviljunum háð. Réttlæti við

erfiðar kringumstæður gefur til kynna rétta næmni. Einstaklingurinn, sem ábyrgur aðili, verður dæmdur. Það er erfitt að meta einstakling algerlega án tillits til hefðbundinna viðhorfa, en augun opnast þegar maðurinn helgar sig þjónustu og það gerir honum fært að greina fræ andans.

Þannig mun æðri heimurinn, og eingöngu hann, kveða upp hinn æðri dóm.

117. Tár og græðandi smyrsl breyta samsetningu sinni í samræmi við ástand andans. Hver andardráttur er efnafræðilega mismunandi. Venjulegan andardrátt er erfitt að rannsaka vegna þess hve yfirborðslegur hann er, en andvarp, sem veldur skjálfta í lífkerfinu, gefur ýmislegt til kynna. Sjá má að djúpt andvarp veldur stundum einhverju sem líkist innri krampa. Slíkur taugasamdráttur gefur vísbendingu um aukið útstreymi á andlegri orku. Í samræmi við tilhvötina mun andvarpið örva starfsemi ákveðinna líffæra sem breyta efnafræðilegri samsetningu andardráttssins. Þegar Aum er borið fram verður til andardráttur með mjög heilnæmri efnafræðilegri samsetningu.

118. Sumir líta svo á að maðurinn sé stöðugt að deyja; aðrir vita að maðurinn er stöðugt að endurfæðast. Hinir fyrrnefndu láta stjórnast af ótta en hinir síðarnefndu af gleði. Hinir fyrrnefndu sefja sig með dauða, hinir síðarnefndu sjá lífið. Þannig ákvarðar maðurinn að miklu leyti fyrirfram sína eigin framtíð. Hægt er að vera þess fullviss að sá sem býr sér þau forlög að deyja þekkir ekki æðri heiminn. Hann kann að taka þátt í hinum ytri

helgisiðum, en hjarta hans er langt frá sannleikanum.

Fullvissa lífsins er fullvissan um ljósið. Andi mannsins er ódauðlegur, en svo einföld sannindi eru fólki ekki nærtæk, því það metur líkamann meira en andann.

119. Lífið skyldar manninn til að stefna upp á við, en dauðinn stefnir niður. Flest fólk kýs að líta á dauðann sem eyðingu. Sjálf tilveran staðfestir eilífa endurnýjun. Sérhver maður deyr gærdeginum og endurskapast fyrir morgundaginn. Öll frumtökin þrjú endurnýjast dag hvern. Á hverjum degi og á hverri klukkustund færist maðurinn nær æðri heiminum eða fjarlægist hann.

Lát hvern og einn styrkja uppför sína og næmleika fyrir æðri heiminum með eiginleikum hugsunar sinnar.

120. Friður er kóróna andans.

121. Í áru mannsins búa margir eiginleikar. Mælikvarði þeirra er ekki aðeins stærð árunnar heldur einnig innri spenna hennar. Ára sem býr yfir mikilli spennu er vissulega bæði besta vörnin og mikill áhrifavalur í umhverfi sínu. Stundum er litur geislunarinnar góður en kraftur hennar ófullnægjandi.

Áran styrkist vegna sambandsins við æðri heiminn, eftir því sem sjálfselskan hverfur á braut og óeigingirnin fær örvin. Þannig verður sérhvert samneyti við æðri heiminn til aukningar á orku geislunarinnar. Þetta viðfangsefni er vel fallið til vísindalegrar athugunar.

122. Þegar haft er samneyti við æðri heiminn er hægt að sjá að krosslagðir fætur hafa mikla þýðingu. Lát lækna rannsaka hvaða áhrif slík stelling útlimanna hefur á blóðrásina og taugastöðvarnar. Lát þá einnig athuga vandlega öndunarfærin. Sá sem hefur öðlast skilning á slímhimnu lungnaberkjanna hefur áttað sig á mikilvægi þessara rása.

123. Þátttaka hins vitra læknis í öllum sérlegum gagnlegum atburðum er ómissandi. Haldið ekki að við forðumst vísindalegar athuganir; þvert á móti, við metum mikils sérhverja hugsun sem byggir á vísindalegum grunni.

124. Á hættustundu margfaldast þenslan í orku mannsins, á sama hátt veldur ástand algleymis innstreymi krafta frá yfirjarðneskum sviðum. Ef slík þensla er orðin viðvarandi er mögulegt að framlengja þetta andartak, með öðrum orðum, maðurinn getur tekið við stöðugt vaxandi kröftum. Aðeins er nauðsynlegt að uppsprettta kraftana verði stöðug og honum nálæg. Af þessu leiðir að brýnt verður að öðlast skilning á æðri heiminum, og að vísindin munu sjálf leita hans sem drifkrafts þróunarinnar. Ekki er aðeins hægt að láta sig dreyma um svo náið samband, heldur er einnig mögulegt að nálgast æðri heiminn með jarðneskum takmörkunum. Sérhver sáttmáli milli heimanna er um leið sigur yfir holdinu.

125. Oft verða heimsviðburðir, ekki vegna einhvers sem gerist, heldur

þegar þess sjást merki að eitthvað sé yfirvofandi. Fólk framkvæmir margt þegar eitthvað gleðilegt er í vændum þó enn sé engin sjáanleg orsök; eins þegar ógn er yfirvofandi þó svo stríð hafi ekki enn brotist út. Mörgu er komið í verk fyrir væntingar einar, þess vegna hafa slík viðbrögð ákaflega mikið gildi fyrir umbreytingar í lífinu. Hægt er að vitna um mörg slík dæmi. Hvaða þörf er fyrir sjálft stríðið með öllum sínum hörmungum, þegar ein tálsýn getur magnað orkuna? Í raun er hvatinn að mörgum uppbyggingum tálsýn ein. Blekkingin getur stundum verið mjög máttugur hvati.

Af þessum orsökum er svo nauðsynlegt að gæta vandlega að öllum leiðarmerkjum. Aukinn skilningur á slíkum merkjum verður í raun til þess að hraða þróuninni.

Þess vegna skulum við láta hið allra mikilvægasta vera leiðarstjörnu okkar.

126. Takist manni að framkvæma eitthvað eingöngu vegna fyrirboða er það mjög heppilegt. Hin mesta enduruppbygging gerist ómerkjanlega; aðeins árangurinn sýnir hve miklu hefur verið áorkað. Þannig má alls staðar sjá athafnir sem gerast vegna fyrirboða. Tákn er ekkert annað en eitthvað sem á rót sína að rekja til fyrirboða. Árangur heilla þjóða byggir á tákni.

Ég tel mögulegt að fara um hina hættulegustu stigu með hið æðra tákni að leiðarljósi.

127. Skilningur á æðri heiminum ætti að koma án þvingunar, af

sjálfsdáðum og með góðu. Þvingun er óhæfa í svo stórfenglegu máli. Því skyldi kennarinn túnka æðri heiminn sem hina æðri gleði. Enginn kallar gleði valdbeitingu. Enginn fordæmir þann sem færir sanna gleði. En hversu mikla andagift þarf maðurinn ekki að öðlast til að verða frumkvöðull gleði! Hafi kennari eignast slíka gáfu á hann alla okkar virðingu skilið.

Æðri heimurinn er prófsteinn vitundarinnar.

128. Hvers vegna er það svo hræðilegur glæpur að svíkja fræðara sinn? Fyrstu þrjú árin getur maðurinn fylgt sinni eigin vitund, en eftir það er valið á fræðaranum endanlegt. Slíkt lögmál hefur djúpa þýðingu. Fræðarinn er brúin til skilnings á æðri heiminum. Slík jarðnesk athöfn skapar á auðveldan hátt tengingu við æðri heiminn, því er ótækt að velja sér fræðara og svíkja hann síðan; það þýddi að tengingen við æðri heiminn rofnaði til frambúðar. Þegar hin bjargandi þráður er slitinn getur maðurinn fallið undir ill áhrif. Þannig fólk getur enn hreyft sig, etið, sofið og sagt sögur um náungann, en holdsveikissýkingin kann þá þegar að hafa skotið rótum. Á sama hátt geta svikarar tórt, en mannleg reisn er þeim glötuð. Þannig er hægt að athuga hin viturlegu lögmál sem leggja grunninn að hinum lifandi þrepum til æðri heimsins.

129. Fagna skal hverjum lækni sem hefur löngun til að rannsaka grundvöllinn að betra sambandi heimanna. Þegar hið þefalda tákna leiðir til þréiningar, verða athuganir á lífkerfi mansins nauðsynlegar og ekki skyldi

skjóta þeim á frest. Grundvöllur þrískiptingarinnar getur birst um allt lífkerfið. Fræða þarf lækninn um fíngerða heiminn og æðri heiminn. Hann getur aðeins öðlast skilning um hið fíngerðasta ástand líffæranna með því að taka til greina slíkar upplýsingar. Fyrir slíkum manni er Aum ekki innantómt hljóð.

130. Ef athugaðir væru atburðir þessa árs á hinu ytra sviði, fengist mjög athyglisvert yfirlit yfir framvindu átakanna í heiminum. Jafnvel þó það væri aðeins samsafn ytri tákna, myndi slík skýrsla vera sögulegt skjal sem hefði mjög mikið gildi. Að sjálfsögðu eru hin ytri tákna aðeins neistar hinna innri strauma. Aðeins þeir sem leggja sig alla fram verða ekki skelfdir yfir þessum ógnvænlegu truflunum.

Einnig er mögulegt að athuga hvernig ákveðnar persónur tengjast heimsviðburðum. Óskiljanlegt er hvernig atburðir heimsins persónugerast í sumum einstaklingum.

131. Hrætt barn heldur sig þétt við hné móður sinnar, það biður ekki heldur finnur fyrir öruggum stuðningi og vernd. Á sama hátt mun maður í erfiðleikum snúa sér til æðri heimsins fyrr eða síðar. Hann hefur engan annan stað að leita til; óumbeðnar ráðleggingar þeirra sem nærri standa geta ruglað hann í ríminu, en í leyndum titrar hjarta hans af eftirvæntingu til hins æðsta.

132. Til viðbótar hinum mörgu skilgreiningum á orðinu *Aum* skulum við rifja upp að: A er hugsun — grunnurinn; U er ljós — frumorsökin; M er

leyndardómur — hið helga.

133. Enn er spurt: „Hvers vegna er haldið áfram að tala um þrjá eðlisþætti þegar menn vita að þeir eru fleiri?“ Með festu skyldi benda á að til eru tvær leiðir — leið sundurgreiningar og leið samfjöllunar. Margar millibilsaðstæður eru til þannig að heimurinn virðist vera sem ein samtengd heild. En síðar er aftur nauðsynlegt að aðgreina meginþættina og þá hverfum við aftur til hinnar þrískiptu greiningar.

Jafnvel á jörðinni má sjá gífurlega fjölbreytni í andlegum þroska. Sjá má að sumt fólk snertir næstum fíngerða heiminn, þar sem vitundin á ákveðnu sviði í fíngerða heiminum er ekki hafin yfir jarðneska vitund. Þannig eru heimarnir ekki aðeins samtengdir heldur ná þeir jafnvel inn á svið hvers annars. Í allri náttúrunni kemur lögmál samfelldninnar greinilega fram. Jafnvel stórfelldar náttúruhamfarir, sem virðast ekki takmarkast af endimörkum sviðanna, eiga upptök sín fyrst og fremst í sveiflum utan jarðarinnar.

Því skulum við ekki aðgreina þar sem réttlát flokkun er við hæfi. Maðurinn hefur fjarlægst svo mjög hrein og klár hugtök að hann verður að ganga inn um hin einföldustu hlið.

134. Raunveruleg þekking og skilningur á æðri heiminum er manninum ómissandi. Trúarbrögðin hafa valdið hinum hræðilegustu stríðum. Skelfileg grimmd hefur orðið til vegna óreglubundinnar hugsunar um æðri heiminn.

Svo hræðilegt ástand gefur til kynna skilningsleysi á æðri heiminum í öllum sínum mikilleika.

Þekking á heimi hinnar sönnu fegurðar veldur straumi sannrar hugsunar. Sá sem býr yfir vitneskjunni um æðri heiminn rífur ekki niður, því hann er hinn vitri skapandi. Í anda, á tindinum, getur maðurinn orðið þátttakandi í samneyti við hinn æðri mátt.

Því mun aðeins raunverulegur skilningur á æðri heiminum koma jafnvægi á meðal manna.

135. Jafnvægi er grundvöllur tilverunnar. Hvenær gerist það þá að maðurinn glatar jafnvægi í jarðneskri tilveru? Þegar hann er örvinglaður og veikur skjögrar hann og þreifar sig áfram og grípur allt sem hönd á festir. Gerist ekki það sama þegar maðurinn er andlega veikur og missir jafnvægið í sambandi sínu við æðri heiminn?

Spryjið fólk mismunandi trúar á hve traustum grunni það byggi hugmyndir sínar um æðri heiminn. Svörin sem þið fáið verða í formi margs konar undanbragða. Margir neita alveg að svara og skýla sér bak við hræsnisfulla tregðu við að ræða um þetta efni. Aðrir endurtaka utanbókarlærdóm sem ekki býr í hjarta þeirra. Enn aðrir halda því fram að jörðin hafi verið sköpuð árið tvö þúsund fyrir Krist. Þannig megið þið búast við að fá hauga af þurrum laufum í stað andlegra svara sem eru full kærleika og hátíðleika.

Lífið sjálft, sem spegilmynd ósýnilegrar tilveru, ætti að örva vitund

mannsins. Helmingur lífsins er helgaður dularfullu ástandi sem vísindin hafa ekki útskýringu á. Að auki geta næm augu og eyru skynjað margt handan hins daglega lífs.

Fólk kallar áhugaleysi og deyfð „jafnvægi,“ en sjálf náttúran hvíslar að jafnvægið sé þensla. Lítið svo á að þensla sé aðferðin til að nálgast leið uppgötvananna.

136. Mitt á meðal háleitra orða minnist þess að hluta af hverri gjöf sem tekið er á móti ætti að útdeila til sameiginlegra nota. Ekki aðeins ætti að skilja þetta meginlögmál efnislega heldur einnig andlega, sem leiðina til jafnvægis.

137. Allt til okkar tíma leikur vafi á því hvort líf sé að finna á öðrum hnöttum himingeimsins. Jafnvel hinir bestu stjörnufræðingar hika við að láta í ljós skoðun á þessu máli. Ástæðan liggar aðallega í miklu sjálfsáliti manna. Maðurinn kærir sig ekki um að viðurkenna neitt annað lífsform en það jarðneska. Önnur ástæða er óttinn við óendanleikann. Sannarlega eru það fáir sem dirfast að leiða hugann að svo fjarlægum risa eins og Antares, sem í sólnahafi Vetrarbrautarinnar gefur í skyn hinn óendanlega geim að baki. Á meðan skyldi fólk hugsa sér fjarlægar veraldir sem byggðar.

Menn geta ekki komist til þeirra í efnislíkama sínum, samt hafa hinir bestu andar náð til slíkra hnatta í fíngerða líkama sínum og komið með minningar til baka um útlit þeirra, liti og íbúa. Þessi atvik eru sjaldgæf en gerast samt. Þau efla meðvitundina um óendanleika tilverunnar. Til viðbótar

hinum þrem ósýnilegu heimum er nauðsynlegt að vita um tilvist byggðra heima. Nauðsynlegt er að skilja þessi úthöf hugsana sem semja tónlist himnanna. Því skulum við beina hugsun okkar af kostgæfni til þessara fjarlægu vina og samverkamanna og verndara. Sú hugmynd að fjarlægir heimar séu byggðir er ekki nein yfirnáttúruleg ímyndun. Maðurinn gengur hina jarðnesku leið af öryggi þegar hann veit um allt hið mikla sem býr allt umhverfis.

138. Oftar en einu sinni hafa hinir vitru ráðlagt mönnum að nálgast meir jörðina. Eru slíkar ráðleggingar ekki í mótsögn við hugsanir um óendanleikann? Alls ekki. Við höfum fæðst á jörðinni og það af mörgum ástæðum. Ef við eignum að vaka yfir og gæta jarðarinnar þá verðum við einnig að bera kærleika til hennar. Ómögulegt er að annast um það sem ekki er borinn kærleikur til.

Jörðin býr enn yfir gnótt ónýttra auðæfa. Mögulegt er að styrkja plánetuna með því að bæta heilsu hennar. Meðal heilsusamlegra aðstæðna á jörðinni skyldi ekki gleyma hinum æðri máttaröflum. Þannig kemst á hið sanna jafnvægi.

139. Meðal fjársjóða heimsins eru margar ritningar og fornar sagnir sem segja frá æðri heiminum. Fólk getur ekki borið fyrir sig skorti á vísbendingum sem varða veginn til þekkingar. Algengt er að heyra fólk kvarta yfir skorti á vitneskju um leiðina til æðri heimsins. Slíkt er hræsni! Þetta

óánægða fólk vill ekki leggja á sig þá fyrirhöfn að leita að uppsprettunni. Sjá má hve mikinn kraft leitandi fólk fær, jafnvel við hinar erfiðustu aðstæður, til að uppgötva Ljósið. Við vökkum yfir slíkum ljósberum sem yfirvinna hina ótrúlegustu erfiðleika.

Lögmálið hefur verið gefið; leiðin hefur verið vörðuð; lát þann finna sem leitar.

140. Hugsunin er sannur vinur leitandans. Í öllu ræður hugsun. Hugsun er innbyggð í hverri hreyfingu vöðvans. Hugsun leiðir og staðfestir. Hugsun finnur leiðina til fræðslunnar og hinna réttu dóma. Hugsun kennir að gera greinarmun á milli hins æðra og hins lægra, ef ekki er litið niður á hana. Hugsunin varir stöðugt og óendanlega. Hún viðheldur hreyfingu og gefur þekkingu á hrynjandi. Hvorki á degi né nóttu yfirgefur hugsunin manninn. Hugsun lyftir vitundinni þegar menn hafa unun af því að hugsa.

141. Maðurinn annað hvort skapar eða eyðir á hverju andartaki lífs síns. Veröldin er full andstæðra hugsana. Margir sjúkdómar hafa skotið rótum vegna eyðandi hugsana. Mörg morð eru framin úr mikilli fjarlægð af völdum hugsana eða af samfléttan hugsana, en næstum ómögulegt er að fá mann til að skilja að yfirburðir hans felist í því að hugsa óaflátanlega. Illmögulegt er að fá mann til að skynja hversu mikla ábyrgð hann ber á eiginleikum hugsana sinna. Hjartað slær án afláts, jafn óstöðvandi er hrynjandi hugsunarinnar. En það er ekki til siðs að ræða um þessa hluti.

Annað hvort skapar maðurinn eða eyðir.

142. Vitfyrringarnir, þeir vita ekki hverju þeir búa yfir! Venjulega átelur fólk siðspillingu, en leikur hugsunin ekki lausum hala? Er ekki hin mikla gjöf, sem áunnin er með svo miklum erfiðismunum, gerð að engu? Hugsun, hin mikla gjöf fræðarans, glatast við athöfn sem stjórnast af fáfræði. Þannig eru menn jafnvel reiðubúnir að svíkja sína eigin plánetu, svo fremi þeir þurfi ekki að hugsa.

Við höfum nú þegar bent mörgum sinnum á mikilvægi hugsunar, og við munum aftur koma að þessu efni. Nauðsynlegt er að gefa sjúkum manni lyfin sín mörgum sinnum, því erum við óþreytandi að minna á fyrsta grundvallaratriðið — Aum!

143. Nú skulum við snúa okkur að öðrum staf hins þríeina orðs, sem er frumorsökin — Ljós. Fólk hefur ruglað svo saman hugtökunum ljós og lýsing að það getur ekki gert sér ljós í hugarlund sem orku. Við skulum ekki dvelja við óendanleikann þar sem hugsun, ljós og allt sem er blandast saman í einingu, heldur skulum við í samræmi við jarðneskan skilning líta á ljós sem heilnæma orku sem lífið getur ekki verið án. Ljós er útbreiddasti sendiboði hjálpræðisins. Greinilega er hægt að sjá mismun milli elds til hagnýtingar og alveraldlegs ljóss. Það er ekki eldur heldur geislun sem stafar frá öllum lifandi verum. Hinn velviljaði hugsuður er umvafinn geislabaug, og frá ljósi hans stafar læknandi geislun. Svo oft höfum við sagt fyrir hvað verður um þessa

geislun. Við höfum sagt að sjálf formgerð lífsins muni ummyndast samkvæmt þeim mælikvarða. Með réttu er hægt að kalla ljósið lögmál sem leiðir til endurnýjunar. Hugsun og ljós eru svo samtvinnuð að segja má að hugsun sé lýsandi.

144. Algjör formyrkvun! — Þannig er upphrópun manns sem fyllist örvaðtingu. Allt ljós er mér horfið — segir maður sem missir alla von. Algerlega allt sem snýr að bjartri framtíð tengist ljósi. En menn vita ekki hvernig á að fagna ljósinu sem orku. Læknirinn og fræðimaðurinn eru jafn sekir að því að nota ekki tækifærið til að útskýra gildi ljóssins þegar notuð er ljósmeðhöndlun til lækninga. Ljósgeislunn hefur áhrif á allt — vöðva, bein og taugar. Heilinn lifir á ljósi; heilavefurinn þarfnað geisla ljóssins. Hægt er að telja upp allar hinrar lífeðlisfræðilegu aðstæður, og þær munu færa sönnur á kenningarnar um ljósið.

Maðurinn ætti að þróa með sér einbeitingu í þeim tilgangi að athuga hve athyglisverð samskipti eiga sér stað milli geislunar hugsandi manns og geisla utan úr óendanleikanum — geislarnir í geimnum eru strekktir eins og silfurþræðir. Samþjöppun ljóss má sjá í ýmsum raffræðilegum fyrirbrigðum. Hönd manns vekur eld á undraverðan hátt úr geimnum. Þið vitið að af einni snertingu blossomar fram eldur sem ekki brennir. Slík fyrirbrigði eru fátíð, en samt gerast þau, og þau gefa til kynna hve snertingen við hið andlega hefur mikið gildi fyrir sendingu strauma um geiminn. En nauðsynlegt er þó að taka slíkum merkjum með algerri ró. Ljós á ekkert sammerkt með æstu skaplyndi

og ótta.

145. Ótti og skelfing skapa sérkennilegan segul. Við getum gert okkur í hugarlund hvað svo dökkur segull dregur að sér! Fólk tekur eftir því að óttinn dimmir sjónina. Myrkrið sækir einmitt að þeim sem haldinn er ótta.

Hvert andartak ákallar maðurinn annað hvort ljós eða myrkur.

146. Ljós fíngerða heimsins á ekkert skylt við jarðneskan skilning á sólarljósinu. Á lægri sviðunum skapa myrkvaðar vitundir rökkur, en því hærri sem vitund og hugsun leita því bjartari er hin undraverða geislun. Íbúar fíngerða heimsins sjá vissulega bæði jörðina og himintunglin, en hið jarðneska ljós umbreytist í vitund þeirra á annan hátt. Sama er að segja um hugsanir fíngerða heimsins; þó þær byggist á sömu orku er ferli þeirra einstakt. Lögmál jafnvægisins eyðir hugrænum öfgum.

147. Á hinum hreinasta stað er hreinn snjór gagnsýrður jarðnesku og kosmísku ryki; þannig sést að rúmið er ekki tómt, jafnvel þó rannsóknin sé ekki nákvæm. Bætið við þetta fjölda strauma og geisla, og þið öðlist mynd af raunveruleikanum; þannig er rúmið fullt allt umhverfis jarðneska menn. Hugsanir streyma óaflátanlega frá fíngerða heiminum; stundum snýr maður sér við og hrópar undan á lagi hugsunar, en samt er það ekki álitið vera eitthvað sem kemur utan frá. Maðurinn sér neista og jafnvel eldlega glampa, en hann álítur það allt vera frá sjálfum sér. Það er ómögulegt að kenna mönnum að

bera virðingu fyrir því sem er allt umhverfis þá. Fólk hefur svo lítinn skilning á jafnvægisástandi lífsins að það fyllist annað hvort skinhelgi eða sjálfsánægju. Af þessari ástæðu er brúin yfir í hina fjarlægu heima fólki svo erfið.

148. Þriðja stafinn, leyndardóminn helga, þekkja aðeins örfáir. Grunnhyggnin hvíslar að allt sem varðar hið dulda sé ónauðsynlegt. Sjálfsánægjan vekur þá hugmynd að allt eigi að vera aðgengilegt, en maður blindaður af eldingu hrópar upp vegna hins óbærilega ljóss. Maður, sem finnur til smæðar sinnar vegna miklfengleika hugsunar, kvartar yfir því hve ógerlegt sé að ná tökum á henni. Sannlega, leyndardómurinn er rétt samsvörun sem gerir mögulegt að halda upp á við án þess að hrasa.

Leyndardómur viðheldur veröldinni. Í óendanleika finnast engin takmörk.

149. Í leynd felst einnig gætni og fyrirhyggja. Blómum þarf að planta í réttan jarðveg. Nauðsynlegt er að þekkja rétta tímann og vita hverjum á að treysta fyrir fræjunum; þannig dafnar hugmyndin um fræðarann. Fræðarinn segir nemanum með einföldum hætti eins og best á við það sem hann þarf mest á að halda. Ef hann varðveitir leyndardóminn er það vegna þess að ekki er tímabært að gefa hann upp. Ekki er mögulegt að fræðarinn haldi einhverju leyndu svo að til skaða verði. Viðurkenna þarf fræðarann sem leiðbeinanda; á þann hátt verður leyndarhugtakið séð í nýju ljósi.

Það er ákaflega nauðsynlegt að meðtaka þá staðreynd að hinn mikli

leyndardómur, eins og hann er nefndur, er ekki hindrun, heldur aðeins til verndar brautinni. Ef ástæðan fyrir því að maðurinn hefur ekki hafið ferð sína er vantraust og ótti, er ekkert sem getur leitt hann fram á við. Vegfarandinn snýr baki við slíkri braut, en undanhald er andstyggð. Þess vegna leiðbeinir fræðarinn við að finna bestu leiðina. Hann útskýrir leyndina sem ósnortinn fjársjóð.

150. Tapist rétt viðmiðun er brautin einnig töpuð. Er hægt að afsanna hið óþekkta? Er hægt að halda fast við hið takmarkaða þegar óendanleikinn blasir við? Er hægt að leyfa róg um það sem menn hafa enga vitneskju um? Er hægt að berjast gegn öllu ljósi og allri hugsun? Eins og skynsemin myrkast af brjálsemi, þannig er þeim sem svíkur braut ljóssins kastað út í myrkrið.

151. Nöfn svikara geymast einnig í sögu mannkynsins. En hvor geta svikarar falist í fingerða heiminum þegar minni þeirra er orðið skyrt? Það er ekki blygðun gagnvart öðrum, heldur hin óslökkvandi þjáning smánarinnar í hjartanu sem rekur svikarana út á ís og í eldsloga. Hvar eru þeir nú sem hvísluðu drottinssvikum í eyru þeirra? Hvers vegna hlaupa þeir ekki undir bagga með þeim nú? Þeir leita þá ekki uppi í myrkrinu. Hræðilegt er hlutskipti svikara — morðingja líkama og anda!

152. Farið varlega með eitur og gætið að því að ekkert fari til spillis. Margir gætu orðir fyrir eitrun, og enginn veit hversu víða eitrið gæti breiðst.

Myrku eiturbyrlarar, vitið þið um öll fórnarlömb ykkar? Það mun ekki verða ykkur dulið. Sjón verður ykkur gefin svo þið sjáið öll verk ykkar. Þannig kveða eiturbyrlarar upp dóm yfir sjálfum sér.

153. Sérhver maður geymir leyndardóm innra með sér. Sjaldan lyftast tjöld fortíðarinnar — það gerist aðeins þegar mikil andleg orka safnast saman í jarðnesku lífi mannsins. Það er aðeins þegar takmarkanir jarðarinnar eru yfirstignar að maðurinn öðlast uppljómun vegna skilnings á hluta af leyndardómi sínum. Stórkostlegur er sá atburður þegar andleg orka opinberar kaleik hins uppsafnaða; skyndilega uppljómast minningin og fortíðin stendur í réttlátu ljósi. Furðulegt er hve maðurinn ummyndast á því augnabliki þegar hann yfirgefur hið jarðneska svið. Fólk kallar þennan atburð dauða, en hann er í raun sem fæðing; því er svo sorglegt ef fingerði líkaminn dvelur lengi í dásvefni. Sérstaklega athyglisverð er ummyndun með fullri meðvitund. Þá er hægt að gera sér skýrt í hugarlund hvernig hinir jarðnesku fjötrar falla af og hin óafmáanlega samsöfnun kemur í ljós og opinberast sem sannur fjársjóður. Það er skiljanlegt hvers vegna þessi ákaflega fingerði fjársjóður getur ekki birst við grófgerðar aðstæður.

154. Hægt er að göfga jarðneskar aðstæður. Sú leið liggur ekki um ríkidæmi eða mátt, heldur um hátíðleikann sem er innan seilingar þeirra útvöldu sem búa yfir næmleika. Sérhver slík æðri tilfinning er í sjálfri sér sigur yfir holdinu.

Á hátíðisböndum er hinn forni vefnaður tekin upp úr leynikistunni. Ekki er hægt að láta hin fíngerðustu verk verða daglega fyrir áhrifum veðurs og vindar. Maðurinn getur glaðst og fagnað þegar vinnan skapar hina æðri gleði í jarðnesku lífi.

155. Auk jarðskjálfta geta einnig orðið skjálftar í lofthjúpnum. Það geta komið högg, að því er virðist, og valdið titringi í hinu jarðneska sviði. Þetta orsakast ekki aðeins af því að straumar skerast, heldur einnig af aðstæðum í fíngerða heiminum. Oft skynjast eitthvað óskiljanlegt þegar uppgötvanir eru gerðar. Þetta kann að vera eitthvað sem minnir á ósýnilega heiminn, fullan orku. Ég sting upp á því að skrifrarar safni saman slíkum óþekktum staðreyndum; þannig mun safnast saman efni í bók með nýjum hliðstæðum.

156. Ef gagnverkanir fíngerða heimsins eru svo tíðar ættu djúpstæð og langvarandi sambönd að myndast milli samverkamanna í heimunum tveim. Svo er það einnig. Það má geta þess að samböndin eru meir í ætt við andlegan skyldleika en blóðskyldleika eða frændsemi. Oft gerist það að slíkir samverkamenn mætast einnig á hinu jarðneska sviði; þó þeir séu ef til vill aðskildir af mismunandi þjóðerni og kringumstæðum mun innri skynjun samt draga þá hvorn að öðrum. Mjög auðveldlega skapast traust milli þeirra, þó svo gagnstæðar undantekningar séu einnig til. Vanþakklæti er eins og að sökkva niður í myrkrið.

157. Hægt er að líta á líf plánetunnar sem heildarsummu allra upphafa sem orðið hafa á henni. Þeim mun meiri er ábyrgð allra hugsandi íbúa hennar. Það er álitið að þeir séu kóróna plánetunnar, en ef finna má svarta kolamola í kórónunni í stað dýrmætra gimsteina veldur það tjóni á plánetumælikvarða. Afleiðing þess er að allir samtengjandi straumar eyðileggjast.

158. Þegar ég ræði um tengsl við fíngerða heiminn mæli ég ekki með neinum óeðlilegum ráðstöfunum vegna þeirra. Þessi sambönd eru eðlilegur þáttur lífsins. Aðeins þarf að læra að taka eftir þeim með alsgáðri skynjun; mögulegt er að taka eftir mörgum merkjum allt umhverfis sem augljóslega eiga upptök sín handan við takmörk jarðneskrar tilveru án notkunar eiturlýfja.

Nauðsynlegt er að skilja að hve miklu leyti slíkar eðlilegar skynjanir geta víkkað út hugmyndir manna um lífið. Bænin ummyndast í andlegt samneyti og virðingin verður ekki strangtrúarleg heldur lifandi og full kærleika.

Án kærleika á sér ekki stað nein sköpun.

159. Það er ástæða að fagna yfir því sem snertir hjartað, með öðrum orðum, yfir því sem er elskað. Er mögulegt að ræða um merki hugsunar, Leyndardóms og Ljóss án kærleika? Leyndardómurinn verður að launung, hugsun að ráðabruggi og Ljósið að eldibrandi; með þessu móti er mögulegt að afskræma hið fegursta. Hin sanna leið, sem náð er með kærleika, leyfir engin helgispjöll. Sýninni er umbreytt í raunveruleika; skark kaupmennskunnar finnur sinn rétta stað; maðurinn mun sjá gildi hátíðleikans.

Þannig verður mikil þjónusta lýsandi.

160. Stundum virðist maður ekki vera viðstaddur hið daglega líf. Stundum getur maður heyrt hljóma hinna fjarlægu heima. Stundum getur maður skynjað andrúmsloft og ilm fjarlægra staða; mitt í hinu hversdagslega lífi fæst staðfesting á hinu ómælanlega. Vissulega, þessi skynjun hverfulla sambanda er engin sjálfblekking, en þau sýna fram á hæfileika hinnar mannlegu veru. Ekki er hægt að þvinga fram skynjun slíkra kalla úr geimnum, aðeins opin hjortu eru næm fyrir þeim. Þeir sem halda sig vitra reyna að sýna fram á að þessar skynjanir séu aðeins sjálfsefjun, en á undan hverri sjálfsefjun verður að senda hugræna skipun. Hvað sem öðru líður þá vitið þið mæta vel að slík bein þekking kemur fyrirvaraust og er handan mannlegrar ímyndunar. Þú ert sendur til fjarlægra landa — raunbirting andans er hröð sem ljósið. Þannig geta menn byrjað að fá hugmynd um hreyfihraða í fíngerða heiminum.

161. Þörf er á fullkomnu trausti og tilgerðarleysi fyrir hverja sanna skynjun. Leggja skyldi mikla áherslu á þessi hugtök sem grundvöll framfara. Mögulegt er að sýna fram á hvernig vantraust og uppgerð verða hinir verstu óvinir. Þau draga í sig lífsorku og eru sem háskalegar torfærur. Hve mikla orku þarf ekki til að halda áfram á brautinni þegar tekin eru lífshættuleg stökk! Hin heilaga ómun getur snúið hugsun aftur til undirstöðunnar og til ljóssins.

Því skulum við vinna bug á öllum torfærum og læra að fagna þeim. Við skulum ekki vera langorð um það sem elska ber, því hjartað, það veit.

162. Myrkur er takmarkað, en ljósið birtist óendanlega. Hver sá sem veit þessi einföldu sannindi er þá þegar ósigrandi. Ef því er samsinnt að ljósið sé veikt og myrkrið máttugt er sigur ógerlegur. Sama er hvað hinum lítttrúaða er gefið, hann drekkir því öllu í úthafi myrkursins. Við skulum því taka okkur ljóssins vopn í hönd, því það er áreiðanlegast.

163. Gefa skyldi gaum að atburðum náttúrunnar í sambandi við heimsviðburði. Finna má einkennandi samkvæmni; aftur og aftur segir það okkur að plánetan er í raun lifandi lífkerfi. Allt sem tengist jörðinni er samstellt eins og líffæri í einum líkama, því er ógerlegt að líta á hverja veru sem einangraðan einstakling. Allir tilheyra einni og sömu skipaninni og þeir verða að líta á sig sem ábyrga meðlimi samfélags. Á þann hátt getur maðurinn fylgt hinni fullmótuðu reglu alheimsins.

Ekki þarf að furða sig á stöðugum tilraunum til uppreisnar gegn lögmáli reglunnar. Kraftur óskapnaðarins er sem iðusvelgur og vanmáttugar vitundir verða auðveldlega slíkri farsótt að bráð. Sannarlega er hægt að líta á ásókn óskapnaðarins sem smitandi pest.

Gefið gaum að atburðum og gerið samanburð. Slíkar athuganir eru til hjálpar við að skilja lögmál samsvörunar og samtengingar. Fræðslan gefur vísbendingar sem raunveruleikinn staðfestir.

164. Hvers vegna gefa læknar svo lítinn gaum að þrýstingi loftsins? Þeir

senda sjúklinga til heilsuhæla, niður að strönd eða upp til fjalla, en þeir gefa þeim engar viðvaranir um að eiginleikar loftsins kunni að vera gjörbreyttir vegna verkana strauma úr umhverfinu. Til eru margs konar stofnanir og staðir fyrir vísindarannsóknir sem ættu einnig að gefa upplýsingar sem koma læknastéttinni að gagni. Ríkið verður að standa vörð um góða heilsu.

165. Því hefur réttilega verið veitt athygli að máttug áhrif koma eftir sérstökum leiðum. Fólk er oft mjög andsnúið út á við, en meðtekur samt það sem sent er. Fyrir okkur er mjög mikilvægt að það sem gerst hefur sé gagnlegt. Ekki skyldi þess krafist að lagður sé mælikvarði nútímans á atburðina — það sem skiptir máli er árangurinn. Við verðum að sýna þolinmæði og láta ekki þekkingarskort og vanþroska hafa nein áhrif á okkur. Því skyldi maður veita athygli inntaki og eðli atburðanna.

166. Ég álít mögulegt að leiða börn til skilnings á æðri heiminum alveg frá þeirra fyrstu árum. Slíkt er ekki nein þvingun, því það mun hjálpa þeim að geyma auðveldlega í huganum margt sem annars myndi fljótt gleymast. Auk þess sem það vekur óviðjafnanlega fögur form. Fólk keppist eftir fugurð og hátíðleika, á slíkum grunni er mögulegt að segja frá hinum himnesku stærðum. Ekki ætti að slíta þjóðirnar frá bestu fjársjóðum sínum — hver þjóð hefur sinn sérstaka tjáningarmáta.

Aðeins með útvíkkun vitundarinnar er mögulegt að yfirstíga hindranir. Maður þarf að vita hvernig á að nálgast með varfærni hjarta mannkynsins

þegar vitund þess víkkar. Nú þegar er verið að þurrka út margar takmarkanir, en fyrir slíkar nýjar brautir er þörf á sérstökum kærleika til mannkynsins. Nauðsynlegt er að rækta slíkan eiginleika samhliða hreinleika líkama og anda. Lát hreinleika andans fá sinn stað í skólunum, þá verða bestu tímarnir að háleitu samneyti.

167. Lífið krefst engrá freistainga. Lífið getur ummyndast við hvaða aðstæður sem menn geta hugsað sér. Andlegt samneyti er æðsta ummyndun lífs. Margir hinna fáfróðu kæra sig ekki um að skilja að andlegt samneyti byggist ekki á hinu ytra formi. Það verður til þar sem hugtakið um útvíkkun vitundarinnar er lifandi.

168. Andlegt samneyti er mögulegt þar sem býr lifandi segull, þá er mögulegt að tengja náið saman hvert samfélag óháð jarðneskum takmörkunum. Þegar samfélag er til eingöngu fyrir þjónustu við sannleikann finnast engar hindranir og sérstök samhjálp er hinn eðlilegi lífsmáti.

Þakklæti vex án þvingunar, því er tjáning gleði sérstakt merki um andlegt samneyti — allir vilja bæta sig á einhverju sviði.

169. Það ætti að lesa aftur og aftur bækur um frumreglur og undirstöðuatriði. Almennt séð er nauðsynlegt að endurnýja áhrifin sem lestarinn hafði. Ekki er rétt að álíta að bók, sem var lesin fyrir þrem árum, muni ekki lengur virðast sem ný þegar hún er lesin aftur. Maðurinn sjálfur

breytist á þessum árum. Vitund hans og skilningur geta ekki haldist óbreytt; umhverfi hans allt hefur tekið breytingum og honum er ekki mögulegt að snúa aftur til fyrri aðstæðna. Vegna þess að sjóndeildarhringur hans hefur víkkað uppgötvar maðurinn nýtt efni í bókinni. Því skyldi ekki láta bók, sem búið er að lesa, liggja óhreyfða til frambúðar; þekking lifir og hlú verður að hverju merki um hana.

170. Maðurinn veit ekki í hverju bestu verk hans liggja, því er það merki um fáfræði að miklast yfir verkum sínum. Mannanna verk eru háð mörgum aðstæðum. Hinir fjarlægu heimar eru annað hvort bandamenn eða andstæðingar. Orsakirnar og tilefnin hafa verið skrifuð á svo langan lista að mennsk augu geta ekki lesið afleiðingarnar.

Því skulum við aðeins nota alla okkar krafta og bestu viðleitni og láta æðri heiminum eftir að dæma.

171. Takið eftir því hvernig skynjunin breytist við háleitt samneyti. Menn geta orðið varir við að tilfinningin hverfur smátt og smátt í útlimunum og um síðir finnst aðeins fyrir hjartanu. Þetta er ekki sársauki, heldur nokkurs konar þensla og mettun. Samneytið getur átt sér stað í öllum líkamsstellingum — standandi, sitjandi eða liggjandi. Tilfinningin í hjartanu, sem áður var rætt um, er kölluð „silfurþráðurinn.“ Hann getur, að því er virðist, undið upp á sig og togað til sín; slík tenging er vottur nálægðar.

172. Fólk ræðir oft um tvífara, eins og það sjái sitt eigið sjálf. Til eru margar skýringar á slíkum fyrirbrigðum. Venjulega gleymir fólk eðlilegustu skýringunni — að hér sé um að ræða útvörpun geðlíkamans. Útvörpun fíngerða líkamans gerist oftar en menn halda. Hann getur náð vissu þéttleikastigi, en venjulega er hann ekki öllum sýnilegur; ákveðna skyggni þarf til að geta séð fíngerða líkamann. Ennfremur getur maðurinn séð sjálfan sig jafn auðveldlega þegar hann er mitt á milli svefns og vöku eins og þegar hann er vakandi. Fáir gefa nokkurn gaum að umbreytingartímabilinu milli svefns og vöku, en einmitt í því ástandi gerist margt athyglisvert.

Í daglegu lífi sínu fæst maðurinn samt sem áður yfirleitt ekki við slíkar athuganir; annað hvort afneitar hann algerlega fræðslugildi skynjana sinna, eða hann gefur sig á vald sjálfskapaðri þenslu sem alls ekki er hægt að líta á sem eðlilegt ástand. Þess vegna er svo nauðsynlegt að leita eftir jafnvægisástandi; ef erfitt er að viðhalda því ætti í það minnsta að hafa það í huga og reyna eftir bestu getu að ná því.

173. Menn vilja hafa allt venjulegt og lítilvægt, en þegar þeir sjá eitthvað sem fellur ekki að hugmyndum þeirra, verða þeir ringlaðir en beita ekki athyglinni. Þegar slíkir óvenjulegir atburðir gerast er litið á þá sem hreina tilviljun. Þannig skemmist dýrmætur vefnaður af tómri heimsku. Oft er augljósleiki atburðanna sláandi, samt finna menn orð til að andæfa sönnunum. Menn vita hvernig á að brjóta niður steinblokkir og sitja eftir með ruslahaug.

174. Mannkynið er að þurrka út mismun kynþáttanna, því er nauðsynlegt að tala með mikilli gætni um kynþætti. Jafnvel þeir kynþættir sem enn halda sínu sérstaka últiti og tungumáli eru í eðli sínu ekki aðskildir frá öðrum. Að hefðbundnu mati er mismunurinn skýr, en ekki þegar blóðið er athugað. Blöndun er að gerast, en slíkt er dæmigert þegar kynstofnaskipti eiga sér stað. Það er frekar við hæfi að tala um mannkynið sem eina heild en að ræða um blöndun kynþátta eins og vanalega er gert.

Það hefur mikið gildi að veita því athygli að grundvallaratriðin eru þau sömu hvaðan sem þau koma. Ekki skyldi gleyma að hver einstaklingur hefur sinn sérstaka tjáningarmáta, en sjaldan er hann komin frá kynþættinum. Saga hvers ríkis sýnir hve margir vegfarendur hafa átt leið um land þess. Einlæg athugun fær manninn til að líta á mannkynið sem heild.

175. Það er nauðsynlegt að hugsa oft um mannkynið sem eitt hjarta. Of mikið er um fáfræði og hindranir þar sem ætti að vera samvinna í sátt og samlyndi. Það ætti að skrifa söguna um skiptinguna á hjarta mannkynsins.

176. Eitt hefur algerlega gleymst í sálrænum athugunum — samanburður hefur aldrei verið gerður á vitund hins frumstæðasta manns og vitund hins háleitasta hugsuðar. Slíkt verkefni krefst vissulega langtíma athugana. Mismunur slíkra vitunda er áberandi mikill. Ekki aðeins gerir það mögulegt að leggja mat á hinn mikla fjölbreytileika mannkynsins, heldur mun það einnig beina huganum að vitund dýra- og jurtaríkisins.

Í sannleika sagt hafa dýrin þróaða vitund. Hún finnst ekki aðeins meðal húsdýra, heldur ekki síður í frjálsu lífi villtra dýra. Eins er það ekki fáránlegt að ræða um vitund plantna. Þegar er vitað um taugakerfi þeirra, en að auki er mögulegt að greina næmni fyrir ljósi og einnig aðlöðun að ákveðinni persónu. Annars vegar er um að ræða sálræna orku mannsins og hins vegar kærleikspel til ákveðins einstaklings. Hægt er að sjá plöntur blómstra á óvenjulegum tínum til að geðjast hjartfólignum manni. Mörg smáatriði uppgötvast við beinar athuganir.

Það er ósk okkar að fólk viti að vitund er til á mun lægri tilverustigum en menn gera ráð fyrir.

177. Í steinaríkinu er einnig vísis að vitund, en tjáningarmáti hennar er of fjarlægur skynjun mannkynsins.

Mögulegt er að framkvæma margar rannsóknir á hinu talaða orði og hugsunum, en slíkar athuganir krefjast langt tíma og sérstakrar þolinmæði. Hver vill fórna sér fyrir athuganir sem nauðsynlegt er að framkvæma linnulaust án nokkurs sjáanlegs árangurs? Einnig verða menn að vita að árangur getur birst á óvæntum stöðum. Að auki er stundum erfitt að ná tökum á lögmálum hinnar sálrænu orku. Verkanir þeirra ná langt út fyrir svið mannlegrar ímyndunar.

178. Illvilja má líkja við ryð.

179. Ómögulegt er að lifa í illvilja án þess að eitra vitundina. Með illvilja kemur ekki aðeins fram líkamleg eitrun heldur einnig mun verri tegund rotnunar; meginhluti hins kosmíska sora orsakast af illvilja. Við getum ekki ósnortin virt fyrir okkur eyðinguna sem illviljinn veldur.

180. Ég hef áður minnst á að lögmál hinnar sálrænu orku geta verið torskilin. Nýlega gafst ykkur tækifæri til að sannfærast um það enn einu sinni. Einstaklingur, sem aldrei hafði hitt ákveðna persónu, öðlaðist sálræna vitneskju um minnisstæðan dag sem tengdist hinum síðarnefnda. Ef hugleitt er hve slík aðlöðun manns er í samræmi við markmiðið, skilst að slíkur atburður er tímabær. Á fjarlægum stað vitraðist manni andleg tíðindi, og vegna þess skapast tenging milli fjarlægra staða á jörðinni.

Því skyldi taka miklar vegalengdir inn í dæmið þegar sálræn fyrirbrigði eru rannsökuð. Það er ekki auðvelt að sannreyna áhrif hinnar sálrænu orku þegar ekki er um að ræða gagnkvæm skipti á upplýsingum. Því er mikilvægt að læknar og lærðómsmenn beri saman staðreyndir af kostgæfni.

181. Vissulega er það svo að annálaður læknir notar ekki aðeins lyf til lækninga heldur einnig sálræna orku. Nauðsynlegt er að endurnýja orku sem þannig er notuð; þessi endurnýjun kemur frá ashraminu. Þannig má sjá dæmi um samvinnu um langar vegalengdir. Þeir sem senda frá sér orkuna skynja aðeins útstreymi hennar, en sjálfir öðlast þeir gagnlegan geisla.

182. Hinir svonefndu táknrænu draumar tjá með háleitum hætti sambandið við ósýnilega heiminn. Vitundin getur ekki ein og óstudd byggt heildarmynd úr brotunum, hún verður að fá aðstoð að ofan til að geta séð framtíðina í einföldu og skýru tákni.

183. Lítum aftur á gagnverkanir. Þið kunnið að hafa heyrt minnst á tilraun efnafræðings nokkurs sem sýndi fram á verkun andstæðra áhrifa. Hann bauð nokkrum vinum sínum til að hlusta á verk eftir nokkra velþekkta rithöfunda; að auki útbjó hann nokkrar efnafræðiblöndur sem framkalla hlátur, tár, gremju eða samúð. Þegar verið var að lesa mjög tilfinningaþrunginn kafla fyllti hann herbergið með gasi sem hafði gagnstæða verkun. Afleiðingin varð sú að áheyrendurnir hlógu að jarðarfaraðatriði, grétu þegar lesinn var fyndinn kafli og urðu herskáir og þrætugjarnir þegar lýst var friðsönum atburðum. Þannig varð bersýnilegt við lok tilraunaráinnar að áhrif orðanna voru yfirunnin af einhverju sem hvorki var sýnilegt né heyranlegt.

Ef jafnvel hin tiltölulega grófgerðu áhrif lofttegundanna geta afbakað áhrif orða og formanna sem þau mynda, hversu miklu sterkari er þá ekki áhrif hinnar sálrænu orku hugsunarinnar sem sjálf skapar form!

Því er það svo að í öllu lífinu er að finna hvetjandi áhrif, bæði grófgerð og háleit. Rétt er að þekkja bæði myrkustu haldningar og háleitustu vitranir. Nefnið þær því nafni sem þið viljið, slíkar gagnverkanir eru vissulega til.

184. Hinn reyndi læknir segir við sjúklinginn þegar hann veitir honum

læknishjálp, „Gleymdu sjúkleika þínum!“ Hann gerir sér ljóst að yfirleitt veit fólk ekki hvernig það á að beita sjálfssefjun til lækningar. Því er betra að sjúklingurinn þreyti sig ekki með áhyggjum um heilsu sína. Fólk gæti stuðlað að bata sínum með því að beina orku sinni að lækningu, en það kýs að gera sig veikara með því að leyfa náttúrunni ekki að vinna sitt góða starf.

Er ekki gagnlegt að minnast gagnverkana þegar við tölum um æðri heimana?

185. Sá sem sendir frá sér áhrif hefur ekki alltaf vitneskju um afleiðingarnar. Hann veitir því athygli að orka hefur streymt frá honum; hann kann að finna fyrir skyndilegri þreytu, en eins og hinn gjafmildi gefandi, þá veit hann ekki hversu mikið gagn hann gerir. Fyrst veldur það samúð og síðan kærleika til mannkynsins.

Sá sem elskar hefur aðgang að æðra samneyti.

186. Þegar maðurinn gerir sér grein fyrir öllum utanaðkomandi áhrifum er hann fær um að hefja sjálfstæða virkni. Hann lærir að greina á milli æðri andlegrar vitrunar og hinna lægri eyðileggjandi áhrifa. Ekki er auðvelt að greina öll hin kænlegu vélabrogð, en það er heilladrjúgt þegar hjartað titrar af vissunni um gagnsemi til æðri heimsins.

Alls staðar í lífinu er hægt að finna snertipunktana við æðri heiminn; jafnvel í hversdagslegum hlutum má greina neista hinnar æðri þenslu. Engin athöfn er til sem ekki eflist af snertingu við æðri heiminn.

Hafa skyldi velþóknun á slíkri þenslu, því án hennar getur mikil þjónusta ekki orðið til!

187. Maður sem leitast við af fremsta megni að nálgast æðri heiminn lætur aldrei neitt illt af sér leiða. Sjálft nafnið — æðri heimurinn — gefur strax til kynna að allt sem því tengist er háleitt. Fólk kann að kalla þessa viðleitni mismunandi nöfnum, en kjarni hennar er einn og samur og áhrif hennar eru alltaf mannkyninu gagnleg. Ég tala ekki um ytri verk, heldur um eld hjartans sem prýðir hvert verk geislandi eiginleikum.

188. Járnsmiðurinn slær marg a neista með hamri sínum. Við skulum ekki eingöngu líta á hann sem ólærðan verkamann. Kominn er tími til að endurskoða skiptingu fólks í stéttir. Upprunaleg merking þeirra hefur glatast í aldanna rás og afleiðingar þess eru öllum augljósar.

Lát því hvert hjarta gefa æðri heiminum bestu hugsun sína.

189. Hinn þefaldi samhljómur er borinn fram sem „Óm“! Það er eins og tveir stafir samlagist, en í raun blandast Grunnurinn og Hin fyrsta orsök í Hinum eina ódeilanleika. Alls staðar má sjá hve lögmál samhljómunar eru vel við hæfi.

190. Betra er fyrir þann, sem óskar eftir auðveldu lífi, að lifa alls ekki. Lát þann ekki hugsa um æðri heiminn sem þrákelknislega krefst launa fyrir

góðverk sín. Sá sem telur aura sína í efnisheiminum er þurfalingur í æðri heiminum.

191. Við skulum ekki eingöngu meta gildi verðmæta eftir jarðneskum viðmiðunum; jafnvel í fíngerða heiminum hafa þær ekki neitt gildi. Við skulum venja okkur við að víkka út viðmiðanir okkar erfiðislaust, annars mun jafnvel hin smæsta arða í geimnum verða okkur ofurefli.

192. Lát engan gera sér í hugarlund að áherslan sem við leggjum á æðri heiminn merki það að maðurinn ætti að slíta sig frá jörðinni. Þvert á móti, mikilleiki æðri heimsins staðfestir aðeins allar aðrar lífsbirtingar. Jörðin getur ekki verið lítilvæg pláneta þar sem hún er umvafin einmitt þeirri orku sem fyllt er hinu æðra ljósi. Sérhver samanburður við æðri heiminn eflir einnig hina góðu eiginleika jarðneskra hugsana. Aðeins hið illa getur aðskilið heimana; aðeins fáfræðin getur sundrað því sem lífið birtir; aðeins skilningsskorturinn segir að hið jarðneska líf sé ekki hluti af fagurri sköpun; því skulum við beina vísindunum á braut rétts skilnings. Ekkert getur afvegaleitt hjarta manns ef það býr yfir hollustu og fegurðarskyni.

193. Húsmóðir sem hefur strokkað dálítið af smjöri úr mjólk hefur þar með öðlast innsýn inn í mjög mikilvægan þátt í heimsmyndunarfræðinni. Með því getur hún fengið skilning á því hvernig háttar er myndun hnatta í geimnum. Áður en húsmóðirin byrjaði að strokka hugsaði hún um verkið, og

aðeins með samverkan hugsunar og vinnu var hið gagnlega efni framleitt.

Þar á eftir er hægt að búa til ost, þá þegar með vísi af íbúum. Við skulum ekki brosa að svo smágerðum heimi, hin sama orka stendur að baki þróunar heimanna. Aðeins er nauðsynlegt að gera sér stöðugt grein fyrir mikilvægi hugsunar, mikilvægi mikillar orku. Er það ekki stórkostlegt að þessi sama orka glóir í hjarta sérhvers manns?

194. Það hefur mikla þýðingu að gera tilraunir með rituð skjöl. Ef mögulegt er að sýna á myndrænan hátt að handrit hafi verið mettað sálrvænni orku, þá hlýtur slík aðferð að verða nýtt til að sýna fram á aðra notkun á þessari sömu orku. Maðurinn mettar alla hluti með orku sinni við snertingu. Að auki skilur hann alls staðar eftir sérkenni sín. Af bréfum er hægt að fá þekkingu á eiginleikum skrifarans. Þessar tilraunir er hægt að þróa með öðrum viðfangsefnum. Andlit manns er ekkert leyndarmál.

195. Þegar aðeins einn af tveim talar skapast ekki miklir erfiðleikar; en strax þegar hópur kemur saman, hvort sem hann er stór eða líttill, koma erfiðleikar í ljós. Því maðurinn getur vissulega sundrað einingu hvaða samkomu sem er með einstakri hugsun. Reynt hefur verið að sameina vitund fólks með notkun á ýmsum ilmefnum og með því að brenna efni sem innihalda trjákvoðu, en jafnvel þessar aðferðir dugðu ekki til að upphefja vitund hópsins. Því er það, að ekki er mögulegt með neins konar þvingun að öðlast uppbyggingu á musteri hjartans. Hin ýmsu tímabil og trúarbrögð hafa ekki

hvatt fólk til að safnast saman til að öðlast háleitt samneyti í sameiningu.

En hægt er að ímynda sér hóp fólks sem safnast saman án þvingunar; smátt og smátt getur hópurinn skapað hugsun sem leiðir til æðri heimsins. Það er fagnaðarefni þegar fólk safnast saman í nafni hins góða og ásetur sér að bera þennan frelsandi góðleika með sér á öllum vegum lífsins.

Ég fullyrði að mögulegt er að framkvæma mörg nytsamleg verk ef orku er ekki sóað í tilgangslausar deilur og rökræður. Getur verið um æðri samneyti að ræða en það þegar heili og hjarta umbreytast í fagurrauðan loga? Jafnvel sjálf baráttan fyrir æðri heiminum framkallar ekki fagurrauðan loga. Ljós hugrekkisins getur myndað rúbínrauða glóð, en sérhver vottur gremju sljóvgar.

196. Kurukskhetra er hér á jörðu. Armageddon er táknuð með jarðnesku sviði. Hin fornu heilögu stríð Babýlonar hafa einnig jarðneska skírskotun. Hinu andlegasta á jörðinni hefur verið gefið nafn.

Því skulum við gera okkur grein fyrir ódeilanleika heimanna. Þegar fólk byggir líf sitt á mikilleika ódeilanleikans mun það ummynda alla tilveruna.

197. Fórn og aðstoð verða til í leyndum, slíkt er eðli þessara athafna. Aðeins æðri heimurinn veit hver raunverulega hjálpar hverjum. Fórnirnar eru ritáðar á óforgengilegt bókfell. Fagurt er lögmál hinna leyndu fórna hjartans.

198. Öll trúarbrögð hafa forboðið að leggja hið æðsta nafn við hégóma,

slíkt lögmál er fagurt; með því er tjáð hinn æðsti sambærileiki. Ef jafnvel hin jarðnesku börn eru vernduð hversu mikla aðgætni þarf ekki að viðhafa um hin æðstu hugtök.

Þegar ég mæltist til að sambærileiki væri ritaður á súluna, gat hver sem er skilið hina greinilegu framvindu. En samt eru tvífætlingar til sem setja sjálfa sig á stall. Myrkt er hyldýpi fáfræðinnar!

199. Sagt hefur verið: „Margar mæður, feður, eiginkonur, systur og bræður munu verða gefin ykkur,“ samt fær svo skýr vísbending fólk ekki til að velta fyrir sér hvar þetta mun eiga sér stað. Það kærir sig ekki um að hugleiða um jarðnesk líf! Hinrar vitrustu fræði ná ekki lokuðum eyrum.

200. Er mögulegt að hinir illu tali um hið góða?

Verið lærisveinar þekkingarinnar og lærið að unna æðri heiminum.

201. Neistum af lögmáli æðri heimsins hefur verið dreift af örlæti um yfirborð jarðarinnar. Hægt er að safna þeim eins og dýrmætum fjársjóðum. Allt verður fagurt í slíkri uppskeru. Marksækni af æðstu gerð prýðir starfsemi hins frjálsa vilja sem skilur að allir hinir aðgreinalegu þættir tilverunnar eru órjúfanlegir hlutar af einni heild. Sannlega, lífið verður uppfylling nytsamlegra verkefna frá æðri hugsun.

Ekki auðmýkjandi strit, heldur hetjulegur sigur er merki kærleikans, hins sigursæla!

202. Læknar hafa ekki veitt hitamyndun í taugastöðvunum næga athygli. Það er mjög mikilvægt að taka eftir því að bruni í orkustöð veldur einkennum í samsvarandi líffæri, samt er líffærið sjálft ekki sjúkt heldur er sveiflutíðni þess í samræmi við bruna orkustöðvarinnar. Hægt er að sýna fram á að sjúkdómsgreiningar lækna eru oft rangar þegar þeir átta sig ekki á grundvallarorsök skynjana. Ennfremur hefur orsök bólgu aðeins verið rannsökuð mjög yfirborðslega. Benda má á aðstæður af hreinum kosmískum uppruna, ástand mannkynsins er ekki síður mikilvægt.

Þeir sem taka á sig byrði jarðarinnar eru sem tákna fyrir risann Atlas. Slíkir máttarstólpars heimsins eru mjög fáir; fólk skyldi láta sér annt um þá eins og þeir væru eldingavarar, en í þess stað brosir það í besta falli með sjálfum sér yfir því sem því virðist vera móðursýki og kærir sig ekki um að vita meira um grundvöll alls sem er.

Skilningur er ekki mögulegur svo lengi sem þekking á heimunum þrem og innbyrðis tengslum þeirra er ekki fyrir hendi.

203. Er mögulegt að þrauka umsátur jarðarinnar ef menn þekkja ekki helgivaldið? Fræðslan um æðri heiminn er send sem frelsandi þráður. Slíkum þræði er hægt að breyta í traustan kaðal, en jarðneskir eldar geta samt brennt í sundur hinn sterkasta kaðal. Því geta jarðneskir eldar liðsinnt eldi æðri heimsins.

204. Sá sem getur heyrt tónlist himnanna getur einnig heyrt harmakvein í geimnum. Lítið ekki á slíkt harmakvein sem óraunverulegt tákn, það á upptök sín bæði úr fíngerða heiminum og frá jörðinni. Mannkynið kann að vera sofandi en hjarta þess getur kveinað og stunið. Mörg hjörtu eru sofandi í hinu daglega lífi, en þegar hugurinn er ekki til trafala og vitundin vaknar, stendur hjartað frammi fyrir raunveruleikanum. Ekki að ástæðulausu hefur verið sagt að fólk sofi á daginn en sé fullt atorku á nótturni.

Hægt er að meta hversu vitund mannkynsins hefur vaknað eftir styrkleika kveinstafanna. Hún kveinkar sér þegar raunveruleikinn er afhjúpaður. Einnig hefur verið sagt að markaðstorgið sé hjúpur raunveruleikans. Í rykskýi markaðstorgsins verður hjartað þögult. Nauðsynlegt er að vera djúpt meðvitaður um æðri heiminn til þess að vita hvernig á að feta sig í gegnum forað strætisins eftir leiðsögn hans.

Maður skyldi ekki örvaðta við að heyra hina óttalegu kveinstafi í geimnum. Þeir tjá ringulreið heimsins, en þið vitið hversu djúpstæð þessi ringulreið er. Sá sem veit það lætur það ekki koma sér úr jafnvægi. Hver sá sem er í snertingu við æðri heiminn í vitund sinni er staðfastur og ósigrandi; hann hefur gefið anda sínum frelsi, anda sem er varanlegur og nær út í óendanleikann.

Það er nauðsynlegt að vera viðbúinn því að hlusta ekki aðeins á hina tignarlegu tónlist himnanna heldur einnig á vein hins dýrslega ótta. Ekki er leyfilegt að þekkja eingöngu eina hlið tilverunnar. Aðeins þekking á alheiminum í heild sinni staðfestir sigur. Hinir fávísu hræðast allt myrkur, en

fyrir þann sem skilur er jafnvel myrkrið bakgrunnur sem skerpir ljósið. Sá sem þekkir heim ljóssins er ekki hræddur við myrkrið.

Því er það nauðsynlegt að meta að verðleikum hina undraverðu tónlist himnanna, og skilja að á þessu sama þepi má einnig heyra kveinstafi heimsins.

205. Ef við viðum að okkur staðreyndum getum við séð að atburðir gerast fyrirvaralaust. Hver klukkustund færir okkur atburði sem eiga sér ekki fordæmi.

206. Þegar gerðar eru tilraunir með sálræna orku, ætti að veita athygli mismunandi blæbrigðum formbirtingarinnar. Athugunin mun fyrst og fremst leiða í ljós hið almenna mynstur, en hinn skarpskyggni athugandi mun greina mikinn fjölda einstaklingsbundinna smáatriða. Til dæmis hefur greinst óvenjuleg krosslaga hreyfing ofan við heila eins af þeim sem athugaðir voru. Slík hreyfing er í raun mjög hörmuleg. Hún táknar annað hvort haldningu á háu stigi eða geðveiki. Á sama hátt er hægt að sjá myndina breytast gjörsamlega á örskömmum tíma. Því er nauðsynlegt að framkvæma endurteknar athuganir. Eins og öldur í straumum hafsins verður hin sálræna orka fyrir margvíslegum áhrifum frá aðstæðum að innan og utan. Það er mjög mikilvægt að fylgjast með hitabreytingum andans. Einnig er mikilvægt að taka eftir því þegar hjá hinu lifandi greinist sams konar svörun og hjá hinu dauða. Ástæður slíkra fyrirbrigða eru margar. Það getur verið að lífið sé þegar horfið

á braut; það kann að vera að haldning skyggi algerlega á hið upprunalega eðli; það getur verið að reiði hafi kæft allar orkustöðvarnar; það getur verið að allt lífkerfið sé á valdi sjúkdóms; hvað sem því veldur þá eru slík fyrirbrigði allrar athygli verð.

Hægt er að sjá útvíkkun á hring vitundarinnar, og er slíkur árangur ástæða til fögnuðar. Einnig er nauðsynlegt að veita athygli hvers kyns hreyfingum, hindrunum, skjálftum og frávikum frá réttum formum. Slíkt er háð sálrænu ástandi og ýmsum sjúkdómum. Því er nauðsynlegt að athuga bæði heilbrigða og sjúka. Hægt er að halda áfram þessu sama starfi og taka fyrir handrit, litaða fleti og yfirleitt alla hluti sem menn hafa handleikið.

Á þennan hátt er hægt að vekja nýjan áhuga fyrir útgeislun mannsins og þeim áhrifum sem verða eftir á hlutum sem maðurinn kemst í snertingu við. Vissulega er skýr vitund athugandans sjálfs mjög til hjálpar. Slæmt skap er lélegur leiðari.

207. Í æðri tíðnisviði sínu lyftir Aum vitundinni á það stig sem best er fallið til athugunar á sálrænni orku. Það er gleðiefni þegar hægt er með einföldum aðferðum að framkvæma mjög mikilvæga og lýsandi tilraun.

208. Hugsun um okkur er sem hreinsun vitundarinnar og má líkja því við það að horfa langt út í fjarskann. Þá öðlast andi mannsins sérstakt hugrekki sem yljar honum og fleytir yfir hættur. Án æðri heimsins er erfitt að leggja út á brautina.

209. Það er óþarfi að láta það trufla sig ef orðið *lífedlisfræði* er notað um æðri heiminn. Vissulega getur hver meðvitaður maður fundið mun betra orð, en fyrir hinn almenna skilning eru hvorki efni né lífeðlisfræði rangar niðurstöður. Efni er andi, lífeðlisfræði er lögmál tilverunnar. Enginn getur sagt að andinn nái ekki yfir alla hluti. Orðið lífeðlisfræði er aðeins hin hefðbundna skilgreininga á mörgum starfandi lögmálum.

Vissulega, við djúptækjar rannsóknir munu finnast miklu nýtilegri nöfn. Jafnvel fyrir hin háleitstu hugtök er hægt að finna líkingar í efnislegri notkun. Fólk bindur ekki þétt um opið sár. Það skilur þörfina á því að leyfa lofti að leika um í þeim tilgangi að hinn særði líkamshluti verði ekki svíptur gagnlegu efni; á sama hátt má ekki svípta hina andlegu skynjun samneytinu við æðri heiminn. Alveg eins og hreinlæti er ómissandi fyrir jarðneskt líf, þannig hefur andinn einnig þörf fyrir forvarnarstarf. Verið ekki forviða á því að við notum læknisfræðileg hugtök um andann; með því móti finnst lækninum ef til vill að hans starfssvið liggi nærrí æðri heiminum. Lát hvern og einn finna hina einu braut á sinn eigin máta, jafnvel þó það sé braut tæknilegra hugtaka.

210. Því skal ekki banna frjálsa þekkingarleit. Slíkt bann er merki um vanþekkingu. Í vexti þekkingarinnar felst hin sanna leið. Því fjölbreyttari rannsókn, þeim mun fugurri árangur. Fyrir hinu upplýsta auga geta ekki verið neinar huldar leiðir; það skynjar sérstakan endanleika með athugunum á hinum ólíkustu leitum mannkynsins. Við erum ekki afneitarar, því höfnunin

leyfir ekki rækilega athugun. Mörg helgitákn er að finna víða um heiminn, en aðeins er mögulegt að nálgast hin helgu tákna með góðvilja.

211. Nauðsynlegt er fyrir fólk að losa sig við hvers kyns hroka gagnvart öllu því sem það þekkir ekki. Sífellt má sjá að hinn fáfróði tjáir sig fjandsamlega um allt sem er utan hans seilingar. Það er bráðnauðsynlegt að hinir fremstu meðal fræðimanna séu verðugar fyrirmyn dir um víðsýni. Engin framþróun verður þar sem fólk viðurkennir ekki möguleikann á óendanleik þekkingarinnar. Ég endurtek, fullkomnun byrjar með sjálfsfullkomnum.

Hver sá sem vill taka þátt í hinni miklu þjónustu verður að losa sig við hroka.

212. Nauðsynlegt er að leitast við að finna einföldustu skýringarnar á fyrirbrigðum. Fólk tekur eftir því að dulheyrn gengur betur í dagrenningu. Ástæðurnar sem menn gefa fyrir þessu eru langt frá hinu sanna. Þeir gera ráð fyrir því að eftir nóttina sé líkaminn hvíldur; þeir halda að straumar rétt fyrir dögum séu til hjálpar, en þeir sjá ekki einföldustu og eðlilegustu skýringuna. Í raun og veru liggur augljósasta skýringin í þeirri staðreynd að í svefni hefur maðurinn náð sambandi við fíngerða heiminn og með því efti hina fíngerðu eiginleika sína.

Hægt er að tilfæra svipaðar hliðstæður frá mörgum sviðum; en allar gefa aðeins til kynna að maðurinn hugsar of lítið um æðri heiminn og sviptir með því móti sjálfan sig sönnustu lausnunum.

213. Svefninn er þátttaka í lífi fíngerða sviðsins. Frá sjónarmiði hinnar sálraenu orku hefur svefninn mikið gildi. Hún styrkist vissulega, þó sérstaklega hvað varðar ákveðinn eiginleika; með öðrum orðum, hún bætir við sig hinum auðkennandi eiginleika fíngerða heimsins.

214. Til er fólk sem neitar að skilja hvað hroki er. Hjálpum þeim að skilja með því að segja: „Lítillækkið ekki, og losið ykkur við hið ógeðfellda viðhorf sem felst í því að lítilsvirða eða smána.“ Sá sem lítillækkar er næstum því jafn slæmur og svikari. Í návist slíkra höggorma er umræða um æðri heiminn ómöguleg. Það er óverðug umbreyting að smækka eitthvað svo það verði einskis vert. Sá sem hugsar stöðugt um lítilsverða hluti lendir á brautinni sem liggur til tómsins. Hið æðra samneyti er ekki mögulegt ef samtímis er hugsað um léttvæga hluti. Hægt er að ræða saman með einföldum orðum, en merking þeirra þarf ekki að vera lítilvæg. Hver sá, sem er önnur kafinn við að gera lítið úr náunga sínum, dæmir með sínum lítilsverða mælikvarða.

215. Hægt er að hitta fólk sem er svo andsnúið að það finnur eitthvað óviðeigandi við orðið *Aum*. Það mun spyrja: „Hvers vegna hafa önnur fögur tákni gleymst? Hver er tilgangurinn með því að minnast ekki á önnur háleit hugtök?“

Við skulum svara: „Engu hefur verið gleymt, ekki hefur verið gert lítið úr neinu, ekkert hefur verið eyðilagt. Við lítilsvirðum ekki, né erum við haldin

hroka. En enginn getur rænt hugtakinu, Aum, fornum uppruna sínum, með öllu sínu þrefalda gildi. Ekki skal leggja til hliðar hin grundvallandi tákn. Í staðin fyrir að vera haldin fjandsamlegu fáfræði ættuð þið að ávinna ykkur mannúð og sýna að ykkur er annt um þekkingaröflun. Vinnið sigur með kærleikanum!“

216. Til er fólk sem getur skynjað útvarpsbylgjur án tækja. Slíkur hæfileiki einn sér er ekki merki um sérstakan árangur, en hann er gagnlegur til samanburðar við hugsanaflutning; grundvallarorkan er sú sama. Ef hægt er að taka á móti hinum grófgerðu sendingum útvarpsbylgna, er næsta skref einnig mögulegt. Fólk tekur stöðugt á móti hugsunum úr geimnum og þýðir þær yfir á sitt eigið tungumál; svo einföld sannindi þarf samt að endurtaka.

Það er óskiljanlegt hvers vegna fólk er svo andsnúið hinu einfaldasta atriði — að hugsun sé orka. Eins og slík sannindi gætu lagt heimili fólks í rúst! Satt er að orkan getur hrist burt eitthvað af rykinu, en húsið verður aðeins hreinna fyrir vikið.

Sleppið engu tækifæri til að tala um hugsun sem leiðandi kraft!

217. Þegar líkaminn er orðinn þreyttur á einni stellingu er ráðlegt að skipta um stöðu. Þetta sama gildir um allar kringumstæður í lífinu. Sérhver breyting á sína orsök. Við skulum læra að íhuga þær, á þann hátt bera hverjar aðstæður vott um kosti sína. Því endurtek ég, sýnið þolinmæði.

218. Lífið verður að hafa hreinan grundvöll. Að sönnu eyða sumir tvífætlingar öllu lífi sínu í forarsvaði; þeir skrimta einhvern veginn, en hver sá sem hefur vanist þrifnaði kafnar í óþverranum.

Það sama á við um fæðuna. Fyrir þann sem vanur er hreinni fæðu er mjög óheilnæmt að neita fæðu sem er óhrein og rotandi. Hver sá sem vanist hefur óhreinni fæðu frá barnæsku er ekki í yfirvofandi hættu, en hafa verður í huga að sóttkveikjur hinna hræðilegustu sjúkdóma er að finna í óhreinni fæðu. Aðeins er hægt að fresta um takmarkaðan tíma að þetta verði ljóst; um síðir er upp skorið eins og sáð var til.

219. Svefndá er sérstakt óskilgreint ástand mitt á milli svefn og dauða. Hjartað stöðvast næstum því, líkaminn er hreyfingarlaus, og yfir andlitinu hvílir ójarðneskur svipur. En samt er maðurinn ekki aðeins lifandi heldur snýr hann aftur til meðvitundar af eigin orsökum sem enginn skilur. Þegar maður fellur í svefndá gerist það óvænt og enginn af þeim sem nærstaddir eru getur vitað um kringumstæðurnar sem valda þessu tímabundna ástandi. Með okkar orðum er þetta kallað viðvarandi fráhvarf fíngerða líkamans. Slíkt ástand er ekki sjúkdómur, heldur skyldi líta á það sem óeðlilega spennu lífkerfisins í sambandi við fíngerða heiminn. Það getur verið afleiðing ofþreytu, ótta, sorgaráfalls eða óvæntrar gleði. Sérstaklega athyglisvert er auggnablikið þegar maðurinn vaknar. Venjulega valda þeir sem nærstaddir eru miklum skaða með ótímbærum upphrópunum og spurningum. Allar slíkar spurningar hafa sefjunaráhrif. Gæta skyldi ýtrustu varkárni til að eyða ekki þeim áhrifum sem

komist hafa í gegn. Algengast er að fólk, sem vaknar úr svefndái, fullyrði að það muni ekki neitt. Líklegra er að minningunum hafi verið sópað burt úr vitund þeirra vegna óviðeigandi spurninga eða hávaða. Þannig glatast tækifæri til að kynnast fíngerða heiminum. Þegar vaknað er úr svefndái er ilmur af rósailmolíu mjög gagnlegur.

220. Einnig ætti að gefa gaum að krampaflögum hjá börnum. Þau gefa til kynna þroskun taugastöðvanna. Meðan slíkt ástand varir er nauðsynlegt að viðhafa sérstaka kyrrð og ró. Að eðlisfari eru slík börn mjög vel gefin, en vörn líkamans verður að vera sterk. Nauðsynlegt er að líta á slík fyrirbrigði sem svo að Kaleikurinn virðist vera yfirfylltur. Það var ekki að ástæðulausu að í fyrndinni var þetta kallað „guðleg vitjun.“ Þegar þessi köst koma er mikilsvert að viðhafa algera kyrrð í umhverfinu, hlýju, rósaolíuilm og jafnt hitastig. Sumt fólk hefur notað róandi tónlist og reyndist það hjálplegt; því hjálp sem veitt er verður að vera af sálrænum toga.

221. Allar tegundir taugaáfalla er hægt að lækna með kyrrð og ró og jöfnu hitastigi og með notkun tónlistar, lita og ilms. En það er erfitt að finna þær aðstæður sem bjóða upp á allt þetta. Enn fremur er bráðnauðsynlegt að nota nákvæmlega þá samsetningu tóna, lita og ilms sem hæfir hverjum einstaklingi í þessu ástandi.

Það er því mjög mikilvægt að tilraunir með hvernig brugðist er við hljóði, lit og ilm séu framkvæmdar á eins víðtækan hátt og frekast er unnt. Í skólum

væri jafnvel hægt að framkvæma margar nysamlegar tilraunir. Á einkaheimilum er sjaldgæft að finna sérstakt herbergi hæfilega búið til þessara nota, en skólar og sjúkrahús ættu að búa yfir hæfilegri aðstöðu með sérstökum tækjum. Því er mögulegt að nota margs konar aðstæður til hjálpar til viðbótar sefjun.

222. Það er mögulegt að lækna margar tegundir lömunar með því að beita magnaðri sefjun. Byrjun margra sjúkdóma, til dæmis krabbameina, berkla og magasára er hægt að hindra með sefjun sem efla er með sálrænum svörunum. Sjá má að þjániningar, orsakaðar af krabbameini, aukast í skarlatsrauðu ljósi, en fjólublátt ljós hefur aftur á móti sefandi áhrif. Sama á við um tóna, samhljómur í dúr-tóntegund eflir áhrif fjólubláa geislans, en ómstríður hljómur eykur kvalirnar.

Við skulum ekki svipta lækna neinum tækifærum til nýrra uppgötvana. Lát þá rannsaka margs konar samsetningar, en nauðsynlegt er að minna þá á þá braut ví sindanna sem næst er. Þegar grundvöllur meðhöndlunarinnar er samhljómur, þá er hægt að ímynda sér hversu fíngerðar orkutegundir eru ákallaðar til hjálpar mannkyni.

223. Enginn skyldi kalla áhrif andlegrar orku „særingar.“ Slík skoðun lýsir fáfræði og tilheyrir löngu liðnum tínum. Þvert á móti er rannsókn á sálrænni orku hin sanna framför.

224. Sú skoðun, að sálræn meðferð sé nú þegar nægilega fullkomin, er fánýt. Tilraunir til lækninga með ljósum og tónum hafa verið máttvana og ósamhæfðar. Enginn fæst við að rannsaka hliðstæður ilms við lit og tón. En meginvillan liggar í þeirri staðreynd að það eru næstum því engir læknar til sem myndu skilja hliðstæður heimanna. Án skilnings á þessum grundvallaratriðum er mögulegt að sökkva sér niður í hið þrónga efnislega svið, en hin sálræna orka umlykur öll svið. Aðeins með mikilli nэмni er hægt að skilja hana. Því getur læknirinn ekki rætt um haldningu ef hann sjálfur hefur enga vitneskju um fíngerða heiminn! Læknirinn getur ekki skilið meðferð með ljósi ef hann getur ekki greint á milli lita. Sá sem hefur ánægju af grófgerðri tónlist ber ekki skynbragð á fíngerð blæbrigði tónlistar. Sá sem getur ekki gert greinarmun á ilmefnum getur ekki sagt fyrir um meðferð sem byggir á ilmi. Ætlun mín er ekki sú að gera lítið úr læknum, þvert á móti, það er ósk mín að gera þá hæfa til bjargar mannkyninu. Eiturefni hafa aukist í of miklum mæli. Mörgum auðlindum hefur verið stjórnað á þann hátt að þær brjóta niður sálræna orku, þannig að ekki aðeins í borgum heldur einnig út í náttúrunni er pranan í hættu vegna tilkomu framandi strauma. Nauðsynlegt er fyrir mannkynið að skilja að það hefur engan rétt til að eitra andrúmsloft jarðar; mannkynið ber ábyrgð á hollstu plánetunnar.

Æskilegt er að fara þess á leit við lækna að þeir líti á samband heimanna með vakandi skilningi ásamt aukinni nэмni sinna eigin skilningarvita. Illur maður getur ekki rætt um hið góða. Gróf persóna getur ekki dæmt um siðfágun.

225. Eftir að hafa gert sér grein fyrir áhrifamætti sefjunar ætti maður að byrja hugleiða leiðir til að efla hana. En fyrst er nauðsynlegt að þekkja öll stig sefjunar. Ef einhver stundar stöðuga sefjun og er undir áhrifum sefjunar, hversu rækilega verður hann ekki að þjálfa með sér hæfni til að greina á milli hinna jarðnesku og fíngerðu áhrifa! Til þess er þörf vísindalegra rannsókna í þeim tilgangi að vísindamaðurinn sjálfur geti öðlast þekkingu á lagskiptingum heimanna. Sé hann afneitari, vex upp kynslóð fávísra manna.

226. Sálarfræði er ekki kennd í neinum læknaskólum. Slíkt námsefni fyrirfinnst alls ekki.<sup>1</sup> Orðið *sálarfræði* er venjulega tengt kennslufræði, en ekki skilningi á eiginleikum sálrænnar orku. Það er óskiljanlegt að slíkt grundvallarnámsefni sé virt að vettugi í læknisfræðikennslu. Skilningur á sálrænni orku útilokar ekki að hefðbundnum læknisúrræðum sé veitt tilhlýðileg athygli. Mun minni þörf er á notkun lyfja þegar læknar geta notað sálræna meðhöndlun. Þegar farið verður að nota sálræna orku til lækninga mun það endurnýja alla lífsbirtinguna. Við skulum ekki aðskilja hinar æðri hugmyndir um lífið frá læknisfræðinni. Sjá má í mjög mörgum fornum heimildum að prestar voru einnig læknar. Með því var lögð á það áhersla að læknirinn þyrfti að hafa vald, að öðrum kosti myndu sjúkdómarnir alltaf vera

---

<sup>1</sup> Eftir að þessi bók var gefin út 1936 hafa orðið breytingar á námsefni í læknaskólum hvað varðar sálfræði.

skrefi á undan honum án þess að hann hefði möguleika á því að ná tökum á þeim.

En nauðsynlegt er að finna skýr og greinargóð orð til að staðfesta að samband heimanna er sem trygging fyrir heilbrigði almennings. Heilbrigði er ekki mögulegt svo lengi sem fólk veit ekki um ástæðu þess að það ber hina jarðnesku byrði. Vitundinni getur ekki verið fullnægt eingöngu innan sviðs þessarar smáu plánetu. Hjartað er níst skelfingu þegar það er svipt hinni fögru hugmynd um einingu heimanna.

Lát lækninn, sem prest ví sindanna, færa þekkinguna um heim ljóssins inn á heimilið.

227. Lát fólk meta alla þekkingu að verðleikum!

228. Lát þann sem valdið hefur verða fyrstan til að sýna ví sindunum virðingu, því oft telur valdsmaðurinn sig ekki skyldan til að beygja hné sín fyrir þekkingunni.

Endurnýjaður skilningur á æðri heiminum mun koma í gegnum þekkinguna. Engin önnur leið er til!

229. Lát fólk sýna löngun til að bæta sig en ekki aðeins að lifa frá degi til dags. Það gleymir hinu fagra lögmáli framfaranna. Orðið *þróun* er oft skilið sem utanaðkomandi kvöð, en fögnuður framfaranna kemur ekki frá neinni ytri skyldu, hann er óaðskiljanlegur frá fræi andans. Aðeins skilningur á þessu

gerir það mögulegt að komast yfir allar gjár myrkursins.

230. Ég ráðlegg ætíð að hinar ýmsu athuganir séu festar á pappír; þegar tímar líða er hægt að vinna úr þeim efni í dýrmætan annál. Slík skrif eru gagnleg við athugun á þróunarsögunni. Sem dæmi vil ég minna ykkur á ein slík skrif. Reyndur athugandi greinir frá fundi sínum með virtum leiðtoga: „Á meðan á samræðunum stóð tók ég eftir því að viðmælandi minn virtist vera haldinn svefndrunga. Samtímis mátti greina umhverfis hann skýjamynndun sem flökti og hreyfðist um. Mátti á því skilja að fíngerði líkaminn væri næstum því búinn að yfirgefa félaga minn; samt var hann óhagganlegur og gerði ráðstafanir fyrir væntanlega brottför sína. Þegar hann kvaddi mig tók hann skyndilega hring af fingri sínum og bað mig að taka við honum til minningar um sig. Áður en þrír tímar höfðu liðið var vinur minn drepinn af illum samsærismanni. Þá vaknar sú spurning hvers vegna vitundin gaf ekki aðvörum um samsærið, fyrst að fíngerði líkaminn hafði vitneskju um undirbúning morðsins og andinn hafði þegar gefið mér hringinn sem vott um það sem framundan var? Það er augljóst að hér er um að ræða mjög flókið lögmál hinnar æðri visku.“ Þannig hljóðaði frásögn sem skrifuð var af frönskum athuganda.

Maður kann að minnast tilvika þar sem fólk lét í ljós undrun yfir því hvers vegna það væri að sumir virtust ekki taka eftir yfirvofandi atburðum. Við skulum gera okkur grein fyrir hversu erfitt er að skilja karmalögþálin og vitund fíngerða líkamans.

231. Gagnlegt er að rannsaka forn tungumál; í þeim er skráð saga hugsunar mannsins, og mögulegt er að fylgjast með þróun og hnignun hugtaka. Við skulum taka sem dæmi sanskrít og latínu. Sjá má hve hið síðarnefnda hafði þegar glatað djúpvitrum hugtökum; en ekki er hægt að bera saman Róm til forna, sem stefndi að efnishyggju, og heimildir um hugsun Indlands.

Tungumálið er annáll þjóðar; orðabókin er saga menningar.

232. Sál þjóðar er sem opin bók. Nauðsynlegt er að vita hve greinilega hún endurspeglast í hverri athöfn og gjörð. Því er rannsókn þjóðar vísindagrein. Hver sá sem æskir eftir því að skyggnast inn í framtíðina verður að vita hvaða dyr er hægt að opna. Traust og góðleika er hægt að byggja á þekkingu á þjóðinni sem heild. Mögulegt er að greina á milli hins dýrmæta og hins einskis verða.

233. Það er hughreyting að vitneskjunni um heimana þrjá. Ekkert annað getur lagt mat á auðlegð sannleikans.

234. Án efa munið þið rekast á eftirfarandi andmæli. „Hvers vegna er rætt um æðri heimana og vísindi á sömu síðunni?“ Þeir sem þannig mæla skilja ekki æðri heiminn og gera lítið úr vísindum. Fólk með svo takmarkaða vitsmuni er víða að finna, og vegna þess að það skortir hlýju hjartans er það

ácaflega illviljað. Það gegnir ýmsum opinberum stöðum og getur því sáð fræjum víða. Gagnslaust er að andmæla því. Sérhver maður sem hefur hjartað á réttum stað mun fagna hverjum réttum skilningi á æðri heiminum. Vitur maður hefur í hávegum orð sem sögð eru til varnar vísindum.

Af öllum jarðneskum hlutum eru kærleikurinn og sköpunargáfan nátengdust hugmyndinni um æðri heiminn. Þegar minnst er á æðri heiminn fagnar hinn verðugi maður. Hann gleðst hjartanlega þegar rætt er um vísindi. Ef bæði þessi viðfangsefni vekja eingöngu fordæmingu, er það merki um líflaust hjarta. Látið það ekki á ykkur fá þegar þið hittið afneitara og fordæmendur, slíkt er jafn óhjákvæmilegt og staðreyndin um tilveru ljóss og myrkurs. Hin beina þekking hvíslar þegar myrkrið er svo þétt að frekari fortölur eru gagnslausar; ekki er ráðlegt að sá nema í góðan jarðveg. Þið vitið að skilningsríkir vinir skjóta upp kollinum án tillits til jarðneskra þátta. Það getur jafnvel gerst að þjónustuandar byggi musteri, en æðri heimurinn og þekking eru þeim ekki aðgengileg. Fyrr eða síðar gera þeir uppreisn og snúa aftur út í myrkrið. Á ég að nefna dæmi!

Því skulið þið þjóna æðri heiminum og vísindum. Með kærleika, upplýstan ljósi þekkingar, lát hugsun um æðri heiminn skýrast.

235. Það er sérstaklega illskiljanlegt að sjá hversu fólk hverfur oft frá virðingu til lítilsvirðingar. Það reynir að tjá hið ósegjanlega; afleiðingin er fölsk ásýnd sem vanvirðir aðeins hina háleitu hugmynd. Í gegnum tíðina má finna margar slíkar ósannar ímyndir. Fólk endurtekur frásagnir um hið ósýnilega og

strax er farið að byrgja ljósið inn í steinrunnin form.

Það er kominn tími til að nota réttar viðmiðanir.

236. Æðri heimurinn er óforgengilegur, en í stað þess að hreinsa sjálfa sig með vinnu og íhugun reyna menn enn að múta hinni æðri náð. Með slíkri fáfræði sýna menn að þá skortir algjörlega löngun til að hugleiða um eðli heimanna. Saga bænahalds sýnir að í byrjun voru sálmarr sungnir, síðar voru beðnar bænir fyrir öllum verum, en aðeins á seinni tímum dirfðust menn að koma með kröfur fyrir sjálfa sig. Nægar sannanir hafa verið gefnar fyrir því að allt sem byggir á eicingirni er einskis virði fyrir þróunina. Ekki er hægt að kaupa álit og réttlæti. Er ekki skammarlegt að þörf sé á því að endurtaka þessi orð?

Hægt er að spyrja sjálfan sig hvort nú eigi sér stað öfugþróun. Endir Kali Yuga getur einnig valdið slíkum fyrirbrigðum. Sagt hefur verið fyrir um hræðilegar hamfarir, en hvað getur verið hræðilegra en hrún andans? Enginn jarðskjálfti er sambærilegur við upplausn vitundarinnar. Efla þarf alla krafta til að forða mannkyninu frá hyldýpinu, því er hugleiðing um æðri heiminn nauðsyn á okkar tímum.

237. Það er rétt athugað að ákveðnar plöntur gefa frá sér moskusilm. Gagnlegt er að safna upplýsingum um slíkar plöntur. Þær búa ekki yfir öllum hinum dýrmætu eiginleikum lífgjafans, moskus; samt sem áður býr í þeim hinn gagnlegi eiginleiki að viðhalda lífsþrótti. Stundum má sjá að nálægar plöntur

þyrja að gefa frá sér sama ilm; rætur og jarðvegur geta þjónað sem leiðarar.

238. Hægt er að nálgast hið flóknasta efni með einföldum aðferðum; meginforsendan er að athyglis sé virk. Jafnvel hinir reyndustu athugendur glata henni í hinu hversdagslega. En fyrir æðri heiminum er þörf á kærleika og þakklæti. Hvernig er með öðrum hætti mögulegt að leita uppi hin leyndu merki á meðal jarðneskra aðstæðna?

239. Ekkert í heiminum er hægt að endurtaka. Af því sést hve mikið er um óvenjulega hluti. Fólk mun ekki skilja jarðneska stöðu sína nema það átti sig á þessu. Ómögulegt er að hugleiða þróunina ef drifhvötin og næsta markmið eru óþekkt. Jarðnesk tilvera er merkingarlaus ef menn átta sig ekki á orsökum og afleiðingum. Jafnvel þó fólk skildi aðeins að hluta til hversu óvenjulegt umhverfi þess er, væri því auðveldara að beina hugsunum sínum að æðri heiminum. Það er ómögulegt að fá fólk til að snúa sér að svo algerlega nýju sviði, sem æðri heimurinn er, án þess að hafa eitthvað millistig. En ef augað lærir smátt og smátt að greina margbreytileika umhverfisins verður auðveldara fyrir það að venja sig við að greina fíngerðari hluti. Vissulega, allt þarfust ræktunar og þjálfunar.

240. Spyrja má hvers vegna fólk í efnislegri tilveru man ekki eftir dvöl sinni í fíngerða heiminum. Ein ástæðan fyrir því að ómögulegt er að rifja upp allt sem tilheyrir fíngerða heiminum er getuleysi efnislega líkamans við að ná

tökum á slíkri vitneskju. Andinn gæti alls ekki tekið þátt í efnislegri þróun ef hann gæti geymt með sér minningar um víðáttur fíngerða heimsins. Auðvitað er stöku sinnum mögulegt að nema frá fíngerða heiminum glampa hinar eldlegu dýrðar sem efnisheimurinn getur aðeins sárasjaldan skilið. Jafnvel hinir bestu andar geta aðeins stöku sinnum munað tilvist sína í efnisheiminum, og ákaflega sjaldan muna þeir kringumstæður sínar í fíngerða heiminum. Stundum við sálfarir kemur fíngerði líkaminn til baka með ákveðinn skilning á lífi í fíngerða heiminum. En að muna tilveru í fíngerða heiminum er mjög erfitt því hún er ósamrýmanleg jarðneskum aðstæðum.

241. Það má gefa ykkur þá útskýringu að bókstafirnir þrír *AUM* merki — fortíð, nútíð og framtíð. Þessi skilningur á sinn grundvöll. Grunnurinn er fortíðin, Ljósið er nútíðin, og nálgun hins Helga er framtíðin. Þeir sem koma með hinar ýmsu túlkanir hafa vissulega í huga hinar bestu útskýringar; en slíkar skýringar eiga oft rætur sínar að rekja til jarðbundins skilnings. Hugsun er óheft af fortíð, nútíð og framtíð; hún er jafn eilíf og óendanleikinn. Til að hægt sé að ræða um óendanleikann þarf að endurskoða allar viðmiðanir; þar af leiðir að hugtökin endanlegt og óendanlegt verða víðtækari. Um óendanleikann gilda engar einstrengingslegar túlkanir, vegna þess að óendanleikinn felur allt í sér.

Þegar við því ræðum um umfang grundvallaratriðanna, skulum við varast að beita jarðneskum mælikvörðum. Við skulum sérstaklega gæta að því að byggja hugtök okkar ekki á hinu endanlega, því að þegar allt kemur til alls

er hið endanlega alls ekki til.

242. Lát hugsun ná gagnlegu flugi. Þessa viðleitni þarf að þjálfa til að hinar miklu fjarlægðir rugli ekki hugsandann. Áður en maðurinn getur séð sjálfan sig sem gest á öllum plánetum, verður hann að venja vitund sína við smæð jarðarinnar. Gerð hafa verið sérstaklega slæm mistök með röngum hugmyndum um jörðina og stöðu hennar í alheiminum. Þetta hefur gert trúarbrögðin torræð, valdið vanþekkingu á málefnum stjórnunar og ótímabæru vandræðaástandi. Því verður hugsunin ekki aðeins að umlykja jörðina heldur þarf hún einnig að hafa unun af því að svífa til hinna fjarlægu heima.

243. Það sem sagt hefur verið virðist vera einfalt; hvers vegna er það þá svo sjaldan notað? Ekki er kennt neitt óskiljanlegt, né mælt fyrir um hreint hugarflökt. Það er nauðsynlegt að örva viðleitni raunsannrar hugsunar. En aðeins fáir skilja muninn á óljósu hugarflökti og raunsannri hugsun. Æðri heimurinn skín aðeins í óhagganleika.

Jafn einföld er sú hugmynd að rúmið sé fullmett. Um þetta hefur margt verið skrifað, en þrátt fyrir það eru slíkar upplýsingar algerlega óskiljanlegar fyrir flesta.

Nauðsynlegt er að þjálfa hugann.

244. Margt hefur verið gefið í skyn um nauðsyn þess að þjálfa með sér

þolinmæði, en hvar er finna slíkan prófstein? Gagnlegt er að hefja samræður við hinn þröngsýnasta afneitara; hinn þolinmóði hugsuður vinnur bug á allri fáfræði án þess að hverfa til afneitunar. Í skapandi hugsun sinni gætir hugsuðurinn þess að láta ekki skapraun ná tökum á sér, í kennslustund þolinmæðinnar má ekki láta neitt fara í taugarnar á sér. Lát hinn fáfróða missa stjórn á skapi sínu, því þeir hafa engin önnur svör, en reynsluneminn í þolinmæði lítillækkar sig ekki með þeim aðferðum sem hinn fáfróði temur sér. Í skólunum ætti jafnvel að setja fyrir verkefni í þolinmæði.

Án þolinmæði er ómögulegt að íhuga óendanleikann. Víðfeðm verkefni æðri heimsins fela í sér próf í þolinmæði.

245. Hugsuðir verða fyrir margs konar ofsknum. En lát hinn undirokaða svara: „Þó að þið ofsækið okkur getur ekkert eytt hugsunum sem við höfum þegar sáð í geimin.“ Gagnslaust er að gera hugsuðinn útlægan, arfleifð hans er óafmáanleg um alla heimana. Ekki aðeins er hugsun óforgengileg, hún jafnvel magnast í geimnum. Sjálf brotthvarf hugsuðarins frá efnisheiminum opnar aðeins fyrir honum víðara svið hugsunar. Morðingjar og eiturbyrlarar sýna litla skarpskyggni; markmið þeirra er að losa sig við áhrif hugsuðarins, en með verki sínu gera þeir áhrif hans aðeins sterkari.

246. Margir lærisveinar söfnuðust í kringum virtan kennara. Þeir sýndu góðan árangur í starfi sínu þar til sögusagnir bárust til þeirra um annan kennara sem komið hafði fram í fjarlægri borg. Þessar fréttir ollu smátt og

smátt efa og skiptum skoðunum meðal lærisveinanna; þær drógu úr athygli lærisveinanna og hindruðu framfarir þeirra.

Dag nokkurn sagði kennarinn: „Ég er á fórum upp í fjöllin; á meðan skuluð þið treysta þekkingu ykkar á því sem ég hef kennt ykkur.“ Og kennarinn hélt á brott. Að skömmum tíma liðnum kom til þeirra nýr kennari sem féll þeim ákaflega vel í geð. Loks mælti einn lærisveinanna í þeirri von að geðjast nýja kennaranum: „Þín kennsla er miklu betri og auðskiljanlegri en gamla kennarans okkar!“ Þá tók nýi kennarinn af sér vefjarhöttinn, fletti frá sér klæðum sínum og breytti andlitssvip sínum, og þekktu þá lærisveinarnir aftur sinn gamla kennara. Lærisveinarnir fóru mjög hjá sér og hvísluðu: „Hvers vegna breyttir þú um útlit?“ Hann mælti til þeirra: „Þið óskuðuð eftir nýjum kennara og betri fræðslu, svo ég varð við óskum ykkar.“ Þannig má sjá í fornum sögnum eiginleika fólks sem eru sameiginlegir öllum tímum.

247. Ekki skyldi sækjast eftir hinu nýja með því einu að afneita grundvallaratriðum. Vitsmunir eru ráðlegging okkar og fyrirmæli. Vitsmunir eiga ekkert sameiginlegt með svikráðum og guðlasti. Þar sem illt orðbragð er viðhaft er þýðingarlaust að leita að sönnum vitsmunum. Enginn sem vill varðveita fíngert blóm stingur því ofan í malpokann. Hið fíngerða þarfnaст gætilegrar meðhöndlunar. Ekki aðeins á hátfíðisdögum heldur einnig í hinu daglega lífi skyldi maður gæta þess að rífa ekki fót sín. Menn hugsar vel um fót sín í frítíma sínum, en við vanabundin störf skeyta þeir ekki um þau. Hversu mörg fíngerð klæði verða ekki eyðileggingunni að bráð!

248. Ógætni leiðir til mistaka. Hvar er hið gamla og hvar er hið nýja?

Nauðsynlegt er að viðhafa aðgætni.

249. Þið sjáið sjálf hve margir skilja ekki meiningu einfaldra orða. Á þessu stigi verða menn að afsaka þokkennda hugi þeirra og endurtaka orðin eins og verið sé að tala við heyrnarsljóa einstaklinga. Oft þegar talað er við mann sem heyrir illa, er óljóst hve mörg orð komast til skila. Það er erfitt að taka tillit til allra annmarka heyrnar, sjónar og annarra skilningarárvita. Haldið samt áfram, vitandi að þó fáir hlustendur heyri og fáir sjái, sér geimurinn og heyrir. Haldið því fram á við.

250. Þið hafið þegar séð hvernig mögulegt er að sjá ímyndir fyrri jarðvista með því að beita augunum á sérstakan hátt. Greinilega má sjá hvernig andlit nútíðarinnar umbreytist í ímynd liðins tíma. Sveiflutiðni og kristallamyndun gefa til kynna að sérstök gerð orku er til staðar. Ekki getur verið um að ræða sjálfssefjun, því hvorugur aðilanna sem tekur þátt í tilrauninni veit fyrirfram hvaða form umbreytingin mun taka. Oft byrjar ummyndunin ekki með breytingu andlitsdrátta heldur með smávægilegum breytingum í höfuðbúnaði eða klæðnaði. Sjálfir eiginleikar andlitsins breytast ómerkjanlega og taka á sig hið óvæntasta svipmót. Benda má á að andlitin halda sjaldan núverandi gerð. Meðan á öllum þessum óvæntu

myndbreytingum stendur er fyrirfram ákveðinn ásetningur algerlega útilokaður. Hin sársaukafulla þensla auggnanna gefur til kynna að ekki er um hugrænt ferli að ræða, heldur að sálræn orka er að starfi í gegnum sjónstöðvarnar. Endurteknar tilraunir af þessu tagi geta skaðað sjónina, samt er efnisleg dulskyggni af þessari gerð ákaflega mikilvæg. Dulskyggni getur átt sér stað undir sefjun, en þá starfar hin sálræna orka í gegnum heilann, og þá er alltaf sá möguleiki að dáleiðandinn sjálfur beiti sefjun. Það er mun trúverðugara þegar hin sálræna orka starfar milliliðalaust. Slík milliliðalaus virkni kemur einnig fram í notkun á pendúl lífsins. Sjálfssefjun er sömuleiðis útilokuð. Einlægur rannsakandi veit ekki fyrirfram hver niðurstaðan verður. Oft er hann meira undrandi en aðrir nærstaddir. Í báðum framangreindum tilfellum eru áhorfendur mjög óæskilegir. Ekki ætti neitt að vera í næsta nágrenni sem getur haft áhrif á hina sálrænu orku.

Slíkar tilraunir eiga rætur að rekja langt aftur í forneskju. Þær hafa að auki komið að gagni við málefni ríkis og dómstóla. Það er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir hinu einstæða gagni sem hafa má af slíkum tilraunum með sálræna orku. Þær gefa okkur mælitæki á sjúkdóma og truflanir andans, sem og á sjálfa einlægnina — og einnig á haldningu.

251. Ef gerð væri samantekt yfir allar tilraunir með sálarorku, ættum við handbæran heilan fjársjóð aðferða til að nálgast æðri heiminn. Ekkert yfirnáttúrulegt eða myrkt ætti að íþyngja slíkum athugunum. Þessar rannsóknir á hinni göfugu sálarorku ættu að vera eðlilegar, einlægar og

nytsamlegar.

252. Eftirfarandi túlkun á Aum leggjum við einnig fram: Fyrsti stafurinn — er grunnurinn; annar stafurinn — birtist í hinum fíngerðustu orkutegundum; sá þriðji — hinn ósegjanlegi, í eldi og tign. Sérhver túlkun leiðir til hinnar sömu þríeiningar, sem ekki verður hjá komist frekar en sannleikanum.

Einnig er sagt að hin almenna merking orðsins *já*, sem samþykki, sé hin sama. Orðið má finna á öllum tungum; stundum hljómar það jafnvel á hinu ytra sviði. Við skulum því ekki sökkva okkur um of niður í útskýringar sem oft hefur verið breytt. Aðalatriðið er að kjarni hugtaksins haldist óbrenglaður. Lát staðfestuna vera ákall okkar.

253. Á fornum tínum var staðfestuleysi sérstaklega átalið. Menn nefndu það eyðileggingu og fordæmdu það sem hindrun framfara. Litið var á óákveðni sem fáfræði og skort á grunnmenntun. Talið var sjálfgefið að lærisveinn viki aldrei frá hinum sanna grunni og héldi áfram ótrauður að fullkomna sjálfan sig.

254. Menn litu ekki svo á að viðleitni til sjálfsfullkomunar væri eicingjörn. Markmið framfara er hin almenna velferð, og í eðli þeirra felst ekki persónulegur ágóði; til dæmis, allar góðar hugsanir í geimnum hafa áhrif til góðs um allan heim.

255. Í mörgum löndum er það til siðs þegar fólk vill staðfesta samþykki að það mælir hátíðlega orðið *amen*. Uppruna margra orða má rekja langt aftur í tímann. Þegar við rannsökum merkingu orðsins *amen* í grísku, hebreisku, egypsku og súmersku komumst við, eftir mörg þrep, að hinni sömu yfirlýsingu hins þréina tákns.

Við sjáum því að í stað sundrungar kennir þekkingin okkur aðeins einingu. Aðeins hinir illu lítilsvirða og leitast við að valda sundrungu. Allir áhangendur þekkingar finna alls staðar hina gullnu leið til einingar mikilleika og ljóss.

256. Til er fólk sem er sérstaklega í nöp við staðfestingar og sannanir. Þannig fólk er sannarlega fáfrótt. Með sanni mætti spyrja: „Hafði það nokkurn tíma vitund eða er það sprottið beint frá stigi dýraríkisins?“

Ekki er ólíklegt að þið verðið oft spurð að því hvort vitundin eyðist og verði að engu. Fræ andans er ævarandi, kaleikurinn fyllist smátt og smátt, en ástand vitundarinnar getur verið breytilegt. Meginástæðan er aðgerðaleysi í fingerða heiminum. Slíkt getur bundið fræ andans og kaleikinn í rammgerða fjötra. Veikri vitund, sem lifir sínu jarðneska lífi án þess að sigrast á hindrunum og starfar ekki, er sérstaklega hætt við slíkum sljóleika. Sjá má hversu slíkar vitundir halda sér fast við fingerða heiminn; ekki í tvö þúsund ár, heldur miklu lengur myndu þær vilja hlífa sér við nýrri reynslu. Þannig vill það til að illviljaðir afneitarar fæðast.

257. Í fíngerða heiminum er mögulegt að haldast við á lægri sviðunum í millibilsástandi öldum saman. Hreint ótrúlegt er hversu sumt fólk getur fundið mörg úrræði; í brjálsemi sínu getur það úthugsað margt sem heilbrigðum manni er ógerlegt. Í fíngerða heiminum er að finna sérstaka gerð brjálsemi. Undantekningalaust krefst lögmálið þess að tími endurholdgunarinnar sé ákvarðaður, en brjálsemi vitundarinnar getur verið slík að aðeins illt verður til að miklu leyti. Alveg eins og huglausir hermenn skera af sér fingur til að þurfa ekki að berjast, þannig leggja brjálæðingarnir sem dvelja í fíngerða heiminum á ráðin um að forðast kallið sem kveður þá til starfa. Ómögulegt er að sniðganga lögmálið algerlega, en mögulegt er að dyljast tímabundið í myrkrinu.

258. Sé fræðimönnum sagt frá segulmögnuðu vatni, gera þeir enga athugasemd við orðalagið; en ef þú ræðir um vatn bundið álögum ertu flokkaður með fáfróðum frumbyggjum. Þó er munurinn aðeins í nafngift, því í grundvallaratriðum er sama orkan notuð.

Kominn er tími til fyrir vísindin að víkka út sjóndeildarhring sinn, óhindruð af lítt hugsuðum orðatiltækjum. Öll átök lífsins stafa einmitt af nafngiftum. Maðurinn ætti strax frá barnæsku að leggja í vana sinn að skilja rauverulega merkingu orða og atburða.

259. Þið vitið hversu stóran þátt sálræn orka á í hinum fíngerðustu fyrirbrigðum. Fólk á erfitt með að gera sér grein fyrir því að sérhver birting

hugsunar skilur eftir sig ummerki sem hægt er að greina efnislega. Er ekki stórkostlegt að fylgja flæði hugsunar í sérhverri línu handrits? Ekki er síður athyglisvert að taka eftir því hvernig ein gerð sálrænnar orku vekur aðra gerð orku til starfa sem liggur lagskipt á yfirborði hlutarins. Með þessum hætti er mögulegt að skilja hversu andrúmsloftið, sem er mettað úrfellingum sálrænnar orku, raunbirtist sem greinanlegir kristallar. Sá tími mun koma þegar hægt verður að sýna fram á að hugsun sé mælanleg.

260. Mjög margar þjáningarfullar skynjanir orsakast af sálrænni spennu andrúmsloftsins. Við eיגum ekki aðeins við sjálfan þrýsting andrúmsloftsins, heldur einnig raunverulegar sálrænar sveiflur sem valda ekki aðeins geðbrigðum heldur geta jafnvel haft áhrif á taugastöðvarnar. Erfitt er að ímynda sér hversu andrúmsloftið er mettað af sálrænum orkutegundum; slík geislun hefur ekki aðeins áhrif á dýralífið heldur einnig á jurtirnar. Því er óhugsandi að gera hugsunarlaustr grófar efnislegar aðstæður ábyrgar fyrir öllum þessum fyrirbrigðum. Mörg hinna fíngerðari fyrirbrigða af sálrænum toga hafa ekki verið skýrðar; því sjálf vitundin er oft frumstæð. Þið hafið oft tekið eftir slíku ósamræmi.

261. Þið hafið séð að ekki er hægt að eyða sálrænni orku, sem sest hefur á hlut, með fjarlægð né öðrum aðstæðum. Þetta eykur aðeins ábyrgð mannsins vegna hæfileikans sem hann býr yfir. Frá þessu var sagt til forna, en hinn dulfræðilegi tjáningarmáti hefur torveldað fólk að gera sér grein fyrir

mikilvægi krafts hinnar sálrænu orku. Hvaða rétt hefur maðurinn til að menga umhverfi sitt með óhreinum hugsunum sínum!

Mikil þörf er á skrifum um gildi grundvallarorkunnar; annars er hætt við að óskýr og óupplýst hugsun myrkvi uppsprettu farsældarinnar. Saga gleymskunnar hefur ekki enn verið skrifuð. Slíkur annáll um öfugþróun væri gagnlegur. Rannsókn fornra tíma hefur vissulega verið gerð mjög erfið, því margar uppgötvanir bíða afhjúpunar; samt eru til ákveðnar upplýsingar sem eru nú þegar nægilegar til að gera mannkyninu kleift að athuga margar bylgjur gleymsku.

262. Maðurinn skapar bæði gott og illt. Góðar hugsanir og góðviljuð samskipti sameinast í því að skapa blessunaríkan hlut; en aftur á móti getur snerting hins illa skapað mjög smitandi pestarbæli.

Við skulum ekki ræða vanhugsáð um kjarna sálarorkunnar.

263. Þegar tilraunir eru gerðar með sálarorku er sérstök gerð þreytu óhjákvæmileg. Slík tilfinning gefur aðeins til kynna að orkan sé virk. Það er sorglegt að óvirða þessa orku með því að líta á hana sem lægri gerð af sálrænum krafti. Mögulegt er að rannsaka hana á öllum sviðum og skoða útþenslu hennar í geimnum. Tilraun sem framkvæmd er á hinum hærri sviðum getur gefið mikilsverðar niðurstöður.

264. Þegar rannsókuð er saga trúarbragða geta menn séð hvernig

mannkynið hefur aftur og aftur fengið skilning á æðri hugtökum til þess eins að gleyma þeim aftur og hafna síðar algerlega því sem áður hafði verið uppgötvað. Sjá má hvernig fólk á fornum tímum öðlaðist skilning á endurholdgunarlögmálinu til þess eins að hafna því í reiðikasti. Ástæða þessarar kirkjulegu höfnunar er skiljanleg — ein stétt var að vernda forréttindi sín, því lögmál tilverunnar hótaði að gera alla menn jafn réttháa.

Slíkir hlutir hafa gerst á mismunandi tímabilum, en óldur vitneskju og fáfræði eru alls staðar eins. Þær skapa umrót sem er nauðsynlegt fyrir framför vitundarinnar. En sérhver, sem sækist eftir þekkingu, öðlast frið í anda mitt í stormi og streitu.

Dveljum ekki á stigi fáfræðinnar þegar þekkingin knýr á allar dyr.

265. Þekkingin mun alltaf vera jákvæð og staðfestandi. Enginn tími er til að fást um höfnun og bann. Vantrú og villa orsakast af fáfræði. Þekkingin leitar, rannsakar og staðfestir. Þegar hún rekst á hindranir spyr hún fyrst af öllu: „Er þetta ekki aðeins blekking? Er vofa mótsagnanna að koma í ljós?“ Þekkingin getur ekki leitt hjá sér vofu, því rannsakar þekkingin fyrst af öllu með vinsemd það sem virðist vera mótsögn. Þekkingin leyfir ekki sundurþykkju frammi fyrir æðri heiminum. Skoðanaskipti eru ekki deilur.

266. Svo mikið vægðarleysi og hrottaskap er að finna meðal mannkynsins að ekki er erfitt að komast að niðurstöðu um fáfræðistig þess. Slík fáfræði knýr til þess að hamrað sé á undirstöðuatriðum. Hvað stoðar það

manninn að kunna að lesa ef hann er enn á stigi dýrsins! Dýrin hafa einnig lært að skilja ákveðin merki, en þau eru enn dýr og þyrstir í blóð.

Því er nauðsynlegt að segja frá skömm fáfræðinnar í sem stystu máli.

267. Bænin er upphaf en ekki endir. Venjulega er litið á bæn sem eitthvað endanlegt, en í raun er alls ekki hægt að hafa neitt samneyti við æðri heiminn án þess að afleiðingar fylgi í kjölfarið. Sérhver smávægileg opnun hinna helgu hliða endurnýjar strengi vitundarinnar. Þessi endurnýjun beinist til framtíðar en veit ekki til fortíðar. Þannig er bænin leið til framtíðar. Hafa skal í huga þennan skapandi kraft. Það er ótækt að takmarka sig við hið ytra form bænarinnar; slík hræsni er hið hættulegasta guðlast. Samt er ómögulegt að viðurkenna mátt samneytisins við æðri heiminn ef ekki er fyrir hendi þekking á grundvallarorkunni. Því hjálpar þekking á fíngerða heiminum við að byggja upp þrep til æðri heimsins. Fíngerði heimurinn er nú þegar næstum orðinn þekkt hugtak meðal vísindamanna. Þó nöfnin séu mismunandi er markmið leitarinnar hið sama. Truflum ekki fræðimennina sem eru að nálgast hið óþekkta. Okkur er sama hvaða nöfnum þeir nefna neista hins eina ljóss. Þegar þeir þokast nær mun þá gruna að fjölmargar undирgreiningar sé að finna. Frá þeirra sjónarmiði séð hafa þeir rétt fyrir sér, því sálarorka birtist í því formi sem hæfir þeim eiginleikum sem orka rannsakandans býr yfir.

268. Margbreytileiki sálarorkunnar ber vitni um kraft hennar; hún getur ekki legið í dvala. Hún sveiflast og starfar án afláts eins og hinn sanni eldur.

Fólk gæti haldið að orka þeirra sofi rótt, en frumeðli hennar leyfir ekki að hún sé óvirk vegna tengsla hennar við hina æðri orku.

269. Allir sem hafa löngun til að rannsaka sálrvæna orku verða að byrja á því að prófa sína eigin sálarorku. Hægt er að athuga hvernig eigin orka starfar við mismunandi tilraunir. Hver tegund orku býr yfir sínum sérstöku eiginleikum. Rangt er að álíta að þar sem lögmálið er eitt að þá hljóti sérhvert brot raunbirtingarinnar að vera nákvæmlega eins.

Því fíngerðari sem orkan er þeim mun illgreinanlegri eru eiginleikar hennar fyrir hina grófgerðu sjón. Því er fyrst af öllu nauðsynlegt að efla hinn grundvallandi eiginleika sem er prófsteinninn. Þessi eiginleiki er hrein hugsun sem á rót sína að rekja til þeirrar löngunar að stefna að óeigingjarnri hjálpsemi. Geislar árangursríks starfs eru bestu ljósberarnir við rannsókn sálarorkunnar. Athyglisgáfan er einnig góð hjálp við slíkar tilraunir. Allar fyrirfram ákveðnar hugmyndir eru til skaða.

Sálrvæn orka loðir við alla hluti. Útfelling hennar er sambærileg við útfellingu úr geimnum, þess vegna er bæði hægt að rannsaka ástand hinnar persónulegu orku og orku heildarinnar. Í þessu skyni er nauðsynlegt að gera rannsóknir með snjó eða regnvatn. Í hinni almennu framvindu rannsóknanna verða til margar nýjar samsetningar.

270. Hjálp úr fíngerða heiminum og æðri heiminum er einnig gagnleg við tilraunir. Hrein hugsun er trygging fyrir samvinnu. Ekki er þörf á neinu

ákalli, því samhljómur hjartans myndar ljósbrú. Þannig er í öllu hægt að finna það sem að mestu gagni kemur. Einstök hugsun um sálarorku skapar tækifæri til útþenslu vitundarinnar.

271. Næmni er sérstakur eiginleiki vitundarinnar. Hún er óháð vitsmunum; hún er óháð umhverfinu; hún er óháð lærðómi — hún verður til í híbýlum hjartans. Sá sem hefur öðlast þennan eiginleika getur ekki tapað honum. Með tilstilli sálarorkunnar finnur hann tækifæri til athugana jafnvel við hinar óhagstæðstu kringumstæður.

Það er sérstaklega athyglisvert að fylgjast með slíku fólkí allt frá barnæsku. Það sker sig greinilega frá öðru fólkí og það virðist sem það viti fyrir forlög sín. Stundum opinberast þessi þekking í óvæntum orðum. Stundum má sjá í athöfnum barns hversu ákaft andi þess leitar að ákveðnu marki, en venjulega er slík leit misskilin. Mjög er gert gys að heilögum sérkennileika þess manns sem stefnir til hins æðra. En í framtíðinni munu menn bera sérstaka virðingu fyrir þeim sem skara fram úr í næmni.

272. Til einskis er að staðhæfa að hin ósýnilega veröld sé ekki til, slíkum ósannindum má líkja við að tilveru hugsana sé afneitað. Hugsun er einnig ósýnileg, en aðeins hinir fáfróðu afneita starfi hugans. Á sambærilegan hátt mætti hafna tilveru allra orkutegunda, því þær eru einnig ósýnilegar. En er hin óséða veröld öllum ósýnileg? Lát afneitarann ekki dæma eingöngu af sjálfum sér. Ef dæmt er eingöngu út frá eigin reynslu skapar það aðeins gróðrarstíu

sjálfsánægju.

273. Það gæti virst sem svo að fræðslan sem gefin er vísi aðeins í eina átt, en með því að rekja feril fræðslunnar er hægt að sjá sveigmyndaðan boga hins hækkandi spírals. Sveigjan er til þess að hægt sé að þoka mannkyninu ómerkjanlega áfram. Alveg eins og við getum ekki merkt að grasið vaxi frá andartaki til andartaks, svo er einnig um með nýja sveigju spíralsins, vitundin greinir hana ekki. Rökhyggja mansins getur ekki spannað hið eldlega svið; því skyldi aðeins gefa henni það sem henni hæfir og hún getur tekið á móti. Afleiðingar ósambærileikans eru óvætti líkastar, og ekki má varpa slíkum óvætti yfir heiminn vegna eigin fávisku. Samræmi verður að ríkja í byggingunni. Því er það upplýsandi að gera samanburð á þeim þrepum sem fræðslan veitir; þannig fæst mikilvægur stigi til uppgöngu.

274. Segi maður: „Ég hef gert allt sem í mínu valdi stendur,” trúið honum ekki. Hann er að afsaka sig og samtímis að setja sér takmörk. Þegar maðurinn ímyndar sér að allt sé þrotið, þá og einmitt þá glatar hann lyklinum að dyrum frelsisins. Fólk hafnar oft hinum bestu lausnum af fávisku eða leti. Hversu oft höfum við talað um óþrjótanleika orku hjartans, en maðurinn sjálfur getur byrgt hana inni og svipt sig besta möguleikanum. Sú fullyrðing að öll orka sé þrotin er í eðli sínu þótttafull. Er það ekki sjálfsvorkunsemin sem býður manni að gefast upp og þvo hendur sínar af ástandinu? Ósjaldan vorkennir maðurinn sjálfum sér og lokar þar með fyrir hin æðri öfl.

Þegar fólk fær skilning á gagnkvæmu sambandi orkutegundanna mun það uppgötva höfuðvígi síns eigin ósigranleika.

275. Rétt er að veita athygli árásunum sem ára mannsins bægir frá. Fáir gera sér grein fyrir slíkum hugrænum árásum. Venjulega álítur fólk slíkt vera af ófyrirsjáanlegum efnislegum orsökum, en hin þroskaða vitund skynjar jafnvel í svefni hina sönnu orsök. Vitundin er tryggur skjöldur. Áran og vitundin eru varnarvopn mannsins.

276. Venjulega forðast fólk orðið einingu; það óttast það. Á sama tíma talar það mikið um samúð, en gleymir því að þessi hugtök merkja það sama — ekki er hægt að hugsa sér annað án hins. Sama er að segja um önnur hugtök; fólk vill heldur viðurkenna þau sem bera minnsta ábyrgð. Samúð getur takmarkast við orð, en eining krefst athafna. Sérhver athöfn í sjálfrí sér er hugleysingjanum hræðsluefni. Þeir kæra sig ekki um að vita að sérhver samúðarhugsun er máttug athöfn ef hugsunin er tjáð á réttan hátt. Oft takmarkast samúð við innantóm orð. Í slíkum tilfellum verður hvorki til skapandi hugsun né athöfn. Án hugsunar verður samúð að engu, og athafnaleysi þurkar út einingu. Maðurinn hræðist ábyrgð, og þannig verður hann hugleysinu að bráð.

277. Eindir hinnar æðri orku, sem er að finna í lífkerfi allra manna, eru á sama hátt til í öðrum ríkjum náttúrunnar. Dýr og plöntur vita einnig hvernig

á að viðhalda orkueindum í fíngerða heiminum. Sérstaklega á það við um ákveðin dýr sem lifðu í nálægð manna að þau viðhalda ákveðnum tengslum við lífkerfi íbúa fíngerða heimsins. Þegar ég ráðlegg að menn sýni dýrum hlýhug þá hef ég það í huga að betra er að hitta fyrir smáa vini en fjendur. Vissulega ætti í öllu að viðhafa rétt viðhorf, að öðrum kosti gæti maðurinn orðið fyrir skaðlegum áhrifum frá dýrum.

Á sama hátt þegar ég mæli með jurtafæðu, er ég að vara við því að næra fíngerða líkamann á blóði. Kjarni blóðsins smýgur um allan líkamann og jafnvel inn í fíngerða líkamann. Blóð er svo óæskilegt í fæðunni að við leyfum aðeins í sérstökum undantekningatilfellum neyslu á kjöti sem hefur verið þurrkað í sólinni. Einnig er mögulegt að nota þá hluta dýrsins þar sem blóðið hefur verið algerlega ummyndað. Þannig hefur jurtafæða einnig gildi fyrir lífið í fíngerða heiminum.

278. Oft er spurt að því hvort dýrin haldi útliti sínu í fíngerða heiminum. Það er sjaldgæft vegna þess að fjarvera vitundarinnar gerir þau formlaus; stundum eru þau þokkenndar útlínur eins og orkustraumar, en oftast eru þau ekki greinanleg. Í raun og veru tilheyrir raunbirting dýraforma lægri sviðsstigum fíngerða heimsins. Slíkar ógreinilegar myndir geta valdið ótta vegna furðulegs útlits þeirra. Ég lít svo á að fíngerði líkami mannsins ætti ekki að dvelja á þessum lágu sviðum, en í vitund sinni líkist fólk oft dýrum.

279. Fíngerði heimurinn er fullur af frumgerðum dýra, en aðeins sterk vitund getur greint þær. Afbrigði slíkra dýramynda eru óteljandi, allt frá hinum flóknustu gerðum til sora hinna rotnandi leyfa. Ekki skyldi ætla að íbúar fíngerða heimsins búi allir yfir sömu sjónhæfninni.

Góð skýr sjón er afleiðing af skýrleika vitundarinnar, því er það ætíð ráðlegging okkar að aðgæsla sé viðhöfð varðandi skýra vitund. Til forna var sagt að ekkert gott sé að finna í gruggugu vatni.

280. Það er ljóst að finna má samtímis á jörðinni í talsverðum mæli menn af mjög ólíkum þroska — allt frá frumstæðum villimönnum til háþróaðra hugsuða. Sumir munu halda því fram að jörðin sé enn á stigi fornsteinaldar, þegar aðrir munu sýna fram á að jörðin sé þegar kominn inn á hina gullnu öld. Sérhver lætur leiðast af því sem honum virðist augljóst. Einnig er það svo, þegar rætt er um uppruna og þróun alheimsins, að óþarfi er að verða hissa á nálægð mjög svo ólíkra tímabila. Alheimurinn er svo margbreytilegur í öllum sínum mikla óendanleika.

281. Taka verður tillit til sálarorku fjölmennis. Mögulegt að ganga úr skugga um kraftaukningu í beinu hlutfalli við fjöldann; í raun þrefaldast krafturinn þegar tveir eru sameinaðir í hugsun. En ekki má gleyma því að sérhver andstæð hugsun drekkur í sig mikið af orkunni umhverfis; það er ástæðan fyrir því hversu sjaldgæft er að verða vitni að vel heppnaðri einingu. Einn hestur getur vissulega stöðvað heila hestalest og komið í veg fyrir að

fullkomnun náist. Enn á ný er ofinn vefnaður hinna bestu orkutegunda, en mannkynið mun sóa árangrinum sem fyrirsjánlegur var. Auðvelt er að skilja gildi sameinaðrar orku. Hér er ekki um neitt óraunverulegt að ræða heldur raunverulega efnislega staðreynd.

Fólk vill ná valdi á og eigna sér alla hluti, samt er máttur hugans fyrir þeim draumórar einir! Þannig glatast sannir fjársjóðir.

282. Lygarinn er þess alltaf fullviss að lygin verði ekki uppgötvuð. Morðinginn trúir því að glæpnum verði haldið leyndum. Stundum heyrir maður að sefjun og sálræn orka sé notuð í réttarsölum, en slíkar tilraunir eru einangruð fyrirbrigði, og enginn skilningur vaknar á hinum eðlilegu möguleikum sem fyrir hendi eru við baráttuna gegn hinu illa.

283. Berjast skal gegn hinu illa sem raunbirtingu óskapnaðarins. Heilu löndin verjast ágangi sjávar sem annars myndi færa þau í kaf til frambúðar. Með sameinuðu átaki heillar þjóðar eru byggðir upp mikilfenglegir varnargarðar. Óskapnaðurinn getur einnig á sama hátt gleypit í sig alla auðlegð þjóðar. Nauðsynlegt er að menn skilji að oldur óskapnaðarins eru að brjóta sér leið inn í vitund mannkynsins. Framþróun er andstæða óskapnaðarins. Við skulum ekki vera ónæm fyrir drunum óskapnaðarins!

284. Aðeins með erfiðismunum dirfist fólk að mæla fram hið einfalda lögðmál: „Blessaðir séu erfiðleikarnir, því vegna þeirra vöxum við.“ Nógu

fúslega viðurkenna menn nauðsyn prófa, svo lengi sem þau hafa ekki hafist. Enginn er fús til að flýta framförum sínum með því að ganga í gegnum erfiðleika.

Samt finnst mönnum enn illþolanlegra að heyra um gagnsemi þjáninga. Ástæðan er ekki ótti við þjáningar eða óþægindi, heldur geta menn ekki gert sér í hugarlund líf sem nær út fyrir jarðneska tilveru. Þeir eru fúsir til að þola óþægindi hvaða næturstaðar sem er vegna hátíða morgundagsins, en þeir eru ófúsir að lifa hinu jarðneska lífi með hliðsjón af óendanleikanum.

Af öllu því sem hin hugsandi lífvera gerir er óttinn við óendanleikann sú vanvirða sem síst er við hæfi.

285. Hvar er hægt að ímynda sér hugsun um óendanleikann ef maðurinn takmarkar sig við jarðneska tilveru? Enginn hjálpar barninu að líta með fögnuði til framtíðarinnar, þess vegna er litið á vinnuna sem böл. Að vísu hefur meðalævi fólks verið lengd, en hvaða gildi hefur slík lenging ef menn halda áfram að virða að vettugi tign óendanleikans!

286. Önnur takmörkun sem er til trafala fyrir framför mannsins er hversu litla athygli hann veitir því sem er að gerast allt í kringum hann. Hann þráir það sem tilheyrir öðrum; aðeins eitthvað sem er framandi vekur athygli hans; en hið nánasta og dýrmætasta vekur enga athygli hans og er ekki tilefni til athugunar. Svo rangt gildismat er afleiðing fáfræði. Þetta ástand er mjög algengt, en hin þroskaða vitund verður að leiðréttta svo takmarkaða hugsun.

Sýna verður öllum hlutum hyggilega aðgát.

287. Sálfræði er vísindi hugsana. Rannsókn hugsana er ekki hægt að takmarka við einn mann eða eina manngerð. Samanburður á vitund manna af mismunandi þjóðerni mun leiða í ljós óvæntar niðurstöður. Sjá má hversu hugræn geta er óháð hinni ytri menningu. Einnig geta menn fullvissað sig um að ríkidæmi er ekki í neinum tengslum við hugsun. Að því er virðist stuðla erfiðar kringumstæður að djúpstæðari hugsun. Fátækt auðveldar hreinsun vitundarinnar.

Sagan sýnir okkur hvernig hreiður sannra hugsana hafa orðið til, því eru vísindi hugsunarinnar vísindi þess að vera til. Það er ekki við hæfi að flækja rannsókn hugsunar með nokkurs konar takmörkunum. Að auki, þessi vísindi verða að alltaf að vera lifandi því hugsun lifir stöðugt í geimnum. Því er það svo að framsækin rannsókn hugsunar leiðir til skilnings á svonefndum dulrænum fyrirbrigðum sem eru ekkert annað en óþekkt sálarorka í hinum mismunandi formum sínum.

288. Illviljaðar bænir og sjálfsmeðaumkun eru algerlega óleyfilegar. Þegar maðurinn hrópar upp — hvers vegna? — er hann hvorki að hugsa um fortíð né framtíð. Hann einangrar sig frá hinum æðri öflum eins og hann sé að ásaka þau. Vei þeim manni sem nauðar í hinum æðri öflum til að fá þau til að skaða aðra. Bæði hégómleiki og fáfræði enduróma þegar maðurinn reynir að beina hinum æðri öflum inn á braut haturs og illsku í stað þess að hann

sjálfur sameinist þeim.

289. Gerðar hafa verið hinar furðulegustu tilraunir til að rannsaka hugsanaflutning úr fjarlægð. Menn hafa tengt tvær persónur saman með því að binda um úlnlið þeirra vaxborinn silkiþráð. Þeir athuguðu vandlega hreinleika silkisins og eiginleika vaxins. Þeir brutu heilann mikið um hvernig best væri að einangra þráðinn frá jörðinni. En það var langt frá því að þeir myndu eftir því að sálræn orka þarf hvorki á þræði né vaxi að halda. Menn álykta að hjálpartækin hafi raunverulega eitthvað með árangur að gera, en sá sem fyrst stakk upp á þessari aðferð leit einfaldlega á þráðinn sem tákni til að nota við að einbeita athyglinni.

290. Fyrst að hugsanaflutingur milli fjarlægra aðila er staðreynd, þá hlýtur að vera mögulegt að stöðva eða trufla slíkar hugsanir í geimnum. Menn skyldu einmitt hafa þessa möguleika vandlega í huga. Auk truflana af völdum utanaðkomandi hugsana, bæði í jarðneska og fíngerða heiminum, eru mögulegar sérstakar kringumstæður sem stuðla að því að trufla hugsanasendingar. Einsleitni áranna getur auðveldað móttöku hugsana; þegar fólk hefur verið lengi í sambúð eða skrifast á, getur það tengst hugsanastraumi. Ef þannig fólk verður hættulegt, er nauðsynlegt að rjúfa tengsl áranna. Slíkt má ekki gerast án undirbúnings, því þá getur það skaðað heilsuna. Það verður að gerast eftir náttúrulegum leiðum.

291. Öllu ójafnvægisástandi verður vissulega að eyða með aðferðum náttúrunnar. Ekki er hægt að stöðva ástríðufullt ójafnvægi með skipun eða þvingun. Stöðug viðleitni byggir trausta brú á grunni hreinnar vitundar. Menn verða að koma auga á gagnsemina og þá mun sönn þróun verða. En án skilnings er ómögulegt að sigrast á lágstæðum jarðneskum hvötum.

Hjúpurinn næst jörðu er þéttur af ástríðum mannkynsins. Enginn utanaðkomandi kraftur mun eyða þessari þoku sem mannkynið sjálft hefur framleitt. Samhljómur, litur og hinrar bestu hugsanir mynda móteitur gegn smiti óskapnaðarins.

292. Á tínum þegar straumar eru sérstaklega stríðir, verður fræðarinn að minna á allar þær kringumstæður þar sem þörf er á athöfn til mótvægis. Ekki skyldi líta svo á að slíkar endurtekningar séu vegna gleymsku manna, þær eru aðeins til eflingar þegar atburðir gerast svo margbrotnir að það virðist sem skýrleiki leiðarinnar tapist.

Þegar viðburðir gerast mjög margbrotnir er það vegna þess að hinu skapaða og óskapnaðinum eða ljósi og myrkri slær saman. Þegar slík gífurleg átök gerast verða mörg millistig áberandi, þar af leiðir að það er augljóst að margt verður illskiljanlegt fyrir þeim sem ekki geta greint nákvæmlega hin fíngerðustu blæbrigði. Umhverfis regnbogann eru mörg og mismunandi ljósbrotr.

293. Ef rannsökuð væru þau efni sem falla á borgir úr geimnum, myndi

eitthvað sem líkist illskuhvata finnast á meðal hinna eitruðu efna. Þegar þetta eitur er rannsakað vandlega kemst maður að þeirri niðurstöður að það sé upprunnið frá útöndun hins illa. Án efa ber illsku-mettuð útöndun með sér skaðleg áhrif. Ef eitur getur orðið til í lífkerfinu vegna skapillsku, og ef hægt er að gera salvíu eitraða, þá hlýtur andardrátturinn einnig að geta orðið eiturberi. Nauðsynlegt er að áætla hve mikilli illsku er andað út og hve margbreytileg illска þjappast saman í hinum nýju eiturtegundum sem er að finna í miklum mannfjölda. Við þetta bætist margs konar ódaunn af rotnandi matarleifum og alls kyns rusli sem er að finna á víð og dreif um stræti borganna. Tími er kominn til að huga að hreinsun bakgarðanna. Hreinleiki er nauðsynlegur utan dyra og í andardrátti manna. Illskuhvatinn sem geðillt fólk andar frá sér er sambærilegur við óþverra eða skamarlegan úrgang. Það er áríðandi að láta fólk verða sér meðvitað um þá staðreynd að allur óþverri skaðar þá sem nálægir eru. Óþverri siðspillingarinnar er verri en nokkur úrgangsefni.

294. Ekkert getur réttlætt sjálfskapaða eitrun, hún er sambærileg við morð eða sjálfsmorð. Jafnvel hið óþroskaðasta fólk skynjar þegar slíkur eiturberi nálgast. Þjáning, óróleiki og ótti fylgja honum. Margir efnislegir sjúkdómar brjótast út sem afleiðing af því að illskuhvati smýgur inn — rétt eins og eldibrandur hafi náð að brjótast inn.

295. Hraði hugsanasendinga úr fjarska er ótrúlegur. En til eru aðstæður

sem hindra jafnvel þessa eldings-hröðu orku, það er andrúmsloft sem mengað er eitri illskunnar. Athuganir á hugsun geta leitt í ljós athyglisverðar niðurstöður sem varða bæði hið efnislega og hið sálræna. Sjá má hvernig illar hugsanir leiða af sér illskuhvata sem er efnislegt fyrirbrigði; þetta sama efni tengist einnig í sálrænum sendingum og getur jafnvel hindrað skjóta viðtöku sendinganna. Þannig getur illskuhvatinn stig af stigi gert áhrif hugsana minni. Gerið ykkur grein fyrir því að illskuhvatinn orsakast af sjálfselsku og verkun hans nær út til fjöldans. Þetta þýðir að sjálfselska er glæpsamleg ekki aðeins gagnvart hinum eicingjarna manni sjálfum heldur einnig gagnvart fólk almennt.

Margar hinna gagnlegustu athugana verða til þegar gerðar eru tilraunir með hugsun. Einmitt slíkt endurvarp felur í sér andstæðu sjálfseskunnar. Sérhver þjáning felur í sér framför.

296. Sjá má margar frumstæðar aðferðir til að bæta minnið. Lesa má um þjóðhöfðingja einn sem beygði höfuð sitt niður að hnjam í þeirri von að breyting á hringrás blóðsins myndi vekja minni hans úr dvala. Þekkt er að einbúar berja sér á brjóst til að örva svörun kaleiksins. Af mörgum dæmum má ljóst vera að hringrás blóðsins tengist sálrænni starfsemi. Því er mjög nauðsynlegt að virða vísindin sem rannsaka hina efnislegu hlið lífsins, en á sama tíma leiða þau í ljós nýtt andlegt samband sem innbyggt er í allri tilverunni.

297. Gott hljóðfæri sýnir af sér nýja eiginleika við hverja þraut. Sannlega, allt sem af hagleik er gert þolir hvaða prófraun sem er. Hvert próf leiðir í ljós nýjar aðstæður sem ekki yrði tekið eftir að öðrum kosti. Hver sá sem óttast prófraun er fáfróður hugleysingi. Þegar maðurinn er reiðubúinn í hjarta sínu að gangast í gegnum alla lífsreynslu getur hann farið að hugsa um framfarir; hann getur greint á milli skaða og gagns.

Mikil gleði er að helga sig því sem er öllum til góðs, ekki aðeins í hugsun heldur í meðvitaðri framför!

298. Við minnumst oft á lækna og vísindamenn, en það má ekki líta svo á að ekki ætti einnig að minnast á aðrar starfsgreinar þegar rætt er um æðri heiminn. Geta lögfræðingar og dómarar beitt jarðneskum lögum ef þeir gera sér enga grein fyrir lögum alheimsins? Hvernig geta þeir komið á jarðneskum lögum án þess að leiða hugann að alheimslegu réttlæti? Það er ómögulegt að einangra jörðina frá öllum heimunum; nauðsynlegt er að skilja samverkun hins jarðneska heims og fíngerða heimsins í þeim tilgangi að ávinna sér rétt til að dæma framferði manna. Rangt er að takmarka sig við fyrri tíma ómarkvissar ákvarðanir sem eru óviðeigandi við núverandi aðstæður. Hvert tímiskeið býr yfir sínum sérkennum, og án þess að hafa skýra yfirsýn yfir þróunaraðstæður mun réttinum skeika. Sannlega, dómarinn tekur á sig mikla ábyrgð ef hann á að standa við stjórnvöl hins alheimslega réttlætis.

299. Á sama hátt verða arkitektar að auðga vitund sína með andagift

frá fjárhirlum hinna alheimslegu vitsmuna. Stíll hvers tíma mólast af lífi sem borið er á vængjum þekkingar. Hversu glæstar eru þær byggingar sem mótaðar eru af hugsun fegurðar! Í uppbyggjandi innblæstri þeirra má sjá framþróun heilla tímabila. Gæði bygginganna skynjast í styrkleika byggingarefnanna. Byggingameistarinn verður einnig að þekkja það efni sem endist. Getur hann afneitað æðri heiminum?

300. Það er að bera í bakkafullan lækinn að tala við skáld, tónlistarmenn, myndlistarmenn, myndhöggvara og söngvara um gildi þess að sækjast eftir æðri heiminum, vegna þess að fegurðartjáning þeirra byggist á innblæstri. En hver getur skilgreint markalínuna á milli innblásturs og helgivalds-innblásturs? Slíka markalínu er ekki hægt að draga. Öll andagift ber með sér einhvern vott helgivalds-innblásturs. Aðeins hjartað sjálft getur ákvarðað hversu háleitur hann er. Hinn sanni þáttakandi fegurðar getur skynjað hið leiðbeinandi lögmál sem vakir yfir jarðneskri tjáningu. Því er engin þörf á að sannfæra þjóna fegurðarinnar um háleita tinda hans.

Sá sem finnur engan skjálfta við sköpun fegurðar sáir engum fræjum í akur sköpunarinnar.

301. Né heldur geta önnur starfssvið mannkynsins hafnað hinu æðra lögmáli. Ef sá sem yrkir jörðina er aðeins þræll sinna daglegu starfa mun vinna hans aldrei verða upphafin. Öll störf búa yfir eigin skapandi sviði. Jarðneskar hugsanir binda manninn við jarðnesk takmörk, en í þróun felst hið æðra

lögmál.

Það væri gagnlegt að skrifa bækur um margvísleg svið allra starfa. Þar ætti að bera saman ánauðuga og takmarkaða vinnu við óbundið skapandi starf. Nauðsynlegt er að sýna fram á með vísindalegum hætti þá möguleika sem hugsanlegir eru með endursköpun eiginleika vinnunnar. Fólk sem er þjakað og þrúgað af daglegum vanastörfum missir sjónir af sjóndeildarhringnum. Augu mannsins geta heldur ekki aðlagast skærri birtu ljóssins á svipstundu. Látið vísindin aðstoða á allan hátt við að víkka út sjóndeildarhringinn.

302. Í smáatriðum hins daglega lífs má sjá hversu margar kosmískar sveiflur snerta jörðina. Aðeins hinir fáfróðu afneita tíðum ferðum hinna miklu strauma um geiminn. Hægt er að segja fyrir um atburði, en einnig er mikilvægt að sjá samhengi atburða og sálrænna og efnislegra fyrirbrigða. Mögulegt er með einskærri athugun á náttúrunni og án hjálpar stjörnuspekkinnar að gera samanburð á efnislegum fyrirbrigðum og atburðum samtímans.

Mannkynið skapar fleira en margur hyggur.

303. Segið mönnunum: „Eyðið ekki orku ykkar; óánægja, efi, sjálfsvorkun, allt þetta gengur á forða sálarorkunnar.“ Hvílik sjón er að sjá starf hjúpað hulu! Bera skyldi saman ávexti starfs sem er opið og lýsandi við ávexti þess starfs sem hjúpað er hulu manns sem rænt hefur sjálfan sig.

Ég álít að vísindin ættu einnig að veita aðstoð við þetta verkefni. Nú

þegar eru til tæki til að mæla blóðþrýsting og það munu einnig verða til tæki til að gera samanburð á ástandi lífkerfisins í ofhlöðnu og upphöfnu ástandi. Hægt er að sýna fram á að maður sem er ósnortinn af áhrifum hinna þriggja ofangreindra eitursnáka vinnur starf sitt tíu sinnum betur en ella; að auki býr hann yfir ónæmi gegn öllum sjúkdómum. Þannig er aftur hægt að sjá á skýran hátt að hið sálræna eðli ræður ríkjum yfir hinu efnislega.

Það er greinilegt, sérstaklega nú á tínum, hversu miklum skaða mannkynið veldur sjálfu sér. Sérhver hugsun er annað hvort sem hleðslusteinn í bygginguna eða eitur í hjartanu. Ekki skyldi ætla að við höfum neitt nýtt í huga þegar við ræðum um sjálfseitrun — þau sannindi eru jafngömul heiminum! En þegar skipið er að sigla í strand þarf að stefna öllum kröftum saman til hins sameiginlega verkefnis.

304. Jarðneskar áhyggjur eru sem skriða fallandi steina í fjallshlíð. Því neðar sem þeir falla þeim mun ónotalegri verða áhrif skriðunnar. Væri ekki betra að klífa upp á tindinn þar sem enga fallandi steina er að finna? Uppgangan umbreytir einnig viðhorfi mannsins til jarðneskra áhyggna. Jafnvel þó þær hverfi ekki hefur merking þeirra breyst.

Þannig má sjá hve tindurinn hefur marga kosti í samanburði við gilskorninginn.

305. Haldning og sjálfseitrun eru náskyld. Bæði eru jafn óþekkt meðal almennings. Þegar sjálfseitrun á sér stað er haldning sérstaklega auðveld, en

í ástandi haldningar er sjálfseitrun óumflýjanleg um síðir; slík eitrun er óafmáanleg. Sumt fólk heldur því fram að heilsan versni ekki heldur batni jafnvel við haldningu. Slíkt er mikill misskilningur, það sem virðist vera góð heilsa er aðeins afleiðing taugaspennu. Það sem meira er, innrás utanaðkomandi orku opnar óhjákvæmilega inngönguleið fyrir margs konar sýkingar. Haldning er ekki dulargáfa, en hún hefur áhrif á allt lífkerfið. Við skulum taka það skýrt fram að haldning er ekki aðeins sálrvænn sjúkdómur heldur einnig vísbending um að allt lífkerfið sé sýkt. Margar farsóttir eiga rót sína að rekja til haldningar. Hin myrka haldningarvera ber vissulega enga umhyggju fyrir heilsu fórnarlambs síns. Sérhver sjúkdómur er í sjálfum sér upplausnarkraftur sem geðjast hinum myrku öflum vel. Tvær gerðir sálrvænn orkutegunda geta ekki lifað lengi í sambýli. Öðru hverju kann haldningin að víkja frá um stundarsakir; slíka aðferð nota haldningaverurnar ef þær telja fórnarlömb sín einhvers virði.

306. Öflug viðleitni og þrá til æðri heimsins er besta hjálpin gegn haldningu. Hugleiðing um æðri heiminn hefur sannast vera besta móteitrið. Háleitar hugsanir hafa ekki aðeins áhrif á efni tauganna, þær hreinsa einnig blóðið. Sérlega fræðandi eru rannsóknir á samsetningu blóðsins við mismunandi hugsanir sjúklingsins.

307. Andrúmsloftið er sannarlega þungt. Við tökum eftir því að sviðið næst jörðinni hefur þést. Orsakirnar eru margar, en óhugsandi er að stríðið

hafi ekki sínar afleiðingar. Þeim mun nauðsynlegra er að gæta heilsunnar, í raun er nauðsynlegt að hyggja vel að öllum hlutum.

Þegar ég ræði um einingu, hef ég ekki aðeins í huga andlega nauðsyn heldur einnig líkamlega heilsu. Fólk kýs að vera án vitneskjú um hið síðarnefnda, en harmar síðar hinar sorglegu afleiðingar.

308. Í afturbata má stöku sinnum sjá að eitthvað hindrar framför. Ætla mætti að sjúklingurinn sjálfur hindri starf lífkerfisins með neikvæðri afstöðu, en mögulegt er að verða þess viss að aðrar orsakir eru til staðar sem eru utan áhrifasviðs mannsins. Straumar úr umhverfinu geta haft sterk áhrif á allar verkanir. Í sjúkrahúsum, þar sem hægt er að gera athuganir á mörgum einstaklingum, ættu sérfræðingar að rannsaka ástæður mismunandi svarana við sama lyfi. Margar vísbendingar varðandi þetta er að finna í umhverfisaðstæðum. Ekki skyldi ætla að heiður blár himinn sé nauðsynlega vísbending um gagnlega strauma; það má vera að þungbúinn og drungalegur himinn beri með sér betri strauma.

Lítt er skeytt um strauma úr geimnum og lítill gaumur gefinn hinum ýmsu geðbrigðum manna. Ekki er hægt að segja að allt orsakist af hugsunum sem fylla rúmið. Til staðar eru einnig hinar fíngerðu efnabreytingar hinna fjarlægu veralda; slíkir straumar komast í snertingu við hin lægri yfirjarðnesku svið. Hægt er að gera sér í hugarlund þær samsetningar sem það veldur! Einnig hvað þetta varðar skeytir maðurinn of lítið um náunga sinn.

309. Sjáið þróun vísindanna síðustu hálfa öldina; framþróun þekkingarinnar er ótrúleg. Skólarnir ættu að sýna vísindin eins og þau voru fyrir fimmtíu árum og eins og þau eru nú. Svo áhrifamikill samanburður getur opnað augu manna fyrir möguleikum framtíðarinnar. Enginn ætti að vera svo formyrkvaður að vilja hindra þróun þekkingarinnar. Sá sem ofsækir vísindin hefur ekki mennskar taugar í sér. Við munum ekki hætta að endurtaka þessa ákæru á meðan slík ill hugsun er við líði.

Slík áminning er ekki síður tímabær af þeirri ástæðu að vísindin hafa ekki, þrátt fyrir hraðan vöxt sinn, áorkað einum tíunda af því sem þeim var ætlað á þessu tímabili. Tregðu mannkynsins má kenna um að miklu leyti. En þrátt fyrir það er grátlegt að sjá að hinir fremstu meðal vísindamanna eru lítils metnir. Menn vilja rannsaka geiminn, kanna lofhjúpinn, gera athuganir með sjónaukum og rannsaka stjörnurnar — en allt er þetta bundið sem í vítahring, vegna þess að ekki er búið að uppgötva sálarorkuna. Án hennar er hin djarfasta flugferð aðeins sem barnagaman. Án sálarorkunnar verður erfitt að rata um stigu geimsins.

Það sama er að segja um öll svið vísindanna. Það er ekkert vit í því að hafa að engu hina æðri orku. Alveg eins og á tímum trúarbragðastyrjaldar og ofskóna verða þeir sem búa yfir djarfri og næmri skynjun að dyljast eins og gullgerðarmennirnir fyrr á tímum. Svo skamarlegt ástand er óþolandí.

310. Ekki má líta svo á að eftirhreytur rannsóknarréttarins geti ekki starfað á okkar tímum. Til allrar óhamingju finnur hann sér starfsvettvang á

mörgum sviðum. Mörg svið lífsins eru undir þrýstingi rannsóknarréttarins. Sannarlega veikir þetta myrka fyrirbrigði hinum bestu framkvæmdir. Myrkrið býr um sig í höllum jafnt og hreysum.

Við skulum ekki láta sefjast af þeirri hugmynd að einhverjir snilldarhugir leysi vandann fyrir alla. Mannkyninu ber skylda til að hugsa; það verður að berjast í sameiningu fyrir markmiðum sínum. Það er ekki hægt að leyfa óskapnaði fáfræðinnar að brjótast inn í glysklæðum og gera gys að þekkingunni.

311. Komið er á fót stofnunum í ýmsum löndum til að rannsaka ástand andrúmsloftsins. Veðurfræðilegar athuganir í fjarlægum löndum hafa vissulega mikið gildi.

Með sömu nákvæmni ætti að samræma athuganir á sálrænni orku í mismunandi löndum. Sjá má einstöku sinnum í löndum sem liggja fjarri hvoru öðru að andlegar öldur blossa upp samtímis eins og endurvarp einhverra æðri orsaka. Á sama hátt má sjá andlega lægð koma fram hjá mjög ólíkum þjóðum. Slík fjöldaáhrif verður að rannsaka. En engar stofnanir eru til sem gætu tekið að sér svo mikilvægt verkefni. Ef til vill má finna einstaklinga sem skilja mikilvægi slíks samanburðar, en þar sem athuganir þeirra eru ósamhæfðar leiða þær aðeins til ringulreiðar og efasemda. Það virðast vera til félög sem helga sig hinni æðri visku, en í þeim eru engar deildir sem sinna vísindarannsóknum.

Það ætti að vera samvinna meðal allra þjóða um vandlega athugun og

samanburð á raunbirtingum sálrænnar orku. Algildi athugananna mun sýna fram á einingu hinnar æðri orku. Aðeins með slíkum athugunum er mögulegt að öðlast skýra hugmynd um æðri heiminn eftir náttúrulegum leiðum.

Hvaða tunga, hvaða orð, geta fært mönnum skilning á því í hverju hin sanna framför þeirra liggar!

312. Tímarnir eru sannarlega ógnvænlegir, samt skynjar meirihluti manna ekki orsakir þess. Það ætti að blása í alla lúðra og tilkynna — Armageddon! En fólk mun aðeins spyrja; „Hvað kostar pundið af Armageddon?“ Aldrei áður hafa menn ruglað eins saman hinu léttvæga og hinu mikilvæga. Betra væri, ef fólk skilur ekki, að það láti að minnsta kosti vera að blanda sér í bardagann, því með slíku gerir það beinstu leiðirnar ógreiðfærar.

313. Mikið er um vanþakklæti. Ég ráðlegg ykkur að birgja ykkur upp í framtíðinni af þolinmæði gegn vanþakklæti og fávisku. Ókunnugir eru oft tillitssamari, því er flokkun okkar á fólk fyrst og fremst byggð á þakklátsemi.

314. Allir geta séð merki um sálræna orku hvar sem er og hvenær sem er. Það þarf að beita athyglinni og skrifa minnispunkta um það sem gerist, það er sama hversu smávægilegir þeir eru. Vissulega má finna meðal þeirra ýmsa sem að engu gagni koma, en slíkt skiptir ekki máli. Skrifadeðar heimildir hafa mjög mikla þýðingu, vegna þess að raunbirting sálarorku gleymist

undrafljótt. Daglega gerist eitthvað óvenjulegt. Ekki skyldi ætla að eingöngu áberandi fyrirbrigði hafi eitthvert gildi, stundum getur það að öðlast skilning á hugmynd eða það að finna ákveðnar gagnlegar blaðsíður sýnt fram á mjög mikilvægt dæmi um hvernig sálarorkan starfar. Þess utan, leið athyglinnar gefur einnig þolinmæði sem er ómissandi eiginleiki fyrir þann sem rannsakar.

315. Þið eigið í bréfaskriftum við ýmis lönd. Ef vinir ykkar fara að skrá hjá sér slíka punkta um sálarorku, er hægt að gera mikilvægan samanburð, ekki aðeins á staðreyndunum sem slíkum, heldur einnig á einstaklingsbundnum viðhorfum gagnvart þeim. Að auki gefa loftslag og staðbundnir atburðir óhjákvæmilega sérstakan blæ. Með slíkum skrifum er hægt að skoða breytilegar aðstæður lífsins í heild sinni. Stöðugleiki einbeitrar athygli gerir athugunina dýpri.

316. Sú hugmynd er rétt að skrifa hjá sér minnispunkta um hinar mismunandi reglugerðir og stofnanir sem eru mannkyninu gagnlegar. Þróunin þarf á nýjum formum að halda á öllum sviðum. Menn ættu að koma auga á gagnlegar ályktanir sem hægt er að draga af kringumstæðum sem þegar eru fastmótaðar. Ystu mörk þekkingarinnar eru stöðugt að víkka út. Verið er að mynda nýjar tengingar milli hinna ýmsu sviða vísindanna. Margt af því sem áður var talið einangruð fyrirbrigði hefur verið sannað að á sér sameiginlega rót. Þörfir fyrir nýja samvinnu milli mismunandi sviða er augljós. Nauðsynlegt er að skoða vandlega hinar fyrri aðgreiningar og setja í stað þeirra aðrar sem

eru betur við hæfi. Þörf fyrir slíkt er fyrir hendi á öllum sviðum lífsins — allt frá heimspeki og trú til hinna hagnýtstu vísindagreina.

Þegar ég nota orðið *hagnýtur*, á ég ekki við bókstaflega merkingu orðsins, ég nota aðeins hina almennt viðurkenndu tjáningu. Gagnsemi er vissulega víðs fjarri því sem menn kalla hentugt. Sú hæfni að sjá hve hið gagnlega er langt hafið yfir hið vélræna viðhorf til lífsins gerir kleift að skilja hve mikla þörf mannkynið hefur fyrir endurnýjun vegna þróunarinnar.

Ekki ætti að láta það á sig fá þó svo að vissar þarfar stofnanir öðlist ekki viðurkenningu strax. Lát hugsun starfa í sífellu. Fólk nær ekki að fylgja eftir flugi hugsunar, samt er það hugsun sem þrátt fyrir allt leiðir heiminn.

317. Spyrja má: „Hvert er sambandið á milli Aum og þarfra stofnana?“ Bæði eru þau tjáning samræmis; því ekki er mögulegt að aðgreina háleit hugtök. Aðeins fordómar eru svo blindir að sjá ekki þær brautir sem leiða til einingar.

318. Stundum nær fólk stigi sem er svo takmarkað að því tekst að gera alla hluti einskis verða. Fyrir þeim er hið allra æðsta samneyti aðeins vatn á mylluna! Viðleitninni hrakar vegna alls konar hjátrúar. Slík sýking grefur um sig hjá hinu ólíkasta fólk.

Sagt hefur verið um Miðveginn eða Hinn gullna veg: „Réttara er að kalla hann stíg, svo þróngt er skarðið milli óvættanna.“

319. Mörg ljón eru á vegi framfaranna. Óvættir þessir taka á sig ýmsa liti. Meðal hinna ógeðfelldstu er hinn drungalegi dreki daglegs vana. Hann gerir jafnvel hið háleitasta samneyti að innantómum gráum hversdagsleika. Samt veit fólk, jafnvel í daglegu lífi sínu, hvernig á að viðhalda ferskleika endurnýjunarinnar. Fólk þvær sér daglega og er sem endurnært þegar það tekst á við næsta verkefni. Á sama hátt ætti hin andlega laugun ekki að verða að rykugu striti. Fáir kunna að sigrast á dreka hins daglega vana. En slíkar hetjur tífalda krafta sína, og dag hvern lyfta þeir augum sínum á ný til himnanna.

Óendanleikinn er til, því er ekki til eitt einasta hversdagslegt augnablik í anda mannsins. Einstæði skynjunar getur veitt gleði. En háleitt samneyti getur ekki orðið hversdagslegt. Í óendanleikanum finnast ekki leiðindi, þau er aðeins að finna í takmörkunum mannsins.

Leyfið ekki hinum gráa dreka að sigra. Hann er ekki sterkur í raun, og ógeðfeldni hans felst aðeins í ljótleika vanans. Hinn grái dreki getur ekki þrifist þar sem búið er að hreinsa burt allan ljótleika og óþrif. Þannig er sigur yfir hversdagsleikanum virðing við æðri heiminn.

320. Hver sá sem ann nákvæmri vitneskju verður að vita hvernig á að afla hennar. Margir tala um hversu þeir unna nákvæmri vitneskju, en í raun klæða þeir hverja staðreynd í trúðsbúning fordómannna. Þeir skynja ekki óraunveruleika sinna eigin forsendna. Þeir kvarta sáran yfir því að rannsóknarefnin séu ófullnægjandi, en láta á sama tíma hina óvenjulegustu

atburði fram hjá sér fara. Þeir myndu umsnúa alheiminum í samræmi við ástand síns eigin maga. Þeir hafna hinum augljósustu fyrirbrigðum ef þau eru þeim ekki að skapi. En getur þetta verið leið hinnar nákvæmu þekkingar? Hvar er þá þolinmæðin? Hvar góðviljinn? Hvar hin óþreytandi elja? Hvar rannsóknin? Hvar athyglis sem opnar hliðin?

Verum óþreytandi við að endurtaka hversu greiðlega öll hlið opnast þegar umkvörtun, óánægja og höfnun eru ekki til staðar.

321. Sandstormar eru uppsprettur sýkingar. Við skulum taka eftir því hvar þessar óttalegu eyðingaröldur fara um. Það er langt frá því að vera gagnlegt að leyfa slíka eyðileggingu. Réttilega getur fólk fordæmt þá sem hafa leyft eyðingu lífs. Öldum saman hefur fólk lagt fram sinn skerf við að fylla lægri svið andrúmsloftsins rotnandi ögnum.

Er ekki kominn tími til að íhuga sambandið á milli hinnar sálrvænu orku og lofhjúpsins allt umhverfis? Það er ekki leyfilegt að eitra sálrvæna orku heilla kynslóða! Svo margar fagrar sálir farast vegna eitrunar plánetunnar!

322. Hrynjandi vinnunnar er prýði heimsins. Líta má á vinnu sem sigur á vana hversdagsins. Sérhver vinnusamur maður er velgjörðamaður mannkyns. Að ímynda sér jörðina án verkamanna er það sama og sjá allt hverfa til óskapnaðarins. Í deiglu vinnunnar mótaðist ósigrandi þrautseigja; því einmitt í hinni daglegu vinnu safnast fjársjóðurinn. Hinn sanni verkamaður ann vinnu sinni og skilur mikilvægi þenslu.

Áður hefur vinnu verið líkt við bæn. Hin æðsta eining og gæði starfsins stafar frá hrynjandi hennar. Hin besta vinna framkallar hrynjandi fegurðarinnar. Í sérhverju starfi er fegurðina að finna.

Vinna, bæn, fegurð — allt eru þetta hliðar á hinum mikla kristal tilverunnar.

323. Að starfi loknu er verkamaðurinn betri og umburðarlyndari. Í vinnu fullkomnast margt. Í starfi felst þróun!

324. Sköpun hins góða ætti að vera svo eðlilegt viðfangsefni mannsins að um það ætti ekki að þurfa að ræða. Ekki getur maðurinn bent á góðverk sín sem eitthvað óvanalegt; því þá mætti gera ráð fyrir því að hið illa sé hið venjulega ástand mannsins, og hið góða aðeins undantekning sem sjaldan kemur fyrir.

Í gegnum árbúsundin hafa orðið mörg mistök. Fólk fór að gera gull að mælistiku fyrir hið góða. Menn báru gull og dýra steina inn í musterin og voru þess fullvissir að slíkt væri ígildi þess besta sem fáanlegt væri í heiminum. Menn fylltust fölskum hugmyndum um verðmæti; þeir minntust þjóðsögunnar um gullið sem uppsprettu hins illa, en voru fljótir að umsnúa henni í ævintýri. Saga mannkynsins geymir mörg dæmi um uppreisn gegn gulli. Allir miklar fræðrarar hafa barist gegn gulli, en menn hafa hraðað sér að koma fyrir kattarnef öllum þeim djörfu uppreisnarmönnum sem barist hafa gegn hinu dáða átrúnaðargoði þeirra. Ég á vissulega ekki við gullið sjálft heldur allan

þann óhugnað sem það er umvafið.

325. Meðal þeirra leyndardóma, sem ekki er auðvelt að ráða, er vitneskjan um það hver uppsker mest af því góða sem sent er. Enginn veit hverjum hið góða sem hann sendi hefur hjálpað. Gera má ráð fyrir að hugsun góðvildar nái til einhverrar ákveðinnar persónu, en það er aðeins tilgáta. Það má vera að hugsunin hafi komið einhverjum algerlega ókunnugum stórlega til hjálpar. Slík hugsun er sendiboði hins góða, en manninum sem bjargað var er ókunnugt um bjargvætt sinn; svo að þakklæti hans stígur upp til æðri heimsins. Þegar hann, frá sér numinn, vill tjá þakklæti sitt lítur hann upp í átt til hinnar eilífu deiglu skapandi hugsunar.

326. Hugsanir óþekktra manna vekja einnig leynda þakklátsemi. Sérhver góð hugsun hlýtur mikið þakklæti. Það er ekki okkar að dæma hvar söngur þakklætisins mun hljóma. Þakklæti þarfust ekki skilgreiningar. Hinn fegursti söngur þakklætis hljómar á stundu gleðinnar; en hugsun slíkrar gleði hlýtur að eiga sér upptök hjá einhverjum.

Segjum með þakklæti — Aum!

327. Ef maðurinn lærir ekki þolinmæði, stillingu og dómgreind eftir lestur fjölda bóka um hið góða, þá er hann ekki þess verður að kallast maður. Ekkert þakklæti hljómar frá slíku steinhjarta. Ég ræði oft um eiginleika þakklætis með mismunandi táknum. Bráðnauðsynlegt er að skilja eðli

þakklætis — það er hinn fasti punktur tilverunnar.

328. Leyndardómur viðheldur veröldinni. Öll viskurit tala um leyndardóminn, hið helga. En einnig hefur verið sagt að sá leyndardómur sé ekki til sem ekki verði gerður opinber. Þeir sem leita ákafir að mótsögnum geta fagnað, því þeim virðist sem ósættanlegt misræmi hafi uppgötvast. En dómur þeirra byggist á jarðneskri viðmiðun, og að sjálfsögðu virðist þeim allt yfir-jarðneskt vera órökrétt. En notið þessi sömu orð um fíngerða heiminn og æðri heiminn og skýring fæst á hinu jarðneska ósamræmi. Allt sem gert er í leyndum á jörðinni er vissulega opinbert á hinu æðra sviði, og hinn óræði leyndardómur reynist rökréttur á sviði óendanleikans.

Nauðsynlegt er að vita hvernig á að leggja mat á jarðneskar mótsagnir; þær stafa einfaldlega af takmörkunum hugans. Jafn skjótt og skilningur fæst í raun á hinum æðri heimum skýrist hið jarðneska ósamræmi.

329. Það er leitt að gagnlegt próf sem þreytt var við stúdentspróf skuli nú hafa verið lagt niður. Neminn fékk það verkefni að skýra kenningu að eigin vali fyrir mjög ólíkum áheyrendum. Það krafðist þess að notuð væru hugtök sem öllum væru skiljanleg, en það var erfitt verkefni. Vegna sumra varð hann að finna einföld orð, án þess þó að hinum fróðari meðal hlustenda myndi leiðast. Þó svo áheyrendur væru ekki alltaf fullkomlega ánægðir gerðu nemarnir samt sitt besta til að gera sig skiljanlega og fjalla jafnframt um flókin og háleit hugtök. Slíkar æfingar eru alltaf gagnlegar.

330. Sérstaklega skal gæta þess að fremja ekki óréttlæti; frá því stafar hið ljóta. Maðurinn ætti að skynja hvar óréttlætið byrjar. Skilgreining þess býr ekki í orðum heldur í hjartanu.

331. Maðurinn telur sig sterkan þegar hann er reiður eða uppstökkur — en slíkt er aðeins samkvæmt jarðneskum viðmiðunum. Frá fíngerða heiminum séð er hinn uppstökki maður sérlega kraftlaus. Hann dregur til sína fjölda af smáum verum sem nærast á reiðinni sem frá honum stafar. Að auki rýfur hann sinn eigin varnarskjöld og leyfir jafnvel lágstæðum verum að lesa hugsanir sínar. Af því leiðir að ekki er leyfilegt að vera á valdi reiði eða skapillsku, því það veldur ekki aðeins illskuhvata heldur er það einnig opin leið fyrir lágstæðar verur.

Hinn uppstökki maður fellst vissulega greiðlega á þessa skýringu, en hann er fljótur að verða enn meiri skapillsku að bráð — því slíkt er eðli hins venjulega manns. Furðulegt er hve greiðlega þeir eru á sama máli, en falla síðan í sömu gryfju jafn auðveldlega. Til að réttlæta sjálfa sig munu þeir finna upp á hinum ólíklegustu skýringum. Sjálfur æðri heimurinn gæti virst sekur í hinni brengluðu vitund hins yfirborðslega jarðarbúa! Furðulegt er að fólk skuli skella skuldinni af sínum eigin ávirðingum á æðri heiminn!

Af þessu má sjá að stöðugt er þörf á því að endurtaka hin einföldustu sannindi.

332. Maðurinn getur ekki fordæmt þau fyrirbrigði sem eiga sér óþekktar orsakir. Aðeins skilningur á fyrirbrigðum fíngerða heimsins getur gefið manninum víðsýni í ályktunum. Gott er að minnast dæmisögunnar um blinda manninn sem sleginn var af fílsrana og hélt þá að hönd Guðs hefði sleginn sig.

Við skulum taka mið af æðri heiminum í öllum málum.

333. Hvernig á að gera greinarmun á réttlátri reiði og gremju, eða áfalli og ótta? Engin orð eru til sem lýsa mismun þessara tilfinninga, því þær eru næstum því eins. En sá tími mun koma að vísindin uppgötvi aðferð til að greina efnin sem hver tilfinning framleiðir. Þannig verður ákvarðað algerlega á efnafræðilegan hátt hvar og hvenær tiltekin tilfinning byrjar.

Með hreyfingum sínum sýnir pendúll lífsins breytingar á sálrvænni orku. Á jafn nákvæman hátt verða efnabreytingar tilfinninganna greindar. Breytingar á tíðnisviði sálrvænnar orku gefa til kynna að sveiflutíðnin er samfelld og að hún nemur jafnvel smávægilegar breytingar orkunnar. Á sama hátt geta efnabreytingar tilfinninganna ekki haldist stöðugar. Sjá má í smáheimi mansins hversu kosmískar sveiflur hafa mögnuð áhrif. Ekki skyldi ætla að allar þessar athuganir séu ónauðsynlegar; þvert á móti, leiðir ekki skilningur á eðli mansins til fullkomnumannar mannkynsins?

334. Ég fel fræðsluna í hendur hverjum og einum sem lifir í öllum heimunum. Lítið ekki á slíka skilgreiningu sem óviðeigandi. Maðurinn lifir í

raun í öllum heimunum. Dag hvern hverfur hann til annarra heima, en hann getur ekki verið sér meðvitandi um þessi andartaks fráhvörf. Aðeins fáir skynja þá tilfinningu að hafa verið fjarri. Andinn þarf ekki neina ákveðna tímalengd, því tilvera hans er óháð tíma. Þessar skynjanir eru mjög einkennandi fyrir þá sem hafa þroskaða vitund.

335. Stöku sinnum getur pendúll lífsins verið algerlega óvirkur. Slík merki munu koma fram þar sem til staðar er lömun vegna illsku. Setningin: „Hann kafnaði úr illsku“ varð ekki til af tilviljun einni. Það hefur verið sýnt fram á að illskan er takmörkuð. Straumur illskunnar er ekki óendanlegur. En nauðsynlegt er að fylgjast með breytingum á orkutíðnisviðunum.

336. Sérhver afneitun sannleikans er merki um fáfræði og er ekki aðeins skaðleg fyrir þann sem afneitar heldur einnig fyrir umhverfið. Barátta gegn sannindum sýkir geiminn, en það er enn óhugnanlegra þegar fólk hverfur frá sannleikanum eftir að það hefur öðlast skilning á honum. Slíkt afturhvarf til myrkursins er brjálsemi!

Í sögu mannkynsins má finna dæmi um að ákveðin sannleiksbrot hafi fengið viðurkenningu en þau síðan orðið fyrir árásum frá falskennurum sem, vegna mikillar fávisku, reyndu að dylja fyrir fólki hinum óhagganlegu staðreyndir; afleiðing þessa varð það sem síðar verður litið á sem skamarlegar síður í mannkynssögunni. Yfirlagsmennirnir komu ekki með neinar sannanir, heldur kröfðust þess að hinu augljósa væri hafnað. Þetta er

líkt því að einhver gefi fyrirmæli um að hafna eigi tilveru sólarinnar, vegna þess að augu hans þoli ekki geisla hennar! Á sama hátt var lagt bann við skilningi á lögmálum fíngerða heimsins. Af egingirni sinni og vanþekkingu bönnuðu menn öðrum að þekkja raunveruleikann.

Lát fólk minnast þess hversu oft hefur orðið afturhvarf til myrkursins á hinum ýmsu tímum. Ef til vill mun slík minning verða mannkyninu hvatning til þess að halda fram á við í átt til réttlætis og heiðarleika.

337. Þegar lagt er stund á sögu og samanburð trúarbragða í skólum má ekki gleyma hinum ýmsu andstæðu ákvörðunum og úrskurðum sem gerðar eru á ráðstefnum, þingum og löggjafarsamkomum. Þekking sannleikans er nauðsynleg, ekki til að rugla menn í ríminu, heldur til að byggja á undirstöðu framtíðarinnar. Fullkomnun hvílir á grundvelli þekkingar.

Enginn ætti að leyfa sér að gefa mönnum fyrirmæli um að hafa hið sanna að engu og leita þess ekki.

338. Þó svo mistök hafi stundum verið gerð af fáfræði eða illvilja á ekki að halda áfram aðala heilar kynslóðir upp á þessum sömu mistökum. Fólk ræðir mikið um fordóma, en það er samt reiðubúið að bæla unga fólk ið með kröfum sem eiga sér enga stoð í raunveruleikanum.

Allt frá hversdagslegum hlutum til kenninga um uppruna alheimsins má finna fjöldann allan af stoðlausum fullyrðingum sem ekki hafa verið sannaðar með tilraunum eða athugunum.

Hefting hugsunar er alvarleg misgerð.

339. Frá sérhverju útstreymi og sérhverri útöndun stafar straumur af sálrvænni orku. Maðurinn mettar allt umhverfi sitt ríkulega; þess vegna er honum skylt að huga að því að bæta sálrvænt orkustreymi sitt. Ef fólk gerði sér grein fyrir því að hver andardráttur hefur áhrif á umhverfið, myndi það leitast við að hreinsa öndun sína. Hægt er að sýna fram á útstreymi sálrvænnar orku með einföldstu mælitækjum. Sveiflur pendúls lífsins sýna hversu stöðug orkutíðnin er. Með sama hætti má nema útgeislun árunnar, en það gefur vísbendingar um að eindir úr árunni streymi stöðugt út í umhverfið, og að hin sálrvæna orka endurbyggi varnarhlífina í sífellu.

Sá sem segir að tilraunir með sálrvæna orku gefi ekki neinar skýrar vísbendingar er venjulega ekki að velta neitt fyrir sér tilveru hennar. Algjör fáfræði stuðlar að eitrun andrúmsloftsins. Þetta ber að skilja á bókstaflegan hátt. Hrein öndun fæst ekki með lyfjum.

Hreinsun öndunarinnar byggir á sálrvænni orku.

340. Mörg hin fegurstu hugtök hafa verið afbókuð. Hugtakið um fyrirgefningu alls hljómar fagurlega, en menn hafa stuðlað að því að gera úr því afskræminguna: „Hinir æðri kraftar fyrirgefa allt,“ og gera með því alla glæpi leyfilega. Aðalatriðið felst þó ekki í fyrirgefningu, sem er alveg möguleg, heldur í því að lifa lengur en verknaðurinn sem framin var. Réttlátt er alheimslegt lögmál lækninga. Meðhöndlæ parf sár með aðferðum

læknisfræðinnar. Líkaminn þarf tíma til að græða sár sín, því hinn skemmda vef þarf að lagfæra. Aum tónað í réttum samhljómi getur stuðlað að því að sár grói. En samhljómar lita og ilms geta því aðeins komið að gagni að hin sálræna orka leyfi slíka samvinnu.

341. Baráttan við fáfræðina hlýtur að eiga sér stað um heim allan. Ekki ein einasta þjóð getur hrósað sér af því að búa yfir nægilegri þekkingu. Enginn hefur krafta til að sigrast á fáfræðinni í einni orustu. Þekkingin verður að vera alheimsleg og eflid með fullri samvinnu. Á brautum samskiptanna líðast engar hindranir; á sama hátt verða brautir þekkingarinnar að styrkjast með gagnkvæmum skiptum á hugmyndum.

Ekki má líta svo á að einhvers staðar hafi nægilega mikið verið unnið að menntunarmálum. Vöxtur þekkingarinnar er sífelld útþensla, því er stöðugt þörf á nýjungum og endurbótum á aðferðum. Skelfilegt er að sjá steinrunna heila sem standa í vegi fyrir nýjum afrekum! Enginn afneitari getur kallast vísindamaður. Vísindi eru frjáls, heiðarleg og óttalaus. Vísindi geta breyst auðveldlega og varpað ljósi á vandamál alheimsins. Vísindi eru fögur og því óendanleg. Vísindi þola ekki bannfæringar, fordóma og hjátrú. Vísindi geta fundið hið mikla þó rannsóknir þeirra beinist að hinu smáa. Innið mikla vísindamenn að því hversu oft stórmerkar uppgötvanir hafa verið gerðar þegar unnið er að hversdagslegum athugunum. Augað var opið og heilinn kristalstær.

Braut þeirra sem vita hvernig á að rannsaka frjálsir án hafta verður braut

framtíðarinnar. Í raun er jafn brýnt að berjast gegn fáfræði eins og gegn upplausn og spillingu. Baráttan gegn myrkri fáfræðinnar er ekki auðveld; hún á sér marga bandamenn; hún á sér skjól í mörgum löndum; og hún tekur á sig mörg mismunandi gervi. Nauðsynlegt er að vera vopnaður bæði hugrekki og þolinmæði, því baráttan við fáfræðina er barátta við óskapnaðinn.

342. Tilraunir með sálræna orku er hægt að framkvæma við mismunandi aðstæður og á öllum tímum sólarhringsins. Stundum er dauft ljós til gagns fyrir birtingu orkunnar, en skært sólarljós getur haft áhrif á tilraunina með sterkri efnaverkun sinni. Aðstæður á tilraunastaðnum geta einnig verið margsvíslegar. Besti staðurinn er herbergi sem er mettað af útgeislun rannsakandans. En allir hlutir sem kunna að vera á staðnum geta valdið eigin svörunum. Ekki er rétt að geyma hluti, sem verið er að rannsaka, á sama stað, sérstaklega á það við þegar verið er að gera tilraunir. Einnig ætti ekki að hafa á staðnum endurómandi hluti eða strengjahljóðfæri sem geta farið að titra vegna óviðkomandi áhrifa. Skap athugandans hefur einnig mikið gildi. Skapvonska og óróleiki koma ekki að neinu gagni við gagnlega rannsókn.

Þegar þú finnur til þreytu skaltu ekki reyna um of á orkuna. Undir öllum kringumstæðum ætti að hafa aðgát á kraftinum. Sóið ekki, heldur varðveitið kraftinn sem á undraverðan hátt víkkar út svið vitsmunanna.

343. Hlutir umhverfis tilraunastaðinn hafa oftar en einu sinni vakið

furðu hjá þeim sem eru að byrja rannsóknir. Stundum hefur hinn hversdagslegasti hlutur komið að gagni við tilraunina á meðan annar, sem tekinn var með að vandlega athuguðu máli, hafði aðeins þau áhrif að hindra straum orkunnar. Af þessu má sjá hve erfitt það er að ná tökum á lögþáli hinna fíngerðu orkutegunda. Sem dæmi má nefna að dýrsfeldur stuðlar ekki að góðum árangri tilraunar vegna hinna sérkennilegu raffræðilegu áhrifa sem hann hefur.

344. Þolinmæði er meðvitaður og kerfisbundinn skilningur á því sem fram fer. Þolinmæði þarf að rækta til að stuðla að framförum. Það er út í hött að skilgreina þolinmæði sem visnun hið innra, þvert á móti, ferli þolinmæðinnar er mikill kraftur. Þannig tekur orka þátt í öllum atburðum, leggur sitt af mörkum til þeirra og kemur ekki með rangar forsendur fyrirfram. Þannig ætti að venja nemendur við þolinmæði í sinni réttu mynd.

345. Þegar fólk reynir að skilja leið þolinmæðinnar finnst því sem hún felist í því að gangast undir mótlæti. En slíkur skilningur er ekki alls kostar réttur vegna þess að hann gerir lítið úr gildi orkunnar. Sá sem veit, að það er viturlegra að nota ekki kraft sinn í dag heldur á morgun, er einmitt sá sem hefur skilning á hinni gagnlegu leið. Hann þjáist ekki og skilur hið nytsama. Af þessu má sjá hversu mikilvægt er að skýra merkingu margra hugtaka.

Hvert orð í sjálfu sér gefur til kynna ákveðinn hugblæ. En ef merkingin er ekki nákvæm getur áhrif þess orðið til sorgar í stað gleði og öfugt.

Nákvæmni er þörf alls staðar um allan heim. Hver tilraun með sálrvæna orku staðfestir einmitt hvað það er sem skiptir mestu máli — nákvæmni og skjótvirk hugsun. Það mun veita bestan árangur.

346. Athuganir með pendúl lífsins munu sýna fram á mikið gildi hinnar sálrvænu orku. Hin einföldustu tæki geta vakið djúpsæjar skynjanir sem búa innst inni í vitundinni. Að auki er sérlega mikilvægt að gefa gaum að sveiflum úr geimnum, sem virka á svipaðan hátt og útvarpssendingar. Á hverri stundu geta eigindir strauma úr geimnum raunbirst; þær eru lýsandi fyrir ástand heilla þjóða.

Er ekki furðulegt að manninum hefur verið gefið að þekkja þessar samfjallanir heimsviðburða og hversu lítinn gaum hann gefur þessum auði sínum?

347. Samhljómur Aum minnir á orkuna sem ummyndar í leyndum hina stórkostlegustu möguleika í eldi hugsunar.

348. Það gerist oft að sami árangur næst samtímis í mismunandi löndum. Allt í einu byrja rannsakendur, rithöfundar eða listamenn að vinna að sama verkefni. Vissulega getur þetta gerst vegna ytri samskipta, en það getur einnig orðið vegna innri skilaboða frá fjarlægum samverkamanni. Þau geta flogið í gegnum geiminnum með fjarhrifum og vakið innblástur hjá þeim sem er hæfilega innstilltur, því er gagnlegt að vinna sameiginlega að

rannsóknum. Margt líður hjá án þess að eftir því sé tekið, vegna þess að fólk getur ekki rifjað upp andartakið þegar það varð fyrir innblæstri, en hægt er að greina tengslin milli vitundar þess ef athuguð eru viðfangsefnin sem það vinnur að. Þegar unnið er að tilraunum með sálrvæna orku er mjög mikilvægt að rannsaka vitundir sem líkir saman að þessu leyti.

Hugsun getur mjög auðveldlega örvað sambærilega vitund. Slíkar vitundir geisla frá sér sama litblæ, en sendingar með dekkri litblæ fá yfirleitt aðgang að vitund með ljósari lit. Það þýðir þó ekki að hinn ljósari litblær sé ekki jafn kraftmikill eða jafngóður, heldur er það svo að hinn sterkari litur á greiðari aðgang að hinum grynnri lögum vitundarinnar, en hinn ljósi litblær leysist fljótar upp í hinum dýpri lögum og getur ekki framkallað titring geislunarinnar. Þessi skjálfti árunnar er dyrnar inn í vitundina.

Við skulum ekki rugla saman þessum skjálfta árunnar og titringi sem orsakast af höggi sem hún verður fyrir. Hið fyrrnefnda veldur innblæstri en hið síðarnefnda áfalli.

349. Tilraunir með sálrvæna orku vekja gleði. Hver athugun kallar fram möguleikann á næstu viðleitni. Fjöldi tilgátna og samanburða er ótölulegur. Á þennan hátt, allt frá daglegu lífi til fjarlægra veralda, er mögulegt að framkvæma prófanir á sálrvænni orku.

350. Tilraunir með sálrvæna orku orsaka alltaf þreytu. Ekki skyldi framkalla slíka spennu lengur en í hálfu klukkustund í senn til að ofgera ekki

heilsunni. En viðleitni í stutta stund er gagnleg, sérstaklega ef athugasemdir eru skrifaðar niður, því að hver slík þjálfun eykur styrk.

351. Gagnlegt er að láta reyna á orkuna; hver prófraun vekur með henni nýjan eiginleika. Nauðsynlegt er að hafa þetta í huga því ekki fyrir löngu síðan ræddi ég um þreytu sem orsakast af spennu orkunnar. En ekki skyldi álykta að tilraunir séu óæskilegar vegna þess að þær geti valdið þreytu. Það er mögulegt að láta reyna á orkuna án þess að þreytast. Eins og allt annað í tilverunni þarf slíkt þjálfunar við. Með skynsamlegum æfingum er að miklu leyti hægt að koma í veg fyrir þreytu. Nauðsynlegt er að láta reyna á alla orku í starfi. Jafnvel vöðvarnir þarfnast þjálfunar; þannig getur fólk stöðugt vakið með sér krafta sem liggja í dvala. Líta skyldi á slíka vöknun sem skyldu mannsins við æðri heimana. Margar ástæður eru fyrir því að kraftar geta legið í dvala. Ein ástæðan er karmísk áhrif. En oftast sefur vitund mannsins vegna leti. Slíkt ástand er kallað gróðrastía hins illa. Bestu eiginleikarnir öðlast ekki líf þegar augnaráð mannsins er sveipað hinni þungu blæju letinnar. Engar afsakanir koma að gagni þegar líkami og andi eru beygðir af leti.

Sagt var einu sinni að letin væri villunni verri.

352. Letinni fylgir óvissa og sálfsméðaumkun. Svo niðurdrepandi hindrun kemur í veg fyrir að nokkur orka geti starfað. Efinn hefur alltaf veikjandi áhrif. Ómarkviss áform og sjálfsméðaumkun draga jafnvel úr krafti þeirra sem eru sterkir í anda. Þennan inngang verður að gefa öllum þeim sem

vilja virkja sálræna orku.

353. Sálræn orka getur bæði gefið til kynna gæði fæðunnar og hugsanlega eitrun. Sannlega geymir maðurinn prófstein innra með sér. Þessa sömu orku er einnig hægt að nota með góðum árangri við greiningu sjúkdóma. Sérstaklega miklir eru möguleikar hennar við að fylgjast með breytingum á aðstæðum.

354. Oft sjá læknar að hinn hættulegasti sjúkdómur hverfur skyndilega án þess að skilja eftir sig nokkur merki. Vissulega geta menn sér þess til að læknismeðhöndlunin eða einhverjar aðrar ytri kringumstæður hafi haft heilnæm áhrif. En megin ástæðunni — sálrænni orku — sem getur valdið hinum óvenjulegustu áhrifum, gleyma menn alltaf; hún ein getur breytt rás sjúkdómsins.

355. Allar tilraunir með sálarorku stuðla að aga. Nauðsynlegt er að sjá að aginn er hin heilnæma hrynjandi. Ef athyglir er ekki virk er mögulegt að merkilegustu tilrauninni verði ýtt til hliðar. Truflun getur stöðvað það sem þegar er hafið. Hvers kyns þvingun á sálarorkuna er andstæð náttúrunni. Við skulum líta á tilraunir með ljósmyndir. Ef fyrsta myndin er misheppnuð verður hin óagaða vitund fyrir vonbrigðum. En tilraunir eru ekki mögulegar ef vonbrigði láta á sér bæra. Margar aðstæður geta truflað fyrstu tilraunirnar. Hugleysið hvíslar að ekki skyldi halda leitinni áfram. Óttinn við að virðast

hlægilegur getur eyðilagt hinar gagnlegustu athuganir.

356. Mitt í rannsóknum á sálrænni orku getur pendúll lífsins orðið grundvöllur að ákaflega merkilegum tilraunum. En til að stunda slíkar athuganir verður maðurinn að búa yfir agaðri orku. Pendúll lífsins kemur ekki að gagni fyrr en orkan hefur náð vissu þenslustigi. Sterk óvirkjuð orka kemur jafnvel ekki að gagni fyrr en náttúruleg uppsöfnun hennar hefur átt sér stað. Allar slíkar tilraunir varða fíngerðar orkutegundir og eru þar af leiðandi ákaflega viðkvæmar.

Athugandinn getur sjálfur smátt og smátt aflað sér margra einstakra smáatriða. Það þarf ekki að vera að fjölbreytileiki einstakra smáatriða sé andstæður lögmálinu, þvert á móti, hin greinilegu frávik mynda samsetningar nýrra orkueinda. Tveir hljómlistarmenn fá ekki nákvæmlega sömu hljóma úr sama hljóðfæri, samt er ekki auðvelt að skera úr um hvor þeirra sé betri túlkandi. Hver og einn lætur í ljós sinn eigin dýrmæta eiginleika.

Þegar gerðar eru tilraunir með sálræna orku er eðlilegt að fylgja hinu einstaklingsbundna eðli sjálfrar orkunnar. Í gnótt alheimsins er sérhver tjáning orkunnar einstaklingsbundin. Því er hver leit þeim mun merkilegri.

357. Til eru sjálfskipaðir sjúklingar sem vekja með sér öll einkenni sjúkdóms með sjálfssefjun. En til eru enn alvarlegri tilfelli þar sem maðurinn hefur í sér sóttkveikjur sjúkdómsins og, í stað þess að berjast gegn honum, lætur hann undan fyrir honum og sviptir sjálfan sig möguleikanum á bata. Í

fyrra tilfelinu er mögulegt að nota sefjun, því ekki er um neinn raunverulegan sjúkdóm að ræða. En síðara tilfellið er mun erfiðara; maðurinn sjálfur flýtir fyrir framgangi sjúkdómsins. Hann verður þræll sjúkdómsins og reynir eftir fremsta megni að efla sjúkdómseinkennin. Hann fylgist stöðugt með sjálfum sér, en ekki vegna löngunar eftir bata. Hann verður djúpri sjálfsméðaumkun að bráð og með því hrekur hann frá sér alla hugsanlega möguleika á sefjun. Hann verður jafnvel móðgaður og reiður ef rætt er við hann um batamöguleika. Með þessu móti getur hann náð hættulegu stigi þunglyndis sem ekki er hægt að ummynda í vaxandi styrk. Þetta skapar móttstæða orku, og maðurinn sviptir sjálfan sig grundvallareiginleika — viðleitninni til sjálfssfullkomnum.

358. Það er ekki einkennilegt að sefjun sé loks orðin viðurkennd aðferð í sjúkrahúsum. Það hefur þurft nokkrar aldir til að uppgötva raunveruleika þessarar orku. Samt er skilningur manna á henni allt of takmarkaður. Í staðin fyrir viðtæka notkun hennar á öllum sviðum lífsins er hún aðeins notuð við vissar skurðaðgerðir. En við eignum möguleika á því að nota einnig þessa sömu orku við óreglulegum hjartslætti, taugaáfalli, lömun og húðsjúkdómum.

Í stuttu máli, sálarorkan getur hjálpað mannkyninu á öllum sviðum.

359. Fólk er ófúst að sjá hvert er raunverulegt eðli þess sem er að gerast. En raunveruleikinn breytist ekki við samþykki eða afneitun fólks. Enginn getur sagt að Armageddon muni ekki leiða til fyrirsjáanlegs sigurs. Furðulegt er að sjá hve lengi fólk lætur hjá líða að skilja það sem þegar hefur

verið ákvarðað. Þannig er það þegar kvíknað hefur í húsinu, íbúarnir vilja helst ekki trúa því að slíkur atburður sé orðinn veruleiki. Sannanirnar koma að engu gagni ef maðurinn hefur bundið fyrir augu sín.

360. Athugið hvers konar veruleika fólk á erfiðast með að samþykkja. Eitt þeirra sönnu fyrirbrigða, sem sérstaklega er erfitt að gera sér grein fyrir, er algert tímaleysi hugsanasendinga. Jafnvel þó menn rannsaki hraða útvarpsbylgna eru þeir ekki sannfærðir. Þeir geta ekki sætt sig við þá staðreynd að hugsun sé óháð tíma. Enginn er fús til að skilja að hugræn spurning geti vakið tafarlaust svar.

Takið einnig eftir mörgum öðrum hlutum sem eru ósættanlegir þeirri vitund sem ekki er þjálfuð í hugsun. Í samræmi við slík neikvæð merki er mögulegt að mynda sér skoðun um það hvað það er sem mest hrjáir mannkynið.

361. Sá hæfileiki, að sjá hvað það er sem áheyrendur manns skilja síst af öllu, sýnir bestu leiðirnar að vitund þeirra. En látið ekki í ljós að þið getið séð þetta hugarástand þeirra. Slíka skarpskyggni mun fólk ekki fyrirgefa; það getur orðið að óvinum.

Hafa verður skilning á þolinmæði til að geta snúið sér að sama viðfangsefninu frá annarri hlið.

362. Rannsaka verður gildi vissra siðferðislegra hugtaka ekki aðeins frá

andlegu sjónarmiði heldur einnig frá vísindalegu. Við skulum taka til athugunar hugtakið traust — jafnvel meðal frumstæðra þjóðflokka var hugtakið traust áltið grundvöllur samneytis. Í fyrndinni hafði fólk þegar öðlast skilning á því að slíkt hugtak hafði sérstakt gildi. Það var ekki fyrr en síðar að fólk byrjaði, af hræsni, að sýnast annað en það var og hélt að það gæti blekkt hina innri vitund. En með því að þróa vísindalegar aðferðir er mögulegt að sannreyna merkingu hins sanna trausts.

Við skulum líta á samræður milli tveggja manna. Ef á milli þeirra ríkir gagnkvæmt traust, verður útgeislun þeirra mjög góð og mun jafnvel batna vegna þess að orka þeirra blandast. En nú skulum við sjá hvað gerist ef annar þeirra er hræsnari, eða ef þeir báðir vantreysta hvorum öðrum. Þá mun áran hrinda frá sér og taka á sig svarta og gráa bletti. Það sem meira er, báðir hræsnararnir valda hvorum öðrum skaða, og það verður til hin ákjósanlegasta gróðrarstíða fyrir sjúkdóma þeirra. Að auki mun umhverfið skaðast af svo rangri meðhöndlun orkunnar.

Af þessu sjáum við að ekki er nóg að líta á traust sem huglægt siðferðilegt hugtak. Traust skyldi metið eftir heilnæmu gildi sínu.

363. Að sýna traust er ómissandi fyrir æðra samneyti. Án þess er betra að láta algerlega vera að nálgast slíkt efni, því í stað innblásturs verður afleiðingin aðeins andstyggð. Störf unnin án trausts eru sem skaðvænleg meinsemd, sem kemur síðar meir fram á líkamanum. Því skulum við meðhöndlæðri hugtök með gætni.

364. Þar sem hið sanna traust ríkir er litið á allar athafnir samverkamanns sem velviljaðar. Sé eitthvað sérstakt verk unnið, er litið svo á að það hafi verið nauðsynlegt. Vantraust er ekki mögulegt þar sem eldur gagnkvæmra tilfinninga logar. Á sama hátt má líta á allar aðrar hliðar samstarfs.

365. Í þrumuveðri gefur að líta tvennar öfgar hjá mönnum — sumir leita skjóls í angist, en aðrir fara sinna ferða af dirfsku og eiga á hættu að verða fyrir hættulegu raflosti. Alveg það sama má sjá hvað varðar æðri heiminn þegar reynt er að öðlast skilning á stærstum hluta mannkyns — sumir fyllast skinhelgi en aðrir guðlasta. Aðeins sárasjaldan viðurkennir maðurinn æðri heiminn sem eðlilegt og hliðstætt ástand.

Fólk er ekki alið upp í skilningi á grundvallaratriðum tilverunnar. Afrek vísindanna standa ein sér og stuðla ekki að ummyndun alls lífsins. Það er ómetanlegt að endurtaka sannindin um æðri heiminn. Ekki má líta svo á að það sem þegar hefur verið sagt um hann hafi skilað sér nægilega vel inn í vitund fólks. Hægt væri að finna upp nýjar aðferðir til að mikilleiki tilverunnar sé sameinaður vitundinni í óendanlegum skilningi.

Nauðsynlegt er að læra að unna þessum athugunum til að geta haldið áfram viðleitninni af hjarta óeigingjarn án þess að þreytast né verða grófgerður.

366. Margir fylgjast með sólmyrvum, en þeir veita sambandi þeirra við sálræna orku enga athygli. Þið hafið aftur á móti haft tækifæri til að sannfærast um að sálræn orka bregst við sólmyrkva á einstæðan hátt.

Er ekki furðulegt að fólk rannsakar ekki sína eigin grundvallarorku? Hún hlýtur vissulega að sveiflast í samræmi við allt sem gerist. Nýja eiginleika er aðeins hægt að leiða í ljós með vakandi athygli. Látið ykkur ekki nægja þær athuganir sem gerðar hafa verið á fyrri tínum. Hvert tímabil veitir sínar eigin fingerðu athuganir.

Ástæða er til að fagna því að fólk býr yfir krafti sem getur ummyndað allt lífið. En við skulum vera mjög varkár, því fingerðar orkutegundir þurfa varlega meðhöndlun. Við getum verið þess fullviss að jafnvel einn hlutur getur sett af stað sérstaka sveiflutiðni.

367. Þið hafið getað séð hve mikil áhrif straumar hafa á sálræna orku. Á sama hátt gátuð þið tekið eftir hversu fljótt straumarnir breytast og algerlega ný þensla sálarorkunnar orðið til. Slíkar athuganir ætti að leggja vandlega á minnið. Fólk veit ekki hvernig það á að samræma athafnir sínar straumum úr geimnum. Það ímyndar sér jafnvel að athugun á geimstraumum sé einhvers konar yfirnáttúruleg fjölkynngi. Þið furðið ykkur réttilega á því að margt skynsamt fólk, sem rannsakar sálræn fyrirbrigði, er samt sem áður eitt og einangrað án þess að hafa nokkur áhrif á fjöldann.

Það er ekki auðvelt að sannfæra fólk um sinn eigin mátt, en þrátt fyrir það skulum við fyrir alla muni endurtaka sannindin um hina merkilegu

möguleika.

368. Það er þekkt staðreynd að hverri illri athöfn verður að fylgja betrumbót, en þá verður spurt: „Hvernig verður réttlætinu fullnægt fyrir þann sem er á valdi haldningar? Hver geldur afleiðinganna — er það þolandí haldningarnar eða er það gerandinn?“ Hver getur greint á milli vilja haldningaverunnar og vilja þess sem haldinn er?

Haldning er ekki möguleg nema opnað sé fyrir aðgangsleiðina. Ennfremur, áður en haldning á sér stað, hvíslar hinn illi og undirbýr hinn veika anda. Til þeirra sem hneigjast til illverka koma þær verur sem þeir laða til sín. Þungbært er karma hins haldna!

369. Hreyfing orkunnar er nauðsynleg í öllu. Við skulum ekki rugla saman efnislegri hreyfingu og andlegri. Í fyrndinni skildi fólk að leikfimi getur verið tvenns konar — andleg og líkamleg. Hin fyrrnefnda verður jafnvel enn gagnlegri en hin síðarnefnda, ef hún er stunduð á meðvitaðan hátt.

370. Við tilraunir með sálræna orku kann maður að furða sig á eldingarhraða orkunnar við sendingu milli fjarlægra staða. Fólk býst alltaf við að starfið taki einhvern tiltekinn tíma. Þegar það segir að einhver sé haldinn vafa, gerir það venjulega ráð fyrir að þáttur tímans sé merkjanlegt; en réttara væri að segja að efinn hafi komið sem leiftur. Það er einmitt þannig leiftur sem skilur eftir sig óafmáanlegt merki.

Menn ættu að kenna sjálfum sér að átta sig á eiginleikum sálarorkunnar. Segi einhver að hann hafi lesið nægjanlega mikið um eiginleika sálarorkunnar, sýnir hann aumkunarverða fáfræði. Vissulega er það svo að allt til okkar tíma hefur hvergi verið hægt að kynna sér rannsóknir um raunverulegan grundvöll tilverunnar. Rannsóknir voru einangraðar og rannsakendur urðu jafnvel stundum fyrir ofsóknum. Margar dýrmætar niðurstöður hafa aldrei verið birtar og hafa glatast í handritum á víð og dreif um heiminn. Þið gerið rétt með því að ræða um þekkingaröflun með velvild.

Nauðsynlegt er að hindrununum, sem hinir fáfróðu hafa reist, sé rutt frá og þeim komið til síns heima.

371. Mætum hverju andartaki skynjunar með vinsemd. Finnum styrk til að hafna persónulegum venjum og hjátrú. Ímyndum okkur ekki að auðvelt sé að sigrast á fornum áhrifum, því hin efnislegu svið bera með sér fordóma margra alda. En ef við staðfastlega áttum okkur á þungu fargi slíkra útfellinga, þá mun einn erfiðasti lássinn opnast. Sá næsti opnast einnig þegar við skiljum að við verðum að vinna allt okkar starf í jarðnesku lífi. Aðeins á þann hátt nálgumst við þriðja hliðið þar sem við áttum okkur á fjársjóði grundvallarorkunnar sem falin er mannkyninu í hendur. Hver sem kennir þennan skilning er sannur kennari.

Maðurinn öðlast ekki skilning á mætti sínum án leiðbeinanda. Margar mismunandi gildrur eru faldar á vegi mansins. Sérhver leynilegur svikari vonast eftir því að geta haldið leyndu fyrir manninum því sem er dýrmætast.

Eins og ferðalangur sem hefur villst veit hann ekki á hvaði sviði árangur er að finna, samt er fjársjóðurinn hið innra með honum sjálfum.

Viska allra alda mælir svo fyrir: „Þekktu sjálfan þig!“ Með þessari ráðleggingu er athyglinni beint að hinu leyndasta, sem hefur svo verið fyrir mælt að eigi að opinberast. Hinn eldlegi máttur, sem í bili er nefndur sálræn orka, mun opna fyrir manninum veginn til framtíðar hamingju. En við skulum ekki vonast eftir því að fólk uppgötvi arfleifð sína auðveldlega. Það mun finna upp alls kyns röksemadir í því skyni að niðurlægja allar uppgötvanir orkunnar. Það mun sniðganga með þögn eðli þeirra framfara sem því er úrskurðað, en samt sem áður, vegurinn er einn!

372. Leiða þarf í ljós hið sanna gildi hinna svonefndu miðla. Í samræmi við merkingu orðsins þá eru þeir milligöngumenn milli heimanna. En gleymum því ekki að öllum hefur verið gefið þetta samneyti; allir menn eru miðlar. Það er vissulega svo að í margbreytileika alheimsins þar sem ekkert er nákvæmlega eins fær hver lifandi vera sinn skerf samneytis. En staðreyndin er sú að meirihluti fólks gerir sér ekki grein fyrir möguleikum sínum. Þvert á móti, undir fargi fáfræðinnar reynir það að eyða hverjum votti um sín eigin einstaklingsbundnu sérkenni. Því skulum við gera okkur grein fyrir því að öllum mönnum hefur verið gefið, hverjum á sinn hátt, að vera milligöngumenn milli heimanna. Hve fagurt er að líta svo óviðjafnanlegan fjölbreytileika!

373. Frammi fyrir margbreytilegum upplýsingum er nauðsynlegt að

gera sér viturlega grein fyrir því hvaðan skilaboðin eru komin. Staðreyndin er sú að til eru mjög myrkar samskiptaverur. Það er engin mótsögn í hinum mikla fjölbreytileika milliliðanna, eiginleikarnir eru svo mismunandi og líkur sækir líkan heim. Miðlunin getur verið mjög svo óhugnanleg, en einu bótina er að finna hið innra með okkur sjálfum. Sú vitund, sem hefur náð upplýstum hreinleika, er fær um að forðast aðstæður eins og finna má í skítugri krá. Eitt er að opna glugga inn í myrkrið, allt annað að hleypa inn geisladýrð Ijóssins.

Þekking, gædd hjartahlýju, afhjúpar hinn fagra fjársjóð.

374. Varið alltaf við lægri dulargáfum sem geta leitt til haldningar. Það felst engin mótsögn í því að orku er hægt að nota bæði til góðs og ills. Nákvæmlega sami krafturinn getur bæði þjónað til uppbyggingar og niðurrifs. Aðeins háleit hugsun og hreinleiki hjartans getur verið trygging fyrir því að mátturinn sé notaður til góðs. Hver og einn verður að hafa í huga að honum hefur verið treyst til þjónustu til að stuðla að framför heimsins. Frá öllu þessu hefur verið sagt áður, en þið sjáið réttilega að hinn fáfróði getur fundið í því mótsögn. Hinn slæmi mun efla hið illa, en hinn góði mun þjóna hinu góða.

Þegar fólk finnur til löngunar til andmæla, er það tilbúið til þess að viðurkenna ekki einu sinni hin einföldustu sannindi. Hvert er hægt að beina orkunni ef vilja og hugsun hefur verið beint að hinu illa? Að sjálfsögðu um krafturinn flæða eftir hinni myrku rás. Hver sá sem sækist eftir hinu lægsta mun fá það. Ekki er hægt að breyta því sem sagt hefur verið um haldningu, því hún skapar hættu fyrir fullkomnun lífsins. Enn fremur er nauðsynlegt að

milligöngumenn séu ekki á lágu stigi. Fáfræði og illvilji geta aðeins laðað til sín sambærilegar svaranir. Hver og einn verður eingöngu að sækjast eftir hinu besta.

375. Orku er ótvírætt hægt að nota í öllum tilfellum. Hún getur gefið til kynna hve háu stigi mögnun hluta og vatns hefur náð. Eins og ákaflega næmt tæki getur hún á svipstundu skynjað breytingar á straumum í mikilli fjarlægð. Hún getur fylgt hugsunum hverrar línu í handriti. Hún er mælikvarði á eiginleika geislunarinnar. Í góðum höndum er hún verkfæri til góðs.

Það er vissulega heppilegt að margir vita ekki hvernig á að nálgast máttinn. Ekki er mögulegt að leyfa víðtæka notkun sálrvænnar orku fyrr en eftir miklar betrumbætur á vitundinni. Lát þann góða tíma nálgast hraðar!

376. Allir hafa hlotið sína gjöf. Það er fagnaðarefni að leið eins er alltaf aðgreind frá leiðum annarra. Hin víðfeðma vitund gefur til kynna hversu birtingar sálarorkunnar eru margvíslegar, því ættu allir sem skrifa um hana að segja frá sinni eigin reynslu og því sem þeir hafa sjálfir séð. Ekki skyldi alhæfa um skynjanir, því birting orkunnar er háð mjög mörgum aðstæðum.

Það sem skiptir mestu máli er hreinleiki hugsunarinnar.

377. Athugun á framrás samsafnaðrar orku getur sýnt fram á að eining er ekki eingöngu siðferðilegt hugtak heldur einnig máttugur sálrvænn drifkraftur. Þegar við ræðum um einingu er ósk okkar að innprenta í vitundina

vitneskju um hinn mikla kraft sem hver maður hefur yfir að ráða. Ekki er mögulegt að sýna óreyndum athuganda fram á hversu mjög samsöfnuð orka getur margfaldast. Vitundin þarf undirbúning fyrir slíka birtingu. Árangur tilraunar er háður viðleitni allra þátttakanda; þó ekki sé nema einn sem ekki er reiðubúinn að taka heilshugar þátt í tilrauninni væri best að byrja alls ekki á henni.

Í fyrndinni vissu menn þá þegar um mátt hins sameinaða krafts. Stundum voru einstakar athuganir sameinaðar í almenna heildarathugun; á þann hátt myndaðist heil keðja og hver athugandi setti hönd sína á öxl þess sem fyrir framan var. Hægt var að sjá óvenjulegar sveiflur orkunnar; magnaður kraftur var afleiðing hinnar samræmdu viðleitni. Þegar ég því tala um einingu þá hef ég í huga raunverulegan kraft.

Lát alla minnast sem þess þurfa.

378. Í fyrndinni var sálræn orka stundum nefnd lífsloft heimilisins. Með þessum orðum vildi fólk tjá að heimilið lifir á sálrænni orku. Alveg eins og maðurinn getur í raun ekki lifað lengi án lofts, þannig er heimilið ekkert heimili ef það er svipt sálrænni orku.

Það ætti að rannsaka á ný með góðvild margar fornar skilgreiningar. Á löngu liðnum tínum höfðu menn komið auga á ofangreint fyrirbrigði en því er ekki sinnt á okkar tíum.

379. Mögnun vatns sem látið er standa nálægt sofandi manni gefur til

kynna útstreymið frá útgeislun hans og mun sýna fram á að kraftur hans sest á nálæga hluti. Slíkar útfellingar þarf að skoða mjög nákvæmlega; þær geta minnt á þá skyldu mannsins að fylla umhverfi sitt með fögrum orkuútfellingum. Hver svefntími er ekki aðeins lexía fyrir fíngerða líkamann heldur er hann einnig græðireitur fyrir sálrænar útfellingar.

380. Tilraunir með það hvernig orka útfellinganna þynnist eru einnig lærdómsríkar. Sjá má að orka gufar upp í misjöfnum mæli. Ákveðnar kraftmiklar orkusveiflur geta verkað miklu mun lengur en aðrar, en þær hafa þá átt upptök sín frá hreinni hugsun. Þannig má sjá að hrein hugsun er ekki eingöngu siðferðilegt hugtak heldur einnig raunveruleg margföldun krafts. Sú hæfni að sjá gildi siðferðilegra hugtaka tilheyrir sviði vísindanna.

Það er óhæfa að deila vísindunum hugsunarlaust í efnisleg og andleg vísindi, markalínan þar á milli er alls ekki til.

381. Við athuganir skyldi ekki aðeins skoða sambærilega þætti heldur einnig þau fyrirbrigði sem eru ósamhljóða. Marghliða tilraunir eru gagnlegar. Við upphaf tilraunar er ekki mögulegt að segja fyrir með nákvæmni hverra hráefna er þörf til að gera hana áhrifaríkari.

Það er mögulegt að fá aðstoð frá hinum ólíklegustu hlutum, því að eigindir hinna fíngerðu orkutegunda eru ótakmarkanlegir. Slíkur óendanleiki í fjölda möguleika minnkar alls ekki vísindalegt gildi tilraunarnarinnar. Maðurinn getur nýtt sínar eigin einstaklingsbundnu aðferðir og meðtekið með hugrekki

hinar nýju niðurstöður.

Enginn getur sagt fyrir um hve langt kraftur mannsins nær. Því það er ekki ofurmennið heldur aðeins hinn heilbrigðasti maður sem fær búist skrúða velheppnaðra afreka. Alls staðar í hinu daglega lífi er hægt að rannsaka sálræna orku. Engra kostnaðarsamra rannsóknarstofa er þörf til að rækta vitundina.

Hvert tímabil hefur sín sérstöku skilaboð að færa mannkyninu. Það eru forlög hinnar sálrænu orku að hjálpa mannkyninu í gegnum vandamál sem því myndi að öðrum kosti finnast óleysanleg.

382. Lærið að athuga með þolinmæði hvaða aðstæður eru hagstæðastar til tilrauna. Það kunna að vera kosmískar aðstæður sem eru hagstæðar fyrir tilraunir með litaútgeislun, steina og málma eða dýr. Þegar ég ræði um járn og niturefnasambönd, þá hef ég í huga einstaklingsbundið gildi. Hver og einn ætti að athuga sjálfur í hvaða tilfellum saltpétur eða silfurnítrat er hagstæðara. Mörg efnasambönd eru til sem stuðla að bestum árangri við að efla hina sálrænu orku.

383. Hægt er að sjá að nærvera manns í næsta herbergi getur haft áhrif á orkustrauminn. Í raun eru slík áhrif margs konar. En fólk gefur ekki gaum að hugarástandi sínu á tilteknum tínum.

Þegar maður segist vera í mjög góðu skapi geta mælitæki aftur á móti sýnt skapstyggð eða önnur óæskileg geðbrigði. Það er ekki af ósannindum að

maðurinn lætur ekki í ljós sínar innri tilfinningar, heldur er það venjulega af því að hann kann ekki að greina á milli tilfinninga sinna.

384. Gerið einnig tilraunir með hljóð og ilm til viðbótar því að rannsaka sálræna orku með notkun lita. Mögulegt er að fá athyglisverðar svaranir við tónlist; að auki, athugið bæði áhrif fjarlægðar og mjög hljómrænna samhljóma. Margt er sagt um áhrif tónlistar á fólk, en næstum engar lýsandi tilraunir eru framkvæmdar. Athuga má áhrif tónlistar á skaplyndi fólks, en slíkt er ekki óvenjulegt. Sagt er að fjörleg tónlist veki gleði og að sorgleg tónlist veki hryggð, en slíkar ályktanir eru ófullnægjandi. Hægt er að ganga úr skugga um hvaða samhljómar liggja næst sálarorku mannsins eða hvaða sinfónía geti haft sterkust róandi eða örvari áhrif á fólk. Nota þarf mismunandi tónverk við tilraunir. Sjálfur eiginleiki hljómsetningarinnar mun gefa bestu vísbendingarnar um leiðir hljómsins og líf mannsins.

Á sama hátt er bráðnauðsynlegt að rannsaka áhrif mismunandi ilms. Nauðsynlegt er að skoða bæði ilmandi blóm og mismunandi efnasambönd sem hljóta að örva eða draga úr sálrænni orku.

Að lokum er hægt að setja saman liti, hljóð og ilm og athuga sameiginleg áhrif allra afvakanna þriggja.

385. Um síðir mun fólk gera sér grein fyrir því hversu máttug áhrif eru alls staðar umhverfis það. Það mun skilja að allt hið daglega líf þeirra hefur mikil áhrif á hlutskipti þeirra í framtíðinni; það mun læra að athuga

gaumgæfilega hvern hlut; það mun safna í kring um sig sönum vinum og verjast slæmum áhrifum.

Þannig hjálpar hin heilnæma orka við enduruppbyggingu lífsins.

386. Oftast fær hið mikilvægasta minnstu athyglina. En við munum verða óþreytandi við að minna aftur og aftur á það sem mannkynið hefur brýnustu þörf fyrir. Ein slík endurtekning er áherslan sem við leggjum á þekkingarþrá. Fólk hefur vanist um of þeirri hugmynd að einhver taki að sér að hugsa fyrir það og að heimurinn sé skyldugur að annast um það. En allir verða að leggja sinn skerf af mörkum til samvinnunar. Það að læra að hagnýta eigin sálræna orku þýðir að vitundin er ræktuð smátt og smátt.

387. Ekki ætti að finnast nein mótsögn í þeirri staðreynd að tilraunir með sálræna orku muni valda þreytu. Hinn fáfróði kann að segja: „Ef þetta er grundvallarorkan, hvers vegna veldur þá samneyti við hana þreytu?“ Þannig andmælendur vilja ekki skilja að þegar gerðar eru tilraunir er orkan samþjöppuð að því er virðist, og ennfremur að aðalástæðurnar fyrir möguleika á þreytu eru að finna í umhverfisaðstæðum. Óeðlilegar umhverfisaðstæður koma í veg fyrir mögulegan árangur. Þess vegna ráðlegg ég að tilraunir séu gerðar fjarri þéttbýlisstöðum, slíkar aðstæður eru ekki lítil hjálp.

Á sama hátt ætti að forðast hin mettuðu áhrif frá illdeilum og hvers kyns skapillsku. Íllskuhvati verður aðalandstæðingur þróunar á sálrænni orku. Einnig er andrúmsloft, sem mettað er útstreymi frá fæðuefnum, skaðlegt. Jafn

skaðleg er nærvera dýra. Þannig mun hver og einn fjarlægja það sem ekki kemur að gagni eftir því sem hann er fær um.

388. Sálræn orka er ákaflega fíngerð, því verður að fást við hana með næmni og göfgi. Hafa verður staðfastlega í huga að kraftur sálarorkunnar er eldlegur máttur. Það verður að viðhafa sérstaka gætni þar sem útræður eða innræður eldur er nærri. Maðurinn ætti að læra að láta sér annt um þessa allsstaðar nálægu orku. Ómögulegt er fyrir mann að framkvæma tilraunir ef hann er haldinn vafa eða óvinsemd. Á löngu liðnum tímum var farið að ræða um vinsamlegt og góðviljað viðhorf; smátt og smátt hefur verið kennt að nálgast þetta mjög svo mikilvæga hugtak.

Þegar náð er tökum á aðferðunum við að gera tilraunir með sálræna orku er alveg ómissandi að vita hvernig á að ná valdi á eigin hugsun. Ekki aðeins til að geta stjórnað henni, heldur einnig til að geta haft hemil á virkni hugarins.

389. Sjaldan gerir fólk sér grein fyrir hversu langt áhrif sálarorkunnar geta náð, en tímabært er að skilja að mjög mikilvægir atburðir grundvallast á sálarorkunni. Finna má merkileg dæmi um persónuleika sem hafa, meðvitað eða ómeðvitað, verið brennipunktar fyrir miklar ákvarðanir.

Fræðimenn þekkja ef til vill þá staðreynnd að tilraunir með sálræna orku veita hinar óvæntustu niðurstöður. Við skulum ekki gera aðstæðurnar til sigurs of auðveldar — það sem er auðvelt er ekki mikils metið.

390. Við gefum vísbendingar um rannsóknir á sálrænni orku með mikilli varfærni. Í fyrsta lagi gætu ákveðnir aðilar hagnýtt sér slíkar upplýsingar í illum tilgangi; í öðru lagi gætu ákveðnar persónur gengið of langt í tilraunum og haft skaðleg áhrif á heilsu sína; í þriðja lagi gætu sumir sem skortir hæfni til slíkra tilrauna hafið rógburð um lítið hagnýtt gildi þess sem gefið hefur verið upp. Lát aðeins þá sem helga sig þekkingunni stunda alvarlegar rannsóknir. Allir hafa einhvern tíma hitt fólk sem hefur gert hið allra mikilvægasta að aðhlátursefni. Lítilsvirðing er ekki aðeins fáviska, hún opinberar grófleika vitundarinnar.

Ég fullyrði að rannsaka verður sálræna orku með vakandi athygli. Engin sundurþykkja er leyfileg við umræður um sálræna orku. Hægt er að endurtaka allar tilraunir með skilningi á sérstæði hvers tilfellis. Vissulega fer hver tilraun fram við sérstakar aðstæður. Þessar kringumstæður verður að hafa í huga, því til er fólk sem krefst þess að hægt sé að endurtaka á vélrænan hátt jafnvel hina fíngerðustu orku.

Að viðhalda sérstæði og réttmæti er oft ákaflega erfitt.

391. Sjá má einnig að straumar geta orðið fyrir truflunum. Alveg eins og hægt er að rekast á loftþytti á flugi, þannig má einnig taka eftir óvæntum hléum þegar straumar eru athugaðir. Í fyrndinni var slíkt nefnt þagnir náttúrunnar. Það má jafnvel greina skjálfta í vélum þegar straumarnir breytast. Sálræn orka er vissulega sérstaklega næm á slíkar breytingar.

392. Eðlilegt er að sálræn orka gefi góða svörun við eftum sem eru fólk gagnleg. Ekki þarf að furða sig á því að góð svörun sé í samræmi við persónulegar tilfinningar. Skynjanir okkar ættu að samsvara réttu mati. Efni sem maðurinn getur ekki þolað reynist venjulega skaðlegt. Ástæðuna er ekki að finna í sjálfssefjun heldur í beinni þekkingu.

Það má sjá að við vitum mun meira en við getum ímyndað okkur. Sú hæfni að öðlast beina þekkingu djúpt úr vitundinni eflist með sálarorkunni.

Því er auðsjáanlegt að sálræn orka er sem leiðsögumaður á öllum sviðum þekkingarinnar.

393. Menn hafa séð að ákveðnar þjóðir birta auðveldlega sálræna orku. Athuga skyldi slíkar þjóðir. Ástæðan getur annað hvort legið í eiginleikum fólksins eða í áhrifum frá náttúrunni.

Vissir málmar geta samsvarað eðlisfari hinna innfæddu; það kunna að vera segulmagnaðir straumar sem tengjast grunvatni. Á sama hátt geta ákveðnar trjátegundir eflt eða dregið úr virkni sálarorkunnar. Eik og fura eru góðar, en ösp, elrir og dvergálmur örva sjaldan orkuna. Slíkar kringumstæður eru samt sem áður ekki mikilvægar.

Það sem skiptir mestu máli er manninum áskapað. Það er þekkt að jafnvel nýlega hefur mönnum yfirsést mikilvægir innkirtlar. Á sama hátt hugsar fólk nú á tínum ekki um sálarorku.

394. Lífeðlisfræði sem og heimspeki mismunandi þjóða forðast jafn

mikið að minnast á það sem er mikilvægast. Þó margar ráðstefnur séu kallaðar saman er sérstaklega sorglegt að sjá hin slóttugu undanbrögð sem gripið er til í þeim tilgangi að forðast að tjá það sem liggur beinast fyrir og að finna einföldustu lausnirnar.

Hæfnin til að álykta með einföldum og skýrum hætti er afleiðing af ræktun andans.

395. Það ætti að rannsaka hugsanasendingar sem berast á straumi sálarorku. Þessar sendingar eru ef til vill ekki skynjaðar í orðum, en þær geta endurspeglast í hrynjandi sálarorkunnar. Þetta kemur ekki fram sem truflun, eins og þegar straumarnir breytast; samt sem áður, það veldur því að táknrún sálarorkunnar breytist; ef til vill myndast sporbaugur í stað hrings, eða þvermál hringsins breytist, eða að sveifluhreyfing kemur í ljós — á þann hátt er hægt að verða var við áhrif hugsunar, ef hugsunin er nægilega kraftmikil. Hinir fornu athugendur áttu nöfn yfir þetta, svo sem „snerting vængja,“ vegna þess að hugsun hefur ætíð verið táknuð með vængjum.

Mörg vandlega úthugsuð táknerki hafa verið skilin eftir okkur til túlkunar. Með rannsókn táknerkjana getum við öðlast skilning á djúpsæi hinna fornu hugsuða. Þó sjaldan finnist leifar fornrar hönnunar, svo sem tækja, er samt mögulegt að sjá í tákneymendum ýmislegt sem er mun djúpstæðara en fólk kærir sig um að viðurkenna. Stundum koma samt í ljós við uppgröft brot af hlutum sem menn geta ekki útskýrt.

Menn þurfa að íhuga viðfangsefni hinnar fornu hugsunar. Slíkar

rannsóknir, sem byggjast á efnislegum fundum, geta leitt til merkilegra niðurstaðna. Oft er svo að þegar fólk athugar fornar áletranir les það út úr þeim merkingu sem er ekkert nema persónuleg samsuða. Skarpskyggni er mjög nauðsynleg.

396. Eftirfarandi spurning er mjög mikilvæg: Geymast hugsanir sem sest hafa á hluti í langan tíma? Sjá má að stundum varðveitast þær öldum saman. Stundum voru málmlöndur notaðar í því skyni að varðveita betur slíkar útfellingar. Slík viðleitni er athygli verð; því hún sýnir hversu miklu lærðara fólk var á fornum tímum en yfirleitt er ætlað. Öfgarnar í lifnaðarháttum hafa verið miklar, en þegar best lætur er upprás hugsunarinnar dýrleg.

397. Þegar rannsakað er útstreymi frá rós má sjá að það eitt að ganga fram hjá blóminu hefur áhrif á útstreymi þess. Með þessari einu athugun má sjá hversu næmar plöntur eru og hversu sterkelega þær bregðast við áhrifum frá mönnum. Til er einnig önnur tilraun sem hefur umtalsvert gildi. Ef maðurinn getur með orku sinni varpað áhrifum sínum í gegnum loft og gólfteppi upp á næstu hæð hússins, hvaða ályktanir er þá hægt að draga af því um samfélög manna!

Það er álitid að fjarhrif milli manna sé aðeins möguleg þegar alger góðvilji er ríkjandi. Enn á ný verður siðferðilegt hugtak að virkum drifkrafti. Þannig verður sálarfræðin að áhrifaríkri vísindagrein. Það er mjög einkennandi

fyrir núverandi tímabil að jafnvel hin svonefndu óhlutlægu hugtök gerast drifkraftar í lífinu.

Spyrja má; „Er nýtt tímabil að hefjast?“ Það hefur sannarlega hafist, vegna þess að skilningur á miklum orkutegundum er að vakna og vísindin eru að rísa í nýjar hæðir.

398. Til er fólk sem er svo fáfrótt að það leggst gegn hagnýtingu hinna æðri orkutegunda. Það gengur svo langt í guðlasti sínu að lýsa því yfir að viðurkenning orkunnar sé lævís brögð hins illa. Þið munið vissulega rekast á furðulegar skoðanir um að vísindin séu af hinu illa. Jafnvel nú á tímum er til fólk sem í fáfræði sínu berst gegn því sem mannkyninu er til góðs. Látið slíkar raddir myrkursins sem vind um eyru þjóta — þær verða alltaf til. Guðlast, lítilsvirðing og illt umtal eru aðalvopn myrkursins. Þið sjáið samt nú þegar hina fögru orku og engin illmælgi hefur áhrif á ykkur.

399. Merkjum hinnar nýju aldar fer sífellt fjölgandi. Þau glatast ekki í baráttunni. Blómin á enginu deyja ekki í þrumuveðrinu, og regnið gefur þeim aðeins nýjan ferskleika. Á þennan hátt ættu menn að skilja áhrif pólarandstæðnanna.

400. Sérhver líkamleg snerting felur í sér áhrifaríka athöfn. Allir dýratamningamenn þekkja mátt snertingarinnar. Jafnvel garðyrkjumenn vita um mikilvægi umönnunar plantna með höndum, en fólk kærir sig ekki um að

þekkja nauðsyn á varfærni í samskiptum sínum við aðra. Þið hafið þegar séð að jafnvel einn maður getur algerlega raskað hrynjandi orkunnar. Þar sem ekki er svo erfitt að fá afgerandi niðurstöður, þess þá heldur ættu menn að hagnýta sér svo sannfærandi þekkingu.

Fólk kærir sig ekki um að viðurkenna lögmál samfélagslífs. Hægt er að ræða ótal sinnum um hve mikill hagur er af einingu, samt eru það fáir sem íhuga ástæðurnar fyrir þessari þráfylgni.

401. Fáir hafa gengið úr skugga um gildi mögnunar með handayfirlagningu. Slík fyrirbrigði hljóta að vera óaðgreinanleg frá sálrænni orku, annars mætti draga þá óheyrilegu ályktun að sefjun, mögnun, dulskyggni, dulheyrn og öll önnur dulræn fyrirbrigði séu hvert um sig aðgreind og eigi mismunandi rætur. Það er kominn tími til að gera sér grein fyrir einingu grundvallarorkunnar. Sérhver tilraun leiðir margbreytileika í ljós, en fjölbreytnin er þó aðeins hluti af einingu grundvallarorkunnar.

402. Skynjun jarðskjálfta í fjarlægt líkist skynjun hugsunar úr fjarlægð. Orkan skynjar og nemur á sama hátt allar sveiflur, allt frá laufblaði sem fellur til jarðar til hinna stærstu atburða. Sálarorkan er vökul og tilbúin að nema allt sem gerist.

403. Í fornum sögnum er oft sagt frá því hvernig hetjurnar urðu að komast fram hjá ógnvekjandi drekum til þess að finna fjársjóðinn. Þeir máttu

ekki finna til ótta því þá myndu óvættirnir rífa þá í sig. Þegar hefur verið minnst á hinn sérstæða eiginleika sjónarinnar, að horfa án þess að sjá. En nú nálgast sá tími að sálarorkan raunbirtist, og þá þurfa menn sérstaklega á því að halda að vita hvernig á að hafa stjórн á tilfinningum sínum. Það verður að þjálfa þær þannig að hægt sé að virkja þær eða halda aftur af þeim á meðvitaðan hátt alveg að því marki að þeim sé algerlega haldið niðri.

Einmitt nákvæmlega það sem sagt hefur verið, að horfa án þess að sjá, er besta dæmið um stjórnun á skynjun. Sá sem gerir tilraunir með sálræna orku ætti að vita hvernig hann á að hafa stjórн á tilfinningum sínum til að vera laus við allar fyrirfram myndaðar skoðanir.

404. Einnig hefur verið sagt að stundum sé erfitt að þvinga sjálfan sig til að hugsa, en enn erfiðara er að skipa sjálfum sér að hugsa ekki.

Hæfileikinn, að hafa stjórн á hugsun sinni, byggir á stöðugri þjálfun og fyrir tilraunastarfíð er slík þjálfun ómissandi. Á hverjum degi er hægt að aga sig með því að forðast að hugsa um einhvern vissan hlut. En menn skyldu varast sjálfblekkingu, því að ákvörðunin að hugsa ekki getur sjálf falið í sér hugsun.

Algjör stjórн hugsunar og lausn frá fordómum er mikil hugræn þjálfun.

405. Athuganir á sálrænni orku grundvallast á innri heiðarleika athugandans. Hann einn getur um það dæmt hvort hann sé laus frá væntingum; hann einn getur um það dæmt hvenær hann hefur losnað undan

valdi löngunar.

406. Ekki skyldi stunda tilraunir lengur en eina klukkustund í senn; því þá geta menn gengið um of á orkuforða sinn. Að vissum tíma liðnum munu afleiðingar þess koma í ljós.

407. „Lát mig drekka hið lifandi vatn sem stendur nærrí höfði þínu“ — svo var sagt í fornu riti.

Þeir sem síðast hafa túlkað þessi orð hafa gefið þeim táknræna merkingu, á þann veg að „hið lifandi vatn“ þýði haf viskunnar og „höfuð“ í þessu tilfelli merki hátind vitsmunanna. En í raun höfðu orðin læknisfræðilegt gildi. Lærisveinninn bað fræðarann um að mega drekka hið orkumagnaða vatn sem stóð við rúm hans. Hægt er að finna margt ritað um mögnun vatns. Á fornum myndum má sjá menn drekka úr íláti eða helgri uppsprettu.

Í fyrndinni vissi fólk um aðferðirnar tvær við að magna vatn. Önnur fólst í handayfirlagningu, en hin, sú náttúrulega, fólst í því að láta vatn standa við hlið rúmsins. Fyrri aðferðin var meira notuð við vissum kvillum, en hin síðari var álitin betri sem almennt viðhald á lífsþrótti. Þannig vatn var annað hvort drukkið eða notað útvortis.

Sagt er að drottning nokkur í Palmýra hafi skipað þjónustuliði sínu að dvelja yfir nöttina umhverfis baðkar sem hafði verið fyllt fyrir hana með baðvatni. Einnig má sjá í bíblíusögunni um Davíð konung hve menn mátu mikils hina heilbrigðu útgeislun manna. Í félagsskap manna ætti að gæta

vandlega að því að útgeislunin sé samræmisfull. Sálræn orka mun aðstoða við val samverkamanna.

408. Orkumögnun klæða er einnig vel þekkt fyrirbrigði. Föt eða klæðisbútar hafa verið mögnuð og síðan gefin. Orkumögnunin hefur verið framkvæmd með sömu tveim aðferðunum — með handayfirlagningu eða með því að klæðast fótunum. Til var gamall siður að gefa klæði sem borið var á öxlunum. Höfðingjar í fyrndinni álitu að slíkar gjafir væru til þess fallnar að auka hollustu viðtakendanna. Til er jafnvel þjóðsaga um að vitur einbúi hafi kennt konungi nokkrum þennan sið.

409. Mögnun með náttúrulegum aðferðum er æskilegri; hún er framkvæmd án nokkurra áreynslu eða þreytu og útgeislunin sest á hlutinn ríkulega og án hindrana.

Þið vitið nú þegar hversu langt útgeislánir geta náð. Það verður að venjast smám saman andrúmslofti gamalla húsa með fornum húsgögnum til þess að uppsöfnuð útgeislunin verði ekki til skaða.

410. Mögulegt er að greina útfellingar orkunnar á fjallasnjó og dögg. Í fyrndinni skildi fólk læknisfræðilegt gildi daggar. Minnst var á það í fornum sögnum að til að öðlast spádómsgáfu þurfti að ganga í dögginni í sjötíu daga. Og nýlega voru opnaðir spítalar þar sem einn hluti meðhöndlunarinnar fólst í því að ganga berfættur í dögginni, en venjulegt vatn var gagnslaust vegna þess

að þörf var á hinum sérstæðu eiginleikum daggar.

Snjór, sem hlaðinn er geimryki, býr yfir sams konar læknandi eiginleikum.

411. Ef þið viljið færa einhverjum bók að gjöf þá ráðlegg ég ykkur að senda hana eftir að þið hafið lesið hana sjálf. Fyrr á tímum var bók, sem gefandinn hafði lesið, í hávegum höfð. Menn áttuðu sig á því að við lestar bókarinnar safnaðist sérstök gerð orku í hana. Þannig skulum við veita athygli öllum möguleikum á orkuskiptum milli manna.

412. Þegar maðurinn verður meðvitaður um eðlislæga orku sína getur hann samt sem áður ekki hagnýtt hana eftir hentugleikum. Afleiðing þess verða margs konar óeðlilegar aðstæður, en við slíku ætti að bregðast með mikilli þolinmæði.

Gestgjafinn hlær ekki að erlendum gestum sem hafa tunguna ekki fullkomlega á valdi sínu; hann reynir að skilja og hjálpa. Á sama hátt, þegar skynjaðar eru fíngerðar orkutegundir, ættu menn að beita allri athygli sinni. Fólk reynir oft að fela eða ef til vill ýkja skynjanir sínar, en lítilsvirðing er ekki við hæfi, jafnvel við fyrstu tilraun.

Einmitt nú á tímum á sér óefað stað mikil framþróun vitundarinnar. Þar sem búast hefði mátt við höfnun eru einmitt að opnast nýir möguleikar. Við skulum fagna við hvert nýtt upphaf.

413. Andúð er ekki viðeigandi þar sem aðlöðun er að finna, þó hún sé aðeins í litlum mæli. Fræðslan verður að gera þekkinguna andlega og færa siðferðileg hugtök nær hinum ríkjandi æðri öflum. Ekki ætti að hafna neinu sem getur minnt á gleymd sannindi.

Það er ekki af tilviljun að ég kem með dæmi úr þjóðsögum og þjóðháttum. Sérhver lausleg tilvitnun til þekkingar fortíðarinnar ber í sér merki um göfgi mannsins.

414. Sumir bíða tíðinda að ofan, aðrir leggja eyra við jörðu. Taka verður tillit til alls í alheiminum.

Menn ættu að gera sér grein fyrir helstu gjöfum þróunarinnar: Í fyrsta lagi — sálraðni orku; í öðru lagi — kvennahreyfingunni; í þriðja lagi — samvinnunni. Allar þessar gjafir verða menn að meðtaka fullkomlega, en ekki óhlutrænt. Margsinnis höfum við bent á mátt sálarorkunnar. Með jafn mikilli ákveðni skulum við nú benda á eiginleika hinna næstu tveggja sérkenna aldarinnar.

415. Heimsmóðirin! Ætla skyldi að með því að mæla fram þetta orð einu sinni ætti mikilfengleiki hugtaksins að verða öllum augljós, en lífið sýnir að svo er ekki.

Skáld og söngvarar hefja konuna oft upp til skýjanna, en ríkisstjórnir eru ófærar um að viðurkenna einfalt jafnrétti. Það mun verða skammarleg síða í sögunni sem segir frá því að jafnvel nú á tímum hefur jafnrétti kynjanna ekki

enn verið komið á. Uppeldi og menntun kvenna er ekki á sama stigi og karla, og sjálft móðurhlutverkið er ekki verndað.

Hver sá sem er fyrstur til að koma í framkvæmd þessu verki, sem hefur svo mikla alheimslega þýðingu, starfar í fullkomnu samræmi við þróunina.

416. Konan verður sjálf að setja fordæmi um einingu. Við vitum hve sjaldan slíku samræmi er náð. En ef lögð er áhersla á hina einu raunverulegu ástæðu þá verður ekki mögulegt að daufheyраст eingöngu vegna fáránlegra siðvenja. Margar þeirra byggja vissulega á sögulegum grunni, en þessum hindrunum verður að ryðja úr vegi.

Konur allra kynþátta og trúarbragða munu með eigin höndum vinna að því að móta skref þróunarinnar. Látum ekkert verða til tafar!

417. Þið munið rekast á tvenns konar andstæðinga jafnréttis — annar hefur kvennabúr í hávegum og segir að ekki megi raska fornum siðvenjum; en hinn ber ekki neina virðingu fyrir fortíðinni og mun krefjast forréttinda sjálfri sér til handa í öllu. Bæði eru þau víðs fjarri leiðum þróunarinnar.

Alveg er óheimilt að draga gamlar misgerðir inn í framtíðina. Einnig er óheimilt að viðhalda stirðnuðum úreltum lífsháttum. Óheimilt er að leggja stein í götu frjálsrar þekkingarleitar. Yfirlýsing um fullt jafnrétti ætti frekar að kallast fullkomin réttindi. Þær skyldur sem fylgja viðurkenningu á fullu jafnrétti munu leysa lífið undan grófgerðum siðvenjum, illu orðbragði, ósannindum og gráum hversdagsleika. En hin nýja þróun verður að byrja

snemma á ævinni ef hugmyndir um hana hafa ekki þegar komið fram á sjálfstæðan máta.

Mögulegt er að sjá að nú á tímum eru til margar konur sem skilja fullkomlega mikilvægi fullra réttinda. Það má reiða sig á þær um allan heim.

418. Full réttindi fyrir allt mannkyn um allan heim ætti að vera tímanna tákn. Almenningsálitið verður afdráttarlaust að krefjast réttlætis. Slík fullkomin mannréttindi verða að komast á sem eðlilegt lögmal í samskiptum heimsins. Fullkomin réttindi mynda hinar ómissandi aðstæður.

Fólk hrósar sér af afnámi þrælahalds, en hefur það örugglega verið þurrkað út alls staðar? Geta íbúar jarðarinnar sofið rótt þegar mannleg reisn er niðurlægð og troðin í svaðið? Getur fólk hreykt sér af æðri þekkingu þegar það veit að fullkomin réttindi eru ekki staðreynd?

Þess vegna ætti ekki að líta svo á að nú þegar sé búið að koma á fullum mannréttindum með réttlátum hætti.

419. Þegar unnið er að því að koma á fullum réttindum er nauðsynlegt að forðast að láta það virðast vera eitthvað óvenjulegt. Þau eru hið náttúrulega ástand og það verður að taka þeim með rósemi. Hægt er að harma það í anda að slíkt náttúrulegt ástand hafi ekki komist á fyrr. En það er engin ástæða til að hreykja sér af því þegar eitthvað er gert sem náttúran sjálf hefur fyrirfram ákveðið.

420. Fullkomnum réttindum fylgja miklar skyldur. Ef þann skilning vantar munu fullkomin réttindi breytast í geðþóttahátt. Meðal kvenna er að finna þá skyldurækni og vandvirkni sem er inntak þróunarinnar.

Það er ekki mögulegt að öðlast tilfinningu fyrir fullkomnun án sterkrar innri viðleitni.

421. Konur geta verið jafnt dómarar sem lögfræðilegir ráðunautar, því óréttlætið mun eyðast þegar dómstólarnir sjálfir andæfa hinu illa afli. Slíkir yfirburðir munu ummynda alla þætti lífsins.

Þegar ég segi: „Þið konur hafið hæfni til að skilja samvinnu,“ er ég með því að reyna að vekja eldana í djúpum hjartna ykkar af blundi sínum.

422. Samvinna er tímanna tákn. Margt hefur verið um hana ritað, en lífið krefst þess að þetta hugtak verði göfgað. Engir útreikningar munu koma að liði við að styrkja samstarf. Menn geta fullvissað sig um það af þeirri staðreynd að einn einstakur illur vilji hefur þegar fært heildarkerfið úr skorðum. Ekki má líta svo á að hægt sé að hylja hið óttalega ástand með neins konar ytri skuldbindingum. Ef traust er ekki fyrir hendi, þá breytist samvinnan í körfu fulla af eitursnákum. Ég fullyrði að skilningur á sálarorkunni byggir trausta undirstöðu fyrir samvinnu. Það er ekki óhlutlægt hugtak heldur vísbendingar orkunnar sem framkalla nýjar hugsanir.

423. Sérhvert svið lífsins er orðið svo flókið að samvinnu er alls staðar

þörf. Ekki er hægt að nefna eina einstu starfsgrein þar sem maðurinn getur litið á sjálfan sig sem óháða einingu. Af þessum sökum verður samvinna, að því er virðist, að vísindum lífsins. En til að gefa henni vísindalegan grunn er nauðsynlegt að viðurkenna hana á öllum sviðum lífsins. Ekki er mögulegt að kalla fólk til samvinnu eins og með því sé um eitthvað óhlutlægt að ræða. Í öllum námsgreinum skólanna ætti einmitt að benda á hinn eðlislæga möguleika á samvinnu.

Í öllum lögum ætti að ætla samvinnu stóran hlut. Lát réttlát lög vernda alla vaxtarsprota hennar. Lífið er margbreytilegt og því er ekki hægt að líta á eina skilgreiningu sem algilda fyrir samvinnu. Fíngerðar orkutegundir eiga þátt í hverju starfi, og þær verður að vernda vandlega með lögum. Hinar fíngerðu orkutegundir birtast í mjög margvíslegum tegundum mennskrar vitundar. Ómögulegt er að skilgreina hinar fíngerðu samsetningar með grófgerðum orðum.

Það verður að rækta hugsunina þannig að hún nemi hina ýtrustu gagnsemi ofan og handan við hið hefðbundna. Sumir skilja ef til vill ekki hvaða samband er á milli ræktunar á hugsun og lögmála samvinnu, en í samvinnu birtist samhljómur mannkynsins.

424. Mikil andstaða mun koma fram gegn samvinnu. Vegna eicingirni munu sumir alls ekki vilja viðurkenna hana; aðrir munu hagnýta sér hana í einhagsmunaskyni, en hafna þó tilvist hennar; og enn aðrir munu samsama samvinnuhugtakið algjöru stjórnleysi.

Mjög mörgum mótbárum verður beitt; því verður það eitt af erfiðustu verkefnunum að koma á samstarfi. Hyldýpisgjá fortíðaráhrifa mun opnast; bent verður á hin furðulegustu dæmi frá fyrri tíðar úreltum hugmyndum; taldir verða upp glæpir sem voru afleiðingar óheiðarlegrar samvinnu. Of oft hafa hindranir verið reistar og nýir lífshættir gleymst. Með samvinnu er hægt að koma með róttækum hætti í veg fyrir tilhneicinguna til að hjúpast andlausri vélvirknii.

Ennfremur, samvinnu má ekki takmarka eingöngu við vissa þætti starfsins. Viðurkenna verður samvinnu sem grundvöll tilverunnar. Það er aðeins með víðtækri samvinnu að hægt er að finna hin sönnu tengsl ríkisins og vinnu þjóðarinnar. Að öðrum kosti vex hin eyðileggjandi skuld ríkisins. Það er aðeins merki um villimennsku að leysa slíkt vandamál með stríði. Maðurinn má ekki hugsa um eyðingu þjóða, heldur um framfarir plánetunnar! Þegar sálræn orka hefur hlotið sinn réttmæta sess, þegar konan er orðin verndari menningarinnar, þegar samvinna er gerð að grundvelli lífsins — þá mun allt lífið ummyndast. Þekking og skapandi eiginleikar munu skipa sína fyrri stöðu. Með fyrri stöðu á ég við það að jafnvel í fyrndinni má finna dæmi um skilning á mikilvægi vísinda og lista. Samvinna leiðir í ljós auðvelda leið til fullkomnumnar.

425. Sjálfssfullkommun og heilbrigði þjóðarinnar eru nátengd verkefni. Leitum til konunnar vegna hins fyrra og vegna hins síðara. Bæði þessi verkefni eru unnin á sviði fjölskyldunnar, miklu fremur en á sviði stjórnunar. Ekki er

hægt að gefa fyrirmæli um hreinar hugsanir; ekki er einu sinni hægt að gefa fyrirmæli um hreinan talsmáta. Ekki er hægt að skipa fyrir um heilnæmt hreinlæti heimilisins. Það er aðeins upplýst vitund sem er grundvöllur að heilbrigði anda og líkama.

426. Hvaða jarðnesk orð geta tjáð þá staðreynd að í hverri hreyfingu mannsins birtist hin fíngerðasta orka? Hvernig á að segja að hin sama orka hrindir af stað hreyfingu heimanna? Hvernig á að gefa í skyn að hana er einnig að finna í hugsun og starfi? Hún er bæði hvetjandi og letjandi orsök. Hún gerir ekki greinarmun á hinu smáa og hinu stóra. Hver gerir sér grein fyrir því hvar er að finna hina fyrstu orsök alls sem er? Hver getur þá breitt út þekkingu um hina miklu orku um allan heim?

Hægt væri að skrifa bók um smáar orsakir og miklar afleiðingar. Slíkar skilgreiningar eru vissulega aðeins mögulegar út frá jarðneskum viðmiðunum. En það er lærðómsríkt að rannsaka hvaða orsakir hafa valdið hinum miklu afleiðingum; það er furðulegt hversu smáar hinar sýnilegu orsakir eru. Margir muna alls ekki hinar smávægilegu tilhvatir. Við skulum skoða hvernig slíkt ósamræmi getur orðið til. Eina skýringu er að finna í karmískum orsökum. Að auki greinir maðurinn með erfiðismunum á milli hins smáa og hins mikla.

Sálræn orka hlýtur að vera áminning um tilveru mikillar orku í öllu. Þannig skulum við læra að tala með gætni um hið smáa. Lærið hvernig á að íhuga hina miklu orku.

427. Að viðhafa athugula afstöðu til allra fyrirbrigða er erfitt skref. Nauðsynlegt er að endurtaka sannindin um nauðsyn þess að beita skarpri athygli til þess að hin helga orka verði ekki misnotuð. Margar ráðleggingar hafa verið gefnar varðandi þessa leið. Rætt er um kærleika, góðvild, samúð og marga aðra eiginleika, en nauðsynlegt er að styrkja þá með skilningi á hinni miklu orku. Ekki er auðvelt að hafa þetta í huga mitt í umróti lífsins.

428. Hvers vegna er þátttaka konu svo nauðsynleg í tilraunum með sálræna orku? Hvers vegna er umönnun konu svo góð fyrir blómin? Hvers vegna hefur snerting konu svo mikil læknandi áhrif í veikindum?

Hægt er að nefna mjög mörg dæmi þar sem það er einmitt kona sem getur veitt sálarorkunni sérstaka þenslu. En slíkum sérstökum eiginleikum kvenna hefur ekki verið veitt tilhlýðileg athygli. Læknar hafa sjaldan skilning á því hvers vegna þátttaka konu í læknisaðgerðum getur verið ákaflega gagnleg. Hið eilífa kvenlega frumtak hefur ekki enn verið túnkað á réttlátan hátt.

Vísindamenn viðurkenna ekki að nálægð ákveðins fólks ein sér jafngildi notkun á áhrifaríkum tækjum. Það eru ekki gerðar tilraunir sem gætu leitt í ljós á myndrænan hátt hinar mismunandi svaranir sem mismunandi fólk veldur. Sérhver tilraun með sálræna orku er ólýsanlega gagnleg.

429. Enginn ætti að mæla á móti því að hann búi sjálfur yfir einhverju sérstöku innra gildi. Notagildi þess hefur ef til vill ekki fundist, en það merkir

ekki að möguleikinn sé ekki fyrir hendi.

430. Virkni elds í iðrum jarðar er mikil. Enginn veitir því þó nokkra eftirtekt hvernig atburðir heimsins samsvara fyrirbrigðum náttúrunnar. Það stafar ekki svo mjög af vanrækslu heldur er ástæðan sú að þekkingu skortir á því hvernig á að tengja atburði við kosmísk fyrirbrigði. En einmitt á þessu ári geta markverðir atburðir gerst.

431. Kosmísk fyrirbrigði samsvara ekki aðeins efnislegum stríðsrekstri heldur einnig andlegum árekstrum. Áhrif magnaðrar orku getur valdið iðuhvirflum í mikilli fjarlægð.

432. Spyrja má: „Hvaðan kemur þreytan þegar gerðar eru tilraunir með sálrvæna orku? Eru fyrir hendi einhverjar ytri aðstæður til viðbótar hinni innri þenslu?“

Þetta er rétt tilgáta. Þegar mögnuð orka fær útrás verður til sérstakur segull sem dregur til sín ákveðinn þrýsting ytri geimorku. Þessi ytri þrýstingur stuðlar að þreytu. En á hinn bóginn þá dregur þessi segull til sín einhugula athygli og gerir athöfn trúverðuga. Ræðumenn og söngvarar finna til þreytu ekki eingöngu vegna taugabenslu heldur einnig vegna þrýstings af sálrvænni orku sem dregst til þeirra frá umhverfinu. Afleiðingin er ákaflega flókin atburðarás — á aðra hlið innblástur en þrýstingur á hina.

433. Hægt er að segja öllum frá því hversu eining er ómissandi. Áður hefur verið bent á að eining er raunverulegur drifkraftur. Sagt hefur verið að eining sé segull. Hún er læknandi máttur, hún er heilsa, hún er skjótvirk leið að markinu. Hverju fleiru þarf að bæta við?

Ef það sem sagt hefur verið hefur engin áhrif, er gagnslaust að bæta því við að eining er samhljómur við helgivaldið. Sé þessi vísbending ekki meðtekin, er erfitt að meðtaka hugmyndina um helgivaldið. Slíkt er sambærilegt við hús sem stendur á ótraustum grunni. Fyrsti vindgustur mun feykja um koll slíku hrófatildri. Hvaðan kemur styrkurinn til að standast fyrsta stormviðrið?

434. Mörg söguleg dæmi eru til vitnis um þá staðreynd að jafnvel mjög sterkar persónur hafa lamast í návist annarra sem búa yfir minni krafti. Að auki má sjá að þessar tálmandi persónur eru af tveim gerðum. Ein tegundin hindrar aðeins visst fólk, en hin verkar almennt truflandi á streymi sálarorkunnar.

Fyrrnefnda tegundin er skiljanleg, vegna þess að allt misrämi leggur hömlur á viðleitni orkunnar, en hin síðarnefnda er, að því er virðist, tjáning á kosmísku fyrirbrigði. Það felst ekkert gott í því að trufla strauma; þörf er á neikvæðum krafti í talsverðum mæli til að trufla sterkt áhrifasamaband. Slíkt fólk nefnist kosmískar blóðsugur. Ennfremur sýnir það ekki sinn innri mann í ytra útliti og getur jafnvel virst vera lítilsgildar mannverur.

Þið ættuð ekki að láta reyna á orkuna ef þið skynjið návist slíkrar

persónu.

435. Það er óheppilegt að í mörgum tungumálum eru notuð mismunandi orð um sama hugtakið sem gera með því merkinguna torskildari. Til dæmis þá er hægt að fela orðið „ósannsögli“ bak við önnur orð, eins og uppgerð, óheiðarleiki, svik, fordómar, skáldskapur og mörg önnur, en rótin að þeim öllum er sama hugtakið, ósannindi. Greina má mismunandi blæbrigði, en rótin hefur ekki breyst. Hið sama má segja um mjög mörg hugtök sem hafa greinst mjög í meðfórum almennings. Slík sundurgreining er langt frá því að vera gagnleg þegar nauðsynlegt er að vita hvernig á að hugsa um einingu.

Það eru til svo mörg nöfn yfir sama hlutinn!

436. Gagnkvæm orkuskipti milli manna er eðlilegt fyrirbrigði, en óleyfilegt er að draga til sín orku annars án þess að gefa orku af sjálfum sér í staðin. Slík dæmi eru jafn algeng og smitandi pestir. En mögulegt er að andæfa svo of safenginni sjálfsselsku að vissu marki. Ef fólk venur sig frá barnæsku á mikilvægi samskipta og samvinnu þá mun það einnig meðhöndla orku með skynsemi.

Margs konar athafnir af blóðsugu tagi eru ekkert annað en fávíslegt lauslæti.

437. Margt af því sem orð fá ekki tjáð er hægt að skýra nánar með

táknum. Í hverju tákni felst því vottur af hinu ósegjanlega. Mögulegt er að skynja gildi hins leynda, en orð eru ófullnægjandi.

Skoða ætti tákna með mikilli athygli. Eins og leyndar helgirúnir geyma þau kjarna hins mikla alheims. Venjulega veit fólk ekki hvernig það á að skoða tákna. Fólk líkar ekki vísbendingar, því það álítur að þær hamli gegn frjálsum vilja þess. En aftur á móti ef fólk er látið afskiptalaust er það ógæfusamt og finnst það vera yfirgefið.

Tákna eru eins og stríðsfánar sem bardagamenn geta flokkast um til að fá vitneskju um fyrirmæli sín. Í stríði hefur fall fánans verið talið jafngilda ósigri hersins. Á sama hátt, ef tákna eru virt að vettugi, getur það orðið til þess að hugtök, ótjáanleg í orðum, fari forgörðum. Ennfremur, tákna er áminning um fræðsluna í heild sinni. Það virðist sem svo að leynd táknsins feli í sér orkuþenslu.

438. Örvænting er slæm, en til er önnur gerð ýtrustu þenslu sem er nauðsynleg til árangurs. Hið ytra er hún næstum því óaðgreinanleg frá dýpstu örvaðtingu, en hið innra eru þær andstæður. Örvænting er niðurbrjótandi, en ystu mörk þenslu eru uppbyggjandi.

439. Ófögur hugsun getur ekki valdið fagurri athöfn. Þegar ég tala um fugurð hef ég fyrst og fremst í huga fugurð hugsana. Hugsun hefur form, sem þýðir að hafa verður skilning á fugurð hugsunar í fleiri en einum skilningi. Vegna alheimsins má maðurinn ekki hugsa ófagrar hugsanir.

Þið vitið að í fíngerða heiminum safnast saman hið ljóta. Bardaginn í fíngerða heiminum veldur bæði góðum árangri og ógeðfelldum athöfnum. Ástand fíngerða heimsins er skelfilegt þegar myrkar sendingar eitra geiminn. Ef jarðneskar sprengingar skekja jörðina, hversu miklu meira eyðileggjandi eru þá verkanir fíngerðra orkutegunda! Fólk hugsar lítið um þessi tengsl hins jarðneska og fíngerða heimsins; í jarðneskum orðum sagt — afleiðingar hinna fíngerðustu orkutegunda fara mörg þúsund sinnum fram úr jarðneskum verkunum. Að vísu endurspeglast þær í jarðneskum skynjunum, en margir útskýra þær aðeins sem vont veður. Í besta falli eru þær eignaðar sólblettum eða sólmyrkva, en lengra en það vogar mannkynið sér ekki að ganga.

440. Þekking er öllu ofar. Hver sá sem leggur til þekkingarbrot er góðgerðarmaður mannkynsins. Sérhver sem safnar saman þekkingarneistum er ljósberi. Við skulum læra að vernda hvert þrep ví sindalegs skilnings. Andúð á ví sindum er sem stökk út í myrkrið.

Allir eiga rétt á því að fá aðgang að fræðslunni. Lesið vandlega þau verk sem eru full sannleiksleitar. Hinn fáfróði sáir fordómum án þess einu sinni að hafa fyrir því að lesa bók. Hið jákvæðasta rit kalla þeir höfnun. Viðurkenning hinna æðstu lögmála er álitin vera skelfilegt guðlast. Sannarlega eru fordómar slæmir ráðgjafar! En ekki má vanrækja alla hina uppsöfnuðu þekkingu.

Við skulum ekki gleyma að bera þakklæti í brjósti til þeirra sem með lífi sínu hvöttu til þekkingarleitar.

441. Samvinnufélag er ekki lokað samfélag. Samvinna sem byggir á lögmálum náttúrunnar felur í sér brot af óendanleikanum. Verkaskiptingin og hin gagnkvæma aðstoð má ekki byggja upp hinar hefðbundnu takmarkanir. Þvert á móti, samvinnufélagið opnar dyr fyrir öllum möguleikum. Að auki eru samvinnufélög samtengd, og með því móti verður til net starfsemi sem umlykur alla veröldina.

Enginn getur ákveðið fyrirfram hvers konar form samvinnan mun taka á sig. Stofnanir sem grundvallaðar eru á samvinnu geta verið ákaflega margvíslegar og náð yfir svið menntunar, iðnaðar og landbúnaðar. Ekki er hægt að ímynda sér neitt einasta svið sem ekki er hægt að bæta til mikilla muna með samvinnu. Það ætti ekki að banna fólk að safnast saman til samvinnu á algerlega nýjum nótum. Samvinnufélagið er varnargarður ríkisins og vöggustofa samfélagslífsins.

Hvaðan mun almenningsálitið koma? Hvar munu hinar langþráðu framfarir taka á sig mynd? Hvaðan munu þeir sem starfa einir fá aðstoð? Sannlega, samvinnan mun einnig kenna einingu.

442. Það eru margir möguleikar fyrir hendi; aðeins er nauðsynlegt að uppfylla það sem sagt hefur verið fyrir um, sérstaklega nú á tímum þegar mannkynið grípur hvert hálmstrá til bjargar. Ekki er hægt að ætla að tilvera fáeinna auðkýfinga sé til marks um velsæld þjóðarinnar í heild sinni. Tími er kominn til að hafna þeirri villu að hundrað hallir byggi upp ríkið. Kominn er tími til að skilja og skoða dvalarstaði fátæklinganna; aðeins þar er mögulegt

að mynda sér skoðun um raunverulegar aðstæður þjóðar.

Nú þegar er kominn tími til að skilja hvar raunverulegt gildi liggur og hvar virkisgarðinn fyrir þróun vitundarinnar er að finna.

443. Hverjur eru þeir sem virða ekki né unna einingu? Þeir hafa ekki reynt þá tilfinningu stöðugleika sem alltaf tengist einingu. Þeir þekkja ekki hugdirfskuna sem er óaðskiljanleg frá einingu. Þeir hafa hafnað framförum sem eining gefur ríkulega. Þeir hafa ekki tekið þátt í gleðinni sem fylgir einingu. Þeir hafa hrakyrt virki einingarinnar. Hvað er þá eftir fyrir þá? Annað hvort að farast í fárviðrinu, eða að visna í sólinni, eða að rotna í mold fordómanna.

Hverjur eru þeir þá sem forsmá einingu?

444. Augljósasta dæmið um tálmynd og raunveruleika er að finna í stjörnum himinsins. Þó stjarna hafi eyðst fyrir þúsundum ára sést ljós hennar enn frá jörðinni. Hver getur þá gert tilraun til að skilgreina markalínu hins raunverulega og tálsýnarinnar? Einnig má finna svipuð dæmi meðal jarðneskra fyrirbrigða.

445. Jarðneskir sigurvegarar, hvar eruð þið í raun og hvar eru aðeins skuggar ykkar? Hver vill greina á milli — er það sigur eða aðeins endurspeglun fjarlægra atburða? Hvar liggur markalína raunveruleikans? Þó öllum tölum sé safnað saman er lausnartöluna ekki að finna. Aðeins hin fíngerðasta orka

getur greint á milli lífs og svefndás.

En fólk kýs að lifa meðal svipa.

446. Til eru margir prófsteinar. Mögulegt er að prófa vitund manna með mestu grundvallarhugtökunum. Segið við þá — þróun og þroski, framfarir og árangur; og án nokkurra mælitækja munið þið skynja hvernig slíkum hugmyndum er tekið. Þeim verður að taka með gleði, hugrekki og innsæi; en oftast munið þið verða vör við hik, efa og sjálfsvorkun.

Gleði verður ekki til við sjálfsvorkun, né hugrekki við efa. Aftur á móti ætti eitt orð um árangur að vekja innsæi. Ein hugsun um framfarir ætti að margfalda kraftana tífalt. Hvað varðar þann sem nær árangri um alla dreka? Hann virðir að vettugi hina illvígu óvætti, því innblásturinn er traustur skjöldur.

Þið vitið að innblástur sameinar manninn náið hinum öflugustu orkutegundum. Allir hafa einhverju sinni reynt hversu þreytan hverfur við mikla viðleitni. Sem barn veit maðurinn að mögulegt er að yfirvinna þreytu, en þegar tímar líða verður hinn vesæli og vegmóði ferðamaður vantrúnni að bráð.

447. Þið vitið það sjálf hve miklu auðveldara er að leiðbeina mönum sem sýna mikla viðleitni. Þið vitið að örvar hitta ekki mann á hreyfingu, og að snúningshreyfing þeirra beinir þeim aftur til andstæðingsins. Mörgum sinnum hafið þið séð hvernig vængir hafa vaxið og boríð manninn yfir djúpið.

Hvorki þreyta, skapstyggð, né andstæðar hugsanir leiða til framfara.

448. Eitt sinn sað lærisveinninn fræðarann í samræðum við bogaskyttru sem átti leið hjá. Á eftir spurði lærisveinninn undrandi: „Hvaða gagn er hægt að hafa af slíkum samræðum?“

Fræðarinn svaraði: „Ég spurði hann hvernig hann smíðaði góðan boga og hvernig hann hæfði markið. Það er alltaf við hæfi að ræða um styrk, skotfimi og hæfni.“

449. Allir menn verða fyrir innblæstri, en þessir neistar af háleitum fögnuði koma sem einangraðir glampar og ummynda ekki allt lífið. En þrátt fyrir allt er slíkt ástand andans mögulegt jafnvel við erfiðar aðstæður. Gerum okkur í hugarlund að svo háleitt ástand sé viðvarandi, það mun þá veita enn æðri innblástur. Að sjálfsögðu mun öll tilveran upphefjast á sama hátt og sjálf náttúran mun enduróma þessa þróun.

Fólk telur að þróunin gerist, eða öllu heldur ætti að gerast, á löngum tíma, en hægt er að flýta þessu ferli í samræmi við löngun mannsins í þá átt. Fólk getur, ef það óskar svo, tekið framförum með miklum hraða. Allir aðrir þættir tilverunnar eru reiðubúnir fyrir þannig þróun, en maðurinn verður að þrá það. Menn mega ekki kæfa hvern innblástur. Þeir verða að læra að unna þeim sem hinu æðra samneyti.

Kærleikur þarf ekki á neinum töfrabrogðum að halda. Né heldur þarf að safna birgðum þar sem óendanleikinn er. Hin einfaldasta þrá er nægileg til að vinna að framförum. Útbensla hugsans veldur strax óendanlegri gleði.

Aðeins samhliða sönum uppötvunum er mögulegt að öðlast viðvarandi innblástur.

450. Hafið í huga þá ráðleggingu að geyma bók fræðslunnar við krossgötur. Hafið ekki áhyggjur af því hvaðan vegfarendur munu koma, hvaðan vinirnir muni koma sem hafa hugboð um að visku sé að finna. Verið ekki mædd vegna þeirra sem fara hjá; þeir kunna óafvitandi að vekja athygli einhvers. Þeir kunna að verða hneykslaðir og vekja athygli margra með upphrópunum sínum. En við skulum ekki ræða um hinrar óræðu leiðir. Enn er ekki hægt að gera þær opinberar, en hjartað þekkir þær.

451. Nauðsynlegt er að staðfesta þá staðreynd að innblástur er meðfæddur eiginleiki hjá öllu fólk. Venjulega ætla menn að hann sé eingöngu að finna hjá lærðómsmönnum, skáldum, tónlistarmönnum og myndlistarmönnum, en allir sem láta sig varða sína eigin vitund geta öðlast þessa æðri gjöf.

Hjá fólk háleitrar hugsunar má slíkur innblástur ekki aðeins vera sjaldgæfur gestur heldur ætti hann að vera sjálfur grundvöllur lífs þeirra. Aðeins er nauðsynlegt að veita athygli þessum samböndum; venjulega ýtir fólk þeim frá sér eins og truflandi flugnasveimi. Það gæti virst sem svo að maðurinn hafi ákveðið að hafa að engu hinrar æðri orkutegundir sem hafa svo rausnarlega verið fengnar honum til afnota. Ég ráðlegg ykkur að íhuga gaumgæfilega — hvað er innblástur?

452. Hjálpsemi er nauðsynleg alls staðar og við alla hluti. Hindranir í vegi hjálpar af stjórmálalegum, þjóðernislegum, samfélagslegum eða trúarlegum toga eru mannkyninu ekki samboðnar. Öllum sem þess þurfa ætti að veita hjálp á öllum sviðum. Ekki er við hæfi að velta fyrir sér háralit þegar hætta steðjar að. Ekki ætti heldur að spyrja um trúarskoðanir þegar bjarga þarf mönnum úr eldsvoða.

Öll viskurit benda á nauðsyn skilyrðislausrar aðstoðar. Líta má á þannig hjálp sem sannan innblástur. Þetta hefur þegar verið ítrekað, en vegna hinna mörgu hefðbundnu viðhorfa er knýjandi að endurtaka sannindin um óhefta hjálpsemi.

453. Angist hjartans er óhjákvæmileg ef kunnugt er um ógæfu á heimili nágrannans. Hinar opnu orkustöðvar geta skynjað margar truflanir nær og fjær — þær fá hjartað til að skjálfa. En menn taka oft ekki eftir merkjum hjartans; þeim hættir til að líta á þau sem merki um sjúkdóma. Þess ber þó að minnast að hjartað slær í takt við alla tilveruna. Kosmískir atburðir og átök meðal þjóðarinnar eru sem hamarshögg.

Fólk talar um aukningu hjartakvilla. Það er rétt, einkennin eru vaxandi, en það er einföldun að tengja það eingöngu taugaspennu samtímans. En hvar liggja þá orsakir þessara truflana? Þegar straumar þéttast veldur það nýjum birtingum sálarorkunnar. En fólk lítur ekki á orkuna sem hið þýðingarmesta í þessu sambandi, og einmitt það veldur svo mörgum truflunum og alls konar

átökum.

Sagt hefur verið: „Örvið orkuna ekki svo mikið að það nálgist brjálsemi.“ Þessi viðvörun er ekki fjarri sanni. Hægt er að gera sér í hugarlund ofsa orkunnar, yfirspennt, niðurbrotin og misnotuð. Er mögulegt fyrir hjartað að halda ró sinni við þannig aðstæður?

454. Þakklæti er mikill drifkraftur. Enginn ætlast til þakklætis, en þessi máttur býr yfir miklum og góðum eiginleikum. Þakklætið hreinsar, og allt sem hefur hreinsast á auðveldar með að hreyfast. Þannig er þakklæti aðferð til að hraða för.

Sumir trúa því að þeir lítillækki sig aðeins með því að bera fram þakklæti. Hvílik fáfræði! Þakklætið göfgar aðeins og hreinsar; það laðar til sín nýjar orkutegundir. Jafnvel vélar starfa betur ef þær eru lausar við ryk.

455. Við skulum ekki búast við mjög mikilvægum rannsóknum ungra fræðimanna á fyrri tíðar nafngiftum manna á sálarorkunni. Án efa hefur tilvera þessarar orku verið þekkt meðal ólíkra þjóða á löngu liðnum tímum. Á sérhverju tímabili uppgötvuðu menn nýja eiginleika hennar og tjáðu þá með sínum sérstaka hætti. Sumir lögðu sálræna orku að jöfnu við ljós og bættu við hugtökunum uppljómun og geislun; aðrir tóku eftir segulmögnun og hreyfiorku hennar; einnig sáu menn dæmi um eldingarhraða hennar.

Þannig hafa menn aflað talsverðra upplýsinga, hver í samræmi við sína eigin eiginleika. Berið saman svipaðar athuganir, með því móti má fá mjög

athyglisverðar miðurstöður. Enn fremur, sjá má að fólk fyrri tíma bjó yfir talsvert mikilli athyglisgáfu, hugsanlega jafnvel meiri en nú á tímum. Nauðsynlegt er að rannsaka hvernig upplýsingum um eiginleika æðri orku hefur verið safnað saman og þær skráðar.

Heimspekingar, eðlisfræðingar, sagnfræðingar og málfræðingar geta tekið höndum saman um gagnlegar rannsóknir.

456. Samstarf fræðimanna er ómissandi. Finna verður tengsl milli margbreytilegra viðfangsefna af þeirri ástæðu að aðgreining margra fræðigreina byggir einfaldlega á vana.

457. Oft má sjá að dulskyggni og dulheyrn gefa yfirleitt aðeins brotakennar upplýsingar. En nauðsynlegt er að kalla til aðstoðar mörg lögmál til að öðlast skilning á því sem er að gerast. Oft orsakast brotakennnt eðli hins skynjaða af jarðneskum viðmiðunum. Fólk greinir ekki hið fíngerða samhengi þess skynjaða. Tengslin eru ef til vill mjög rökrétt, en jarðnesk rök eru ekki hin sömu og rök fíngerða heimsins.

Því má ekki heldur gleyma að æðri heimurinn hefur eftirlit með lögmálum karma. Lítill skilningur er fyrir hendi á því hvað er leyfilegt og hvað er háð hinu helga karma. Með jarðneskum orðum er ekki mögulegt að skilgreina hlið karma. Sambærilega er erfitt að gefa til kynna hvernig maðurinn hefur sjálfur áhrif á dulheyrn sína. Hann getur lokað fyrir eyru sín á þúsund vegu. Fyrst af öllu er nauðsynlegt að þenja út vitundina til að allar

rásir verði hreinar.

458. Nauðsynlegt er að útskýra mörg hugtök. Eitt þeirra er mystík, en það hugtak verður að skilgreina. Ef merking þess er nákvæm vitneskja, þá er rétt að halda því. En ef markmið þess er ekki þekking heldur þokukenndar hugmyndir, þá er rétt að láta orðið *mystík* hverfa úr notkun.

Við mælum með þekkingu sem er til hagsbóta fyrir framfarir mannkynsins.

459. Bardaginn er svo harður að ómögulegt er að eyða nokkrum tíma í venjulegar athafnir. Við erum á verði, en fólk skilur ekki hinar óvenjulegu kringumstæður. Jafnvel þeir, sem heyra um átökin, halda samt að ekkert sérstakt sé að gerast.

460. Ekki er auðvelt að gefa mönnum hugmynd um nýjar aðstæður íbúa á æðri sviðum fíngerða heimsins; það er eins og hið jarðneska ryð falli burt og sannur skilningur opinberast. Sjá má hvernig hin jarðnesku áhrif, sem eru óviðeigandi við hinar nýju aðstæður, falla burt. Sálraen orka fer að starfa óheft þegar hún er ekki lengur takmörkuð af þvinguðum ytri áhrifum; innsta eðli hennar leitar sannleikans. Hugrekkið bendir á bestu lausnirnar. Í jarðnesku lífi er á sama hátt hægt að leysa sálarorkuna úr fjötrum að mikilsverðu leyti. Á þann hátt er mögulegt að nálgast vitsmuni fíngerða heimsins.

Ómögulegt er að eyða sálarorkunni, en það er mögulegt að vísa henni á

svo óverðskuldaðan stað að hún geti hugsanlega bundið enda á jarðneskt líf með sprengingu. Dæmi er um að heilir heimar hafa farist af sömu orsökum! Þegar ég því segi — gætið að hjartanu og sálarorkunni, þá gef ég lífsnauðsynlegt heilræði.

Á sama hátt verða læknar að læra að leiðbeina sjúklingum sínum um grundvallareðli sálarorkunnar. Það er ekki nægilegt að læknirinn gefi sína eigin orku, hann verður einnig að kalla fram orku sjúklingsins. Með því móti er hin dýrmæta orka notuð með sem mestri hagkvæmni.

461. Drukknandi maður verður að veita björgunarmanni sínum aðstoð. Það hæfir ekki að hann sé eins og þungur sekkur. Með tilraun er mögulegt að fullvissa sig um hve mikið sjálf hugsunin getur hjálpað samstarfsmanni. Slíkar tilraunir er einnig hægt að framkvæma með dýrum. Eitt er það ef knapinn hvetur reiðskjóta sinn hugrænt, en allt annað ef skelfing og reiði situr í hnakknum. Mögulegt er að fullvissa sig stöðugt um starfsemi hugsunar þegar hún ummyndast í efnislega orku.

462. Veitið því athygli að gefa verður sálarorkunni andartaks frjálsa stund áður en tekið er til starfa. Nauðsynlegt er að slaka á jarðneskum tökum, að því er virðist, til að gefa henni færi á að sameinast frumuppsprettunni. Rangt er að þvinga orkuna skyndilega með jarðneskum sendingum. Mynda þarf farveg fyrir hana með því að styrkja sambandið við æðri heiminn. Slíkt samband hlítir ekki fyrirmælum. Ómögulegt er að skipa bréfdúfu að fljúga,

aðeins er hægt að sleppa henni lausri; hún þekkir sinn ákvörðunarstað. Sambærilega, nauðsynlegt er að sleppa sálarorkunni lausri úr efnislegu búri sínu; samstundis myndast segulmögnuð tenging.

Margir munu ræða um einbeitingu, en slíkt ástand gerir ráð fyrir þenslu, þar sem hins vegar það eina sem þarf að gera er að sleppa orkunni lausri; við það tekur hún til starfa. Þessi lausn þarf ekki að taka langan tíma, minna en sekúnda nægir til að leysa orkuna. Því skulum við fyrst af öllu frelsa fanga okkar. Nægilega mikið hefur verið sagt frá hinni máttugu ósýnilegu veru í ævintýrunum.

463. Við tölum um sálræna orku eins og hún sé máttugur drifkraftur. Við erum ekki að tala um fjölkynngi heldur um efnislegt lögmál. Við bendum á einföldustu leiðirnar til framfara. Við minnum á það sem menn vissu fyrir löngu, en samt sem áður mun hinn fáfróði telja að umræða okkar fjalli um hið yfirnáttúrulega. Hann mun hagnýta sér hinrar fíngerðu orkutegundir, en mun ekki kæra sig um að viðurkenna sálarorkuna.

Því skulum við enn og aftur endurtaka að við erum að tala um efnislegt lögmál.

464. Minnir ekki umræða okkar um efnislegt lögmál ykkur á hvernig gullgerðarmennirnir á sínum tíma neyddust til að finna upp ónauðsynleg heiti til að ná til vitundar samlanda sinna? Vitund manna hefur ekki þroskast mikið frá þeim tíma.

465. Útfrymi er birgðageymsla hinnar sálrænu orku. Í raun er efni útfrymisins mitt á milli hins jarðneska og hins fíngerða efnis. Sálræn orka, sem er eðlislæg í öllum heimunum, tengist fyrst og fremst efni sem er nátengt fíngerða heiminum. Af því má sjá að það ætti að varðveita hreinleika útfrymisins eins og hreinleika sálarorkunnar.

Hafa skal í huga að miðillinn setur sig í mikla hættu með því að gefa frá sér útfrymi í návist allra þeirra sem af tilviljun eru nærstaddir. Varhugavert er að láta svo dýrmætt efni í hendur óboðinna gesta. Mikilsverðari eru hin æðri samneyti; þau ganga ekki á orku okkar, öllu heldur, þau veita nýjan orkustraum. Menn verða að skilja að það verður að sýna fyrirhyggju í sálrænum rannsóknum. Óleyfilegt er að ganga á forða efnis eða orku annarra.

466. Enginn ætti að halda því fram að birtingar á krafti sálarorkunnar geti ekki verið smitandi. Í flestum tilfellum gerist það sem nefnt er sefjun ómeðvitað. Menn þurfa að rækta með sér hugsun af krafti til þess að efla með sér næmni.

Margt er sagt um innblástur. Margsinnis höfum við talað um beina þekkingu. Í raun hvílir hún í sálarorkunni, en neistar hennar leiða í gegnum útfrymið. Svo mikilsvert efni verður að varðveita. Sagt var í fyrndinni að maðurinn geti útvarpað tvívara sínum sem gæti í því ástandi framkvæmt skynsamlegar athafnir.

467. Rétt er að bera saman atvik fortíðarinnar í þeim tilgangi að uppgötva rökrétt samhengi þeirra við nútíðina. Slíkur samanburður getur leitt af sér grundvallarforsendu þess sem er að gerast, en taka verður staðreyndirnar í heild sinni vegna þess að menn einangra oft einstök smáatriði til vandlegrar skoðunar. Í öllu er þörf á hinni vísindalegu aðferð. Aðeins á þann hátt er hægt að færa saman svið mismunandi þenslu.

468. Við skulum minnast af festu eiginleika sálarorkunnar. Þegar menn hefja athuganir á sálarorku gleyma þeir oft grundvallareiginleikum hennar. Þeir flækja jafnvel einföldustu rannsóknir með vanabundnum viðhorfum sínum. Tímaleysi er grundvallareiginleiki sálarorku, en menn hafa vanist því að langvarandi hugsun sé sterkust. Með því móti yfirsést þeim sú staðreynd að hugsun er óháð tíma.

Á sama hátt taka þeir ekki tillit til þess að meðan á langvarandi hugsun stendur eru í gangi fjöldi hugrænna sendinga af margvíslegri gerð. Við þannig langvarandi hugsun glatast brennipunktur sendingarinnar. Tímaleysi hugsunar verður að kenna mönnum að skjótvirk hugsun samræmist eðli og eiginleikum sálarorkunnar.

Nauðsynlegt er að rækta með sér hæfni til skjótrar hugsunar. Ekki aðeins skjótleika heldur einnig kraft hugsunarinnar verður að samræma sendingum sálarorkunnar.

469. Verk er ekki fullkomnað á einu andartaki. Fyrir löngu var sagt að

hægt væri að sigrast á fjarlægðum með einu andvarpi, en nauðsynlegt er að vita hvernig andvarpið á að vera. Það gæti virst sem svo að í einu andvarpi birtist eðliseiginleikar sálarorkunnar, en vitundin öðlast ekki samstundis skilning á þessari samsvörum. Hin frumstæða vitund býr til blekkingar úr mörgu af því sem hún sér, en þegar vitundin hefur þroskast ályktar hún með meiri varfærni.

Margir svipir leysast upp þegar þekking fæst á sálarorkunni.

470. Líkt og hjartað þekkir sálræn orka enga hvíld. Á starfsemi hjartans geta aldrei komið löng hlé, á sama hátt er útstreymi sálarorkunnar viðvarandi. Hjartans er ekki þörf í jarðneskum skilningi á meðan æðri heimurinn er sóttur heim, en sálarorkan getur aldrei rofið straum sinn.

Viðvaranleiki er einnig grundvallareiginleiki orkunnar. Hreyfikraftur orkunnar felst í spíralgangi alls alheimsins. Sjá má dýrlegt kerfisskipulag í heildarsamræmi allra hinna óteljandi orkustrauma.

471. Við segjum að sálræn orka „vaxi ævarandi.“ Hún getur nært vöxt sinn frá óendanleikanum. Eina ómissandi skilyrðið er þekking á henni og hagnýting til góðs. Án þekkingar og viðurkenningar verður orkan í fjötrum.

Spurt er: „Er hugsanlegt að svo dýrmætur máttur sé hagnýttur í illum tilgangi?“ Öll misnotkun máttarins leiðir til eyðingar. Það geta komið mismunandi tímabil og stig þessarar eyðingar, en hin endanlega upplausn er óhjákvæmileg.

472. Þar sem orkan er í eðli sínu eilíflega vaxandi, hversu glæpsamlegt er þá ekki að spilla straumi þessa grundvallandi efnis!

473. Við nefnum sálarorkuna einnig „virki óeigingirninnar.“ Frá mætti þess skapast afreksverkin. Án sálarorkunnar er ekki hægt að finna til upphafningar.

Þið takið réttilega eftir því að hinir svo-nefndu miðlar vinna ekki nein afrek. En nægilega margt er búið að segja um atvinnumiðla sem aðeins skaða sjálfa sig og aðra.

474. Sálarorkan er einnig nefnd „segull,“ en í slíkri skilgreiningu felst mikill sannleikur. Að sjálfsögðu hefur lögmál aðlöðunar og fráhrindingar sérstök áhrif á sálarorkuna. Ómögulegt er að athuga pósítífa og negatífa eiginleika án samstarfs orkunnar. Því er sérstaklega viðeigandi að tala um segul þegar ætlunin er að leggja áherslu á aðlöðun sálarorkunnar.

475. Við nefnum þessa sömu orku einnig „réttlæti.“ Þar sem mögulegt er að ganga úr skugga um mismunandi eiginleika fólks samkvæmt svörunum orkunnar, er hún vissulega leið réttlætisins. Þegar gerðar eru tilraunir með sálarorkuna má fá staðfestingu á því að ytri svipbrigði samsvara aðeins að litlu leyti hinu innra ástandi.

Hin sanna prýði dómarans verður vitneskjan um það hvernig hann getur

kallað sálarorkuna sér til aðstoðar.

476. Við nefnum sálræna orku einnig „óþreytandi.“ Að sönnu getur líkami mannsins orðið þreyttur vegna þenslu orkunnar, en orkan sjálf er óþrotleg. Þessi eiginleiki orkunnar bendir til kosmísks uppruna. Orkuna getur hvorki þrotið vegna elli né sjúkleika. Hún getur orðið þögul ef hún er ekki kvödd til starfa.

En hvílíka hæfni þarf vitund mannsins ekki að búa yfir til að hann takmarki ekki víddir máttarins sem honum er treyst fyrir!

477. Við nefnum orkuna einnig „vinnu.“ Við samfellda meðvitaða viðleitni öðlast orkan ögun. Grundvöllur fyrir þróun vitundarinnar er að gera sér grein fyrir gildi vinnu, hún felur í sér upphaf á starfi sálarorkunnar. Rangt er að ætla að ein stök tilraun dugi til að setja orkuna á hreyfingu.

Þegar ég ræði um meðvitund fyrir gildi vinnu, þá á ég við þá uppljómun sem samfelld meðvituð vinna veitir.

478. Innblástur tengist sálrænni orku, því er uppsprettu fegurðar einnig sú sama. Því segi ég að sálræn orka sé „fegurð.“ Þannig er hægt að nefna alla eiginleika hinnar miklu orku, en þar sem hún er nátengd öllum atburðum lífsins er rétt að segja að hún sé alls staðar nálæg og grundvallandi. Því skulum við nefna hana svo.

Fagurt er að skynja að slíkur óþrotlegur máttur hefur verið falinn

sérhverjum einstaklingi í hendur. Með slíkum mætti getum við fært efnislega hluti úr stað. Þar sem mátturinn er óþrjótanlegur er stærð hlutanna afstæð. Í dag getum við hreyft smáa hluti, á morgun gætum við hreyft stærri. Árangur þróunarinnar felst í þessari framvindu.

Ekki er langt síðan fólk neitaði að viðurkenna að hægt væri að hreyfa efnislega hluti með leyndum mætti mannsins. En þið hafið séð að það er ekki utanaðkomandi kraftur, sem hreyfir hlutina, heldur starfar ykkar eigin orka á sama hátt og kosmískur kraftur.

479. Að sönnu er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir alheimslegu eðli orkunnar, annars mun hinn fáfróði eigna hana manninum einum. Enn á ný getur lítilsvirðing látið á sér kræla.

Þenja verður svið vitundarinnar svo mikið út að skynja megi hinn kosmíska andardrátt bæði undir og yfir.

480. Sérhver sem talar til fólks er eins og fiskimaðurinn sem kastar neti sínu. Nauðsynlegt er að kasta lengra til að veiða nær. Þegar þið hvetjið einhvern til dáða er um leið orðið nauðsynlegt að gæta þess að hann fyllist ekki ofmetnaði. Náttúran krefst þess að notuð sé aðferð miðjunnar.

En hvorki innblástur né fugurð liggur í miðjunni; það þýðir að miðjan, alveg eins og jafnvægið, staðfestir en slakar ekki á þenslu orkunnar. Það sem við nefnum nirvana er hið sama. Þessi miðja er ekki lægri sveiflutiðni, heldur jafnvægi hærri þenslu.

481. Þensla sálarorkunnar margfaldar lífsþróttinn. Fullvist er að fólk lifir lengur á tímum sálrænnar þenslu. Ekki er hægt að þakka það mataræði eða hreinlæti vegna þess að á umbrotatínum eru lífsskilyrðin mjög erfið, en aðalástæðan felst í meiri virkni sálarorkunnar.

En það ætti að skilgreina fyllilega í hverju þensla sálarorkunnar felst. Ef veikburða maður ofreyndir sig líkamlega leiðir þensla hans ekki til neins árangurs. Líta verður fyrst á þenslu orkunnar frá sálrænu sjónarmiði. Ekki má gleyma hvar allar athafnir eiga upptök sín. Af því má sjá að aukning orku mun valda líkamlegum svörunum, en sérhver svörun er aðeins endurspeglun hinnar sönnu orsakar.

482. Þegar læknir bannar manni, sem misst hefur andlegt jafnvægi sitt, að starfa hugrænt, þá breytir hann ekki viturlega. Til eru vel þekkt dæmi um reynda lækna sem, gagnstætt þessu, efldu virkni sálarorkunnar. Vissulega verða slíkir læknendur að búa yfir sálarorku í talsverðum mæli til að geta gert sér grein fyrir til hvaða sviðs þekkingar þeir geti beint sjúklingnum.

Þreyyta er skaðleg en þensla örvar lífskraftinn. En markalínan milli þeirra er mjög óljós. Reyndir læknar sem fága sína eigin sálarorku geta gefið mönnum vísbendingar um gagnlega þenslu.

483. Geitur stökkva um holt og hæðir, en slíkt form þenslu hæfir ekki mönnum. Það ætti að rannsaka sérkenni hverrar íþróttagreinar. Margar þeirra

stuðla ekki að auknum lífsþrótti.

Á sama hátt ættu þeir sem sjá um uppfræðslu að beita meiri næmni við að meta hæfni nemanna. Þessi sömu sannindi þarf einnig að kunngera öllum þeim sem hafa í hyggju að úthluta verkefnum og viðurkenningum í samræmi við hæfileika. Þessi tilhögun er rétt, en þeim mun nauðsynlegra er að vita hvernig á að meta rétt hæfni manna.

Ómögulegt er fyrir dómara að dæma um eiginleika orku ef hann hefur ekki sjálfur neina þekkingu á henni.

484. Hrekið ekki neinn í burtu þó svo hann vilja rannsaka orkuna eingöngu með vísindalegt markmið í huga. Gangið aðeins úr skugga um að hið vísindalega markmið sé ekki gervivísindi. Vísindalegt starf byggist á umburðarlyndri viðurkenningu, en gervivísindi eru full afneitunar. Einnig skal ekki íþyngja rannsakandanum með fyrirfram ákveðnum aðferðum. Sérhver rannsakandi á rétt á því að velja sér sína eigin leið. Þó svo leiðin kunni að vera flókin má vel vera að hann uppgötvi óvænt nýtt þekkingarbrot. Gagnslítil er leið hinna einstrengingslegu kennara sem hæðast að öllum tilraunum manna til að finna nýjar leiðir til lausnar á vandamáli. Fagna skyldi allri viðleitni til að finna nýjar leiðir til að nálgast sannleikann. Sé maður þess fullviss að sannleikurinn sé aðeins einn, er ekki mögulegt að óttast að neinn annar sannleikur finnist.

Sýna ætti umburðarlyndi í víðasta skilningi, því aðeins þannig er mögulegt að byggja upp samvinnu.

485. Við samræður skyldi ekki slá því föstu að viðmælandinn hafi rangt fyrir sér fyrr en eftir vandlega íhugun. Sérstaklega er brýnt að gæta vel að merkingu orðanna. Oft talar fólk um nákvæmlega sama efni með gjörólíkum orðum, á hinn bóginn getur fólk einnig notað alveg sömu orðin en tengt við þau alls ólíka merkingu.

Þegar rætt er um æðri viðfangsefni er sérstaklega nauðsynlegt að sýna gætni til að forðast misskilning.

486. Vegna alls sem gerist skyldi maðurinn spyrja sjálfan sig: „Hvers vegna gerist þetta nákvæmlega á þennan hátt en ekki hinn? Hvers vegna einmitt nú en ekki fyrr?“ Margar hugsanir munu vakna við hvern atburð. Hugsun mun beinast að mörgum orsökum, og af og til mun margt skýrast.

487. Við skulum láta sönum vísindum eftir að úrskurða í hinni þokkenndu umræðu um vofur, fyrirboða og aðrar slíkar vísbindingar. Við skulum ekki vera hrædd við að fela fræðimönum rannsóknir á öllum fyrirbrigðum í ljósi gaumgæfilegrar vísindalegrar athugunar. En látum slíka rannsókn vera í raun mjög nákvæma, eða með öðrum orðum, réttláta. Þegar unnið er með kosmísk lögþrói nauðsynlegt.

Berum saman hugsanaflutning og þráðlaus fjarskipti. Notum lögþrói sjónvarpstækninnar við fjarskyggni. Tökum til athugunar nýjustu uppgötvanir, þær munu koma að gagni við athuganir á sálarorku. Verum ekki

hrædd við að bera saman hugsýnir og vísindalegar uppgötvanir. Að sjálfsögðu er það ekki helgispjöll eða sjálfsþótti að við getum notað samlíkingar frá öllum sviðum náttúrunnar. Lát eðlisfræðina sanna hina æðstu sálrænu raunbirtingu.

Þar sem hinn æðri máttur er orka mun hann ekki brjóta lögmal eðlisfræðinnar.

488. Reynið af öllum mætti að breiða út góðvilja og stillingu. Enga vísindalega staðhæfingu er að finna sem þið getið ekki viðurkennt; með því móti er ykkar staða betri. Þið hafið enga ástæðu til skapraunar, vegna þess að þið viðurkennið allar vísindalegar athuganir. Stundum mun ykkur mislíka framsetningarmátinn, en kjarninn fær sinn stað í vitund ykkar. Slík viðurkenning mun skapa ótvíráða kosti.

489. Hvar er leiðsögn að finna? Einmitt í vísbendingunum um hvers sé mest þörf og í vörn gegn því sem hættulegast er. Nauðsynlegt er að íhuga hvað orðið sjálft merkir. Venjulega gefur fólk því sína eigin skilgreiningu, en í henni mun finnast vísir af vantrausti, eða byrjun upplausnar. Vísindamaðurinn getur ekki framkvæmt tilraun með vantrú sem forsendu. Sjá má að þá hafa líkindin fyrir árangri minnkað allt að þrem fjórðu.

Við skulum íhuga hugtakið leiðsögn.

490. Allt er á hreyfingu, leiðsögn hefur einnig sína sveiflutíðni. Æðri eiginleikar leiðsagnar eru góð svörun, skarpskyggni og stilling. Það er ekki

góður leiðsögumaður sem takmarkar sig við eina skipun! Æðri leiðsögn er bæði ósýnileg og hljóðlaus. Það eru sérstök vísindi að gefa hvorki meira né minna en plánetuaðstæður leyfa.

Verið ekki forviða á því að þeir sem leiðsagnar njóta eru sér oft ekki meðvitaðir um leiðsognina. Það veldur þó leiðbeinandanum vissulega ekki neinu hugarangri. Sundkennarinn hjálpar nemum sínum í byrjun við að fljóta, hvetur þá og hvíslar: „Þú flýtur af sjálfsdáðum.“ Sama á við á öllum sviðum. Það væri ekki viturlegt fyrir leiðbeinandann að greina frá öllum karmískum og kosmískum skilyrðum. Slík upptalning mundi aðeins vekja ótta og hefta orku.

Samverkanir atburða heimsins eru flóknar: karma kynþátta og þjóðflokka; karma persónuleikans; karma efnisheimsins og fíngerða heimsins; fornt karma og karma nútímans — allt þetta myndar flókna hnúta. Erfitt er að breyta karma, en samt sem áður er mögulegt að hafa stjórn á því að vissu marki; að þessu leyti er leiðsögn ákaflega mikilvæg.

Það má ekki eingöngu líta á leiðsögn sem eithvað að handan; hana er einnig að finna með öðrum hætti í efnisheiminum. Þess vegna hefur hin forna hugmynd um lærimeistarann haft ákaflega mikið gildi; þessi hugmynd er umvafin virðingu, hollustu og kærleika. Hinn lifandi straumur sálarorkunnar er að starfi í slíku sambandi kennara og lærisveins.

Leiðsögn er margstrengja harpa!

491. Oft má heyra fjarstæðukenndar sögur sem benda til að sama persónan hafi fæðst samtímis í fleiri en einum líkama — ályktun sem bæði er

heimskuleg og skaðleg. Andstæðingar endurholdgunar hagnýta sér slíkar sögur til að vefengja möguleikann á endurholdgun. Enn fremur koma þeir ekki auga á ástæðuna — sem dregur nokkuð úr sektinni — en hún felst í frjóu ímyndunaraflí. Visst fólk man margt um ákveðið tímabil; þegar það dreymir sjálft sig sem vel þekkta persónu tekur minningin um drauminn á sig mynd ímyndaðar jarðvistar. Þær rangfærslur sem þetta veldur eru bundnar persónunni en ekki tímabilinu sem um ræðir. Barn ímyndar sér að það sé hershofðingi, og þessi leikur er þá þegar varðveisstur í kaleik þess.

Margir muna fyrri æviskeið sín, en vegna takmarkana vitundarinnar birtast aðeins myndir fyrri ímyndana. Nauðsynlegt er einnig að áfellast ekki mistök annarra um of. Ef ekki er um að ræða hégómlegt sjálfsálit eða fáfræði, er eins líklegt að aðeins sé um að ræða rangfærslur að hluta án þess að mönnum gangi illt til. Vissulega eru einnig til aðrar gerðir haldninga og rógburðar, en þegar hefur verið greint nægjanlega frá haldningu.

492. Kennari og nemi eru órjúfanleg heild. Hver kennari er einnig lærisveinn, því í helgivaldinu er hann hlekkur í keðju eilífðarinnar. Í neðri þrepnum er hver lærisveinn á sama hátt einnig kennari.

Það er rangt að halda að ákveðnar vitundarvígsler geri menn að fullnuma kennurum; hin lifandi uppsprettar fullkomnunar felst aðeins í stöðugri þjálfun vitsmunanna. Leitum ekki að takmörkunum í óendanleikanum. Lítum ekki á vitsmuni sem eitthvað endanlegt; með þeirri hömlu glötum við gleði þess að vera til.

493. „Það er ekki ég sem gef, heldur þið sem takið á móti.“

Leiðbeinandinn segir sjaldan að hann gefi. Aðeins ef brýn nauðsyn krefur mun hann staðfesta heitið sem hann hefur gefið og leggja áherslu á sitt eigið sjálf. Í gegnum allt sitt líf segir leiðbeinandinn: „Takið á móti.“ Hann segir að gjöf sem hann miðli sé frá helgivaldinu komin. Þetta ættu menn að hafa í huga, því að í því birtist gleði helgivaldsins sem starfar fyrir hið góða. Það ætti ekki að vitna vanhugsað til orða; því þau bera með sér merki takmörkunar, það sem virðist. Engin ástæða er að gleyma hinum heilnæmu tengslum við helgivaldið! Þess vegna — „Það er ekki ég sem gef, heldur þið sem takið á móti.“

494. Líf er táknað með fljóti eða stríðum straumi, en aldrei með stöðuvatni eða tjörn. Hreyfing gefur í skyn líf. Hreyfing alls og hreyfing í öllu er grundvöllur tilverunnar. Nauðsynlegt er að læra að unna hreyfingu, þá fremur innri hreyfingu en ytri.

Menn gefa ekki hreyfingum himinhnattanna gaum þrátt fyrir allan hraða þeirra. Jörðin virðist óhreyfanleg í augum íbúa hennar. Einnig er innri hreyfing hennar ósýnileg jarðneskum augum, en innsti kjarni mannsins verður að skynja hina óstöðvandi hreyfingu; aðeins hennar vegna getur hjartað slegið. Maðurinn skyldi ekki ímynda sér að hann sé óhreyfanlegur þegar plánetan er stöðugt dæmi um látlausan snúning; tilvera hennar byggir á þessari hreyfingu. Af þeirri ástæðu getur maðurinn ekki dvalið í óhreyfanleika. Samt sem áður hvíslar vitundin að asi og óðagot sé aðeins fölsk hreyfing. Enn á ný komum

við að leið hrynjandi og samræmis. Así er ósamræmi, og getur aðeins truflað og rifið niður það sem byggt hefur verið upp. Aðeins þroskuð vitund skynjar mörkin á milli asa og sterkrar viðleitni.

Það eru margir sem geta ekki skilið hvers vegna til er slíkur blæbrigðamunur, en þeir hafa sannarlega ekki heyrt tónlist himnanna og skilja ekki gildi hrynjandi.

495. Eins óreyndir eru þeir sem gera ráð fyrir að þögn sé möguleg í náttúrunni. Þögn er nokkuð sem algerlega skortir. Aðeins byrjendur í skáldskaparlistinni syngja þögninni lof og gerast með því sjálfir andstæðingar hennar. En vísindin hafa uppgötvað útvarpsbylgjur sem sumt fólk getur skynjað án tækja. Sálræn orka lýkur upp hinu innra heyrnarskyni. Rúmið getur ekki verið þögult, það er fullt af hljómum allra heimanna þriggja. Það er fullt, því tómið er ekki til.

Lát fólk minnast þess að þögnin getur aðeins verið til fyrir hinum heyrnarlausu, en jafnvel þeir sem kallaðir eru heyrnarlausir heyra innri enduróm sem getur jafnvel verið mun fugurri en hinn ytri.

496. Þeir sem fæðast blindir hafa án efa innra sjónskyn, en þeir vita ekki hvernig þeir eiga að tjá skynjun sína í orðum. Litirnir sem þeir sjá eru fjölbreytilegir og fínlegri vegna þess að þeir eru á mörkum fíngerða heimsins. Það þarf að taka eftir svipbrigðum á andlitum þeirra til að merkja hinar innri tilfinningar.

Hinir heyrnarlausu og hinir blindu eru oft góðmenni og síður á valdi skapstyggðar. það er ekki eingöngu vegna þess að þeir eru í minni tengslum við jarðneskt líf, heldur einnig vegna þess að þeir eru svo nátengdir fíngerða heiminum.

497. Gerið ykkur í hugarlund hvernig hinn fáfróði nálgast flókna vél. Hann hugsar ekkert um hvernig á að nota tækið heldur fálmar í stjórntækin án þess að gera sér grein fyrir afleiðingunum. Alveg sambærilegt dæmi er maður sem man aðeins eitt atriði allrar fræðslunnar og er furðu lostinn yfir því að hann getur ekki séð heildarmyndina. Óvarleg meðhöndlun vélarinnar er hinum fáfróða hættuleg, á sama hátt er sað maður í hættu staddur sem hunsar kjarna fræðslunnar.

Einn hugsar aðeins um gæði fæðunnar; annar leitast við að forðast illt orðbragð; hinn þriðji reynir að losna undan skapstyggð; sað fjórði forðast ótta; en þessi gagnlegu atriði eru samt sem áður aðeins aðgreind tæki — ekkert þeirra getur eitt og sér lyft allri byrðinni. Nauðsynlegt er að kafa smátt og smátt inn í samfjöllun fræðslunnar; aðeins regnbogi samfjöllunarinnar getur veitt hinn þráða árangur. Sjái einhver að eitt þessara atriða hafi hann á valdi sínu, þá lát hann einnig ástunda með kostgæfni öll hin atriðin sem talin voru upp.

Við látum margt í té óbeint og færum fólk skilninginn í smáum skrefum. Lát fólk ekki hræðast heldur færast nær, þar til það hefur drukkið í sig hrynjandi allrar heildarmyndarinnar.

Þannig aðferð við að ná tökum á samfjöllun kennir mönnum að færa sér í nyt öll smáatriðin.

498. Það er ekki ósk mín að leggja á ykkur byrðar, en ég staðhæfi að ósamræmi smáatriða getur leitt til hruns byggingarinnar. Maðurinn verður að læra að unna sérhverju blómi sem opnast. Við skulum ekki, í sjálfsþótta okkar, umbreyta öllum lögmálum tilverunnar.

499. Í kringum hugtakið samfjöllun er að finna margs konar misskilning. Þó svo sumir viðurkenni gagnsemi hennar, halda þeir að samfjöllun þýði smávegis af öllu. Þeir réttlæta þessa skoðun sína með því að maðurinn geti ekki vitað allt á núverandi stigi þróunar á þekkingu. En er þá samfjöllun í raun það að vita allt? Einn maður getur ekki meðtekið þekkingu allra vísindagreina, en það verður að öðlast skilning á inntaki þeirra. Á þann hátt er hægt að meðtaka þekkinguna fullkomlega og meðvitað.

Aðeins hinn fáfróði getur haldið því fram að samfjöllun sé honum óskiljanleg. Hinn fáfróði viðurkennir auðveldlega eina vélræna grein og er reiðubúinn að fela þröngsýni sína með fordómum um að öll samtenging sé ómöguleg.

500. Nauðsynlegt er að sýna með sögulegum dæmum að hve miklu leyti þessi yfirgripshæfileiki og samhæfing hafa verið til merkis um víðsýni og skírleika hugans. Áður en langt um líður mun vélvæðingin gera fólk kleift að

eyða miklum hluta dagsins til tómstunda. Spyrja verður sjálfan sig hvernig þessum frítíma verður varið.

Menn ættu að skilja að óhjákvæmilega hljóta menn að starfa að nokkrum mismunandi viðfangsefnum, annars geta menn orðið sljóleika að bráð. Aðeins útþensla vitundarinnar getur orðið til hjálpar við að skipuleggja daginn skynsamlega. En slík útþensla vitundarinnar er merki um ást á hugrænu starfi og sterka viðleitni eftir æðri kostum.

Samfjöllun mun aðstoða okkur við að læra að unna eðli alls lífs.

501. Rætt er um að samfjöllun geti verið ákveðið skapgerðareinkenni, en rangt er að gefa sér slíkt. Innri samfjöllun verður ekki til án þrotlausrar ræktunar sálarorku. Einnig er því haldið fram að efnisvísindin standi í veki fyrir því að samfjöllun þróist, en samt þekkjum við öll vel til mikilhæfra lækna, stjörnufræðinga, efnafræðinga og tæknifræðinga sem einkennast fyrst og fremst af hugrænni samfjöllun. Við þurfum ekki að nefna þá með nafni, en segja má að stórbrotin vísindi skapi stórbrotna hugi.

Mikil skarpskyggni, óþreytandi eljusemi og trúmannska hafa lagt grunn að sérhverri samfjöllun. Það er skiljanlegt að maður sem þjálfar með sér athyglisgáfuna kemur auga á margar víðtækar leiðir og áttar sig á hversu þær eru miklu meira aðlaðandi. Samfjöllun byggist vissulega á sannfæringu og aðlöðun. Samfjöllun felur í sér kjarnann svo auðveldlega að afneitunin er framandi fyrir hinum samfjallandi huga. Ekki má eingöngu eigna vissum gæfusönum einstaklingum hina sérstæðu gjöf samfjöllunar. Nauðsynlegt er

að þroska með sér þennan dýrmæta eiginleika af kostgæfni.

502. Menn verða að hætta að eigna sjálfum sér hina og þessa eiginleika sem eiga að vera til sáluhjálpar. Með öðrum orðum, sjálfsméðaumkun er skaðleg. Sérhvert áhlaup sjálfsméðaumkunar hrekur hugrekkið af hólmi.

Það er ekki viturlegt að dvelja um of við mistök fortíðarinnar. Slík heilabrot eru nefnd brunnur fortíðarinnar. Uppspretta framtíðarinnar er mun heilnæmari. Allir geta drukkið af hinu lifandi vatni. Menn verða að rækta með sér ást á þeirri staðreynd að andinn lifir í framtíðinni.

503. Aum er sameining á sveiflutíðni af bestu gerð; það þýðir að í návist slíkrar samfjöllunar er nauðsynlegt að leitast við að skynja á meðvitaðan hátt hina bestu eiginleika. Það ætti að hreinsa hugann af öllum tálmandi hégóma. Forðast ætti að rækta með sér þykkju og gremju. Það ætti að líta á hverja klukkustund sem upphaf á fyrirfram ákveðnu starfi. Nauðsynlegt er að bæta og aga sjálfan sig í þeim tilgangi að ekkert geti staðið í vegi fyrir endurnýjun vitundarinnar.

504. Alla gagnlega eiginleika ætti að prófa í raun. Ekki er nægilegt að ímynda sér hugrekki, þolgæði, trúmennsku og allt það sem þarf til að búa sig herklæðum til afreka. Sá sem ekki hefur sannað óttaleysi sitt í athöfn er ekki hæfur leiðtogi. Allir geta ímyndað sér hugrekki, en þegar á hólminn er komið er hið gagnstæða oft raunin. Nauðsynlegt er að láta reyna á það hvort óttinn

geti læðst inn með því að mæta hinu ógnvænlega augliti til auglitis. Þegar ég ræði um að vöxtur byggist á hindrunum þá hef ég einmitt slíkar prófraunir í huga.

Menn ættu að venja sig við þá staðreynd að hver vísrending er nærtækasta og nauðsynlegasta þekkingin. Því við höfum oft séð menn sem töldu sig hugrakka fara að skjálfa við fyrsta merki um hættu. Eins höfum við séð menn, sem höfðu ásett sér að sýna umburðarlyndi, verða miklum skapofsa að bráð við fyrsta vott af ósætti. Við höfum einnig þekkt menn sem voru álitnir trúir en flúðu af hólmi við fyrstu árás. Hægt væri að telja upp mörg fleiri dæmi þar sem ímyndaðir eiginleikar voru ekki raunverulegir þegar á reyndi. En við þekkjum einnig mörg afrek þar sem fólk sigraðist meðvitað á líkamlegu mótlæti og umbreytti takmörkunum sínum í hina fegurstu eiginleika. Slík ögun viljans er í sjálfri sér mikið afrek.

505. Eins telur fólk sig oft vera iðjusamt, en stenst ekki þegar fyrst reynir á það í langvarandi vinnu. Í fyrndinni var sagt: „Verið hin sömu í gæfu og ógæfu, í sigrum og ósigrum.“ Fólk fer sjaldan eftir slíkum ráðum í lífinu; það heldur að sá sem gefur slík heilræði fari að líkindum ekki eftir sínum eigin ráðum. En við þekkjum þá sem hagnýta sér þessa eiginleika í lífinu. Mögulegt er að nefna augljós dæmi í jarðneskri tilveru.

Hafa skyldi í heiðri þá menn sem eru færir um að starfa án afláts.

506. Hinn nagandi ormur efans er mjög lýsandi tákn. Í raun er ormurinn

ekki ósvipaður þeirri bakteríu sem brýtur niður sálræna orku og hefur jafnvel áhrif á samsetningu blóðsins. Á komandi tímum munu vísindamenn leiða í ljós hin sálrænu og líkamlegu einkenni þess manns sem verður efanum að bráð. Efinn er einn þeirra sjúkdóma sem hafa mest smitandi áhrif.

Nauðsynlegt er að nota allar hinar bestu varnir gegn efa allt frá fyrstu bernskuárum. Heilbrigður, skynsamur og leitandi hugur fóstrar ekki með sér efa, en öll fáviska getur orðið uppsprettu hins ófrýnilegasta efa. Efinn er fyrst og fremst ljótleiki og um síðir leiðir hann til svika. Þessi faraldur svika er nú þegar orðinn að alheimsögæfu.

Þannig verður til hinn ógurlegasti dreki úr vesælum ormi.

507. Efasemdir eru hin mesta hindrun í vegi fyrir árangursríkum tilraunum með sálræna orku. Frjáls og óttalaus viðurkenning mun skapa tilrauninni vængi. Þið hafið séð að hugsunin sækist eftir frelsun. Ef til vill viljið þið negla hugsunina við ákveðinn farveg, en kjarni sálarorkunnar sendir vitundina til annarra sviða. Viðurkennið slík flug einnig, því starf hugsunar er marggreint. Hugtakið um marggreiningu andans er einnig vísbending um marggreiningu hugsunar. En til eru tilfelli, þar sem þensla sálarorkunnar er svo mikil og hugsuninni hefur verið beint til svo fjarlægs staðar, að það virðist sem hún hafi horfið. Slík tilfinning orsakast af breyttri stefnu orkunnar.

508. Þekking leiðir til einfaldleika. Fólk sem þekkir hvert annað vel hefur enga þörf fyrir langar og flóknar samræður; það kýs fremur að skiptast

á orðum sem varða kjarna málsins. Fögur er sú þekking sem leiðir til skilnings; það eru aðeins gervivísindi sem kaffæra sig í haugum af smáatriðum og fela með því móti markmiðið. Það er lærdómsríkt að skoða hinn mikla fjölda útlegginga og útskýringa sem hafa flækt hin einföldustu grundvallaratriði í mörgum ritum. Mögulegt er að byggja heilt rannsóknarverkefni á því að skoða flóknar leiðir skýringarrita. Sú aðferð sem ritskýrendur nota við að safna staðbundnum upplýsingum gerir það oft að verkum að grundvallaratriðið tapast algerlega. Hin sömu örlög bíða samskipta manna þegar fólk glatar hugmyndinni um sitt eigið markmið í öllu umstangi sínu og asa.

Sálarorkan reynir árangurslaust að komast inn, en hin kalda hönd sljóleikans hindrar streymi lífgjafans. Lát einfaldleikann aðstoða við að frelsa fólk frá því fánýta.

509. Hinn sami einfaldleiki er til hjálpar við að sjá hið góða. Þið hafið heyrt að orð um hið góða hafa verið nefnd boðskapur hins illa. Þið vitið að hinir illu hafa andstyggð á hinu góða; því fyrir þeim er það bæði grimmt og óréttlátt. Hið illa þekkir ekki hið góða. Þessi staðreynd er svo augljós að enga útskýringa ætti að vera þörf. Samt er í öllum kenningum að finna mjög afdráttarlausar vísbendingar um þetta efni. Slíkar endurtekningar eru til marks um það hversu nauðsynleg er sú stöðuga áminning: hið illa þekkir ekki hið góða.

510. Verkamaðurinn hefur rétt á því að vinna að endurbótum á sínu

starfssviði. Þetta er ekki eingöngu réttur heldur einnig skylda. Öll störf er hægt að endurbæta. Gleði verkamannsins felst í þessum skapandi þætti endurbótanna.

Hægt er að sýna fram á að ríkið verður að hvetja og styrkja allar framfarir atvinnuveganna. Hægt er að endurbæta aðferðir allra starfa í hið óendanlega. Það eru ekki aðeins miklir upplifningamenn sem eiga þátt í því að auðga mannkynið, heldur getur hver starfandi maður einnig fundið nýja möguleika og aðhæfingar í gegnum reynslu sína. Slíkri viðleitni ætti ekki að hafna. Hægt er að sameina slíka krafta og fá þannig árangursríka lausn á verkefnum. En hið besta felst í því að hver og einn líti á sjálfan sig sem sannan samverkamann.

511. Árangursrík samvinna stuðlar að því að menn geri sér grein fyrir eðli samfelldrar vinnu. Maðurinn getur ekki starfað eingöngu við eitt og hið sama. En með því að bæta og auðga gæði starfsins, og með því að finna upp nýjar aðferðir þá endurnýjast hugsunin sífellt.

Aðeins með því að auka gæði starfsins er mögulegt að læra að unna samfelldri vinnu.

512. Nauðsynlegt er að skynja hve þenslan er mikil. Menn verða að viðurkenna að aldrei áður hafa verið slíkir tímar sem þessir. Á óvenjulegum tínum ættu venjulegar hugsanir ekki að vera til. Skilningur á þessu er það sama og að flytjast í fremstu víglínu baráttunnar. Þenslan er nú þegar mikil

og hún verður engu minni í framtíðinni. Nauðsynlegt er einnig að viðhalda í vitundinni sigurhugsun sem rammgerðri hlíf. Það ætti að fylla geiminn með sigurvissum hugsunum, því í þeim felst óson og vörn.

513. Glæpir fara vaxandi; grimmd og ofbeldi eru að aukast. Nauðsynlegt er að leita að rótum svo smánarlegrar hegðunar. Mannkynið getur ekki orðið verra nema einhverjar ástæður liggi að baki. En auk hinna kosmísku ástæðna er meðal mannkynsins sjálfss að finna ástæðu til skelfingar. Ógerlegt er að afneita sálarorkunni endalaust. Þrýstingur sálarorku mannkynsins eykst einnig vegna kosmískrar streitu. Það er ekki aðeins að sálarorkan sé ekki viðurkennd heldur er hún jafnvel fyrirlitin, en það veldur líkamlegum og sálrænum sjúkdómum.

Langt er síðan að staðfest var að glæpahneigð er geðrænn sjúkdómur. Kvalalosti, grimmd og ofbeldi stafa einnig frá hinni sömu geðrænu farsótt.

Það er ómögulegt að bjarga mannkyninu frá slíkum plágum ef það snýr ekki athygli sinni að ástandi sálarorkunnar — þrýstingur hennar fer vaxandi. Þetta ástand bíður heim hættu á sprengingu, líkt og eldfimar gastegundir. Okkar hlutverk er að beina orkunni í sinn máttuga fyrirfram ákveðna farveg, að öðrum kosti mun hún binda endi á þróunina. En aðgerðir til að hafa áhrif á grundvallarorkuna mega ekki vera tilviljunarkenndar. Um alla plánetuna verða að rísa upp hópar fræðimanna og fólks sem hefur áhuga á menningu og mun taka að sér það hlutverk að rækta sálræna orku í fullri samvinnu sín á milli. Hópar sem þannig eru samtengdir geta myndað grundvöll að

vísindalegri þjálfun.

514. Við skulum ekki skjóta því á frest að miða menntun mannsins við þá staðreynd að hann ber í sér sálarorkuna. Gerðar hafa verið margar einstakar tilraunir, en það sem þörf er á nú er það sem nefna mætti samvinnufélag til rannsóknar á þessum orkutegundum. Svo gagnlegt starf má ekki takmarka með hefðum, því hinir ólíklegustu og ólíkustu samverkamenn geta lagt sína nauðsynlegu reynslu á vogarskálarnar.

515. „Elskið hvert annað“ — þetta boðorð var gefið af mikilli visku. Ekkert er betur til þess fallið en kærleikur til að samræma sálarorkuna. Allt æðra samneyti hefur grundvallast á þessari sömu tilfinningu og hefur sömu góðu áhrifin á sálarorkuna. Eins styrkja léttar pranayama–æfingar grundvöll orkunnar. Þannig verður fólk að safna saman og leggja áherslu á allt sem er gagnlegt fyrir sálarorkuna. Allir verða að gæta að forða sálarorkunnar. Jafnvel eitt andvarp endurnýjar kraftana.

Það er ákaflega upplýsandi að sálarorkan er endurnýjuð fyrst og fremst með tilfinningum, en ekki með hvíld líkamans. Því hefur eftirfarandi verið sagt: „Lát mig bera þungar byrðar þegar ég geng inn í hinn fagra garð.“ Einmitt byrðar og þrýstingur eru upptök sterkra tilfinninga. Ef maðurinn kann að greina á milli tilfinninga sinna mun hann velja hina verðugustu þeirra, og það mun verða kærleikurinn.

516. Sagt var endur fyrir löngu: „Sá sem kann að elska hefur eldhjarta.“

Eldlegur farvegur er nauðsynlegur til að styrkja orkuna. Engin rökfræði skapar þann eld sem kvíknar af neista kærleikans.

Þegar byggðar verða hugrænar stefnur verður gildi tilfinninganna einnig prófað. Berið saman góða og illa tilfinningu, og sjáið aftur hversu hið góða endist miklu betur en hið illa.

517. Ekki má ætla að með því að líkja tilfinningum við orku sé með því verið að gera lítið úr tilfinningum. Sumir ímynda sér að það sé óviðeigandi að minnast á æðra samneyti og orku í sömu setningunni. Fyrir sumum er orka fyrirbrigði sem finnst í vélum, en svo jarðnesk túlkun er ekki við hæfi. Lærið því að unna orkunni sem ykkur hefur verið treyst fyrir. Orkan er dropi úr hinum æðsta Kaleik. Án kærleika verður engin framför.

518. Við skulum minnast þess aftur hvers vegna meiri hluti manna verður að lesa bækur hinna lifandi vísbendinga aftur og aftur. Sumir munu segja að þeir hafi vitað þetta fyrir löngu, en samt munu þeir ekki fara eftir því; næst munu þeir segja að vísbendingarnar séu draumórar og ónothæfar á jörðinni. Við þriðja lestar sjá þeir að ef til vill er til fólk einhvers staðar sem gæti hagnýtt sér heilræðin, og við fjórða lestar munu þeir einnig hafa sjálfa sig í huga. Aðrir byrja á því að niðra alla bókina, því næst kasta þeir henni út úr húsinu; síðar, eins og fyrir tilviljun, muna þeir eftir henni; og að lokum byrja þeir að hafa eftir hugmyndir úr henni.

Vegir vitundarinnar eru ákaflega mismunandi, og því þarf fólk að venja sig við að meðtaka hugmyndir sem það heyrir. Leitt er að sjá hinrar ónauðsynlegu krókaleiðir sem vitundin þarf að fara vegna eicingirni, hroka og fyrirlitningar á skoðunum annarra. Þess vegna verður fólk að marglesa það sem annars væri hægt að nema með skynjun hjartans mun fljótar og greiðlegar.

519. Jafn óþolandí og þistlar í garði er hið illa í lífinu. En ef skarpskyggn augu greina veg góðleikans ætti að gæta hans vel. Lát hann vera langan og þróngan. Þó svo hann hyljist gróðri sums staðar, gæt þó vandlega að hverju góðu sæði. Þó fuglar góðleikans syngi ekki alltaf þannig að skiljist, þá er hver hljómur hins góða samt dýrmætur.

520. Í útvarpssendingum má stundum greina ýmis aukahljóð. Það eru auðvitað raddir fólks sem tækin hafa numið af slysni. Á sama hátt má einnig æ oftar heyra raddir hinna lifandi meðal radda frá fíngerða heiminum. Hinir fáfróðu andstæðingar hagnýta sér þessar kringumstæður til að afneita sambandi við fíngerða heiminn. En þeir gleyma að sálarorkan er alls staðar sú sama. Hún getur ekki eingöngu tilheyrt hinum dauðu eða hinum lifandi, vegna þess að hún er grundvöllurinn. Hugsun er ósigrandi og hún endurómar í rúmi.

Hinir fáfróðu afneita fíngerða heiminum en með því hafna þeir um leið hugsun. Ekkert í tilverunni styður höfnun; þvert á móti, allt staðfestir hinn eina sannleika.

521. Margoft hefur heimsendir verið boðaður, en jörðin er enn til. Hinir fáfróðu fá hér enn ástæðu til að hrósa sigri, en þeir hæddust einnig rétt áður en Atlantis leið undir lok. Að auki hafa eyðileggjandi árekstrar oftar en einu sinni ógnað plánetunni. Hægt var að sjá fyrir þessar aðstæður með næmum mælitækjum. Ekki er langt síðan plánetan slapp mjög naumlega við árekstur.

Ef til er fólk sem fær fyrirboða um fjarlæga jarðskjálfta, er það alveg eins skiljanlegt að einnig sé hægt að greina aðrar kosmískar sveiflur. Við skulum ekki dæma um ástæðurnar fyrir því að mörgum hættum er bægt frá — orsakir þess eru margar. Til eru eyjar sem eru í mikilli hættu, samt vilja íbúarnir ekki yfirgefa þær. En enginn hæðist að vísindamönnum sem rannsaka breytingar á strandlínum.

Gagnrýni sem ekki byggir á þekkingu ætti að beita með mikilli varúð, bæði hvað varðar efnislegar rannsóknir og á sviði sálrænna ábendinga.

522. Það er rétt að gera ekki ráð fyrir því að opinberun eins leyndardóms dragi úr mikilvægi þess sem á eftir kemur. Sagt hefur verið að hver leystur leyndardómur sé aðeins hlið til hins næsta. En einnig hefur verið sagt að hver leyndardómur sé umgirtur hærri vegg þannig að æ erfiðara sé að nálgast þá eftir því sem lengra dregur.

Lát þá sem hræðast vita strax um erfiðleikana framundan. Þeir ættu ekki að láta tælast af hugsunum um auðveldan árangur. Þegar ákvörðun hefur verið tekin munu þeir sem sterkir eru í anda láta sér vel líka hina erfiðu leið,

því hvernig geta þeir á annan hátt látið reyna á krafta sína?

Það eru mikil mistök að álíta að allar uppgötvanir séu til þess eins að gera lífið ánægjulegra. Hver uppgötvun býr aðeins til lítinn glugga út í óendanleikann, og eitt augnatillit þangað mun ákvarða eðli mannsins. Fáir kunna því vel að stara út í óendanleikann; flestir finna til skelfingar þegar hinn endalausi vegur blasir við augum. Jafnvel á jörðinni eru fáir ferðamenn sem hafa skilið slíkar óravíddir framvindunnar.

523. Menn ættu einnig að endurskoða aftur hugtök að baki orða. Í dag er tímabært að ræða um hátíðleika, samt munu margir leggja rangan skilning í þetta fagra hugtak. Fyrir mörgum er hátíðleiki aðeins hátíð aðgerðarleysis, að reika um án markmiðs og hafa yfir innantóm orð. En í raun er hátíðleiki upphafin fórn allra bestu tilfinninga mannsins; hann er þensla allra hinna æðstu orkutegunda, samband við Hliðin sem nálgast.

524. Fólk á erfitt með að gera sér í hugarlund áhrif strauma úr geimnum. Jafnvel upplýstir fræðimenn gera sér ekki alltaf grein fyrir hinum stöðugu breytingum í eiginleikum andrúmsloftsins; hinn augljósi stöðugleiki umhverfisins er of mikill. Raunveruleikinn felst handan við þennan hefðbundna augljósleika.

Fræða ætti ungdóminn um þá staðreynd að allt umhverfis er að finna stöðuga hreyfingu; það veldur engri skelfingu heldur gefur til kynna mátt hinna fíngerðu orkutegunda. Hinn menntaði maður ætti að hafa greinargóða

þekkingu á hinni eilífu hreyfingu og þeirri staðreynd að atburðir endurtaka sig aldrei nákvæmlega á sama hátt. Eins mun hann þá auðveldlega skilja breytileika straumanna sem fylla rúmið.

Maðurinn getur fundið samsvaranir á skaplyndi sínu og skynjunum í fjölmörgum ytri ástæðum.

525. Ennfremur verður maðurinn að læra að hlusta eftir ráðleggingum sem byggjast á reynslu. Margir eldar kvikna af slíku almennu áliti. Ekki ætti að forðast umræður, þær mynda brennipunkta fyrir hringiður straumanna og breytingar á orku.

Lát straumana breytast; vissulega hljóta að koma betri straumar í kjölfar þeirra sem eru miður góðir.

526. Höfðingi nokkur kom til einsetumanns og bað hann að útskýra fyrir sér grundvallaratriði lífsins. Einbúinn byrjaði að tala en á meðan á því stóð hellti hann smátt og smátt vatni í bikar. Höfðinginn tók að lokum eftir að vatnið flóði út úr bikarnum og vakti athygli einbúans á því. En einbúinn svaraði og sagði: „Satt er það, þess vegna skaltu koma með stærri bikar næst.“ Með slíkum sögum hefur verið reynt að fá menn til að meðtaka þá staðreynd, að visku er úthellt til einskis ef getan til að taka á móti henni er ekki fyrir hendi. En þessi sama saga felur einnig í sér uppörvandi boðskap — í hvert skipti er mögulegt að koma með stærri bikar.

527. Hvers vegna er svo erfitt að viðurkenna sem lögmál, að sérhver orkutegund er einnig efnislegur máttur? Fólk getur hreyft vöðva sína að vild, sem þýðir að þessi orka birtist á efnislegu sviði. Hið sama má sjá ef athugaðir eru þjálfaðir íþróttamenn og Hathajóga-meistarar sem hafa með viljaorku áunnið sér athyglisvert vald yfir starfsemi vöðvanna.

Hinn hugsandi maður felur oft líkamlega orku sína.

528. Þunglyndi er ekkert annað en sundrung. Lendi hinn dapri maður í nægilega mikilli hættu er hann nauðbeygður til að beita hugrekki; en áfallið verður að vera nægilega mikið til að þvinga manninn til að breyta hugarástandi sínu. Það eru jafnvel til sjúkdómar sem eru meðhöndlæðir með losti. Hræðslan við dauðann virðist öllum veikleikum mansins fremri, en það má jafnvel finna eitthvað sem er henni yfirsterkara. Til eru margar frásagnir um það hvernig dauðvona menn fengu bata eingöngu vegna hættu sem skapaðist; hvernig hinn lamaði hefur oft forðað sér út úr brennandi húsi; hvernig innri sýking hefur oft læknast þegar athyglinni var beint í aðra átt.

Spurt er, hvort fólk muni læknast af einum hættulegasta sjúkdómnum — sundrungu, ef það áttar sig á hættunni sem býr allt umhverfis.

529. Það hefur verið réttilega á það bent að eiginleikar vitundarinnar hafa í grundvallaratriðum haldist næstum óbreyttir í þúsundir ára. Ef til vill hefur svo stórkostlega hörmulegur atburður sem eyðing Atlantis orsakað vissa endurnýjun vitundarinnar, en til að slíkt geti orðið þarf áfallið að vera

ógnarlega stórt í sniðum.

530. Sársauki er merki um truflun á starfsemi lífkerfisins, með öðrum orðum, hann er skilaboð um sjúkdóm. En það getur einnig verið um annars konar sársauka að ræða. Hann getur orsakast af því að eitt líffæri þroskast á kostnað annars. Þetta á sérstaklega við þegar um hjartakvilla er að ræða. Hjartað getur verið heilbrigtt, en samt svo næmt að það virðist sem önnur líffæri hefti það.

Venjulega álítur fólk að lífkerfi sé heilbrigtt ef það finnur engan sársauka, en slík skilgreining er frumstæð. Hið heilbrigðasta hjarta getur þjáðst vegna þess að það endurspeglar of margt í sér.

Nauðsynlegt er fyrir lækna að greina nákvæmlega orsakir sársauka. Skilningur á sálarorkunni mun verða þeim til hjálpar.

531. Fyrsta staðfestingin á æðra stigi hjartans er hæfileikinn til að skynja hvaða eiginleikum straumar úr geimnum eru gæddir. Ógerlegt er að skipa hjartanu að finna til ef það hefur ekki náð hæfilegu þroskastigi; aðeins sálræn orka, sem kölluð hefur verið til starfa, er undirrót næmleika.

532. Sá maður, sem gerir efni og anda að gagnstæðum pólum, veldur útþenslu vitundarinnar sérstökum skaða. En einnig má vissulega oft heyra sagt að efnið sé þéttинг andans. Auðvelt er að hlýða á slíkar útskýringar, en ef litið er á yfirborðið þá standa hinar grófgerðu röksemdir föstum fótum á

hinni fornu tvískiptingu. Ekki er auðvelt fyrir hjúpaða ímyndun að sjá fyrir sér öll stig andans. Það má rifja upp að villimaður nokkur særði vin sinn með steini, og baðst síðan fyrirgefningar vegna þess að hann hélt að hlutur gerður úr anda myndi ekki valda sársauka.

Það ætti að verða vísindunum styrkur að hin mismunandi stig andans verði leidd í ljós. Og vísindin verða að leggja sitt að mörkum til að glöggva ímyndun mannsins.

533. Öll hefðbundin sundurgreining er til skaða fyrir einingarfrumtakið. Skilningur á grundvallarorkunni er hjálpleg við að leysa manninn frá ónauðsynlegri uppsöfnun. Flest hefðbundin hugtök hafa orðið til vegna eicingirni einstaklinga sem hver um sig þráði að nefna hlutina eftir eigin höfði. Að sönnu hefur blöndun tungumálanna einnig valdið sérstæðum skilgreiningum. Menn ættu að fást við að kristalla hreinar sameinandi skilgreiningar.

534. Við hvað ætti maðurinn að fást — hið mjóa eða hið breiða, hið stutta eða hið langa? Hið einfaldasta og viturlegasta svar er: „Lát það besta vera hið lengsta.“

Við skulum bera saman jarðneskt líf og dvöl á yfirjarðneskum sviðum. Með fáum undantekningum er tilveran í fíngerða heiminum margfalt lengri. Þetta þýðir að við verðum að vera reiðubúin, ekki aðeins fyrir stutt hlé, heldur þurfum við að leggja áherslu á það sem nauðsynlegt er fyrir langa dvöl.

Grundvallarorkan, hugsun, vitund, ímyndunarafl og innsæi mynda til samans ómetanlegar eignir okkar.

535. Skiljanlegt er hvers vegna tiltölulega lítið var rætt um endurholdgun í fornum ritum. Vitneskjan um hana var nægilega mikil; hins vegar hefði það ekki verið gagnlegt að beina athyglinni að fortíðinni. Aðeins fólk með sérstaklega þroskaða vitund getur kafað í fortíðina án þess að vinna framþróun sinni skaða. Fyrir smáa vitund getur verið mjög skaðlegt að líta til baka. Fólk verður stöðugt að vera að búa sig undir framtíðina. Aðeins þegar vitundin er þannig innstilt getur orðið samræmi í jarðnesku lífi þeirra. Þegar fólk flytur inn í nýja og betri íbúð tekur það bestu eignir sínar með sér, en enginn tekur með sér skítuga larfa. Eins vandlega og viturlega verður maðurinn að búa sig undir dvöl sína í fíngerða heiminum.

536. Þegar heitt er og mollulegt flytur fólk upp til fjallanna. Á sama hátt getur maðurinn klifið hæðir og gert það með sérstakri gleði. Hrein sálarorka hjálpar honum við að kynnast hinu nýja umhverfi. Hún laðar einnig að hina bestu leiðsögumenn. Hún er nefnd Segull, Brú, Hlið og Fjársjóður, eða hinum bestu nöfnum, til þess að maðurinn geti hrifist af sínum eigin sanna fjársjóði.

537. Aðeins skýr skilningur á fíngerða heiminum gerir fólk kleift að viðurkenna jarðneskar eignir án hræsnisfullrar afneitunar. Maðurinn mun

skilja hvaða eignir tilheyra honum, og hinir jarðnesku hlutir munu fá sinn réttmæta stað í hinni löngu tilveru mannkynsins. Meginatriðið felst ekki í afsali, heldur í skilningi á því sem er einstaklega fagurt.

538. Maður, sem uppgötvar návist sálarorkunnar innra með sjálfum sér, getur einnig séð hana hjá öðrum. Það hefur verið sagt að Leiðin felist í því að þekkja sjálfan sig. En fyrsti eiginleikinn er ástand sálarorkunnar.

Fyrir mörgum virðast umræður um sálarorku vera einhvers konar óráðshjal; þeir geta ekki yfir höfuð skilið umræðuefnið. Þeir munu reiðast öllum þeim sem reyna að hefja samræður um það sem þeim er óskiljanlegt. Hafa ber í huga að hin fyrsta óljósa skynjun orkunnar er sú erfiðasta. En nauðsynlegt er að íhuga með ró skilningsleysið sem fáfræðin veldur. Þannig geta margir alls ekki ímyndað sér neitt ástand eftir lok hinnar jarðnesku tilveru. Meðal slíkra manna má bæði finna trúleysingja og menn kirkjunnar, en þeir eru allir jafn langt frá því að skynja grundvallarorkuna.

Það er mjög fræðandi að sjá hversu gagnstæðar sannfæringar geta verið jafn rangar.

539. Sambærilegur er afneitari og sofandi maður. Sannlega er gagnslaust að ræða við mann sem sefur eins og steinn!

540. Nú getið þið skilið betur hvers vegna við höfum ekki bent mönnum á að stunda Hatha-jóga. Það beinir mönnum síður en nokkurt hinna jóga-

kerfanna til grundvallarorkunnar. Að vísu veldur það hægfara framförum með því að fullkomna stjórn vöðvanna og mátt viljans, en mesti grundvallarþátturinn, sem ætti að vera fyrsta viðfangsefni mannsins, er vanræktur.

Því að byggja starf sitt á því neðra þegar bestu gjafirnar koma að ofan? Mun ekki þekking á mestu grundvallarorkunni fela í sér skjótustu framfarirnar? Það var ekki Hatha-jógi sem sagði: „Heimurinn er hugsun.“

541. Við hugsanaflutning er nauðsynlegt að hafa í huga ákveðna eiginleika orkunnar. Fyrst og fremst ætti að skilja að svarið hlýtur óhjákvæmilega að koma á óvæntan hátt. Þessi eiginleiki orsakast af mismun skynjunar á fíngerða sviðinu og hinu jarðneska; hinar fíngerðu orkutegundir komast undantekningalaust í tæri við jarðneskar kringumstæður. Allar jarðneskar hindranir loka fyrir samband eins og einangrandi hjúpur. Þó slíkt vari aðeins örskamma stund er samt sem áður kominn möguleiki fyrir hið óvænta. Fólk hefur vanist því að nota jarðneskar viðmiðanir, og það kann sjálft að hafna hinum fíngerðu sendingum.

Þess vegna er svo mikilvægt að rækta sína eigin fíngerðu orku.

542. Einnig er bráðnauðsynlegt að hafa í huga aðrar kringumstæður — hjartað hlýtur óhjákvæmilega að nema sendingar. Það er ekki hjartakvilli, heldur titringur straumsins. Það er ómögulegt að skilgreina í orðum skynjanir hjartans. Það er aðeins fólk sem er þjálfað í hugsanasendingum sem hefur

skilning á því hvað þessi titringur gefur til kynna.

543. Það er jafnvel hugsanlegt að fram komi sársaukafullar skynjanir í taugastöðvunum. Hafa ber í huga að næmar taugastöðvar hljóta að bregðast við straumum að utan. Þessir verkir eru oft nefndir tagapína, en skilningur er ekki fyrir hendi á orsökum þeirra. Venjulega er orsakanna leitað í ofkælingu eða ofþreytu, en ekki er reiknað með hinum ytri sálrænu orsökum.

544. Það er alls ekki auðvelt hlutverk að vera Móðir Agni-jóga. Það er aðeins þegar fram líða stundir að fólk mun virða að verðleikum alla þá sjálfssfórnum sem nauðsynleg er þeim sem lýsir yfir hinum eldlega mætti.

545. Nauðsynlegt er að veita nána athygli öllum atburðum sem gerast á tímum kosmískrar þenslu. Margt hafa menn séð, en enn fleira fer hjá þeim óséð. Fólk hefur fjarlægst svo skilning á grundvallarorkunni að það getur ekki fundið nein orð yfir hinar augljósu raunbirtingar og heimsviðburði. Því vissulega er ekki hægt að aðgreina viðburði heimsins frá sálrænum fyrirbrigðum.

546. Jafnvel hinn reyndasti viðtakandi hugsana þekkir hvernig einstök orð geta glatast vegna utanaðkomandi áhrifa. Auðveldlega er hægt að ímynda sér að margir straumar í geimnum verða fyrir truflunum! Hægt er að framkvæma margar gagnlegar tilraunir, ekki aðeins við beinar

hugsanasendingar heldur einnig við rannsóknir á afleiðingum sem verða þegar straumar skerast í geimnum.

Hægt er að senda og taka beint á móti mörgum straumum. En þess utan geta utanaðkomandi bylgjur valdið truflunum. Næmur viðtakandi mun skynja titringinn sem verður vegna truflunar á sveiflutíðninni.

547. Eins er greinilegt að ákveðnar bylgjur geta valdið sársaukafullu höggi á áruna. Slík högg geta orsakast af ósamræmi í sendingum og af flóknu mynstri sveiflna.

Einnig er algengt að menn heyri greinilegan són í eyranu. Auk starfsemi vissra kirtla ætti að hafa í huga að loftþrýstingur andrúmsloftsins getur valdið slíkri þenslu, það er á vissan hátt endurvarp hins mikla hljóms heimanna.

548. Það er rétt ályktað að nútíma jóga-kenningar leggja mikla áherslu á skaplyndi mannsins. Það virðist sem svo að þetta atriði sé þekkt og öllum skiljanlegt, en reynslan sýnir að fólk skilur ekki gildi eftirvæntingarfulls ákafa eða þunglyndisdrunga. Lát fræðimenn rannsaka hugsanaflutning við hinar ólíkustu kringumstæður. Auk sálarástands er einnig hægt að rannsaka áhrif mismunandi hitastigs. Mikill hiti veldur meiri næmni.

Að sjálfsögðu er ég að ræða hér um aukningu á hita lífkerfisins. Það er ekki sjúkdómur heldur samtvinnun eldlegra bylgna sem spinnur þráð sambands og svörunar.

459. Hvaða hugsun nær bestu sambandi? Gamalt fólk segir að það sé hugsun frá hjartanu. Slík einföld skilgreining er rétt. Það er einmitt ástand sálarorkunnar sem annað hvort stuðlar að eða hindrar móttöku hugsunar. En hægt er að gera sér í hugarlund hve margar hugsanir eru til í geimnum sem enginn hefur tekið á móti! Þar sem hugsun er orka sem eyðist ekki, hversu mikla ábyrgð ber þá ekki mannkynið á sérhverri hugsun sinni!

Það er mögulegt að ganga úr skugga um heildarmagn hugsana sem þjóta samtímis um heiminn. Það er lærdómsríkt að sjá hvað mannkynið er að hugsa á hverri mínútu. Niðurstaðan verður algerlega óvænt. Mögulegt er að skipta hugsunum í nokkra flokka; aðeins mjög smár hluti þeirra virðist beinast að hinu sameiginlega góða. Niðurstöðurnar úr slíkum útreikningum eru ógnvænlegar.

Óþarfi er að ímynda sér að mannkynið hafi nú þegar uppgötvað gildi hugsunar. Verið óþreytandi við að endurtaka staðreyndina um gildi hugsunar, en að sjálfsögðu munið þið verða fyrir ásökunum um ófyrirgefanlega nýbreytni, og jafnvel að brjóta niður undirstöður samfélagsins.

Hvernig er mögulegt að fullyrða að það sé hættulegt fyrir ríkið að hugsun sé gert hátt undir höfði? Samt hafið þið nú þegar verið ásökuð um að kynna eitthvað hættulegt. Hversu lágt hlýtur sá maður ekki að lúta sem álítur það ófyrirgefanlegt í mannlegu hátterni að minnast á hugsun!

Heimspeki, hversu harkalega er hæðst að þér fyrir að kenna mönnum að hugsa!

550. Næstum ómögulegt er að finna fólk sem stundar af kostgæfni listina að hugsa. Fólk er reiðubúið að hylla og verðlauna sigurvegara hinna einföldu keppnisgreina Ólympíuleikanna. En hvar er að finna viðurkenningu og hvatningu fyrir hugsun?

Fagnaðarlæti sem hástökkvararnir hljóta eru næstum því ærandi, en flug hugsunar hlýtur aðeins háð og aðdróttanir.

Lát þá sem berjast fyrir hugsun sameinast!

551. Allt sem varðar sálrvæna orku verður að rannsaka með aðferðum sem byggja á tilraunum. Það ætti ekki að leyfa neinar niðurstöður sem byggja aðeins á persónulegum hugmyndum. Vitneskju úr fornum ritum ættu menn að hagnýta með mikilli varkárni. Hafa verður í huga að merking margra hugtaka var á sínum tíma túnkuð að ýmsu leyti á annan veg en nú tíðkast. Margt af því, sem nú er nefnt dulspeki, var raunveruleikinn sjálfur á fyrri tínum.

Margir fornir heimspekingar skildu aðeins eftir sig táknrænar skilgreiningar. Þeir földu hin raunverulegu hugtök, annað hvort með ásetningi eða notuðu ýmsar styttingar sem urðu til við hefðbundnar kennsluaðferðir.

Nákvæm athugun á því hvernig skilningi manna á sálrvænni orku á hinum ýmsu tímabilum var hártað munu leiða í ljós margar mjög andstæðar skoðanir. Látið ekki slík völundarhús mennskrar hugsunar leiða ykkur á villingötur! Orsök þess að slíkar villur komu fram er eingöngu skortur á vísindalegum rannsóknum. Engin þörf er á ævintýrasögum um sálrvæna orku. Fyrir

mannkynið mun drifhvöt framfaranna koma frá nákvæmum rannsóknum og tilraunum sem staðfestar verða á mismunandi stöðum á jörðinni. Eining er nauðsynleg fyrir slíkar raunverulegar sannanir.

552. Móðirin getur lagt fyrsta grunninn að rannsókn sálarorkunnar; alveg fram að fæðingu barnsins gefur hún gaum að daglegum gangi lífsins og næringunni. Eiginleikar hinnar ófæddu persónu eru ákvarðaðir strax í móðurkviði. Mögulegt er að sjá ákveðin merki, sem ákvarða skapgerðareinkenni, í löngunum og atferli móðurinnar. Í þessu tilfelli er þó nauðsynlegt að athugunin sé algerlega heiðarleg. En mikilvægt er að rækta sjálfan athugunarhæfileikann.

Aftur má sjá að við beinum athyglinni ekki að kenningum og kreddum heldur að tilraunum og athugunum.

553. Þreyta eykst vegna ytri aðstæðna. Athuganir á þessu efni eru einnig nauðsynlegar. Þunglyndi og þreyta getur tekið á sig einkenni farsóttar. Það getur komið í ljós að landssvæði eða jafnvel heilar þjóðir séu staðsettar á þenslusvæði.

554. Jafnvel hjá ungbörnum er mögulegt að sjá merki um birtingu sálarorkunnar. En nauðsynlegt er þó að læra að aðgreina þessi merki frá þeim mörgu sem eru bergmál frá fíngerða heiminum. Áhrif fyrri æviskeiða koma greinilega fram í leikjum og tilhneigingum barnsins. Það ber ekki vott um

skarpskyggni að segja að allir barnaleikir séu eins. Í hópleikjum má sjá að hvert barn sýnir einstaklingseðli sitt. Hægt er að auðga þekkingu sína á sálrænni orku með því að fylgjast með atferli barna.

Það eru mistök að álíta að aðeins sé hægt að nota taugaveiklaða fullorðna einstaklinga sem viðfangsefni athugana. Í raun er það svo að börn veita betri möguleika við tilraunir vegna þess að sálræn orka þeirra hefur ekki orðið fyrir neinni röskun.

555. Það vill svo til að menn gera læknisráð oft að umræðuefni sínu, en allir aðrir en læknar láta sig ekki neinu varða þau málefni sem snerta grundvallarorkuna. Margir segja að það sé ekki þeirra hlutverk að kryfja læknisfræðileg vandamál til mergjar, en allar slíkar athugasemdir eru skaðlegar í fávisku sinni. Lífið er fyrir allt sem lifir, og allir verða að leggja sinn Stein af mörkum til byggingarinnar.

556. Frá musterinu skulum við ganga niður í kjallarann. Við skulum ásetja okkur að geyma með okkur ekki aðeins flug um háloftin heldur einnig samúð. Hjá öllum mönnum má finna opna und. Aðeins sálarorkan getur vísað á þessa þjáningu. Öll rannsókn á æðri orkutegundum kennir óhefta aðstoð. Þess vegna verður einnig að rækta með sér hvötina til að veita hjálp.

557. Allir menn hafa í sér opið sár, en þeir geyma einnig rúbínstein í hjarta sínu sem nefnist hið Allra Helgasta. Slíks seguls þarf að gæta vel. Hann

hefur verið nefndur gimsteinn. Á fornum tíum var rætt um gimsteininn, en síðar fóru menn að leggja táknræna merkingu í orðið. Þið vitið nú að þetta hugtak hefur tvöfalta merkingu en ekki táknræna. Auðveldlega má kalla skurðpunkta sálarorkunnar stein, vegna þess að í hugum fólks tengist segulmagn hugmyndinni um segulstein. Menn eiga auðvelt með að gera sér í hugarlund segulmagnað fjall, en þeir skilja ekki segulmagn manns. Ef til eru margs konar birtingar segulmagns í stórheiminum, þá er hinn sami eiginleiki einnig óafmáanlegur í smáheimi mannsins.

558. Fólk þekkir rafmagnaða hrökkála, en sams konar rafmagnshögg frá manni virðist því vera eitthvað yfirnáttúrulegt, svo yfirmáta erfitt er fyrir vitundina að meðtaka þá staðreynd að bókstaflega allt er að finna í manninum. Slíkir eiginleikar hjá manninum ættu að hvetja hann til sérstakrar varúðar, en sá skilningur, að maðurinn geymi í sér allan heiminn, hefur ekki öðlast viðurkenningu. Orðin *stórheimur* og *smáheimur* eru endurtekin í hugsunarleysi án þess að nokkur innri skilningur fylgi.

559. Er mögulegt að hugtakið mikla um hið Allra Helgasta verið skilið og viðurkennt? Stundum kemur fíngerði líkaminn úr flugferðum sínum með hið Allra Helgasta á vörunum í þeim tilgangi að það renni saman við hið jarðneska líf. Fíngerði líkaminn getur borið með sér mörg geislandi sannindi þegar hann snýr aftur til efnislíkamans. Hann getur heimsótt hin ýmsu svið og átt samskipti við lifandi fólk í ýmsum löndum — og allt þetta í óendanleika

og tímaleysi.

Er þá ekki mögulegt að allir slíkir eiginleikar smáheimsins geti gert úr því altari hins æðri máttar?

560. Sumt fólk leitar einungis eftir hinu nýja, en kærir sig ekki um það sem áunnist hefur í fortíðinni. Margar hættur felast í slíkum stökkum út í óvissuna. Ekki er alltaf hægt að treysta þannig fólki. Það er vafasamt að það geti gætt þess sem því er treyst fyrir.

Ákafi er mikilsverður þegar hann er afleiðing fullrar vitundar.

561. Aum getur hljómað, alveg eins og hinar æðri sveiflur, til samstillingar á sálrvænni orku. Allar hörpur þarf að stilla; því er enn frekari ástæða fyrir því að koma hinni sálrvænu orku í friðsælt ástand, vegna þess að hún er móttækileg fyrir öllum hinum kosmísku sveiflum. Í fornum umræðum um grundvallarorkuna var það einmitt í Aum sem frumkjarni slíkra ráðlegginga fólst.

Hversu margvísleg er ekki hin sálrvæna orka! Hægt er að finna ákveðna þætti hennar sem fengið hafa sérstakt nafn. Við skulum snúa okkur að einum háleitum þætti hennar sem nefndur er „vernd.“ Ekki skyldi ætla að þessi eiginleiki sé aðeins til verndar þeim sem sjálfur býr yfir slíkri orku. Hann er einmitt einnig vernd fyrir aðra, því þeir deila orkunni frjálslega með honum. Sálrvænni orku er einmitt útdeilt þar sem hennar er þörf alveg á sama hátt og andinn getur deilst. Þannig læknir veit ekki af því þjáða fólki sem hlýtur

lækningu af hans völdum. Þetta er erfitt en blessunarríkt verkefni!

562. Titringsnudd með rafmagnstæki er gagnlegt ef sveiflutíðnin er við hæfi. Ekki er viturlegt að koma sjúklingi í snertingu við sveiflur sem eru honum framandi. Fyrst af öllu ætti að rannsaka sálræna orku hans, eiginleika hennar og þenslu. Nudd grundvallast á hrynjandi, en hrynjandin er ákaflega breytileg eftir einstaklingum. Mögulegt er að nudda inn í sjúkling algerlega óviðeigandi sveiflutíðni.

Af því leiðir að leggja verður stund á hrynjandi og sveiflutíðni í læknaskólum.

563. Agni-Purana, Upanishad og önnur forn viskurit miðla lögmálum tilverunnar með fullkominni nákvæmni í grunnhluta sínum. Ekki má hafna heldur verður að gæta með mikilli athygli að neistum sannleikans. TWO málma er ekki hægt að bræða saman án elds; á sama hátt getur aðeins eldlegt hjarta tekið á móti straumi æðri orku.

Við skulum ekki virða að vettugi neinar uppsprettur hins góða. Hver sá sem óhreinkar skínandi klæði nágranna síns hefur um leið kveðið upp dóm yfir sjálfum sér.

564. Í helgisöngvum mismunandi trúarbragða má greina sérstaka hljómsetningu. Ef hinir elstu þeirra eru bornir saman er mögulegt að sjá athyglisverða líkingu meðal þeirra í tónrænni uppbyggingu. Að auki má greina

að notaðar hafa verið merkilega líkar takttegundir; en allt þetta bendir til þess að tónskáldin sem sömdu þessa sálma hafi haft sameiginlegan skilning á gildi samhljóma og hljóðfalls. Það er ógjörningur að ætla að slíka líkingu í grundvallaratriðum megi einfaldlega skýra með því að vitneskjan berist mann fram af manni. Mögulegt er að sjá að þeir hafa verið undir áhrifum sameiginlegrar uppsprettu. Ekki er hægt að draga í efa að hin eina grundvallarorka tilverunnar muni skapa svipaða hrynjandi fyrir eitt form innblásinnar tjáningar. Sannarlega getur hinn skarpskyggni séð staðfestingu hinnar miklu einingar víða.

565. Þið hafið heyrta að maður, sem haldinn var málgalla, var skyndilega fær um að flytja fagra og innblásna ræðu. Hinn persónulegi vilji gat ekki valdið þessu einn sér, þátttöku annarrar orku var einnig þörf. Einhver hafði sent verndarorku sína. Það getur verið að slík orka lækni málgallann varanlega. Mögulegt er að taugakvillinn hverfi algerlega ef ræðumaðurinn getur viðhaldið sams konar eldmóði og hann var fylltur þegar hann flutti hina fögru ræðu. Lát hann fylgjast með hrynjandi hjarta síns. Lát hann minnast hvernig samræmið var í hinni árangursríku ræðu sem hafði slík áhrif á áheyrendur. Það er strax mikill árangur að viðhalda samstillingunni. Hægt er að vitna í mörg dæmi þar sem hrynjandi hinnar sálrænu orku hefur lyft manni upp og hjálpað honum að vinna bug á öllum taugakvillum. Hægt er að nefna mörg tilfelli þar sem fólk hefur gleymt til frambúðar takmörkunum sínum og göllum undir áhrifum frá sálarorkunni.

566. Allt óþarfa álag mun vinna gegn samræmi. Það er nauðsynlegt að hið árangursríka samræmi geymist í minni án nokkurrar þvingunar. Einbúar hafa bent á hið mikla mikilvægi bænar án orða; slíkur er dómur þeirra sem gera sér grein fyrir mætti samræmisins.

567. Geislunarmælir nemur eina hlið birtunnar; en hið sama tæki getur einnig staðfest áhrif sálarorkunnar á birtustigið. Sjá má að mismunandi hugarástand athugandans hefur áhrif á útgeislunina. Það má því segja að sálræn orka manns og hluts úr steinaríkinu hafa áhrif hvor á aðra, því þær eru eitt og hið sama. Það er allt undir hugarástandi mannsins komið hvort til verður samtengd virkni eða sambandsrof. Ekki fyrir löngu hefði yfirlýsing sem þessi verið nefnd hindurvitni, en nú þegar eru menn uppi sem skilja slíka samvirkni orku, en aðrir eru til sem ekki dirfast að hæðast að þessum hugmyndum — þannig fer þekkingunni fram. Sérstaklega nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir því að með jákvæðu hugarástandi er hálfur sigur unninn.

568. Lát fólk læra að unna þenslu, því að í veikleika verða upplausnarkraftarnir strax virkir. Enginn getur þekkt nokkurn hlut í raun ef hann er á valdi veikleika. Staðfesta andans hefur verið nefnd herklæði, en menn verða að venjast því að bera slík herklæði.

569. Er það tilviljun að þessar hugleiðingar eru settar fram í

smábrotum? Getur ekki verið að í þessari mósaíkmynd felist hrynjandi og sérstakur tilgangur? Hugleiðið stundum með vinum ykkar hvers vegna þessi aðferð hefur verið valin! Felst ekki í henni hin sérstaka aðferð að hafa áhrif á mismunandi orkustöðvar? Fullkomnun skynjunarhæfileikans er ákaflega mikilvæg.

570. Hinar mikilvægustu dagsetningar geta liðið hjá án þess að eftir þeim sé tekið. Það kann að vera að aðeins fáeinir hafi skynjað 16. september. Það er líkt því þegar eldur geisar handan veggsins og fólkið safnast saman í leikhúsinu án þess að átta sig á því að tjaldið hylur eyðilegginguna. Hægt er að segja fyrir um daginn eftir kosmískum merkjum, en fólk lætur sig engu skipta þau merki sem gefin hafa verið. Á svipaðan hátt reiknar reyndur læknir viturlega út framgang sjúkdómsins; en þegar hinn ákveðni dagur rennur upp, tekur sjúklingurinn á móti honum og hlær að lækninum; en hversu oft hefur ekki verið sagt: „Dag hvern skal að kvöldi lofa!“

Séu menn beðnir að lýsa því hvernig þeir sjá fyrir sér eitthvað sem er ákaflega mikilvægt, þá setja þeir fram hinar barnalegustu hugmyndir og ekki einn einasti þeirra kemur nálægt kjarna þess sem er að gerast. Slíkur hringlandaháttur umhverfis raunverulegt eðli hlutanna er aðeins til merkis um skort á grundvallarorku sem getur stýrt ímyndunaraflinu eftir réttum brautum.

571. Innra með sér þekkir maðurinn ljóslega orkuna sem er honum eðlislæg. Þegar hann meiðir sig nuddar hann sárið með hönd sinni. Þegar

hann vill vekja á sér athygli stappar hann niður fæti; hann veit að það eru einmitt útlimirnir sem gefa frá sér orku. Í sögum er sagt frá því að eldsneistar stöfuðu frá höggi handarinnar, og að eldur glóði af fótspori einhvers á jörðinni. Samt er erfitt fyrirmanninn í daglegu lífi sínu að átta sig á sínum eigin mætti.

572. Að læra að þekkja hljómfall er skref í átt til hinna fjarlægu veralda. Enginn getur skynjað fíngerðar sveiflur ef hann hefur ekki lært að þekkja hljómfall og skilur ekki mikilvægi samræmis. Fyrir suma er þetta innantómt hljóð, en til eru þeir sem hafa komið á samræmi í öllu lífi sínu. Það er ekki hljómfall léttvægrar tónlistar heldur eldlegur taktur hjartans sem ég hef í huga.

Maður nokkur, sem heyrði um gagnsemi hljóðfalls, réði sér trommuslagara til að slá fyrir sig taktinn — en bjálfinn varð aðeins enn heimskari.

573. Átakanlegt er að sjá hversu afstæðir dómar manna geta verið. Tökum sem dæmi ástand þess sem horfið hefur yfir í fíngerða heiminn. Um sömu persónuna munu menn segja: hann er horfinn, hann hefur þurrkast út, hann þjáist, hann sefur, hann hvílir, hann lærir, hann er upphafinn, hann dvelur í dýrlegum fögnum — þannig dæmir hver og einn um fíngerða heiminn eftir sínum eigin skilningi. En vegna þess að enginn hefur sagt fólk frá fíngerða heiminum þá fer það að mynda sér skoðanir í samræmi við sínar eigin ímyndanir; en oft er ímyndunarhæfileikinn lítt þroskaður. Með þessu móti heldur sviðið, sem er næst okkur, enn áfram að vera heimur skugga og svipa.

Þegar einhver grætur við jarðarför þá getur verið að einhver sé þar sem harmi slíka fáfræði. Á sama hátt ef einhver fagnar við slíkt tækifæri hneykslast fólk á því er virðist vera óviðeigandi hegðun. Á þessu sést að fólk getur ekki skilið tengsl jarðneskrar og yfirjarðneskrar tilveru. Hægt er að vitna í mörg dæmi um það að fólk hafi séð sína nákomnustu í fíngerða heiminum, en slíkar sannanir eru aðeins flokkaðar sem einstök fyrirbrigði. Það er vonlaust að sannfæra fólk um að vistaskiptin milli heimanna séu náttúruleg atburðarás. Því er bannað að hugleiða endurholdgun, og það hefur komið sér saman um þá hugmynd að það dvelji á brún óþekkts hengiflugs. Samt verða heimarnir nátengdari hvorum öðrum með hverju ári sem líður, og mögulegt er að koma með fleiri sannanir sem byggja á minningum um fyrri líf. Nú þegar geta menn vitnað í mörg dæmi; góðviljuð afstaða er allt sem þarf.

574. Hinnar sömu góðviljuðu afstöðu er þörf þegar gerðar eru tilraunir með sálræna orku. Það ætti ekki að nota hana til að grennslast fyrir um framtíðina; samt sem áður er athyglisvert hvernig sálarorkan sjálf getur séð fyrir leiðir í nánustu framtíð. Hún hefur verið nefnd „auga sálarinnar.“ Þannig hefur henni verið líkt við efnislega sjón. Ef það er eðlilegt að augað geti séð fram á veginn, þá er eðlilegt að auga sálarinnar geti séð fram í framtíðina.

575. Ekki aðeins er hver orkustöð rafall, heldur framleiðir einnig hvert atóm orku. Er mögulegt að líta á rannsókn á sálarorkunni sem eitthvað óeðlilegt og óvísindalegt? Ég tala til þeirra sem hafa sérstök tækifæri til að

þekkja orkuna, en afneita samt svo oft því sem þeir sjálfir búa yfir. Fólk verður að læra, læra og læra. Á þann hátt munu vísindin í öllum sínum mikilleika veita mönnum möguleika á því að ná árangri.

576. Talið er að hlutskyggni sé hæfileiki sem aðeins ákveðnum útvöldum sé gefinn, en það er enginn vafi á því að þetta er sameiginleg gáfa sem allir hafa fengið í vöggugjöf. Margar skynjanir láta á sér kræla við það að snerta hluti. Það sem gerir gæfumuninn er það að einn beinir athygli sinni að skynjunum en annar lætur þær fara fram hjá sér án þess að gefa þeim gaum. Menn ættu að veita öllum skynjunum athygli.

Hvílík auðlegð lífsins opnast ekki fyrir þeim sem eru næmir fyrir öllum skynjunum! Það er ekki erfitt að gera sig næman fyrir margvíslegum skynjunum. Hver bók og hver einasti stafur ber með sér fullkomna útgeislun. Eitthvað ólýsanlegt, en þó augljóst hjartanu, veitist við snertingu. Engin ástæða er til að ætla að aðeins ákveðnir gæfusamir einstaklingar búi yfir þessari gáfu og að öllum öðrum sé hún forboðin. Hugsun um möguleika er strax opin leið.

577. Sá sem rannsakar sálræna orku þarf að vinna við allt aðrar aðstæður en flestir vísindamenn. Þeir síðar nefndu geta varið vissum afmörkuðum tíma í rannsóknir sínar, en hann, hins vegar, þarf að nota allan sinn tíma til athugana. Hann veit aldrei hvenær búast má við merkilegum viðburðum. Hann getur aldrei vikið athygli sinni frá hugarstraumunum því

þeir geta farið af stað hvenær sem er. Hann verður að vita hvernig á að vakna til fullkominnar meðvitundar. Hann verður að veita útgeislun fólks og hluta athygli. Hann verður að búa yfir þolinmæði og góðvilja. Honum leyfist ekki að kvarta né verða þunglyndi að bráð. Margir eru eiginleikarnir sem athugandandum eru nauðsynlegir, nefna má hugmyndaauðgi og beina þekkingu.

578. Hver getur sagt að hann skorti allar nauðsynlegar aðstæður? Hver getur fullyrt að hann muni ekki uppgötva á morgun það sem hann ekki finnur í dag?

579. Á undan mikilvægum kosmískum tímamótum er hugsanlegt að komi tilfinning fyrir þrýstingi og jafnvel sársaukafullar skynjanir, þess vegna ráðleggjum við að menn þroski með sér tilfinningu hátíðleika. Við nefnum þessa tilfinningu „vængi.“ Án hátíðleika munu geislar afreka ekki skína. Hátíðleikinn er einnig nauðsynlegur við staðfestingu heits. Mjög er við hæfi að ganga inn í musterið í þessum anda. Fyllum hjörtu okkar hátíðleika.

580. Menn þurfa að þroska með hæfileikann að vera ávallt viðbúnir. Að vera viðbúinn er ekki það sama og að vera spenntur á taugum, það er ekki skammvinn þensla. Þessi hæfileiki er samstilling orkustöðvanna, alltaf opin fyrir skynjunum og svörunum. Sá sem er fullur samræmis er stöðugt að gefa og taka á móti. Tilvera hans nærist ætíð á órofnum straumi. Að rjúfa slíkan

straum felur í sér endi allra framfara. Sá sem allt veit er einnig sá sem allt gefur. Við skulum skilja þessi sannindi á víðan hátt en takmarka þau ekki með jarðneskum aðstæðum.

Til er lögmál sem þetta varðar, en þetta lögmál má ekki túlka þannig að móttakan sé það sama og söfnun persónulegra eigna. Hjartað getur skilið þetta hugtak. Hjartað lætur ekki blekkjast af fölskum yfirlýsingum. Efling sálarorkunnar veldur staðfestu.

Að vera stöðugt viðbúinn er afleiðing heilbrigðrar sálarorku.

581. Yfirbiskup á fornum tímum nefndi sálræna orku blessun. Læknir samtímans nefnir hana andlegt heilbrigði. Nauðsynlegt er að beita mikilli athygli við skilgreiningu fornra hugtaka. Það væri sjálfbirgingsháttur og bæri vott um fáfræði að hafna niðurstöðum árbúsundanna. Athugandinn þarf fyrst og fremst að losa sig við sjálfsþótta.

582. Lærisveinn kom að máli við fræðara sinn og taldi upp langan lista af dyggðum, nauðsynlegum til framfara. Hann sagði dapurlega: „Fræðari, ég get aldrei öðlast þessar dyggðir.“ Fræðarinn spurði: „Sagðirðu allar?“ Lærisveinninn hélt áfram: „Mér virðist sem ég hafi ekki öðlast eina einustu þeirra.“ Þá mælti fræðarinn hughreystandi: „Það er ekki svo slæmt að þér finnist sem þú hafir ekki öðlast allar hinar nauðsynlegu dyggðir. Það væri mun verra ef þú héldir að þú hefðir eignast þær allar.“

583. Lærisveinn mælti með óþolinmæði og gremju við fræðara sinn:  
„Ég les kenningarnar frá upphafi til enda, en þrátt fyrir allt þetta veit ég ekki  
hvernig ég á að byrja.“ Fræðarinn svaraði: „Það er augljóst að þú þarf fyrst  
og fremst að losa þig við skapstyggð. Hún veldur mestu um það að þú færð  
ekki séð leiðina.“

584. Lærisveinn spurði fræðara sinn: „Segðu mér hvernig ég að nota  
fræðsluna í lífinu?“ Fræðarinn ráðlagði honum og sagði: „Í byrjun skaltu leitast  
við að öðlast góðmennsku. Líttu ekki á hið góða sem yfirnáttúrulega gjöf.  
Láttu hið góða verða grundvöll hjarta þíns; á því skaltu byggja eld þinn, því að  
ekki sviðnar frá eldi sem byggir á slíkum grunni.“ Þannig spurði lærisveinninn,  
en fræðarinn varð mjög undrandi á því að slík spurning um byrjunaratriði væri  
nauðsynleg eftir alla fræðsluna sem hann hafði veitt.

Það er ekki í aðeins ævintýrum heldur einnig í lífinu sjálfa sem dæmi um  
svo ófullnægjandi skilning koma í ljós. Lærisveinninn verður að finna í hjarta  
sínu hvaða eiginleiki stendur honum næst.

„Ég mun mæta ykkur á öllum þeim leiðum sem þið komið til míν.“

585. Sjá má hversu mikið kosmískir straumar auka svörun ýmissa  
líffæra. Hægt er að skynja það sem virðist vera breytingar á heyrn og sjón,  
óþægindi í sólarplexus-stöðinni, þenslu í liðaböndum og glóandi bruna í  
orkustöðvunum. Smáheimurinn andsvarar stormviðri stórheimsins. Hversu  
mikinn stöðugleika verða menn ekki að finna hið innra með sér! Með hverju

er hægt að yfirvinna þenslu geimsins? Aum, sem hljómur samræmis, er læknandi kraftur.

586. Við skulum enn einu sinni hvetja alla þá til dáða sem hafa orðið fyrir vonbrigðum með árangur fyrstu tilraunar sinnar með sálræna orku. Lát þá muna hve margar aðstæður geta haft áhrif á og hindrað árangur tilraunar. Nálægt fólk og hlutir, straumar úr geimnum, eigin heilsa, og að síðustu, hugsanir sem móttaknar eru úr fjarlægð — allt þetta getur annað hvort bætt árangur eða hindrað. Margar tilraunir hafa farið út um þúfur strax í upphafi vegna þess að hæðnisleg athugasemd var látin falla eða að fjandsamleg hugsun lamaði sálarorkuna.

Það er sorglegt ef maður lætur hugfallast við fyrstu misheppnuðu tilraunina. Það gefur aðeins til kynna að hans eigin sálarorka sé í fullkomnu upplausnarástandi. Þá verður rannsakandinn að íhuga með skýrri vitund hvernig hann getur ræktað og eflt sína eigin sálarorku. Þó ekki sé verið að gera tilraunir er alls ekki rétt að láta grundvallarorkuna vera óskipulagða og vanrækta. Lát hvern nýliða í rannsóknarstarfinu prófa sjálfan sig við mismunandi aðstæður. Aðeins með margvíslegum prófunum er hægt að sjá nákvæmlega hvaða eiginleikar eru ráðandi í sálarorku persónunnar.

Eins ætti athugandinn ekki að hafa áhyggjur af ýmsum sérkennum, sem hann kann að uppgötva í sinni eigin orku, þegar hann ber hana saman við tilraunir annarra. Sumum hættir til að ýkja, en aðrir vanmeta sjálfa sig vegna hógværðar; af þeim sökum sést þeim oft yfir verðmætustu eiginleika sína.

Nauðsynlegt er að búast brynu þolinmæði og trúfestu við athuganirnar. Varast ber óstöðugleika og hvatvísi, sem svo oft leiðir til óþolinmæði og gremju.

Á þennan hátt, með stöðugri umhyggju, skal styðja og hvetja byrjanda á braut athugananna.

587. Til eru tvær manngerðir — annarri líkar best að hagnýta sér vinnu annarra, en hin vill helst ná árangri af sjálfsdáðum. Gefðu gaum að hinni síðarnefndu, þar á meðal er að finna rannsakendur og samverkamenn. Veittu þeim aðstoð, því þannig fólk er sérstaklega orðvart og móttækilegt.

Ekki ætti að fordæma nýjar aðferðir við rannsóknir. Margt brautryðjendastarf í rannsóknum hefur miskunnarlaust verið rifið niður af hinum fáfróðu. Verndið hina næmu leitendur fyrir árásum böðlanna. Allir geta unnið mjög margt sem er gagnlegt og óeicingjarnt, hver á sínu eigin sviði.

Verum óeicingjörn.

588. Jafnvel í hinum frumstæðustu trúarathöfnum, við bænagjörðir, særinger og helgisiði voru notaðir lúðrar myndaðir með höndum, blásturshljóðfæri og margs konar sívalningar til að gera hljóðið kraftmeira og samþjappaðra. Slík tákn þenslu og einbeitingar má sjá á öllum tímum, bæði í smáu og stóru, jafnvel allt til hinna háleitustu bæna. Hljóð trompetsins magnar umhverfið á vissan hátt og taktur ásláttarhljóðfæra gera einbeitingu auðveldari. En vissulega er ekki þörf á svo frumstæðum hjálpartækjum þegar

æðra samneyti er myndað.

Ég tel að einmitt nú sé nauðsynlegt að minnast á viðleitni hjartans. Við hugræn áköll mynduðu hinir fornu einsetumenn í huga sínum beina braut út í óendanleikann og létu hugsanir sínar leitast við að fylgja henni. Til eru margar hugrænar myndir sem hjálpa til við einbeitingu. En engum kemur til hugar að hugsunin eigi að ráfa um völundarhús.

Hreinskilni og einfaldleiki mynda bestu og árangursríkustu brýrnar.

589. Látið ykkur ekki til hugar koma að fólk kunni að nota ímyndunaraflið. Slíkur sköpunarhæfileiki er fágætur. Það kann að virðast einkennilegt, en fjöldinn allur af furðusýningum er alls ekki til þess fallinn að efla þroska ímyndunaraflsins, það hefur einmitt gagnstæð áhrif — eins og myndir sem renna eftir fægðum fleti.

Sífellt fær maður fullvissu fyrir því að ekkert hið ytra hafi neitt gildi sé hjartað ekki með í athöfn.

590. Verum fyllt hátíðleika. Bætum ekki óreiðu við þenslu geimsins. Verum ekki óþreyjufull þegar nauðsynlegt er að sjá fyrir hvað gerast muni. Hyljum okkur ekki í rykskýi þegar þörf er á víðsýni til allra átta. Mælum fram orð kærleika sem trausta hlíf.

591. Í dimmum hellum er betra að hafa skært og stöðugt ljós en flöktandi og reykspúandi kyndla. Hið sama gildir um sálræna orku. Neistar

frá reykjandi eldsglampa gera ástandið ekki betra. En hvernig er hægt að öðlast stöðugt ljós? Það er aðeins hægt með stöðugri íhugun um grundvallarorkuna. Eins og hugarstarf án orða eflist hið óslökkvandi ljós í hrynjandi hjartans.

Lát bæði einsetumenn og fræðimenn meta ljós hjartans að verðleikum. Ljómi birtunnar samsvarar viðurkenndri þenslu. Tökum eftir því að fólk sér oft og tíðum þennan ljóma, samt grípur það til margra afsakana og afneitana og feimnislegrar þagnar. Fólk getur oft séð ákveðin sérkenni á hversdagslegum hlut, en það sviptir sjálft sig þessum möguleikum.

Ef fólk myndi athuga með meiri athygli starf sinnar eigin sálarorku eftir lestur þessara skrifa, mætti líta á það sem góðan árangur.

592. Skoða verður með hugrekki bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar sálarorkunnar. Stöku sinnum verður orkan þögul og enginn vilji getur vakið hana. Fávís rannsakandi kynni að láta hugfallast, en reyndur vísindamaður sér að þetta gefur til kynna sérstakar kringumstæður. Hann bíður um stund og heldur síðan með gætni aftur áfram með tilraunina. Sérhver breyting á orkunni bendir til kosmískra áhrifa.

593. Lítið á ykkur sem íbúa alheimsins en ekki aðeins íbúa jarðarinnar. Með því móti axlið þið meiri ábyrgð. Á sama hátt munið þið skilja hversu erfið barátta liggar að baki hvers sigurs á sviði óendanleikans. Haldið ekki að þið munið fyllast hroka við það að taka á ykkur meiri ábyrgð. Hroki hæfir aðeins

fáfræði. Ábyrgðin er skylda manns við sjálfan sig og hið æðsta. Hugsun um skyldu er í sjálfri sér uppbyggjandi viðleitni, en til að þræða slíka braut verður maðurinn að rækta sjálfan sig án afláts.

Sá sem ekki kann að hugsa um samstarf við æðri orkutegundir er ekki þess verður að kallast maður. Hvernig getur hann átt háleitt samneyti ef hjarta hans er lokað fyrir andagift!

Lærið að skilja fullt gildi orðanna, annars verða háleit hugtök eins og andagift að innantómu hljóði. Um leið og ég kalla ykkur til fararinnar er mér annt um að þið gleymið ekki því, sem mest er þörf á, í öllu annríkinu og umstanganu. Oft hlaða ferðalangar á sig ónauðsynlegum hlutum en gleyma lyklinum að nauðsynlegustu töskunni.

594. Spyrja má hversu mikinn hluta af sálarorkunni má gefa frá sér við lækningar. Þessi spurning hefur mikla þýðingu, því að þeim manni sem tapað hefur sálrænni orku sinni má líkja við hermann sem glatað hefur vopnum sínum. Gefa má helming orku sinnar, jafnvel tvo þriðju, en ef þrír fjórðu hlutar hennar eru gefnir stefnir það lækninum í bráða hættu. Í svo berskjálðri stöðu tekur læknirinn sjálfur á sig sjúkdóminn en það getur leitt hann til dauða. Þess vegna er sagt svo ákveðið um hinn gullna veg: Hóf og samræmi er best í öllu — höfum það í huga.

595. Ósamstillt Aum breytist í verkfæri eyðingar. Hið æðsta samneyti breytist í guðlast sé það ekki hreinsað í eldi hjartans. Hugtakið um eld hjartans

er oft nefnt hjátrú, en spyrjum vísindamenn og við munum sjá að hinir bestu meðal þeirra eru sammála um tilveru geislandi orkutegunda. Enginn getur stöðvað rás þróunarinnar með neins konar banni. Hinn fáfróði getur valdið umróti á sviðum þekkingar, uppreisnum og eyðileggingu. Það er einmitt með bönnum sem hinn fáfróði vekur upp öldur óskapnaðar, en hið alheimslega lögmál mun vinna bug á öllum myrkum vélabréfum.

Útrýma verður vanþekkingu.

596. Nákvæmlega sama orkan er notuð við sendingar jarðneskra hugsana og hugsana frá fíngerða heiminum. Samhliða sendingar jarðneskra og fíngerðra hugsana hefur ruglað rannsakendur ákaflega í ríminu; þeir hafa haldið að slík samtenging sé ekki möguleg. Aðal ástæðan fyrir þessum misskilningi er sú að enginn hefur veitt þeirri staðreynd athygli að báðar gerðir þessa sambands hafa orðið til við nákvæmlega sömu aðstæður og með atbeina sömu orkunnar. Skoða verður sérstaklega slíkar tilraunir, því þær þýða útþurrkun á mörkunum milli heimanna.

Er ekki rétt að hlusta með athygli á allt sem getur sameinað heimana? Mitt í amstri hversdagsins er nauðsynlegt að koma auga á öll hin smáu merki sem geta vísað veginn út fyrir takmörk hins jarðneska heims. Engin nauðsyn er á þokkenndum kenningum þegar hægt er að framkvæma vísindalegar tilraunir, né heldur ruglingslegum efasemendum þegar hægt er að greina milliliðalaust hin óhaganlegu lögmál með skörpu skyni sjónarinnar.

Ekki alls fyrir löngu voruð þið að velta fyrir ykkur rökréttu samhengi

vissra atburða. Réttu aðferðin er sú að skoða bæði ytri og innri orsakir. Margir skilja ekki hvers vegna atvik gerast á vissum tíma en ekki fyrr eða síðar, í þeirra augum eru hinir mikilvægustu atburðir tilviljunum háðir og engin tilraun er gerð til að skilgreina orsakir þeirra. En hinn reyndi athugandi veitir því athygli í hve miklum mæli eitthvað gerist án þess að það sé hending ein. Skoðum allar verkanir lögmálsins. Orkan er ein og lögmálið er eitt.

597. Mikið er rætt um prófraunir. Fólk finnst skelfilegt að hugsa til þess að jafnvel sjálfir heimarnir skuli gangast undir próf. Mikil sjálfsmæðaumkun fylgir erfiðum prófum. Fólk efast jafnvel um réttmæti prófa sem slíkra. Það gæti verið til hjálpar fyrir þá, sem skilja þetta ekki, að setja orðið *staðfesting* í staðin fyrir orðið *próf*. Áður en farið er yfir brú fullvissar hver einasti maður sig um að hún muni halda — og það gerir hann sjálfur með eigin hreyfingum. Hver einasti maður athugar umhverfi sitt til að treysta sitt eigið öryggi. Mönnum líkar ekki próf vegna þess að það kemur til þeirra frá einhverjum öðrum, en prófanir sem hann sjálfur gerir til að tryggja öryggi sitt eru honum ekki mótfallnar. Lát honum skiljast að öll próf eru eingöngu til að tryggja velferð hans sjálfs. Það er vert að endurtaka að samhæfing heimanna felur í sér stórbrotið próf.

598. Einstaklingsbundin tjáning manna á sálarorku eru fjölmargir. Sjálf orkan er alltaf hin sama og grunnlögmál hennar eru óumbreytanleg, en þrátt fyrir það eru engir tveir einstaklingar til sem tjá hana á nákvæmlega sama hátt.

Þessi fjölbreytni leiðir af sér margar ranghugmyndir. Hinir smámunasömu þola ekki margbreytileika, og þess vegna búa þeir til hefðbundna aðgreiningu með tilbúnum nöfnum í stað grundvallareiningarinnar. Í gegnum tímans rás hafa orðið til mjög skaðlegur ruglingur, og fáir eru þeir sem dirfast að snúa aftur til grunnatriðanna. Mitt á meðal uppsafnaðra hrauka dafna smáar hugsanir, en slíkar leifar mynda ekkert nema hauga af rusli, og stundum er nauðsynlegt að ryðja þeim frá. Einhvern tímann verður að safna saman brotunum af Ósíris. Mun Ísis ekki safna þeim saman?

Mannkynið viðurkennir nú þegar hina fíngerðu orku. Fólk veit ekki hvernig það á að rannsaka hana eða hagnýta hana í lífinu, samt hefur orkan sem slík án nokkurs vafa hlotið viðurkenningu á ýmsum sviðum ví sindanna. Margar sannanir eru að berast alls staðar að. Nú er svo komið að allmargir efasemdarmenn dirfast ekki að andmæla eða gera lítið úr þeim. Sá tími er ekki langt undan að full viðurkenning fæst á einingu grunnorkunnar. Einstaklingseðli orkunnar verður engin hindrun við rannsókn hennar en mun gleðja leitandi huga. Læknar munu ráða niðurlögum á faröldrum haldninga. Dregnar verða ályktanir af brotakennendum athugunum og gerðar verða margar meðvitaðar umbætur í lífinu. Opnið fyrir þeim sem knýr á; hjálpið hinum sjúku; leiðréttið þann sem fer villur vegar; en varist hina lævísu. Þegar unnið er að einingu er sérstaklega nauðsynlegt að skilja eftir allt sem veldur vandræðum, því það er ekki viðeigandi fyrir æðra samneyti.

Haldið verndarhendi yfir samverkamönnum ykkar sem eru ykkur samskipa, sumir þeirra eru ekki vanir löngum siglingum. Vissulega hafa ekki

allir gengið í gegnum sambærilega reynslu. Hver sem hefur náð meiri árangri hefur einnig kynnst veglyndi. Hann hefur þjálfast í þolinmæði, því án hennar verður hver leit árangurslaus.

Sá sem skilur mikilvægi sálarorkunnar mun ætíð stunda rannsóknir. Hann vinnur stöðugt að því að fullkomna sjálfan sig, það er, hann mun leysa sig frá elli.

Ég fullyrði að ekki aðeins mun sálarorkan leyfa að hún sé rannsökuð, heldur mun hún eflast í hvert sinn sem hugsun beinist að henni.

Hugsun er stundum táknuð með ör. Ákafi orkunnar mynda vængi mannkynsins.

599. Vanræksla sálarorkunnar kemur fram sem uppsprettu margvíslegra kvilla. Segja má að bæði líkamlegir og sálrænir sjúkdómar og einnig haldning séu algerlega háðir ástandi sálarorkunnar. Maður sem hefur tapað ónæmi sínu mun einnig tapa birgðum orku sinnar. Allir vita að það er auðveldara að hafna upplausninni í byrjun en að ráða niðurlögum ofsa hennar þegar hún ræður ríkjum. Allir skilja að óregla sálarorkunnar er uppsprettu margvíslegrar ógæfu, bæði fyrir manninn sjálfan og aðra. Maðurinn heldur sjaldan aftur af sjálfum sér, en lát hann læra sjálfan að skilja mikilvægi sálarorkunnar. Látmanninn ekki óttast að hann verði skilinn eftir á braut vitsmunanna án þess að fá aðgang að fleiri uppsprettum þekkingar. Segull viðleitninnar mun draga til leitandans bestu möguleikana. Margir segja frá því hvernig þeir fengu óvænta aðstoð til frekari framfara. Lát aðeins efasemdir

ekki skyggja á ljós uppgötvananna!

Brautin hefur verið opnuð og ferðamaðurinn er boðinn velkominn.

600. Tákn fyrir sameiningu hinna æðri orkutegunda er

**AUM.**

Á braut vinnunnar fæst þekking á hrynjandi og skilningur á orku.

Á brautinni er sannarlega mögulegt að öðlast skilning á hreyfingu og samræmi.

Þegar unnið er að stórbrotnum verkefnum má greina neista innblásturs og andagiftar.

Sá sem starfar verður samverkamaður.